



3 1761 06734097 6



Donated to
THE LIBRARIES of
THE UNIVERSITY OF TORONTO

In Memory of

The Reverend Hjörtur B. Leo
and
Byron J. Leo

Handwritten signature or initials, possibly "J. G. B." or similar, located in the upper right corner of the page.



GRETTIS SAGA.

BÚID HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.
KOSTNAÐARMAÐUR: *SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.*
1900.



FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

FORMÁLI.

Grettis saga Ásmundarsonar hefir áðr verið útgefin þrisvar sinnum, fyrst í „Nokkrir margfroot-er sögupættir“, Hólum 1756, þar næst gáfu þeir hana út Gísli Magnússon og Gunnlaugr Þórðarson á kostnað norræna fornfræðafélagsins, Khöfn 1852, og loks er hún gefin út í „Altnordische Sagabibliothek“ af R. C. Boer (frb. Búr), hollenzkum fræðimanni, Halle 1900.

Handritin af Grettis sögu eru öll fremr ung. Hún hefir verið gefin út bæði af þeim Gísla Magnússyni og Boer eftir hinum sömu handritum. Handrit í Árnasafni 551 fol. hefir verið höfuðhandritið við þær útgáfur, og þar sem í það vantar hefir annað handr. verið notað, 556 A.M. Bæði þessi handrit eru skinnbækr. Auk þessa hafa fleiri hndr. verið höfð til samanburðar. Ekkert af hndr. sögunnar er eldra enn frá 15. öld.

Útgáfu Boers fekk eg ekki í hendr fyrr enn lokið var prentun sögunnar í þessari útgáfu, og gat því að eins notað hana við vísnaðkýringarnar. Enn með því að Boer er víða all-djarfr í tilgátum sínum í vísunum, er varlega eftir þeim farandi, þótt sumár lagfæringar hans sé líklegar og til bóta. Sögutextann hefði vist mátt lagfæra á nokkurum stöðum með því að hagnýta orðamun handritanna eins og Boer hefir tilfært hann. Þó eru það að eins smámunir einir.

Það hefir lengi verið ætlan fróðra manna, að Grettis

saga sé nú önnur enn hún hafi verið upphaflega. Þannig segir Guðbrandr Vigfússon, að það sé „varla efamál, að Grettis saga muni í öndverðu ritin seint á 12. öld, enn síðan hefir annar maðr löngu síðar, á öndverðri 14. öld að líkindum, aukið við Spesarþætti og skotið þar að auki ýmsum klausum inn í söguna hér og hvar, mest eftir frásögn Sturlu lögmanns“.

Hið sama má ráða af orðum dr. Jóns Þorkelssonar eldra í eftirmálanum aftan við „Skýringar á vísun í Grettis-sögu“, Reykjavík 1871, að hann ætli að sagan muni nú breytt frá hinni upphaflegu gerð, því að hann segir, að „í þeirri mynd, sem Grettis saga hefir nú“, muni hún varla eldri enn frá lokum þrettándu aldar eða upphafi hinnar fjórtándu.

Boer kemst að líkri niðrstöðu. Hann álitir, að sagan sé upphaflega rituð um 1250, og er hann samdóma Guðbr. Vigfússyni um það, að sagan sé snemma færð í letr, þó hann vilji ekki gera hana jafngamla og Guðbr. Vigfússon gerir. Síðar álitir hann, að nýr höfundr hafi endrsamið hana, eða breytt henni, eftir dauða Sturlu lögmanns Þórðarsonar (1284), og þó ekki miklu síðar, svo sem um 1290. Síðast hafi enn annar höfundr breytt sögunni um 1300. Hann segir að Grettis saga hafi verið stjúp barn norrænna sagna af því hverjum forlögum hún hefir orðið að sæta í meðförunum. Hin upphaflega Grettis saga álitir hann að verið hafi eitt hið fegursta og merkilegasta rit frá söguöldinni.

Viðbætr síðari höfundanna álitir hann vera: Söðul-kolluvisur, æfintýrið um Loft á Kjalvegi, æfintýrið á Öxarfjarðarheiði (Reykjaheiði, sem sagan kallar) í 63. kap., tröllasöguna úr Bárðardalnum, niðrlagið á 67. kap., frá því er sagt er frá komu Grettis að Bjargi og það sem sagt er um viðreisn Grettis og Þórodds Snorrasonar o. fl., söguna af Hegransþingi í 72. kap. og ljóra staði þar sem getið er Sturlu Þórðarsonar eða Sturlunga, 49., 69.,

84. og 93. kap., og tilraunir þær er getr í 77 kap., um að fá Gretti úr sekt. Enn fremr Spesar-þáttur og ýmsar af vísunum. — Að líkindum hefir sagan verið fyllri í fyrstu enn nú er hún, og hefir hún síðar losnað meira í sundr, enn til þess að halda henni betr saman, hefir þá verið bætt inn í hana eftir sögusögnum síðari manna. Það er þannig mjög líklegt, að upphaflega hafi verið meira sagt frá útleigðar árum Grettis, og að Grettir hafi verið víðar um landið enn sagan segir frá, einkum norðr og austr um land, enn til þess að bæta úr því er bætt inn í sögninni um dvöl Grettis í Þórisdal. — Það má t. d. telja víst, að Grettir hafi um nokkurn tíma dvalið í Öxarfirði, og þar er enn til sýnis Grettisbæli (í Öxargnúpi), sem enginn getr efast um að sé mannaverk, og ekkert er á móti því, að það sé af Gretti gert, eins og munnmælin segja. Það hefir verið svo rammlega byggt, að nokkuð af þakinu stendr enn í dag. Eru lýsingar af því til eftir Björn Björnsson (í „Íslendingi“), Kaalund (í „Ísland“ II.) og séra Þorleif Jónsson (í „Fjallkonunni“). Frásögn sögunnar um viðreign Grettis og Þóris á Reykjaheiði er röng, að því er staðinn snertir; það hefir verið á Öxarfjarðarheiði, enda segir sagan að Grettir hafi um sömu mundir legið úti á Möðrudalsheiði. Á Reykjaheiði eru engar mýrar, enn þær eru á Öxarfjarðarheiði, og þaðan er líka skamt í skóg („til lundar“), eins og Grettir segir í vísunni. — Svo virðist sem höf. Grettis sögu hafi verið litt kunnugr norðr þar og í hinum eystri héruðum, enda mun hann hafa átt heima nær höfuðstöðvum sögunnar. Vísurnar í 80. kap. hafa verið álitnar ungar, enn þær virðast þó býsna fornlegar, og að kveðandi til geta þær verið fornar, of í stað „þarfur Vébrands arfi“ er sett „þarflegr Vébrands arfi“. Það getr naumast átt sér stað, að sögnritarinn hafi búið til þessar vísur, sem hvergi eiga við söguna. Hitt er líklegra, að hann setti þær inn í hana, þótt hann gæti ekki sagt frá þeim atburðum, sem

þær eiga við. Það styrkir þá skoðun, að efnið í vísun þessum geti verið upphaflegt, þó vísurnar sjálfar sé ef til vill síðar ortar, að í Mýrdal hafa gengið munnmæli um Gretti eins og í Öxarfirði. Er því ekki ólíklegt, að vísan um viðreign þeirra Grettis og Torfa Vébrands-sonar, sem hvergi er annarsstaðar getið, hafi við söguleg rök að styðjast. Sama er að segja um vísuna um Þorfinn Arnórsson; sú vísa er einnig í Ljósvetninga sögu, og segir þar, að Grettir hafi ort hana um Þorbjörn Arnórsson í Reykjahlíð. Grettis saga getr ekkert um það, og lætr vísuna vera orta um Þorbjörn öxnamegin, enn hvergi á hún þó við þar sem sagt er frá viðreign þeirra Þorbjarnar. Þessar þrjá vísur virðast alls ekki vera nýlegri enn ýmsar aðrar vísur í sögunni.

Margar munnmæla sagnir hafa eflaust gengið af Gretti, því að hann hefir jafnan verið eftirlæti þjóðarinnar, einkum af afraunum hans og fræknleik, svo sem örnefni t. d. benda á um „Grettishöf“ eða „Grettistök“, þó að þau muni flest vera öðru vís til komin. Sumt af þessum munnmælum er í „Íslenskum Þjóðsögum“. Ein munnmælasagan er um það, hve Grettir hafi tekið freklega til matar síns, og á þar við þessi vísa, sem móðir mín kendi mér og er allgömul:

„Grettir át í málið eitt
nautsmagál og kletti feitt,
flotfjórðung og fiska tólf,
fjóra limi og endikólf“.

Gæti þessi vísa, ef til vill, verið úr fornri rimu um Gretti.

Grettis saga hefir jafnan verið talin einhver hin ágætasta af sögum vorum. Guðbr. Vigfússon kemst svo að orði um hana (Safn I 468): „Grettla hefir í ýmsu yfirburði yfir allar vorar sögur ef til vill, og mun engin saga vera jafn-íslensk í orði og anda sem hún, og er hún í öllu lifandi eftirmynd landsins, sem hún gerðist í

(mætti líka segja þjóðarinnar, sem hún gerðist hjá). Hún hefir verið einna vinsælust af öllum sögum. Í engri sögu eru jafnmörg spakmæli og orðskviðir sem henni. Orð Grettis eru allviða nokkurs konar Hávamál í sundurlausri ræðu. — — Það er á öllu andséd, að einhver ágætr sögu- maðr hefir handleikið hana, svo að hvar sem hún kemr saman við aðrar sögur, þá skal það ekki skeika frá rétt- um sanni“.

TÍMATAL.

Fæddr Grettir Ásmundarson	996
Knattleikr á Miðfjarðarvatni	1010
Víg Skeggja; utanför; berserkjadráp	1011
Útkoma Grettis ,	1014
Utanför Grettis önnur. Brenna Þórissona	1015
Útkoma Grettis önnur; víg Þorbjarnar öxnamegins	1016
Grettir er í Ljárskógum, Ísafirði, á Reykja- hólum og víðar	1016—18
Grettir er á Arnarvatnsheiði og Kili	1018—21
Grettir er í Fagraskógafjalli	1021—24
Grettir er norðr í Þingeyjarsýslu og Múlasýslum? :	1024—28
Grettir er í Drangey	1028—31
Grettir er veginn	1031





Grettis saga.

Önundr hét maðr. Hann var Ófeigs son burlufótar, Ívarssonar beytils. Önundr var bróðir Guðbjargar, móður Guðbrands kúlu, föður Ástu, móður Óláfs konungs hins helga. Önundr var upplenzkr at móðurætt, enn föðurkyn hans var mest um Rogaland ok Hörðaland. Önundr var víkingr mikill, ok herjaði vestr um haf. Með honum var í hernaði Bálki Blæingsson af Sótanesi, ok Ormr hinn auðgi; Hallvarðr hét hinn þriði félagi þeira; þeir höfðu fim skip, ok öll vel skipuð. Þeir herjuðu um Suðreyjar; ok er þeir kvámu í Barreyjar, var þar fyrir konungr sá er Kjarvalr hét; hann hafði ok fim skip. Þeir lögðu til bardaga við hann, ok varð þar hörð hrið; váru Önundar menn hinir áköfustu. Fell margt af hvárumtveggja; enn svá lauk, at konungr flýði einskipa. Tóku menn Önundar þar bæði skip ok fé mikit, ok sátu þar um

vetrinn. Þrjú sumur herjuðu þeir um Írland ok Skotland; síðan fóru þeir til Noregs.

2. Þenna tíma var ófriðr mikill í Noregi; brauzt þar til ríkis Haraldr lúfa, son Hálfðanar svarta. Hann var áðr konungr á Upplöndum. Síðan fór hann norðr í land ok átti þar margar orrustur, ok hafði jafnan sigr. Herjaði hann svá suðr eftir landinu, ok lagði undir sik, hvar sem hann fór; enn er hann kom upp á Hörðaland, kom í móti honum múgr ok margmenni. Váru þar formenn Kjötvi hinn auðgi ok Þórir haklangr, ok þeir suðr-Rygirnir og Sulki konungr. Geirmundr heljarskinn var þá fyrir vestan haf, ok var hann eigi við þenna bardaga, ok þó átti hann ríki á Hörðalandi. Þetta haust kvámu þeir vestan um haf, Önundr ok hans félagar; enn er þeir fréttu þat, Þórir haklangr ok Kjötvi konungr, þá sendu þeir menn til móts við þá, ok báðu þá liðs ok hétu þeim sæmdum. Réðust þeir þá í lið með þeim Þóri, því at þeim var mikil forvitni á at reyna sik, ok sögðust þeir vildu þar vera, sem ströngust væri orrustan. Fundr þeira Haralds konungs varð á Rogalandi, í firði þeim er heitirí Hafrsfirði; höfðu þeir hváirtveggja mikit lið. Þessi orrusta hefir einhver mest verit í Noregi; koma hér ok við flestar sögur, því at frá þeim er jafnan flest sagt, er sagan er helzt frá ger. Kom þar ok lið um alt land ok margt ór öðr-

um löndum ok fjöldi víkinga. Önundr lagði skip sitt á annat borð skipi Þóris haklangs; var þat mjök í miðjum hernum. Haraldr konungr lagði at skipi Þóris haklangs, því at Þórir var hinn mesti berserkr ok fullhugi. Var þar hin harðasta orrusta af hvárumtveggja. Þá hét konungur á berserki sína til framgöngu; þeir váru kallaðir Úlfheðnar; þá bitu engijárn; ok er þeir geystust fram, þá helzt ekki við. Þórir varðist alldjarflega, ok fell á skipi sínu með mikilli hreysti. Var þá hroðit með stöfnum skipit ok höggvit ór tengslum; seig þat þá aftr millum skipanna. Lögðu þá konungsmenn at skipi Önundar; hann var fram á skipinu ok bardist drengilega. Þá mæltu konungsmenn: „Sá gengr fast fram í söxin; látum hann hafa nökkurar minjar, at hann hafi komit í bardagann“. Önundr stóð út á borðit öðrum fæti ok hjó til manns, ok í því var lagt til hans spjóti; ok er hann bar af sér lagit, kiknaði hann við. Þá hjó einn af stafnbúum konungs til Önundar, ok kom á fótinn fyrir neðan kné, ok tók af fótinn. Önundr varð þegar óvigr. Fell þá mestr hluti liðs á skipi hans. Önundi varð komit á skip til þess manns, er Þrándr hét; hann var Bjarnarson, bróðir Eyvindar austmanns. Hann var í móti Haraldri konungi, ok lá á annat borð skipi Önundar. Þessu næst brast meginflóttinn. Þeir Þrándr ok aðrir vík-

ingar höfðu sik í brott, hverr sem mátti, ok sigldu vestr um haf. Önundr fór með honum, ok Báلكi ok Hallvarðr súgandi. Önundr varð græddr, ok gekk við tréfót síðan alla æfi; var hann af því kallaðr Önundr tréfótr meðan hann lifði.

3. Þá váru fyrir vestan haf margir ágætir menn, þeir er flýit höfðu óðul sín ór Noregi fyrir Haraldi konungi; því at hann gerði alla útlæga, þá er í móti honum höfðu barizt, ok tók undir sik eignir þeira. Þá er Önundr var gróinn sára sinna, fóru þeir Þrándr til móts við Geirmund heljarskinn, því at hann var þá frægastr af vikingum fyrir vestan haf, ok spurðu, hvárt hann vildi nökkut leita aftr til ríkis þess, er hann átti á Hörðalandi, ok buðu honum fylgd sína; þóttust þeir eiga þar eftir eignum sínum at sjá, því at Önundr var stórættaðr ok ríkr. Geirmundr kvað þá orðinn svá mikinn styrk Haralds konungs, at honum þótti þess lítil ván, at þeir fengi þar sæmdir með hernaði, er þá fengu menn ósigr, er at var dreginn nálega allr landslýðr; kveðst ok eigi nenna at gerast konungs þræll, ok biðja þess, er hann átti sjálf; kveðst heldr mundu leita sér annarra forráða; var hann þá ok af æskuskeiði. Fóru þeir Önundr þá aftr til Suðreyja, ok hittu þar marga vini sína. Ófeigr hét maðr, ok var kallaðr grettir; hann var sonr Einars

Ölvissonar barnakarls. Hann var bróðir Óleifs breiðs, föður Þormóðar skafta. Steinólfr hét ok sonr Ölvis barnakarls, faðir Unu, er átti Þorbjörn laxakarl. Steinmóðr var enn sonr Ölvis barnakarls, faðir Konáls, föður Álfðisar hinnar barreysku. Son Konáls var Steinmóðr, faðir Halldóru, er átti Eilífr, son Ketils einhenda. Ófeigr grettir átti Ásnýju Vestarsdóttur, Hæingssonar. Ásmundr skegglauss ok Ásbjörn váru synir Ófeigs grettis; enn dætr hans váru þær Álfðis ok Ása ok Ásvör. Ófeigr hafði stokkit vestr um haf fyrir ófriði Haralds konungs, ok svá Þormóðr skafti frændi hans, ok höfðu með sér skuldalið sitt. Þeir herjuðu um Skotland, ok víða fyrir vestan haf. Þrándr ok Önundr tréfótr ætluðu vestr til Írlands á fund Eyvindar austmanns, bróður Þrándar. Hann hafði landvörn fyrir Írlandi. Móðir Eyvindar var Hlíf, dóttir Hrólfs Ingjaldssonar, Fróðasonar konungs; enn móðir Þrándar var Helga, dóttir Öndotts kráku. Björn hét faðir þeira Eyvindar ok Þrándar, son Hrólfs frá Ám. Hann stökk ór Gautlandi fyrir þat, er hann brendi inni Sigfast, mág Sölvers konungs. Síðan hafði hann farit til Noregs, ok var um vetrinn með Grími hersi, syni Kolbjarnarsneypis; hann vildi myrðaða Björn til fjár. Þaðan fór Björn til Öndotts kráku, er bjó í Hvinisfirði á Ögðum. Hann tók vel við Birni, ok var hann

með honum á vetrum, enn í hernaði á sumrum, þar til er Hlíf lézt, kona hans. Eftir þat gifti Öndottr Birni Helgu dóttur sína, og lét Björn þá af herferðum. Eyvindr hafði þá tekit við herskipum föður síns, ok var nú orðinn höfðingi mikill fyrir vestan haf. Hann átti Raförtu, dóttur Kjarvals Írakonungs. Þeira synir váru þeir Helgi hinn maðri ok Snæbjörn. Enn er þeir Þrándr ok Önundr kvámu í Suðreyjar, fundu þeir þá Ófeig gretti og Þormóð skafta, ok gerðist með þeim vinátta mikil, því at hverr þóttist annan ór helju heimt hafa, þann er eftir hafði verit í Noregi, meðan ófriðr var sem mestr. Önundr var hljóðr mjök; ok er Þrándr fann þat, spurði hann eftir, hvat honum bjó í skapi. Önundr svarar ok kvað vísu:

- (1) Glatt's-at mér, síz mættum
 — margt hremmir til snemma;
 oss stóð geigr af gýgi
 galdrs — ellþrimu skjaldar.
 Hykk at þegnum þykki
 þat's mest koma flestum
 oss til yndississu
 einhlítt til mín lítit.

Þrándr kvað hann þar mundu þykkja röskvan mann, sem hann væri þá helzt — „er þér sá til, að staðfesta ráð þitt ok kvángast; skal ek þar til leggja orð mín og liðsinni, ef ek veit, hvar þú horfir á“. Önundr kvað honum drengilega fara; enn kvað þó horft hafa vænna um kván-

föngin, þau er slægr væri til. Þrándr svarar: „Ófeigr á dóttur, er Ása heitir; megu vit þar til vika, ef þú vilt“. Önundr lézt þat ok vilja. Síðan töluðu þeir þetta við Ófeig. Hann svarar vel, ok kveðst vita, at maðr var stórættaðr ok ríkr at lausafé — „enn jarðir hans legg ek ódýrt; þykki mér hann ok eigi heill til ganga, enn dóttir mín er barn at aldri“. Þrándr kvað Önund röskevra enn marga þá er heilfættir væri; ok með liðveizlu Þrándar var þessu keypt. Skyldi Ófeigr gefa dóttur sinni heiman lausafé; því at jarðir þær sem í Noregi váru vildu hvárigir fé kaupa. Litlu síðar fekk Þrándr dóttur Þormóðar skafta. Skyldu þær sitja í festum þrjá vetr. Síðan fóru þeir í hernað á sumrum, enn váru í Barreyjum á vetrum.

4. Vígbjóðr ok Vestmarr hétu víkingar tveir; þeir váru suðreyskir, ok lágu úti bæði vetr ok sumar. Þeir höfðu þrettán skip, ok herjuðu mest um Írland, ok gerðu mörg illvirki, þar til er Eyvindr austmaðr tók þar landvörn. Síðan stukku þeir í Suðreyjar ok herjuðu þar, ok alt inn í Skotlandsfjörðu. Þeir Þrándr ok Önundr fóru til móts við þá, ok spurðu, at þeir höfðu siglt inn til eyjar þeirar er Bótz hét. Nú koma þeir Önundr þar með fim skipum; ok er víkingar sjá skip þeira, ok vita, hversu mörg eru, þykkjast þeir hafa nóganliðsafla, ok taka til vápna sinna, ok leggja skip sín millum

hamra tveggja. Þar var mjótt sund ok djúpt; mátti þar einum megin at sækja, ok eigi fleirum skipum en fim senn. Önundr var manna vitrastr, ok lét hann leggja fim skip fram í sundit, svá at þeir máttu þegar láta síga á hömlu, er þeir vildu, því at rúmsævi var mikit at baki þeim. Var ok hólmr nökkurr á annat borð; lét hann þar liggja undir eitt skipit, ok færðu þeir grjót mikit fram á hamarinn, þar er eigi mátti sjá af skipunum. Víkingar lögðu at alldjarflega, ok þóttu hinum kvíddir. Vígþjóðr spurði, hverir þessir væri, er þar váru svá kvíðir. Þrándr segir, at hann var bróðir Eyvindar austmanns — „ok síðan er hér félagi minn, Önundr tréfótr“. Þá hlógu víkingar, ok mæltu þetta:

(2) Tröllhafi Tréfót allan;
tröllin steypi þeim öllum —

„ok er oss þat fásét, at þeir menn fari til orrustu, er ekki mega sér“. Önundr kvað þat ekki vita mega, fyrr enn reynt væri. Eftir þat lögðu þeir saman skipin. Tókst þar mikill bardagi, ok gengu hváirtveggja vel fram. Ok er festist bardaginn, lét Önundr sígast at hamrinum; ok þá er víkingar sá þat, hugðu þeir, at hann myndi flýja vilja, ok lögðu at skipi hans, ok undir hamarinn, sem þeir máttu við komast. Í því bili kvámu þeir fram á bjargit, er til þess váru settir; færðu þeir á víkingana

svá stórt grjót, at ekki helzt við. Feil þá fjöldi liðs af víkingum, enn sumir meiddust, svá at eigi váru vápnfærir. Þá vildu víkingar frá leggja, ok máttu eigi, því at skip þeira váru þá komin þar sem mjóst var sundit. Þröngdi þeim þá bæði skipin ok straumur; enn þeir Önundr sóttu at með kappi, þar er Vígbjóðr var fyrir; enn Þrándr lagði at Vestmari, ok vanst þar lítit at. Þá er fækkaðist fólkit á skipi Vígbjóðs, réðu menn Önundar þar til uppgöngu, ok hann sjálfr. Þat sá Vígbjóðr, ok eggjaði með ákafa lið sitt. Sneri hann þá í móti Önundi, ok stukku flestir frá. Önundr bað sína menn sjá, hversu færi með þeim; því at Önundr var rammr at afli. Þeir skutu stubba nökkurum undir kné Önundi, ok stóð hann heldr fast. Víkingrinn sótti aftan eftir skipinu, alt þar til er hann kom að Önundi ok hjó til hans með sverði, ok kom í skjöldinn, ok tók af þat er nam. Síðan hljóp sverðit í stubbann, þann er Önundr hafði undir knénu, ok varð fast sverðit. Vígbjóðr laut, er hann kipti at sér sverðinu. Í því hjó Önundr á öxlina, svá at af tók höndina. Þá varð víkingrinn óvígr. Þá er Vestmarr vissi, at félagi hans var fallinn, hljóp hann á þat skip, er yzt lá, ok flýði, ok allir þeir er því náðu. Eftir þat rannsökuðu þeir valinn. Vígbjóðr var þá

kominn at bana. Önundr gekk at honum ok kvað:

(3) Sjáðu hvárt sár þín blæða?
 sáttu nökkut mik hrökkva?
 auðslöngvir fekk engva
 einfættr af þér skeinu.
 Meirr er mörgum snerru
 málskalp lagit Gjalpar
 brjót — er-at þegn í þrautir
 þrekvandr — enn hyggjandi.

Þeir tóku þar herfang mikit, ok fóru aftr í Barreyjar um haustit.

5. Annat sumar eftir bjoggust þeir at fara vestr til Írlands. Þá réðust þeir Bálki ok Hallvarðr vestan um haf, ok fóru út til Íslands, því at þaðan váru sagðir landskostir góðir. Bálki nam land í Hrútafirði; hann bjó á Bálkastöðum hvárumtveggja. Hallvarðr nam Súgandafjörð ok Skálavík til Stiga, ok bjó þar. Þeir Þrándr ok Önundr kvámu á fund Eyvindar austmanns, ok tók hann vel við bróður sínum; enn er hann vissi. at Önundr var þar kominn, þá varð hann reiðr, ok vildi veita honum atgöngu. Þrándr bað hann eigi þat gera; kvað þat eigi standa, at gera ófrið norrænum mönnum, allra sízt þeim, er með engri óspekt fara. Eyvindr kvað hann farit hafa fyrr, ok gert ófrið Kjarval konungi; sagði hann nú þess skyldu gjalda. Áttu þeir bræðr lengi um þetta at tala, alt þar til er Þrándr kvað eitt skyldu ganga

yfir þá Önund báða. Lét þá Eyvindr sefast. Dvöldust þeir þar lengi um sumarit, ok fóru þeir með Eyvindi í herfarir. Þótti honum Önundr hinn mesti hreystimaðr. Fóru þeir til Suðreyja um haustit. Gaf Eyvindr Þrándi arf allan eftir föður þeira. ef Björn andaðist fyrr enn Þrándr. Váru þeir nú í Suðreyjum, þar til er þeir kvæntust, ok nökkura vetr síðan.

6. Þat bar næst til tíðenda, at Björn andaðist, faðir Þrándar; ok er þat frétti Grímr hersir, fór hann til móts við Öndott kráku ok kallaði til fjárens eftir Björn; enn Öndottr kvað Þránd eiga arf eftir föður sinn. Grímr kvað Þránd fyrir vestan haf, enn Björn gauzkan at ætt, ok kvað konung eiga at erfa alla útlenda menn. Öndottr kvaðst halda mundu fénu til handa Þrándi dóttursyni sínum. Fór Grímr við þat á brott, ok fekk ekki af fjárheimtunni. Þrándr spurði nú lát föður síns, ok bjóst þegar af Suðreyjum, ok Önundr tréfótr með honum; enn þeir Ófeigr grettir ok Þormóðr skafti fóru út til Íslands með skuldalið sitt, ok kvámu út á Eyrum fyrir sunnan land, ok váru hinn fyrsta vetr með Þorbirni laxakarli. Síðan námu þeir Gnúpverjahrepp. Ófeigr nam hinn yzta hlut, milli Þverár og Kálfár; hann bjó á Ófeigsstöðum hjá Steinsholti; enn Þormóðr nam hinn eystra hlut ok bjó hann í Skaftaholti. Dætr Þormóðar váru þær Þórvör, móðir Þórodds goða á

Hjalla, ok Þórvé, móðir Þorsteins goða, föður Bjarna hins spaka. Nú er at segja frá þeim Þrándi ok Önundi, at þeir sigldu vestan um haf til Noregs, ok fengu svá mikit hraðbyri, at engi njósn fór um ferð þeira, fyrr enn þeir kvámu til Öndotts kráku. Hann tók vel við Þrándi, ok sagði honum tilkall Gríms hersis um arf Bjarnar — „lízt mér betr komit, frændi, at þú erfir föður þinn enn konungsþrælar. Hefir þér ok gæfusamlega til tekizt, er engi veit um ferðir þínar; enn grunar mik, at Grímr stefni at öðrumhvárum okkar, ef hann má. Vil ek, at þú takir arfinn undir þik, ok hafir þik til annarra landa“. Þrándr kveðst svá gera mundu. Tók hann þá við fénu, ok bjóst sem skyndilegast í brott ór Noregi. Áðr Þrándr sigldi á haf, þá spurði hann Önund tréfót, hvárt hann vildi eigi leita til Íslands. Önundr kveðst áðr vilja finna frændr sína ok vini suðr í landi. Þrándr mælti: „Þá munu vit nú skilja. Vilda ek, at þú sinnaðir frændum mínum; því at þangat mun hefndum snúit, ef ek komumst undan. Mun ek fara út til Íslands, ok svá vilda ek at þú færir“. Önundr hét því. Skildu þeir með kærleikum. Fór Þrándr út til Íslands. Tóku þeir Ófeigr ok Þormóðr skafti vel við honum. Þrándr bjó í Þrándarholti; þat er fyrir vestan Þjórsá.

7. Önundr fór suðr á Rogaland, ok hitti þar marga frændr sína ok vini. Dvaldist hann þar á laun með þeim manni, er Kolbeinn hét. Hann spurði, at Haraldr konungr hafði tekit undir sik eignir hans, ok skipat þeim manni, er Hárekr hét; hann var ármaðr konungs. Önundr fór til hans um nátt, ok tók hús á honum. Var Hárekr til höggs leiddr. Önundr tók þar alt lausafé, þat er þeir náðu, enn brendu bæinn. Hafðist hann þá við í ýmsum stöðum um vetrinn. Þetta haust drap Grimr hersir Öndott kráku, fyrir þat er hann náði eigi fénu til handa konungi; enn Signý, kona Öndotts, bar á skip alt lausafé þeira þegar hina sömu nátt, ok fór með sonu sína, Ásmund ok Ásgrím, til Sighvats föður síns. Litlu síðar sendi hon sonu sína í Sóknadal, til Heðins fóstara síns, ok undu þeir þar litla hríð, ok vildu fara aftr til móður sinnar. Fóru þeir síðan, ok kvámu til Ingjalds tryggva í Hvini at jólum. Hann tók við þeim fyrir áeggjan Gyðu konu sinnar. Váru þeir þar um vetrinn. Um várit kom Önundr norðr á Agðir, því at hann hafði spurt, at Öndotr var drepinn; enn er hann fann Signýju, spurði hann hana, hverja liðveizlu þau vildi af honum þiggja. Hon sagði, at þau vildi gjarna hefna Grími hersi fyrir víg Öndotts. Var þá sent eftir Öndotts sonum; ok er þeir fundu Önund tréfót, lögðu þeir saman

lag sitt, ok heldu fréttum til um athafnir Gríms. Um sumarit var ölhita mikil at Gríms, því at hann hafði boðit heim Auðuni jarli; ok er þat fréttu þeir Önundur ok Öndotts synir, fóru þeir til bæjar Gríms ok báru þar eld at húsum, því at þeir kvámu á óvart, ok brendu Grím hersi inni ok nær þrjátigi manna. Þeir tóku þar marga góða gripi. Önundur fór til skógar; enn þeir bræðr tóku bát Ingjalds fóstara síns ok reru í brott, ok lágu í leyni skamt frá bænum. Auðun jarl kom til veizlu sem ætlat var, ok saknar þar vinar í stað. Safnaði hann at sér mönnum, ok dvaldist þar nökkurar nætr, ok fréttist ekki til Önundar ok þeira féлага. Jarl svaf í lofti einu við þriðja mann. Önundur vissi öll tíðendi af bænum, ok sendi eftir þeim bræðrum; ok er þeir fundust, spurði Önundur, hvárt þeir vildu heldr geyma bæinn, eða ganga at jarli. Þeir köru at ganga at jarli. Þeir skutu stokki á loftsdyrnar, svá at hurðin brotnaði. Síðan greip Ásmundur þá tvá, er váru með jarli, ok rak niðr svá hart, at þeim helt við bana. Ásgrímr hljóp at jarli, ok bað hann greiða sér föðurgjöld, því at hann hafði verit í atför ok ráðum með Grími hersi, þá er Öndottr var drepinn. Jarl kveðst ekki fé hafa hjá sér, ok bað fresta um gjaldit. Ásgrímr setti þá spjótsoddinn fyrir brjóst jarli, ok bað hann greiða í stað. Jarl tók þá men af hálsi sér,

ok þrjá gullhringa ok guðvefjarskikkju. Ásgrímr tók við fénu, ok gaf jarli nafn, ok kallaði hann Auðun geit. Þá er bændr ok heraðsmenn urðu varir við, at ófriðr var at kominn, gengu þeir út ok vildu veita lið jarli. Varð þar hörð hrið, því at Önundr hafði margt manna. Þar fellu margir góðir bændr ok hirðmenn jarls. Nú kvámu þeir bræðr ok sögðu, hversu farit hafði með þeim jarli. Önundr kvað þat illa, er jarl var eigi drepinn — „væri þat Haraldi konungi hefnd nökkur fyrir þat, er vér höfum mist fyrir honum fé ok frændr vára“. Þeir kváðu jarli þetta meiri smán; ok fóru síðan á brott, ok inn í Súrnadal til Eiríks ölfuss, lends manns. Hann tók við þeim um vetrinn öllum. Þá höfðu þeir samdrykkju um jólin við þann mann, er Hallsteinn hét, ok kallaðr hestr, ok veitti Eiríkr fyrr, vel ok trúlega. Síðan veitti Hallsteinn, ok varð þeim þá at áskilnaði. Hann laust Eirík með dýrshorni. Eiríkr gat eigi hefnt sín, ok fór heim við þat. Þetta líkaði stórilla Öndotts sonum; ok nökkuru síðar fór Ásgrímr til bæjar Hallsteins, ok gekk inn einn, ok veitti Hallsteini mikinn áverka. Þeir hlupu upp, sem inni váru, ok sóttu at Ásgrími. Ásgrímr varðist vel, ok komst ór höndum þeim í myrkrinu; enn þeir þóttust drepa hann. Þat fréttu þeir Önundr ok Ásmundr, ok hugðu, at Ásgrímr væri dauðr, ok þóttust ekki mega at

gera. Réð Eiríkr þeim, at þeir leitaði til Íslands; kvað þeim eigi duga mundu, at vera þar í landi, þegar konungr mætti sér svá við koma. Þeir gerðu svá; bjuggust nú til Íslands, ok hafði sitt skip hvárr þeira. Hallsteinn lá í sárum, ok lézt áðr enn þeir Önundr sigldu. Kolbeinn réðst í skip með Önundi, sá er fyrr er getit.

8. Þeir Önundr ok Ásmundr létu í haf, er þeir váru búnir, ok höfðu samflota. Þá kvað Önundr þetta:

(4) Þóttak hæfr at hrotta
 hreggvindi fyrir seggjum,
 þá's geirhríðar gnúði
 grand hvast, ok Súgandi.
 Nú verðr á skæ skorðu
 — skaldi sígr — at stiga
 út með einum fæti
 Íslands á vit — þvísa —.

Þeir höfðu útivist harða ok veðr þver mjök af suðri. Bar þá norðr í haf. Þeir fundu Ísland, ok váru þá komnir fyrir norðan Langanes, er þeir kendust við. Þá var svá skamt í milli þeira, at þeir töluðust við. Sagði Ásmundr, at þeir myndi sigla til Eyjafjarðar, ok því játuðu hváirtveggja. Beittu þeir þá undir landit. Þá tók veðrit at styrma af landsuðri. Enn er þeir Önundr lögðu í nauðbeitu, þá lestist ráin. Feldu þeir þá seglit, ok í því rak þá til hafs undan. Ásmundr komst undir Hrísey, ok beið

til þess, er honum byrjaði inn á Eyjafjörð. Honum gaf Helgi hinn magri Kræklingahlíð alla. Hann bjó at Glerá hinni syðri. Ásgrímr bróðir hans kom út nökkurum vetrum síðar. Hann bjó at Glerá hinni nyrðri. Hann var faðir Elliða-Gríms, föður Ásgríms Elliða-Gríms-sonar.

9. Nú er at segja frá Önundi tréfót, at þá rak undan nökkur dægr. Síðan gekk veðrit á haf. Sigldu þeir þá at landinu. Kendust þá við þeir er áðr höfðu farit, at þeir váru komnir vestr um Skaga. Sigldu þeir þá inn á Strandaflóa ok nær suðrströndunum. Þá reru at þeim sex menn á teinæringi, ok kölluðu upp á hafskipit, hverr fyrir réði. Önundr nefndi sik, ok spurði, hvaðan þeir væri. Þeir kváðust vera húskarlar Þorvalds frá Dröngum. Önundr spurði, hvárt numin væri öll lönd um Strandirnar. Þeir kváðu lítit ónumit á inn-Ströndum, enn ekki norðr þangat. Önundr spurði skipverja sína, hvárt þeir vildi leita fyrir vestan landit, eða hafa slíkt, er þeim var til visat. Þeir köru at kanna landit fyrst. Sigldu þeir þá inn eftir flóanum, ok lögðu fyrst á víkina fyrir Árnesi; skutu þar báti ok reru til lands. Þá bjó þar ríkr maðr, Eiríkr snara, er land hafði numit í milli Ingólfsfjarðar ok Ófæru í Veiðileysu. Enn er Eiríkr vissi, at Önundr var þar kominn, bauð hann honum af sér at

þiggja slíka hluti, sem hann vildi; enn kvað lítit þat, er eigi væri numit áðr. Önundr kveðst sjá vilja fyrst, hvat þat væri. Fóru þeir þá inn yfir fjörðu, ok er þeir kvámu inn til Ófæru, mælti Eiríkr: „Hér er á at líta; heðan frá er ónumit, ok inn til landnáms Bjarnar“. Þar gekk fjall mikit fram þeim megin fjarðanna, ok var fallinn á snjár. Önundr leit á fjallit ok kvað vísu þessa:

(5) Réttum gengr, enn ranga
rennr sæfarinn æví
Fákr um fold ok ríki
fleinhvessanda þessum.
Hefk lönd ok fjöld frænda
flýt, enn hitt es nýjast:
kröpp eru kaup, ef hreppik
Kaldbak, enn ek læt akra.

Eiríkr svarar: „Margr hefir svá mikils mist í Noregi, at menn fá þess eigi bætr. Hygg ek ok, at numin sé flestöll lönd í meginheruðum; kann ek því eigi at fýsa þik í brott heðan. Mun ek þat halda, at þú hafir af mínum jörðum þat er þér hentar“. Önundr kveðst þat þiggja mundu, ok nam síðan land frá Ófæru, ok þær þrjár víkr Byrgisvík ok Kolbeinsvík ok Kaldbaksvík alt til Kaldbakskleifar. Síðan gaf Eiríkr honum Veiðileysu alla ok Reykjarfjörð, ok Reykjanes alt út þeim megin; enn um rekann var ekki skilit, því at þeir váru svá nógir þá, at hverr hafði þat, er vildi. Önundr

gerði bú í Kaldbak, ok hafði mannmargt; enn er fé hans tók at vaxa, átti hann annat bú í Reykjarfirði. Kolbeinn bjó í Kolbeinsvík, ok sat Önundr um kyrt nökkura vetr.

10. Önundr var svá frækinn maðr, at fáir stóðust honum, þótt heilir væri; hann var ok nafnkunnigr um alt land af foreldrum sínum. Þessu næst hófust deilur þeira Ófeigs grettis ok Þorbjarnar jarlakappa, ok lauk svá, at Ófeigr fell fyrir Þorbirni í Grettisgeil hjá Hæli. Þar varð mikill liðsdráttur at eftirmáli með sonum Ófeigs. Var sent eftir Önundi tréfót, ok reið hann suðr um várit, ok gisti í Hvammiat Auðar hinnar djúpauðgu. Hon tók allvel við honum, því at hann hafði verit með henni fyrir vestan haf. Þá var Óláfr feilan, sonarson hennar, fullroskinn. Mjök var Auðr þá ellimóð. Hon veik á við Önund, at hon vildi kvæna Ólaf frænda sinn, ok vildi, at hann bæði Álfðísar hinnar barreysku. Hon var bræðrunga Ásu, er Önundr átti. Önundi þótti þat vænlegt, ok reið Óláfr suðr með honum; ok er Önundr hitti vini sína ok mága, þá buðu þeir honum til sín. Var þá talat um málin, ok váru lögð til Kjalarnessþings, því at þá var enn eigi sett alþingi. Síðan váru málin lugin í gerð, ok kvámu miklar bætr fyrir vígin; enn Þorbjörn jarlakappi var sekr gerr. Hans son var Sölmundr, faðir sviðu-Kára. Váru þeir frændr

lengi utanlands síðan. Þrándr bauð heim Önundi ok þeim Óláfi, ok svá Þormóðr skafti. Fluttu þeir þá bónorðit Óláfs. Var þat auðsótt, því at menn vissu, hver rausnarkona Auðr var. Var þessu keypt. Riðu þeir Önundr heim við svá búit. Auðr þakkaði Önundi liðveizlu við Ólaf. Þetta haust fekk Óláfr feilan Álfðisar hinnar barreysku. Þá andaðist Auðr hin djúpaudga, sem segir í sögu Laxdæla.

11. Þau Önundr ok Ása áttu tvá sonu; hét hinn ellri Þorgeirr, enn hinn yngri Ófeigr grettir. Litlu síðar andaðist Ása. Eftir þat fekk Önundr þeirar konu, er Þórdís hét; hon var dóttir Þorgríms frá Gnúpi í Miðfirði, ok skyld Miðfjarðar-Skeggja. Við henni átti Önundr þann son, er Þorgrímr hét; hann var snemma mikill maðr ok sterkr, búsýslumaðr mikill ok vitr maðr. Önundr bjó í Kaldbak till elli; hann varð sótt dauðr, ok liggr í Tréfóts-haugi. Hann hefir fræknastr verit ok fimastr einfætt maðr á Íslandi. Þorgrímr var fyrir sonum Önundar, þótt aðrir væri ellri; enn er hann var hálfþritugr at aldri, þá hafði hann hærur í höfði; því var hann kallaðr hærukollr. Þórdís móðir hans giftist síðan norðr í Víðidal Auðuni skökli; þeira son var Ásgeirr at Ásgeirsá. Þeir Þorgrímr hærukollr ok bræðr hans áttu eignir miklar allir saman, ok skiftu engu með sér. Eiríkr bjó í Árnesi, sem fyrr var getit.

Hann átti Álöfu, dóttur Ingólfs ór Ingólfsfirði. Flosi hét son þeira; hann var efnilegr maðr ok átti marga frændr. Þá kvámu út hingat þrír bræðr: Ingólfr ok Ófeigr ok Eyvindr, ok námu þeir þá þrjá fjörðu, er við þá eru kendir, ok bygðu þar síðan. Óláfr hét son Eyvindar; hann bjó fyrst í Eyvindarfirði, enn síðan at Dröngum, ok var mikill maðr fyrir sér. Engi varð áskilnaðr með mönnum þar, meðan hinir ellri menn lifðu; enn þá er Eiríkr var látinn, þótti Flosa Kaldbeklingar eigi hafa löglegar heimildir á jörðum þeim, er Eiríkr hafði gefit Önundi. Af því gerðist sundrþykki mikit meðal þeira; enn þó heldu þeir Þorgrímr sem áðr. Ekki máttu þeir þá leika saman eiga. Þorgeirr var fyrir búi þeira bræðra í Reykjarfirði, ok reri jafnan til fiska, því at þá váru firðirnir fullir af fiskum. Nú gera þeir ráð sitt í Vikinni. Maðr hét Þorfinnr; hann var húskarl Flosa í Árnesi. Þenna mann sendi Flosi til höfuðs Þorgeiri. Hann leyndist í naustinu. Þenna morgin bjóst Þorgeirr á sjá at róa, ok tveir menn með honum, ok hét annarr Hámundr, enn annarr Brandr. Þorgeirr gekk fyrstr; hann hafði á baki sér leðrflösku ok í drykk. Myrkt var mjök; ok er hann gekk ofan frá naustinu, þá hljóp Þorfinnr at honum, ok hjó með öxi á milli herða honum, ok sökk öxin ok skvákkaði við. Hann lét lausa öxina,

því at hann ætlaði, at eigi mundi þurfa um at binda, ok vildi forða sér sem skjótast. Er þat af Þorfinni at segja, at hann hljóp norðr í Árnes, ok kom þar áðr enn alljóst var, ok sagði vig Þorgeirs, ok kveðst mundu þurfa ásjá Flosa; kvað þat ok eitt til, at bjóða sættir — „ok bætir þat helzt vart mál, svá mikit sem at er orðit“. Flosi kveðst fyrst mundu hafa fréttir — „ok ætla ek, at þú sért allhræddr eftir stórvirkin“. Nú er at segja frá Þorgeiri, at hann snaraðist við höggit, ok kom öxin í flöskuna, enn hann varð ekki sárr. Þeir leituðu ekki mannsins, því at myrkt var at. Reru þeir út eftir fjörðum, ok kvámu í Kaldbak, ok sögðu atburð þenna. Þeir gerðu at þessu kalls mikit, ok kölluðu hann Þorgeirr flöskubak, ok svá hét hann síðan. Þá var þetta kveðit:

(6) Fyrr lauguðu frægir
fránhvítunga rítar
rausnarmenn í ranni
ræfrhvössu bensævar.
Nú rauð sá's vas víða
vómr frá tekinn sóma
benjaskóðs af bleyði
bæði blýr í sýru.

12. Í þann tíma kom hallæri svá mikit á Ísland, at ekki hefir jafnmikit komit. Þá tók af nálega allan sjávarafla ok reka. Þat stóð yfir mörg misseri. Á einu hausti urðu þangat sæhafa kaupmenn á hafskipi, ok brutu þar í

Víkinni. Flosi tók við þeim fjórum eða fim. Steinn hét sá, er fyrir þeim var. Viða vistuðust þeir þar um Víkina, ok ætluðu at gera sér skip ór skipbrotunum, ok varð þeim þat óhægt. Skipit var lítit til skutanna, enn breitt um miðbyrðit. Um várit kom veðr mikit af norðri; þat helzt nær viku. Eftir veðrit könnuðu menn reka sína. Þorsteinn hét maðr, er bjó á Reykjanesi. Hann fann hval rekinn innan fram á nesinu, þar sem hét á Rifskerjum; þat var reyðr mikil. Hann sendi þegar mann til Flosa í Vik, ok svá til næstu bæja. Einarr hét sá maðr, er bjó at Gjögri; hann var landseti Kaldbeklinga, ok skyldi geyma reka þeira þeim megin fjarða. Hann varð varr við, at hvalrinn var rekinn. Hann tók þegar skip sitt ok reri yfir um fjörðuna til Byrgisvíkr. Þaðan sendi hann mann í Kaldbak; ok er þetta spurði Þorgrímr ok þeir bræðr, bjoggust þeir sem hvatast, ok váru tólf á teinæringi. Þeir Kolbeinsynir fóru ok með þeim, Ívarr ok Leifr, ok váru sex saman. Allir bændr, þeir er við komust, fóru til hvalsins. Nú er at segja frá Flosa, at hann sendi eftir frændum sínum norðr í Ingólfsfjörð ok Ófeigsfjörð, ok eftir Óláfi Eyvindarsyni, er þá bjó at Dröngum. Flosi kom fyrst ok þeir Víkrmenn. Þeir tóku þegar til skurðar, ok var dreginn á land sá er skorinn var. Þeir váru nær tuttugu menn í fyrstu;

enn skjótt fjölgaðist fólkit. Í því komu Kaldbeklingar með fjögur skip. Þorgrímur veitti tilkall til hvalsins, ok fyrirbauð Víkrmönnum skurð ok skifti ok brautflutning á hvalnum. Flosi bað hann sýna, ef Eiríkr hefði gefit Önundi tréfót með ákveðnum orðum rekann, ella kveðst hann mundu vígi verja. Þorgrímur þóttist liðfár, ok réð því eigi til atgöngu. Þá reri skip innan yfir fjörðu, ok sóttu knálega róðrinn. Þeir kvámu at brátt. Þar var Svanr af Hóli ór Bjarnarfirði ok húskarlar hans. Ok þegar hann kom, bað hann Þorgrím eigi láta ræna sik; enn þeir váru áðr vinir miklir, ok bauð Svanr honum lið sitt. Þeir bræðr kváðust þat þiggja mundu. Lögðu þeir þá at rösklega. Þorgeirr flöskubakr réð fyrst upp á hvalinn at húskörlum Flosa. Þorfinnr, er fyrr var getit, skar hvalinn. Hann var fram við höfuðit, ok stóð í spori, er hann hafði gert sér. Þorgeirr mælti: „Þar færi ek þér öxi þína“. Síðan hjó hann á hálsinn, svá at af tók höfuðit. Flosi var uppi á mölinni, er hann sá þetta. Hann eggjaði þá sína menn til móttöku. Nú berjast þeir lengi, ok veitti Kaldbeklingum betr. Fáir menn höfðu þar vápn, nema öxar þær, er þeir skáru með hvalinn, ok skálmir. Hrukku Víkrmenn af hvalnum í fjöruna. Austmenn höfðu vápn ok urðu skeinuhættir. Steinn stýrimaðr hjó fót undan Ívari Kolbeinssyni; enn

Leifr, bróðir Ívars, laust féлага Steins í hel með hvalrifi. Þá var með öllu barit, því er til fekst, ok fellu þar menn af hvárumtveggjum. Þessu næst kvámu þeir Óláfr frá Dröngum með mörgum skipum. Þeir veittu Flosa. Urðu Kaldbeklingar þá bornir ofrliði. Þeir höfðu áðr hlaðit skip sín. Svanr bað þá ganga á skip sín. létu þeir þá berast fram at skipunum. Víkrmenn sóttu þá eftir; ok er Svanr var kominn at sjánum, hjó hann til Steins stýrimanns ok veitti honum mikinn áverka. Síðan hljóp hann á skip sitt. Þorgrímr særði Flosa miklu sári, ok komst við þat undan. Óláfrhjól til Ófeigs grettis ok særði hann til ólífis. Þorgeirr þreif Ófeig í fang sér ok hljóp með hann á skip. Reru þeir Kaldbeklingar inn yfir fjörðu. Skildi þá með þeim. Þetta var kveðit um fundinn:

- (7) Hörð, frákr, heldr at yrði
 hervápn at Rifskerjum,
 mest þvít margir lustu
 menn slyppir hvalklyppum,
 enn malmgautar móti
 mjök fast hafa kastat
 — oss lízt ímun þessi
 óknyttin — þvestslyttum.

Síðan varð komit á með þeim griðum, ok lögðu þeir málin til alþingis. Veittu þeir Kaldbeklingum Þóroddr goði ok Miðfjarðar-Skeggi ok margir Sunnlendingar. Varð Flosi sekr, ok

margir þeir, er at höfðu verit með honum. Varð honum þá féskyllt mjök, því at hann vildi einn halda upp fébótum. Þeir Þorgrímr gátu eigi sýnt, at þeir hefði fé lagit fyrir jarðirnar ok rekann, er Flosi kærði eftir. Þorkell máni hafði þá lögsögn. Var hann þá beiddr órskurdar. Honum kveðst þat lög sýnast, at nökkut hefði fyrir komit, þótt eigi væri fult verð — „því at svá gerði Steinvör hin gamla við Ingólf afa minn, at hon þá af honum Rosmhvalanes alt, ok gaf fyrir heklum flekkótta, ok hefir þat aldri rift orðit; munu þar stærri rið í vera. Enn hér legg ek til ráð“, segir hann, „at skift sé brotgeiranum, ok hafi hvárirtveggju at jafnaði; síðan sé þat lögtekit, at hverr eigi reka fyrir sinni jörðu“. Þetta var gert. Var þá svá skift til, at þeir Þorgrímr létu Reykjarfjörð ok alt út þeim megin, enn þeir skyldu eiga Kamb. Ófeigr var bættr miklu fé. Þorfinnr var ógildir. Þorgeiri var bætt fyrir fjör-ráð. Síðan sættust þeir. Flosi réðst til Nor-egsferðar með Steini stýrimanni, enn seldi jarðir sínar í Víkinni Geirmundi hjúkatimbri. Bjó hann þar síðan. Skip þat er kaupmenn höfðu gert var mjök breiðvaxit. Þat kölluðu menn Trékylli, ok þar er Vikin við kend. Á því fór Flosi utan, ok varð aftrreka í Öxarfjörð. Þaðan af gerðist saga Böðmóðs ok Grimúlfs ok Gerpis.

13. Eftir þetta skiftu þeir Þorgrímur ok Þorgeirr bræðr fé með sér; tók Þorgrímur lausafé, enn Þorgeirr löndin. Réðst Þorgrímur þá inn til Miðfjarðar, ok keypti land at Bjargi með ráði Skeggja. Þorgrímur átti Þórdísi, dóttur Ásmundar undan Ásmundargnúpi, er numit hafði Þingeyrasveit. Þau Þorgrímur ok Þórdís áttu son, er Ásmundur hét; hann var mikill maðr ok sterkr, ok vitr maðr, ok hærðr manna bezt. Hann hafði snemma hærur í höfði; því var hann kallaðr hærulangr eða hærulagðr. Þorgrímur gerðist þá búslumaðr mikill, ok hafði alla menn mjök í starfa, þá er með honum váru. Ásmundur vildi lítt vinna, ok var fátt um með þeim feðgum. Fór svá þar til Ásmundur var roskinn at aldri. Þá beiddi Ásmundur fararefna af föður sínum. Þorgrímur kvað þau litil verða mundu, ok fekk honum þó nökkut af flytjanda eyri. Fór Ásmundur þá utan, ok græddist honum brátt fé. Hann sigldi til ýmissa landa, ok gerðist hinn mesti kaupmaðr ok vellauðigr. Hann var vinsæll maðr ok skilríkr, ok átti marga frændr í Noregi, þá er göfgir váru. Á einu hausti vistaðist Ásmundur austr í Vík með göfgum manni, þeim er Þorsteinn hét. Hann var upplenzkr maðr at ætt, ok átti systur, er Rannveig hét; hon var hinn bezti kvenkostr. Þeirar konu bað Ásmundur ok fekk með ráði Þorsteins frænda henn-

ar. Staðfestist Ásmundr þar um hrið, ok var vel virðr. Þau Rannveig áttu þann son, er Þorsteinn hét, manna friðastr ok sterkr maðr, raddmaðr mikill, ok hár maðr á vöxt, ok nökkut seinlegr í viðbragði; því var hann drómundr kallaðr. Enn er Þorsteinn var lítt á legg kominn, tók móðir hans sótt ok andaðist. Eftir þat festi Ásmundr eigi yndi í Noregi. Tóku þá móðurfrændr Þorsteins við honum ok fé hans; enn Ásmundr réðst þá enn í sigling, ok varð nafnfrægr maðr. Ásmundr kom skipi sínu í Húnavatn. Þá var Þorkell krafla höfðingi yfir Vatnsdælum. Hann frétti útkvámu Ásmundar. Reið Þorkell þá til skips ok bauð Ásmundi til sín. Þorkell bjó á Mástöðum í Vatnsdal. Fór Ásmundr þangat til vistar. Þorkell var son Þorgríms Karnsárgoða; hann var stórvitr maðr. Þetta var eftir útkomu Friðreks biskups ok þeira Þorvalds Koðráns-sonar. Þeir bjoggu þá at Lækjamóti, er þetta var. Þeir boðuðu kristni fyrst fyrir norðan land. Lét Þorkell prímsignast ok margirmenn með honum. Margt bar til tíðenda um sameign þeira biskups ok Norðlendinga, þat er eigi kemr við þessa sögu. Með Þorkeli fæddist upp kona sú, er Ásdís hét; hon var dóttir Bárðar Jökulssonar, Ingimundarsonar hins gamla, Þorsteinssonar, Ketilssonar raums. Móðir Ásdísar var Álfðis, dóttir Ófeigs grettis, sem fyrr er

sagt. Ásdís var ógefin, ok þótti vera hinn beztu kvenkostr, bæði sakir ættar ok fjár. Ásmundi leiddist nú í siglingum. Vildi hann nú staðfestast á Íslandi. Hefir hann þá uppi orð sín, ok bíðr þessar konu. Þorkell vissi gerla skil á honum, at hann var ríkr maðr ok ráðinn til fjárhalds; ok fór þat fram, at Ásmundr fekk Ásdísar. Gerðist hann þá aldavinr Þorkels ok búsyslumaðr mikill, lögvitr ok framgjarn. Litlu síðar andaðist Þorgrímr hærukollr at Bjargi. Tók Ásmundr arf eftir hann ok bjó þar síðan.

14. Ásmundr hærulangr setti bú at Bjargi, mikit ok reisulegt, ok hafði mannmargt með sér. Hann var vinsæll maðr. Þessi váru börn þeira Ásdísar: Atli var ellstr. Hann var gegn maðr ok gæfr, hægr ok hógværr; við hann likaði hverjum manni vel. Annan son áttu þau, er Grettir var kallaðr. Hann var mjök ódæll í uppvexti sínum, fátalaðr ok óþýðr, bellinn bæði í orðum ok tiltektum. Eigi hafði hann ástriki mikit af Ásmundi föður sínum; enn móðir hans unni honum mikit. Grettir Ásmundarson var fríðr maðr sýnum, breiðleitr ok skammleitr, rauðhærðr ok næsta freknótt, eigi bráðgerr meðan hann var á barnsaldri. Þórdís hét dóttir Ásmundar, er síðan átti Glúmr, son Óspaks Kjarlakssonar af Skriðinsenni. Rannveig hét önnur dóttir Ásmundar. Hana átti Gamli Þóraldsson Vindlendingr. Þau bjoggu á Melum í

Hrútafirði. Þeira son var Grímr. Sonr Glúms ok Þórdísar Ásmundardóttur var Óspakr, er deildi við Odd Ófeigsson, sem segir í Bandamanna sögu. Grettir óx upp at Bjargi, þar til er hann var tíu vetra gamall. Hann tók þá heldr við at gangast. Ásmundr bað hann starfa nökkut. Grettir sagði sér þat eigi mundu vera vel hent, ok spurði þó at, hvat hann skyldi gera. Ásmundr svarar: „Þú skalt gæta heimgása minna“. Grettir svarar ok mælti: „Lítit verk ok löðrmanngt“. Ásmundr svarar: „Leys þú þetta vel af hendi, ok mun þá batna með okkr“. Síðan tók Grettir við heimgásunum. Þær váru fimtíu, ok með kjúklingar margir. Eigi leið langt, áðr enn honum þóttu þær heldr bágrækar, enn kjúklingar seinfærir. Honum gerði mjök hermt við þessu, því at hann var lítill skapdeildarmaðr. Nökkuru síðan fundu förumenn kjúklinga dauða úti ok heimgæss vængbrotnar. Þetta var um haustit. Ásmundi líkaði stórilla, ok spurði, hvárt Grettir hefði drepit fuglana. Hann glotti at ok svarar:

- (8) Þat gerik víst er vetrar,
ving háls á kjúklingum;
enn þótt ellri finnisk
einn berr ek af sérhverri.

„Ok skaltu eigi lengr af þeim bera“, sagði Ásmundr. „Vinr er sá annars, er ills varnar“, sagði Grettir. „Fást mun þér verk annat“,

sagði Ásmundr. „Fleira veit sá, er fleira reynir“; sagði Grettir; „eða hvat skal ek nú gera?“ Ásmundr svarar: „Þú skalt strjúka bak mitt við eld, sem ek læt jafnan gera“. „Heitt mun þat um hönd“, sagði Grettir; „enn þó er verkit löðrmannelegt“. Fór nú svá fram um hríð, at Grettir heldr þessum starfa. Tekr nú at hausta; gerðist Ásmundr heitfengr mjök, ok eggjar Gretti at strjúka fast bak sitt. Þat var hátt í þann tíma, at eldaskálar váru stórir á bæjum. Sátu menn þar við langelda á öftnum. Þar váru borð sett fyrir menn, ok síðan sváfu menn upp frá eldunum. Konur unnu þar ok tó á daginn. Þat var eitt kveld, at Grettir skyldi hrífa bak Ásmundar, at karl mælti: „Nú muntu verða af þér at draga slenit, mannskraefan“, segir hann. Grettir segir: „Ílt er at eggja óbilgjarnan“. Ásmundr mælti: „Aldri er dugr í þér“. Grettir sér nú, hvar stóðu ullkambar í setinu; tekr kambinn ok lætr ganga ofan eftir baki Ásmundar. Hann hljóp upp ok varð óðr við, ok vildi ljósta Gretti með staf sínum, enn hann skauzt undan; þá kom húsfreyja at, ok spurði, hvat þeir ættist við. Grettir kvað þá vísu þessa:

- (9) Mik vill menja stökkvir
 — mjök kennik þess — brenna,
 hodda Grund, á höndum
 — höfugt ráð er þat — báðum.

Læt k á bringa hreyti,
 hör-Gerðr, tekít verða
 — ger sé ek gíldra sára
 gögl — óskornum nöglum.

Ílla þótti húsfreyju, er Grettir hafði þetta til bragðs tekít, ok kvað hann eigi fyrirleitinn verða mundu. Eigi batnaði frændsemi þeira Ásmundar við þetta. Nökkurri stundu síðar talaði Ásmundr til, at Grettir skyldi geyma hrossa hans. Grettir kvað sér þat betra þykkja enn bakeldagerðin. „Þá skaltu svá at fara“, sagði Ásmundr, „sem ek býð þér. Hryssu á ek bleikálótta, er ek kalla Keingálu; hon er svá vís at um veðráttu ok vatnagang, at þat mun aldri bresta, at þá mun hríð eftir koma, ef hon vill eigi á jörð ganga; þá skaltu byrgja í húsi hrossin, enn halda þeim norðr á hálsinn, þegar er vetr leggr á; þætti mér þurfa, at þú leystir þetta verk betr af hendi enn þau tvau, sem áðr hefi ek skipat þér“. Grettir svarar: „Þetta er kalt verk ok karlmannlegt; enn ilt þykkir mér at treysta merinni, því at þat veit ek engan fyrr gert hafa“. Nú tekr Grettir við hrossageymslunni, ok leið svá fram yfir jól; þá gerði á kulda mikla með snjóum ok ilt til jarða. Grettir var lítt settr at klæðum, enn maðr lítt harðnaðr; tók hann nú at kala, enn Keingála stóð á, þar sem mest var svæðit, í hverju illviðri; aldri kom hon svá snemma í

haga, at hon myndi heim ganga fyrir dagsetr. Grettir hugsar þá, at hann skal gera eitthvert þat bellibragð, at Keingálu yrði goldit fyrir útiganginn. Þat var einn morgin snemma, at Grettir kom til hrossahúss, lýkr upp, ok stóð Keingála fyrir stalli; því at þótt hrossum væri fóðr gefit, þeim er með henni váru, þá hafði hon þat ein. Nú fór Grettir upp á bak henni; hann hafði hvassan kníf í hendi, ok rekr um þverar herðar Keingálu, ok lætr svá ganga aftr tveim megin hryggjar. Hrossit bregðr nú við bart, því at þat var feitt og fælit; eyss svá, at hófarnir brustu í veggjunum. Grettir fell af baki; ok er hann komst á fætr, leitar hann til bakferðar; er þeira viðreign hin snarp-asta, ok svá lýkr, at hann flær af henni alla baklengjuna aftr á lend; rekr síðan út hrossin ok til haga. Eigi vildi Keingála bita, nema til baksins; enn er skamt var af hádegi, bregðr hon við, ok hleypr heim til húss. Grettir byrgir nú húsit ok gengr heim. Ásmundr spyr Gretti, hvar hrossin væri. Grettir kveðst geymt hafa í húsi eftir vanda. Ásmundr segir, at þá myndi skamt til hríðar, er hrossin vildu eigi á standa í þvílíku veðri. Grettir svarar: „Skýzt þeim mörgum vísdómriinn, er betri ván er at“. Líðr nú af náttin ok kom eigi hríðin. Rekr Grettir hrossin, ok þolir Keingála eigi í haga. Undarlegt þótti Ásmundi þat, enn veðr-

áttu brá eigi ór því, sem áðr hafði verit. Enn þriðja morgun fór Ásmundr til hrossanna, ok at Keingálu, ok mælti: „Illa þykki mér hrossin við hafa orðit at jafngóðum vetri; enn þú munt síst bregðast at bakinu, Bleikála.“ „Verðr þat er varir“, segir Grettir — “ok svá hitt er eigi varir“. Ásmundr strauk bakit á hrossinu, ok fylgdi þar húðin. Honum þótti undarlegt, hvi svá var orðit, ok kvað Gretti þessu valda mundu. Grettir glotti at, ok svaraði öngu. Bóndi fór heim, ok var málóði mjök. Hann gekk til eldaskála, ok heyrði, at húsfreyja mælti: „Vel skyldi nú reynzt hafa hrossageymslan frænda míns“. Ásmundr kvað vísu:

(10) Fast hefr flegna trausta

— fær prettat mik — Grettir

— fljóð eru flest en prúðu

— fámálug — Keingálu.

Vist man venja flestar

vittr drengir af sér lengi

— hróðr nemi hrings en fríða

Hlín — kvaðningar mínar.

Húsfreyja svarar: „Eigi veit ek, hvárt mér þykkir meir frá móti, at þú skipar honum jafnan starfa, eða hitt, at hann leysir alla einn veg af hendi“. „Nú skal ok um enda gert fyrir þat“, sagði Ásmundr; „enn hafa skal hann viðgerning því verra“. „Teli þá hvárigir á aðra“, sagði Grettir; ok svá fór fram um stund. Ásmundr lét drepa Keingálu. Mörg bernskubrögð

gerði Grettir, þau sem eigi eru í sögu sett. Hann gerðist nú mikill vexti; eigi vissu menn gerla afl hans, því at hann var óglíminn; orti hann jafnan vísur ok kviðlinga, ok þótti heldr niðskældinn. Eigi lagðist hann í eldaskála, ok var fátalaðr lengstum.

15. Þá váru margir uppvoxandi menn í Miðfirði. Skáld-Torfa bjó þá á Torfustöðum. Bersi hét son hennar; hann var manna gervilegastr ok skáld gott. Þeir bjuggu á Mel bræðr, Kormákr ok Þorgils. Með þeim óx upp sá maðr, er Oddr hét. Hann var framfærslumaðr þeira, ok var kallaðr Oddr ómagaskáld. Auðun hét maðr; hann óx upp á Auðunarstöðum í Víðidal; hann var gegn maðr ok góðfengr, ok sterkastr norðr þar sinna jafnaldra. Kálfr Ásgeirsson bjó á Ásgeirsá, ok Þorvaldr bróðir hans. Atli, bróðir Grettis, gerðist ok þroskamaðr, ok allra manna gæfastr; við hann likaði hverjum manni vel. Þessir lögðu knattleika með sér á Miðfjarðarvatni; kvámu þar til Miðfirðingar ok Víðdælar; þar kvámu ok margir menn ór Vestrhópi ok af Vatnsnesi, svá ok ór Hrutafirði. Sátu þeir þar við, er lengra fóru til. Var þar skipat saman þeim sem jafnsterkastir váru, ok varð at því hin mesta gleði lengstum á haustum. Grettir fór til leika fyrir bæn Atla bróður síns, þá er hann var fjórtán vetra gamall. Síðan var skipat mönnum

til leiks. Var Gretti ætlat at leika við Auðun, er fyrr var nefndr; hann var þeira nökkurum vetrum eldri. Auðun sló knöttinn yfir höfuð Gretti, ok gat hann eigi náð; stökk hann langt eftir ísinum. Grettir varð reiðr við þetta, ok þótti Auðun vilja leika á sik; sækir þá knöttinn ok kemr aftr, ok þegar hann náði til Auðunar, setr hann knöttinn rétt framan í enni honum, svá at sprakk fyrir. Auðun sló Gretti með knattgildrunni, er hann helt á, ok kom lítt á, því at Grettir hljóp undir höggit; tókust þeir þá á fangbrögðum, ok glímdu; þóttust menn þá sjá, at Grettir var sterkari, enn menn ætluðu, því at Auðun var rammr at afli. Áttust þeir lengi við, en svá lauk, at Grettir fell; lét Auðun þá fylgja kné kviði, ok fór illa með hann. Hlupu þeir þá til Atli ok Bersi ok margir aðrir, ok skildu þá. Grettir kvað eigi þurfa at halda á sér, sem ólmum hundi, ok mælti þetta: „Þræll einn þegar hefnist, en argr aldri“. Eigi létu menn þetta sér at sundrþykki verða, því at þeir Kálfr ok Þorvaldr bræðr vildu at þeir væri sáttir; váru þeir ok skyldir nökkut Auðun ok Grettir, ok helzt leikrinn sem áðr, ok varð eigi til sundrþykkis fleira.

16. • Þorkell krafla gerðist nú gamall mjök; hann hafði Vatnsdæla goðorð, ok var höfðingi mikill. Hann var aldavin Ásmundar hærulangs,

sem tengdum þeira hæfði. Hann var því vanr, at ríða til Bjargs hvert vár, at sækja þangat til kynnis; ok enn gerði hann svá næsta vár eftir þat, sem áðr var sagt, at hann fór til Bjargs. Tóku þau Ásmundr ok Ásdis við honum báðum höndum; var hann þar þrjár nætr, ok töluðu þeir mágur marga hluti milli sín. Þorkell spurði, hversu Ásmundi segði hugur um sonu sína, hverir iðnarmenn þeir mundu verða. Ásmundr kveðst ætla, at Atli yrði búmaðr mikill, forsjáll ok fémaðr. Þorkell svarar: „Þarfr maðr ok þér líkr; enn hvat segir þú af Gretti?“ Ásmundr mælti: „Af honum er þat at segja, at hann mun verða sterkr maðr ok óstýrilátr; þykkjumikill ok þungr hefir hann mér orðit“. Þorkell svarar: „Eigi er þat heillavænlegt, mágr“, sagði hann; „enn hversu skulum vit skipa um þingferð okkra í sumar?“ Ásmundr svarar: „Ek gerumst þungfærr, ok vilda ek sitja heima“. „Viltu at Atli fari fyrir þik?“, sagði Þorkell. „Hann þykkjumst ek eigi missa mega“, segir Ásmundr, „fyrir sakir starfa ok atdráttar, enn Grettir vill ekki starfa; er hann svá viti borinn, at ek get, at hann kunni halda upp lögsögn fyrir mik með þinni umsjá“. „Þú skalt ráða, mágr“, segir Þorkell. Reið hann nú heim. Þá er hann var búinn, ok leysti Ásmundr hann burt með góðum gjöfum. Nökkuru síðar bjóst Þor-

kell heiman til þings; hann reið með sex tigi manna; fóru þeir allir með honum, er í hans goðorði váru. Kemr hann til Bjargs, ok reið Grettir þaðan með honum. Þeir riðu suðr heiði þá er Tvidæggra heitir. Áfangar váru litlir á fjallinu, ok riðu þeir mikinn ofan í bygðina; ok er þeir kvámu ofan í Fljótstungu, þótti þeim mál at sofa, ok hleyptu beizlum af hestum sínum, ok létu ganga með söðlum. Lágu þeir langt á dag fram ok sváfu; enn er þeir vöknudu, svipuðust menn at hestum sínum; höfðu hestarnir sinn veg farit hverr þeira, enn sumir höfðu velzt. Grettir fann seinast sinn hest. Þat var þá háttr, at menn vistuðu sik sjálfir til þings, ok reiddu flestir mali um söðla sína. Söðull var undir kviði niðri á hesti Grettis, enn í burtu malrinn; ferr hann nú ok leitar, ok fann eigi; sér hann nú hvar maðr gengr; sá fór hart. Grettir spyrr, hverr þar færi. Hann svarar, ok kveðst Skeggi heita, ok vera húskarl norðan ór Ási í Vatnsdal — „er ek í ferð með Þorkeli bónda“, sagði hann, „enn mér hefir tekist til gálauslega, ek hefi týnt vistamal mínum“. Grettir svarar: „Eindæmin eru verst‘; ek hefi ok týnt mal þeim, er ek átti, ok leitum nú báðir samt“. Þat líkaði Skeggja vel. Ganga þeir nú um hríð; enn er minst varði, tekr Skeggi á rás upp eftir mounum ok grípr þar upp malinn. Grettir sá er hann laut, ok

spyr, hvat hann tók upp. „Malinn minn“, segir Skeggi. „Hverir bera þat fleiri enn þú“? sagði Grettir, „ok lát mik sjá, því at margt er öðru líkt“. Skeggi kvað öngvan mann taka af sér þat er hann ætti. Grettir þreif til malsins, ok toguðust þeir um hann, ok vildi sitt mál hvárrtveggi hafa. „Undarlega ætli þér“, segir húskarlinn, „þó menn sé eigi jafnstór-auðgir allir sem þér, Vatnsdælar, at menn muni eigi þora at halda á sínu fyrir yðr“. Grettir kvað þetta eigi eftir mannvirðingu ganga, þótt hverr hefði þat er ætti. Skeggi mælti: „Of fjarri er nú Auðun at kyrkja þik sem við knattleikinn“. „Vel er þat“, sagði Grettir, „enn eigi muntu mik kyrkja, hvern veg sem hitt hefir verit“. Skeggi greip þá öxi, ok hjó til Grettis; enn er Grettir sá þat, þreif hann vinstri hendi öxarskaftit fyrir framan hendr Skeggja, svá hart, at þegar varð laus öxin. Grettir setti þá sömu öxi í höfuð honum, svá at þegar stóð í heila; fell húskarl þá dauðr til jarðar. Grettir tók malinn, ok kastar um söðul sinn. Hann reið síðan eftir förunautum sínum. Þorkell reið undan, því at hann vissi eigi, at þetta myndi til hafa borit. Mennt söknuðu nú Skeggja ór flokkinum; enn er Grettir fann þá, spyrja þeir hann, hvat hann vissi til Skeggja. Grettir kvað þá vísu:

(11) Hygg ek at hljóp til Skeggja

hamratröll með för rammri
 — blóðs var á gunnar Gríði
 gráðr — fyr stundu áðan.
 Sú gein of haus hánum
 harðmynt er litt sparði
 — vark hjá viðreign þeira —
 vígtenn ok klauf enni.

Þá hlupu fylgdarmenn Þorkels upp, ok sögðu eigi mundu tröll hafa tekit manninn um ljósan dag. Þorkell þagnaði, ok mælti síðan: „Önnur efni munu í vera, ok mun Grettir hafa drepit hann; eða hvat bar til?“ Grettir segir þá allan áskilnað þeira. Þorkell mælti: „All-illa hefir þetta til tekizt, því at Skeggi var fenginn til fylgdar við mik, enn maðr góðættaðr, ok mun ek taka málit á þann hátt, at ek mun bæta slíku, sem dæmt verðr, enn sektum má ek eigi ráða; eru tveir kostir fyrir hendi við þik, Grettir, hvárt þú vilt heldr fara til þings, ok hætta á, hvern veg til tekst, eða hverfa hér aftr“. Grettir kóri at fara til þings, ok svá var, at hann fór. Var þetta mál kært af erfingjum hins vegna. Gekk Þorkell til handsala, ok helt upp fébótum; enn Grettir skyldi vera sekr, ok vera utan þrjá vetr. Enn er þeir riðu af þingi höfðingjarnir, áðu þeir uppi undir Sledaási, áðr enn þeir skildu; þá hóf Grettir stein þann, er þar liggr í grasinu, ok nú heitir Grettishaf. Þá gengu til margir menn, at sjá steininn, ok þótti þeim mikil furða, at svá

ungr maðr skyldi hefja svá mikit bjarg. Reið Grettir heim til Bjargs, ok sagði frá ferðum sínum. Ásmundr tók lítt á, ok kvað hann ó-eirðarmann verða mundu.

17. Hafliði hét maðr, er bjó at Reyðarfelli í Hvítársíðu; hann var siglingamaðr ok átti skip í för; þat stóð uppi í Hvítá. Sá maðr var á skipi með honum, er Bárðr hét; hann átti konu unga ok friða. Ásmundr sendi mann til Hafliða, at hann skyldi taka við Gretti, ok sjá um með honum. Hafliði kvað sér sagt, at maðrinn væri vanstiltr; enn fyrir sakir vináttu þeira Ásmundar tók hann við Gretti. Bjóst hann þá til utanferðar. Engi vildi Ásmundr fararefni fá honum, utan hafnest ok lítit af vaðmálum. Grettir bað hann fá sér vápn nökkut. Ásmundr svarar: „Eigi hefir þú mér hlýðinn verit; veit ek ok eigi, hvat þú munir þat með vápnum vinna, er þarft er; mun ek ok þau eigi til láta“. Grettir mælti: „Þá er eigi þat at launa, sem eigi er gert“. Síðan skildu þeir feðgar með litlum kærleikum. Margir báðu hann vel fara, enn fáir aftr koma. Móðir hans fylgdi honum á leið; ok áðr þau skildu, mælti hon svá: „Eigi ertu svá af garði gerr, frændi, sem ek vilda, svá vel borinn maðr sem þú ert; þykki mér þat mest á skorta, at þú hefir ekki vápn, þat er neytt sé, enn mér segir svá hugr um, at þú munir þeira við þurfa“. Hon tók þá undan

skikkju sinni sverð búið; þat var allgóðr gripr. Hon mælti þá: „Sverð þetta átti Jökull föðurfaðir minn ok hinir fyrri Vatnsdælar, ok var þeim sigrsælt; vil ek nú gefa þér sverðit, ok njót vel“. Grettir þakkaði henni vel gjöfina, ok kvað sér þetta betra þykkja, enn aðrir fémunir, þótt meiri væri. Síðan fór hann veg sinn, enn Ásdís bað honum margra virkta. Grettir reið suðr um heiði, ok létti eigi fyrr enn hann kom suðr til skips. Hafliði tók vel við honum; fann hann Gretti, ok spurði at fararefnum hans. Grettir kvað vísu:

(12) Hygg ek at heiman bjoggu
heldr auðigir snauðan,
blakkþollr byrjar skikkju,
beiðendr Móins leiðar.
Enn réð orðskvið sanna
auðaorn við mik fornan
ein, at bezt er barni,
benskóðs fyr gjöf, móðir.

Hafliði kvað þat sýnt, at henni var mest um hann hugat. Létu þeir í haf, þegar er þeir váru búnir ok byr gaf; ok er þeir kvámu út yfir grunn öll, undu þeir segl. Grettir gerði sér gróf undir bátinum, ok vildi þaðan hvergi hræra sik, hvárki til austra, né at segli at gera, ok ekki starfa, þat sem hann átti at skipi at gera til jafnaðar við aðra menn; eigi vildi hann ok kaupa af sér. Þeir sigldu suðr um Reykjanes, ok svá suðr fyrir land, ok er land-

it var horfit, fengu þeir rétt mikinn. Skipit var heldr lekt, ok þoldi illa réttinn; fengu þeir vás mikit. Grettir lét þá fjúka í kviðlinga; þat líkaði mönnum stórilla. Einn dag var þat, at veðr var bæði hvast ok kalt; þá kölluðu sveinar, báðu Gretti nú duga — „þvi at oss kólnar á klónum“. Grettir leit upp, ok mælti:

(13) Happ er, ef hér skal kropna
hver fingr á kyrpingum.

Eigi fengu þeir af honum starfann, enn líkaði nú verr enn áðr, ok kváðu hann skyldu taka gjöld á sjálfum sér fyrir nið sitt ok lögleysu þá er hann gerði — „þykkir þér betra“, sögðu þeir, „at klappa um kviðinn á konu Bárðar stýrimanns, enn at gera skyldu þína á skipi, ok er slíkt óþolanda“. Veðrit gekk upp at eins; stóðu þeir þá í austri, svá at dægum skifti. Þeir heituðust þá við Gretti. Ok er Hafliði heyrði þetta, gekk hann þar at, er Grettir lá, ok mælti: „Eigi þykki mér samkeypi yðvart kaupmanna gott; þú gerir þeim ólög, enn niðir þá á svá gert ofan, enn þeir heitast at steypa þér fyrir borð. Nú er slíkt ótíltækilegt“. „Hví munu þeir eigi ráða tiltektum sínum?“ segir Grettir — „enn þat vilda ek, at eftir dveldist einn eða tveir hjá mér, áðr enn ek ganga fyrir borð“. „Slíkt er ógeranda“, segir Hafliði — „mun oss aldri vel gefa, ef þér berist þetta fyrir; mun ek leggja ráð til með þér“. „Hvert er

þat“? sagði Grettir. „Þeir finna at við þik, at þú niðir þá; nú vil ek“, sagði Hafliði — „at þú kveðir til mín nökkura niðvísu, ok má vera, at þeir umberi betr við þik“. „Aldri kveð ek til þín“, sagði Grettir, „utan gott; geri ek þik eigi líkan kyrpingum“. Hafliði mælti: „Kveða má svá, at fegri sé vísan, ef grafin er, þótt fyrst sé eigi allfögr“. „Þetta hefi ek ok nægst til“, sagði Grettir. Hafliði fór til þeira skipverja, þar sem þeir váru at ausa, ok mælti: „Mikit er erfiði yðvart, ok ván, at yðr líki illa við Gretti“. „Verri þykkja oss kviðlingar hans, enn hvetvetna annat“, segja þeir. Hafliði mælti þá hátt: „Hann mun ok illa af því fara um síðir“. Enn er Grettir heyrði Hafliða ámæla sér, kvað hann vísu:

(14) Annat var þá's inni
 át Hafliði drafla
 — hann þóttisk þá heima —
 hvellr at Reyðarfelli.
 Ok dagverðar darra
 dómskreytandi neytir
 tysvar tveggja nesja
 takreins degi einum.

Kaupmönnum þótti all-illa, ok sögðu, at hann skyldi eigi til einskis gera, at niða Hafliða bónda. Hafliði mælti þá: “Nóga hefir Grettir verðleika til þess, þótt þér gerðuð honum nökkura smán, enn eigi vil ek hafa sæmd mína í veði til móts við illgirni hans ok forsjáleysi; nú

munu vér þessa eigi at sinni hefna, meðan vér erum í svá miklum háska staddir, enn minnist þess þá, er þér komið á land, ef yðr líkar“. Þeir svöruðu: „Mun oss eigi mega sem þér? Hvárt mun oss heldr bíta nið hans enn þik?“ Hafliði bað þá svá gera. Þaðan frá vönduðu skipverjar miklu miðr um kviðlinga enn áðr. Þeir höfðu harða útivist ok langa; kvámu þá lekar at skipiuu; tóku menn þá at lýjast mjök á erfiði. Stýrimannskona sú hin unga var því jafnan vön, at sauma at höndum Grettis, ok höfðu skipverjar þat mjök í fleymingi við hann. Hafliði gekk þar til, er Grettir lá, ok kvað vísu:

- (15) Statt upp ór gróf, Grettir,
 grefr knörr hola vörru;
 minstu á mál við svanna
 megiokátr enn glaðláta.
 Fast hefr hrund at höndum,
 hör-Nauma, þér saumat;
 skorð vill, at vel þú verðir
 við, meðan lönd eru niðri.

Grettir stóð skjótt upp ok kvað:

- (16) Stöndum upp, þót undir
 all-tíðum skip riði;
 veitk, at víf mun láta
 verr, ef ek ligg á knerri.
 Þvi mun öllungis illa
 aldygg kona hyggja
 hvít, ef hér skal láta
 hvert sinn fyr mik vinna.

Síðan hljóp hann aftr til, þar er þeir váru at austrinum, ok spurði, hvat þeir vildu, at

hann gerði. Þeir sögðu, at hann lítit gott gera mundu. Hann sagði: „Munr er at mannsliði“. Hafliði bað þá eigi neita liði hans — “má vera, at hann þykist leysa sínar hendr, ef hann býðr lið sitt“. Þá var eigi dæluaustr á hafskipum; kölluðu menn þat byttuaustr eða stampaustr. Hann var bæði vássamr ok erfiðr; skyldi þar hafa byttur tvær; fór þá önnur niðr, er önnur fór upp. Sveinar báðu, at Grettir skyldi sökkva byttunum; kváðu nú reyna skyldu, hvat hann mætti. Hann segir, at lítil raun myndi bezt um þat. Ferr hann þá niðr ok sökkvir byttunum, ok váru þá fengnir til tveir at ausa til móts við hann; heldust þeir eigi lengi við áðr þeir váru yfirkomnir af mæði; þá gengu til fjórir, ok fór alt á sömu leið. Svá segja sumir menn, at átta jusu þeir við hann, áðr enn lauk; var þá ok upp ausit skipit. Þaðan af skiftist mjök um orðalag kaupmanna við Gretti, því at þeir sá, hvat hann átti undir sér fyrir afls sakir; var hann ok þaðan frá hinn fræknasti til liðs, hvers sem við þurfti. Berr þá nú austr í haf; lágu á myrkr mikil; fundu þeir eigi fyrr eina nótt, enn þeir sigldu upp á skerskipinu, svá at undan gekk undirhlutrin; var þá hrundit bátnum, ok fluttar af konur ok alt þat er laust var. Þar var hólmr lítill skamt frá þeim, ok færðu þeir þangat föng sín, sem þeir komust við um nóttina, enn er

lýsa tók, áttu þeir um at tala, hvar þeir váru komnir; kendust þeir þá við, sem áðr höfðu farit milli landa, at þeir váru komnir at Sunnmæri í Noregi. Þar var ein ey skamt frá þeim til meginlands, er heitir Haramsey; þar var bygð mikil í eyjunni; þar var ok lends manns ból.

18. Þorfinnr hét lendr maðr, sá er þar átti bú í eyjunni; hann var son Kárs hins gamla, er þar hafði lengi búit. Þorfinnr var höfðingi mikill; ok er alljóst var orðit, sá menn til ór eyjunni, at kaupmenn váru nauðulega staddir. Var þá sagt til Þorfinni; hann brá við skjótt, ok lét setja fram karfa stóran, er hann átti; reru sextán menn á borð. Þeir váru á karfanum nær þrjátigi manna; fóru til sem hvatast, ok burgu fé kaupmanna, enn hafskipit sökk niðr; týndist þar mikit góðs. Þorfinnr flutti alla menn heim af skipinu til sín; váru þeir þar viku, ok þurkuðu varning sinn. Síðan fóru kaupmenn suðr í land, ok eru þeir ór sögunni. Grettir var eftir hjá Þorfinni, ok lét lítit um sik; var fátalaðr lengstum. Þorfinnr lét gefa honum mat, ok gaf sér eigi mikit at honum. Grettir var honum ófylgjusamr, ok vildi eigi ganga með honum úti á daginn; þat líkaði illa Þorfinni, enn nenti þó eigi at kviðja honum mat. Þorfinnr var hýbýlaprúðr ok gleðimaðr mikill; vildi hann ok, at aðrir menn væri

gladdir. Grettir var húsgöngull ok fór á aðra bæi þar í eygni. Auðun hét maðr, er bjó þar, sem heitir á Vindheimi; þangat fór Grettir daglega, ok gerði sér kært við hann; sat Grettir þar jafnan á dag fram. Þat var eitt kveld harðla síð, at Grettir bjóst heim at ganga, at hann sá eld mikinn gjósa upp á nesi því, er í norðr var frá bæ Auðunar. Grettir spurði eftir, hvat nýjungu þat væri. Auðun kvað honum eigi á liggja þat at vita. „Þat myndi mælt“, sagði Grettir, „ef slíkt sæist á váru landi, at þar brynni af fé“. Bóndi svarar: „Sá einn mun fyrir þeim eldi ráða, at eigi mun gagn í um at forvitnast“. „Þó vil ek vita“, segir Grettir. „Þar á nesinu stendr haugr“, segir Auðun, „stór ok sterklegr, enn þar var í lagðr Kárr hinn gamli, faðir Þorfinns; áttu þeir feðgar fyrst eitt bóndaból á eygni, enn síðan Kárr dó, hefir hann svá aftr gengit, at hann hefir eytt á burt öllum bændum þeim, er hér áttu jarðir, svá at nú á Þorfinnr einn alla eyna, ok engum verðr þeim mein at þessu, er Þorfinnr heldr hendi yfir“. Grettir kvað hann vel hafa sagt — „mun ek hér koma á morgun, ok lát til reiðu graftól“. „Let ek þik“, segir Auðun, „at fást þar við, því at ek veit, at Þorfinnr mun fjandskap á þik leggja“. Grettir kveðst hætta mundu á þat. Nú leið af nóttin; kemr Grettir þar snemma; váru þá til

reiðu graftólin. Ferr bóndi með honum til haugsins. Grettir braut nú hauginn, ok var at mikilvirkr; léttir eigi fyrr enn hann kemr at viðum; var þá mjök áliðinn dagrinn; síðan reif hann upp viðuna. Auðun latti hann þá mjök at ganga í hauginn. Grettir bað hann geyma festar — „enn ek mun forvitnast, hvat hér býr fyrir“. Gekk Grettir þá í hauginn; var þar myrkt ok þeygi þefgott. Leitast hann nú fyrir, hversu háttað var; hann fann hestbein, ok síðan drap hann sér við stólbrúði, ok fann at þar sat maðr á stóli. Þar var fé mikit í gulli ok silfri borit saman, ok einn kistill settr undir fætr honum, fullr af silfri. Grettir tók þetta fé alt, ok bar til festar, ok er hann gekk utar eftir hauginum, var gripit til hans fast; lét hann þá laust féit, enn réðst í mót þeim, ok tókust þeir þá til heldr óþyrmilega. Gekk nú upp alt þat, er fyrir varð; sótti haugbúinn með kappi. Grettir fór undan lengi, ok þar kemr, at hann sér, at eigi mun duga at hlífast við. Sparir nú hvárrgi annan; færast þeir þangat, sem hestbeinin váru; kiptust þeir þar um lengi, ok fóru ýmsir á kné, enn svá lauk, at haugbúinn fell á bak aftr, ok varð af því dynkr mikill; hljóp Auðun frá festarhaldinu, ok ætlaði, at Grettir myndi dauðr. Grettir brá nú sverðinu Jökulsnaut, ok hjó á hálsinn haugbúanum, svá at af tók höfuðit; setti hann þat

við þjó honum, gekk síðan til festar með féit, ok var Auðun allr á brautu; varð hann þá at handstyrkja upp festina. Hann hafði knýtt fénu í snæri, ok dró þat upp síðan. Grettir var orðinn stirðr mjök af sameign þeira Kárs; snýr nú heim til bæjar Þorfinns með féit; þá var fólk alt undir borð komit. Þorfinnr hvesti á Gretti augun, er hann kom í drykkjustofuna, ok spurði, hvat hann ætti svá nauðsynlegt at starfa, at hann geymdi eigi háttá með öðrum mönnum. Grettir mælti: „Margt er smátt, þat er til berr á síðkveldum“. Lagði hann þá fram á borðit fé þat alt, er hann hafði tekit ór hauginum. Einn gripr var sá, er Gretti stóðu mest augu til; þat var sax eitt, svá gott vápn, at aldri kveðst hann sét hafa betra; þat lét hann síðast fram. Þorfinnr varð léttbrúnn við, er hann sá saxit, því at þat var menjagripr þeira, ok hafði aldri ór ætt gengit. „Hvaðan kom þér fé þetta?“ sagði Þorfinnr. Grettir kvað vísu:

(17) Mér hefr-a brugðizt, báru
 blikrýrandi — at skýru
 brátt spyri bragnar þetta —
 bauga ván í haugi.
 Þó sék hitt, at Hrotta
 hrið-Ullr muni síðan
 fár at Fáfnis mýri
 fullteitr þinig leita.

Þorfinnr svarar: „Eigi mun þér alt í augu blæða, ok engan hefir þessa fýst fyrr, at brjóta

hauginn; enn fyrir því, at ek veit, at þat fé er illa komit, er fólgit er í jörðu eða í hauga borit, þá mun ek eigi gefa þér hér skuld fyrir, með því at þú færðir mér; eða hvar náðir þú saxinu góða?“ Grettir svaraði ok kvað:

(18) Fekk í firna dökkum
 — fell draugr — tekit haugi
 sax, þat's seggja vexir
 sár, hyllestir báru.
 Ok skyldi mér aldri
 alms dýrr logi hjalma
 ýtum hættr, ef ættak,
 angrs hendi firr ganga.

Þorfinnr svarar: „Vel er til mælt, enn sýna skaltu nökkut áðr, þat er frægð þykki í vera, enn ek gefi þér saxit, því at þat fekk ek aldri af feðr mínum meðan hann lifði“. Grettir svarar: „Eigi má vita, hverjum at mestu gagni kemr, um þat er lýkr“. Þorfinnr tók við fénu, ok geymdi saxit hjá sæng sinni. Leið svá vetrinn fram til jóla, at eigi bar fleira til frásagna.

19. Þetta sumar hit næsta áðr bjóst Eiríkr jarl Hákonarson ór landi vestr til Englands, á fund Knúts konungs hins ríka, mágs síns, enn hann setti eftir til ríkis í Noregi Hákon son sinn, ok fekk hann í hendr Sveini jarli bróður sínum til forsjá ok ríkisstjórnar, því at Hákon var barn at aldri. Enn áðr Eiríkr jarl fór ór landi, stefndi hann til sín lendum mönnum ok ríkuum bóndum; töluðu þeir margt um lög ok lands-

skipan, því at Eiríkr jarl var stjórnsmátt; þótti mönnum þat mikill ósiðr í landinu, at úthlaupsmenn eða berserkir skoruðu á hólm göfga menn til fjár eða kvenna; skyldu hvárir ógildir falla, sem fellu fyrir öðrum; fengu margir af þessu smán ok fjármissu, enn sumir líftjón með öllu, ok því tók Eiríkr jarl af allar hólmgöngur í Noregi; hann gerði ok útlaga alla ránsmenn ok berserki, þá sem með óspektir fóru. Var í þessarri skipan ok ráðagerð með jarli Þorfinnr Kársson ór Haramsey, því at hann var vitr maðr ok kær vinr jarlanna. Tveir bræðr eru nefndir til, at verstir váru; hét annarr Þórir þömb, enn annarr Ögmundr illi; þeir váru háleyskir at ætt, meiri ok sterkari enn aðrir menn; þeir gengu berserksgang, ok eirðu engu, þegar þeir reiddust; þeir tóku á burt konur manna, ok höfðu við hönd sér viku eða hálfan mánuð, ok færðu síðan aftr þeim sem áttu; þeir ræntu, hvar sem þeir kvámu, eða gerðu aðrar óspektir. Eiríkr jarl gerði þá útlaga fyrir endilangan Noreg; gekk Þorfinnr mest manna fyrir sekt þeira; þóttust þeir honum eiga fullan fjandskap at gjalda. Síðan fór jarl ór landi, sem segir í sögu hans, enn Sveinn jarl hafði yfirvald í Noregi ok ríki. Þorfinnr fór heim til bús síns, ok sat heima mjök til jóla, sem fyrr er sagt. Í móti jólum býst Þorfinnr at fara til bús síns, þangat sem heitir í Slygs-

firði; þat er á meginlandi. Hafði hann boðit þangat mörgum vinum sínum. Húsfreyja Þorfinns mátti eigi fara með bónda, því at dóttir þeira frumvaxta lá sjúk, ok váru þær báðar heima. Grettir var heima ok húskarlar átta. Þorfinnr fór nú við þrjá tigi frelsingja til jóla-veizlunnar; var þar hinn mesti mannfagnaðrok gleði. Nú kemr atfangadagr jóla; þá var veðr bjart ok kyrt. Grettir var lengstum úti um daginn, ok sá, at skip fóru suðr ok norðr með landi, því at hverr sótti til annars, þangatsem samdrykkjan var sett. Bóndadóttur var þá batnat, svá at hon gekk með móður sinni. Leið nú á daginn; þá sá Grettir, at skip reri at eyggi; þat var eigi mikit, ok skar at skjöldum milli stafna; skipit var steint fyrir ofan sjá. Þeir reru knálega ok stefndu at naustum Þorfinns; ok er skipit kendi niðr, hlupu þeir fyrir borð, sem á váru. Grettir hafði tölu á mönnum þessum, at þeir váru tólf saman. Eigi þótti honum þeir friðlega láta; þeir tóku upp skip sitt ok báru af sjá; eftir þat hlupu þeir at naustinu; þar stóð inni karfinn Þorfinns sá hinn stóri; hann settu aldri færi menn á sjá enn þrjár tigar, enn þeir tólf ryktu honum þegar fram á fjörugrjótit; síðan tóku þeir upp sitt skip ok báru inn í naustit. Þá þóttist Grettir sjá, at þeir myndi ætla at bjóða sér sjálfir beina; hann gekk þá til móts við þá ok fagnaði

þeim vel, ok spyr, hverir þeir væri, eða hversu formaðr þeira hét. Sá svarar skjótt, er til var mælt, ok kveðst Þórir heita, ok kallaðr þömb, ok bróðir hans Ögmundur ok aðrir kompánar þeira. „Vænti ek“, sagði Þórir, „at Þorfinnr húsbóndi yðvarr hafi heyrt vár getit; eða hvárt er hann heima?“ Grettir svarar: „Gæfumenn miklir munu þér vera, því at þér hafið hér góða atkvámu, ef þeir eru mennirnir, sem ek ætla; bóndi er heiman farinn með alla heimamenn, þá sem frjálsir eru, ok ætlar eigi heim fyrir enn á bak jólnunum; húsfreyja er heima ok bóndadóttir, ok ef ek þættumst nökkurn mótgang eiga at gjalda, þá vilda ek þann veg helst at koma, því at hér er hvatvetna þat, er hafa þarf, bæði öl ok annarr fagnaðr“. Þórir þagði meðan Grettir lét ganga töluna; síðan mælti hann til Ögmundar: „Fór nökkut fjarri því, sem ek gat til?“ sagði hann, „ok væri mér þat í hug, at hefna Þorfinni, er hann hefir gert oss útlaga; er þessi maðr ok góðr af tíðendum; þurfum vér eigi at togast eftir orðum við hann“. „Orða sinna á hverr ráð“, sagði Grettir, „ok gera skal ek yðr slíkan forbeina, sem ek má, ok gangit heim með mér“. Þeir báðu hann hafa þökk fyrir, kváðust hans boði hlíta mundu; enn er þeir kvámu heim at bænum, tók Grettir í hönd Þóri ok leiddi hanu til stofu; Grettir var þá málreifr mjök. Húsfreyja

var í stofunni, ok lét tjalda hana ok búast um vel; enn er hon heyrði til Grettis, nam hon staðar á gólfinu ok spyrr, hverjum Grettir fagnaði svá alvarlega. Hann svarar: „Þat er ráð, húsfreyja, at taka vel við gestum; hér er kominn Þórir bóndi þömb ok þeir tólf saman, ok ætla hér at sitja um jólin; er þat allgott, því at vér áttum heldr fáment áðr“. Hon svarar: „Eigi tel ek þá með bóndum eða góðum mönnum, því at þeir eru hinir verstu ráusmenn ok illvirkjar; vilda ek gjarna hafa gefit til mikinn hlut eigu minnar, at þeir hefði hér eigi komit í þetta sinn; launar þú ok illa Þorfinni fyrir þat, er hann tók þik af skipbroti félausan, ok hefir haldit þik í vetr sem frjálsan mann“. Grettir svarar: „Betra er nú fyrst at taka vásklæð af gestunum enn at ámæla mér; þess mun lengi kost“. Þórir mælti þá: „Ver eigi stygg, húsfreyja; engi missir skal þér i verða, þó at bóndi sé eigi heima, því at fá skal mann í stað hans, ok svá dóttur þinni ok öllum heimakenum“. „Slíkt er karlmannlega talat“, sagði Grettir; „mega þær þá eigi yfir sinn hlut sjá“. Ni stukku fram konur allar, ok sló á þær óhug miklum ok gráti. Grettir mælti til berserkjana: „Selit mér þat í hendr, sem þér vilit af leggja, vápn ok vásklæði, því at eigi mun oss fólkit stýrilátt meðan þat er óhrætt“. Þórir kvaðst eigi hirða, hvat konur nöggðu,

— „enn mikinn mun eigu vér at gera þín eða annarra heimamanna; lízt mér sem vér munum þik hafa at trúnaðarmanni“. „Sjái þér fyrir því“, sagði Grettir, „enn eigi geri ek mér alla menn jafna“. Síðan lögðu þeir af flestöll vápn. Eftir þat mælti Grettir: „Ráðlegt þykkir mér, at þér farit til borðs ok drekkit nökkut, því at yðr mun þyrsta af róðrinum“. Þeir kváðust þess albúnir, enn sögðu sér ókunnigt til kjallara. Grettir spyr, hvárt þeir vildi hlíta hans forsjá ok umgangi. Berserkirnir létust þat gjarna vilja. Grettir ferr til ok sækir öl ok gefr þeim at drekka. Þeir váru mjök móðir ok sulgu stórum; lætr hann óspart ölit, þat er áfengast var til, ok gekk því lengi; hann segir þeim ok margar kátlegar sögur. Varð af þessu öllu saman háreysti til þeira at heyra. Eigi fýsti heimamenn til þeira at koma. Þá mælti Þórir: „Eigi hefi ek þann mann fundit ókunnan, er svá vel vildi við oss gera sem þessi maðr, eða hver laun viltu af oss félögum þiggja fyrir þína þjónustu?“ Grettir svarar: „Eigi ætla ek hér til launa fyrir at svá gervu, enn ef vér erum þvílíkir vinir, þá er þér farit á burt, sem nú horfist á, þá mun ek ráðast til lags með yðr, enn þó at ek mega minna enn einhverr yðarr, þá mun ek eigi leita stórræðanna“. Þeir urðu mjök glaðir við ok vildu þegar binda félag sitt með fastmælum. Grettir

kvað þat eigi skyldu — „því at þat er satt, sem mælt er, at 'öl er annarr maðr'; ok skal eigi bráðabug at þessu gera, framar enn áðr hefi ek sagt; erum vér litlir skapdeildarmenn hvárir tveggja“. Þeir sögðust eigi ætla þessu at bregða. Leið nú á kveldit, svá at mjök tók at myrkva; þá sér Grettir, at þeir gerast mæddir nokkut af drykknum. Hann mælti þá : „Þykkir yðr eigi mál at fara til svefns?“ Þórir kvað svá vera skyldu, — „ok skal efna þat, er ek hét húsfreyju“. Grettir gekk fram ok mælti hátt: „Gangit til sængr, konur“, segir hann; „svá vill Þórir bóndi skipa“. Þær báðu honum ills á móti; var hinn mesti úlfabytr til þeira at heyra. Berserkirnir kvámu fram í þessu. Grettir mælti: „Göngum út, ok mun ek sýna yðr fatabúr Þorfinns“. Þeir létu þat leiðast. Kvámu þeir at útibúri ákaflega stóru; þar váru á útidyr ok sterkr láss fyrir; þat var allsterkt hús. Þar var hjá salerni mikit ok sterkt, ok eitt skjaldpili milli húsanna; húsinn stóðu hátt, ok var nokkut rið upp at ganga. Berserkirnir gerðust nú umfangsmiklir ok skotruðu Gretti; hann fór undan í flæmingi; ok er þeim var minst ván, hljóp hann út ór húsinu ok greip í hespuna, ok rekr aftr húsit ok setr lás fyrir. Þórir ok hans félagar ætluðu fyrst at svarfast myndi aftr hafa hurðin, ok gáfu sik ekki at; þeir höfðu ljós hjá sér, því at

Grettir hafði sýnt þeim marga gripi, þá er Þorfinnr átti; litu þeir þar á um stund. Grettir flýtir ferðinni heim at bænum; ok þegar hann kemr í dyrnar, kallar hann hátt ok spyr, hvar húsfreyja væri. Hon þagði, því at hon þorði eigi at svara. Hann mælti: „Hér er næsta veiðarefni; eða eru nökkur vápn, þau sem neyt eru?“ Hon svarar: „Eru vápnin, enn eigi veit ek, til hvers þér koma“. „Töllum síðar um þat“, segir hann; „dugi nú hverr sem má; eigi mun síðar vænna“. Húsfreyja mælti: „Nú væri guð í garði, ef nökkut mætti um bætast várn hag; yfir sæng Þorfinns hangir krókaspjótit stóra, er átt hefir Kárr hinn gamli; þar er ok hjálmr ok brynja ok saxit góða, ok munu eigi bila vápnin, ef þér dugir hugrinn“. Grettir þrífr hjálminn ok spjótit, enn girðir sik með saxinu ok gengr út skjótt“. Húsfreyja kallar á húskarla ok bað þá fylgja svá góðum dreng. Þeir hlupu til vápna fjórir, enn aðrir fjórir þorðu hvergi nærri at koma.

Nú er at segja frá berserkjunum, at þeim þótti Gretti dveljast aftrkváman. Grunar þá nú, hvárt eigi muni vera svik í; hlaupa þeir á hurðina, ok finna at hon er læst; treysta nú á timbrveggina, svá at brakar í hverju tré. Hér kemr um síðir, at þeir fá brotit skjaldþilit, ok kyámust svá fram í gangrúmit ok þar út á riðit; kemr á þá berserksgangr ok grenja

sem hundar. Í því bili kom Grettir at; hann tvihenti spjótit á Þóri miðjum, er hann ætlaði ofan fyrir riðit, svá þegar gekk í gegnum hann. Fjöðrin var bæði löng ok breið á spjótinu. Ögmundr illi gekk nær Þóri, ok hratt honum á lagit, svá alt gekk upp at króknum; stóð þá spjótit út um herðarnar á Þóri, ok svá framan í brjósttit á Ögmundi; steyptust þeir báðir dauðir af spjótinu. Þá hljóp þar hverr út af riðinu sem kominn var. Grettir sótti at sérhverjum, gerði ýmist, at hann hjó með saxinu eða lagði með spjótinu, enn þeir vörðust með trjám, er lágu á vellinum, ok öllu því er þeir fengu til; var þat hin mesta mannhætta, at fást við þá, fyrir afls sakir, þó at þeir hefði eigi vápn. Grettir drap þá tvá af Háleygjum þar í túninu. Húskarlar fjórir kvámu þá at; höfðu þeir eigi ásáttir orðit, hver vápn at hverr skyldi hafa; sóttu þá at, þegar berserkirnir hörfuðu undan, enn er þeir snerust á mót, brukku húskarlar upp undir húsinn. Sex fellu þar víkingar, ok varð Grettir banamaðr allra. Síðan leituðu aðrir sex undan; bárust þeir þá ofan at naustinu ok inn í naustit; vörðust þeir þá með árum. Fekk Grettir þá stór högg af þeim, svá at við meiðingum var búit. Húskarlar fóru þá heim ok sögðu mikit af framgöngu sinni. Húsfreyja bað þá vita, hvat af Gretti yrði, enn þat fekst eigi af þeim. Tvá drap Grettir í naustinu, enn

fjórir kvámust út hjá honum. Fóru þá sinn veg hvárir tveir; hann elti þá sem nær honum váru. Gerði nú myrkt af nátt. Þeir hlupu í kornhlöðu nökkura á þeim bæ, sem fyrr var nefndr, er á Vindheimi hét. Þar áttust þeir lengi við, enn um síðir drap Grettir báða; var hann þá ákaflega móðr ok stirðr, enn mikit var af nótt; veðr gerði kalt mjök með fjúki. Nenti hann þá eigi at leita víkinganna þeira tveggja, er þá váru eftir. Gekk hann nú heim til bæjar. Húsfreyja lét kveikja ljós í hinum efstum loftum við gluggana, at hann hefði þat til leiðarvísis. Var ok svá, at hann fat af því heim, er hann sá ljósit. Enn er hann kom í dyrnar, gekk húsfreyja at honum ok bað hann vera velkominn — „ok hefir þú“, segir hon, „mikla frægð unnit, ok leyst mik ok hjú mín frá þeiri skemd, er vér hefðim aldri bót fengit, nema þú hefðir borgit oss“. Grettir svarar: „Ek þykkjumst nú mjök hinn sami ok í kveld, er þér töluðuð hraklegast við mik“. Húsfreyja mælti svá: „Vér vissum eigi, at þú værir slíkr afreksmaðr, sem vér höfum nú reynt; skal þér alt sjálfboðit innanbæjar, þat sem ek hefi til at veita, enn þér sæmd í at þiggja, enn mik varir, at Þorfinnr launi þér þó betr, er hann kemr heim“. Grettir svarar: „Lítills mun nú við þurfa fyrst um launin, enn þiggja mun ek boð þitt, þar til er bóndi kemr heim; enn þess

væntir mik, at þér megid sofa í náðum fyrir berserkjunum“. Grettir drakk lítit um kveldit, ok lá með vápnum sínum um nóttina. Um morguninn, þegar lýsa tók, var mönnum saman stefnt um eyna; var þá farit at leita berserkjanna, þeira sem undan höfðu komizt um kveldit. Þeir fundust at áliðnum degi undir einum steini, ok váru þá dauðir af kulda ok sárum. Síðan váru þeir færðir í flæðarurð eina, ok dysjaðir þar. Eftir þat fóru þeir heim, ok þóttust eyjarskeggjar í frið þegnir. Grettir kvað vísu þessa, er hann kom heim til húsfreyju:

(19) Tolf höfum gröf bjá gjalfri
gunnelda búit runnum;
einn namk öllum vinna
ótrauðr hraðan dauða.
Hver munu gild of görvask,
gulls vel borin selja,
verk þau's einn fær orkat
ítr, ef slík 'ro lítill?

Húsfreyja mælti: „Víst ertu fárra manna líki, þeira sem nú eru uppi“. Setr hún hann í öndugi, ok gerði til hans alla hluti vel. Leið nú svá fram, unz Þorfinns var heim ván.

20. Eftir jólin býst Þorfinnr til heimferðar, ok leysti marga með góðum gjöfum burt, þá er hann hafði til sín boðit. Síðan ferr hann með sínu föruneyti, þar til er hann kemr mjök at naustum sínum. Þeir sjá, at skip lá á sandinum, ok bera brátt kenst á, at þar var karfi

hans hinn stóri. Ekki hafði Þorfinnr þá spurt til víkinganna. Hann bað þá flýta sér at landi; — „því at mik grunar“, sagði hann, „at hér hafi eigi vinir um vælt“. Þorfinnr gekk fyrst á land sinna sinna manna, ok þegar at naustinu. Hann sá þar skip standa, ok kendi, at þat var skip berserkja. Hann mælti þá til sinna manna: „Þat grunar mik“, sagði hann, „at þeir atburðir muni hér orðit hafa, at ek vilda gefa til eyna ok alt þat sem hér stendr saman, at eigi hefði orðit“. Þeir spurðu, hvi svá væri. Hann mælti þá: “Hér hafa komit þeir víkingar, er ek veit versta í öllum Noregi, sem er Þórir þömb ok Ögmundr illi. Munu þeir hafa eigi búit heppilega fyrir oss, enn ek treysti eigi vel Íslendingi“. Talaði hann hér til margt við féлага sína. Grettir var heima, ok olli hann því, er seint var til strandar gengit. Kvaðst hann eigi hirða, þótt bónda blikraði nökkut til, hvat fyrir væri; enn er húsfreyja bað hann leyfis, sagði hann, at hon skyldi ráða ferðum sínum, enn hvergi lézt hann fara mundu. Hon gekk skjótt til fundar við Þorfinn, ok fagnaði honum vel. Hann varð glaðr við þat, ok mælti: „Guð hafi lof fyrir, er ek sé þik heila ok káta, ok svá dóttur mína; eða hversu hefir ykkir til gengit, síðan er ek fór heiman?“ Hon svarar: “Vel hefir ór ráðizt, enn lá oss við svá mikilli svívirðingu, at vér hefðim aldri

bót fengit, ef eigi hefði vetrtaksmaðr þinn hjálpat oss“. Þorfinnr mælti þá: „Nú skal setjast niðr, enn þú seg frá tíðendum“. Hon segir þá greinilega alla atburði, sem þar höfðu gerzt ok lofaði mjök hreysti Grettis ok framgöngu. Þorfinnr þagði á meðan; ok er hon hafði úti söguna, svarar hann svá: „Satt er þat er mælt er: 'lengi skal manninn reyna', eða hvar er Grettir nú?“ Húsfreyja sagði: „Hann er heima í stofu“. Síðan gengu þau heim á bæinn. Þorfinnr gekk til Grettis, ok hvarf til hans, ok þakkar honum með mörgum fögrum orðum þann drengskap, er hann hafði honum sýnt — „ok þat mun ek til þín mæla“, sagði Þorfinnr, „sem fáir munu mæla til vinar síns, at ek vilda, at þú þyrftir manna við, ok vissir þú þá, hvárt ek gengi þér fyrir nökkurn mann, eða eigi, enn aldri fæ ek launat þér þinn velgerning, ef þik stendr engi nauðr; enn vist þín skal standa hér hjá mér, nær sem þú þarft at þiggja, ok þú skalt framast haldinn af mínum sveinum“. Grettir bað hann hafa mikla þökk fyrir — „ok munda ek þegit hafa, þó at þú hefðir fyrr boðit“. Nú sat Grettir þar um vetrinn, ok var í hinum mestum kærleikum við Þorfinn; varð hann nú ok frægr af verki þessu um allan Noreg, ok þar mest, sem þeir höfðu mestar óspektir gert, berserkirnir. Um várit spurði Þorfinnr Grettir, hvat hann vildi

at hafast. Hann kvaðst ætla at fara norðr í Vága, meðan þar var stefnutími. Þorfinnr kvað honum til reiðu skyldu penningar, sem hann vildi. Grettir kvaðst eigi þurfa at sinni penninga meir enn til skotsilfrs. Þorfinnr kvað þat skylt, ok fylgdi honum til skips: þá gaf hann Gretti saxit góða; þat bar Grettir meðan hann lifði, ok var hin mesta gersemi. Bað Þorfinnr hann til sín fara, þegar hann þyrfti liðs við. Grettir fór nú norðr í Vága, ok var þar allmiklit fjölmenni. Fögnuðu þeir margir honum þar vel, sem hann höfðu eigi sét fyrr, fyrir sakir þess frægðarverks, sem hann hafði unnit, þá er hann drap vikingana. Buðu honum margir göfgir menn til sín, enn hann vildi fara aftr til Þorfinns vinar síns. Réðst hann þá í byrðing, er átti sá maðr, er Þorkell hét; hann bjó í Sálfti á Hálogalandi, ok var göfigr maðr. Enn er Grettir kom heim til Þorkels, tók hann við honum harðla vel, ok bað Gretti með sér vera um vetrinn, ok lagði til þess mörg orð. Þat þektist Grettir, ok var með Þorkeli þenna vetr í góðu yfirlæti.

21. Björn hét maðr, er þar var á vist með Þorkeli. Hann var ákafamaðr í lyndi ok góðrar ættar, skyldr nökkut Þorkeli. Eigi var hann vinsæll maðr af alþýðu, því at hann aflutti mjök fyrir þeim mönnum, er váru með Þorkeli; kom hann svo mörgum á brott. Fátt

kom á með þeim Gretti; þótti Birni hann lítills verður hjá sér, enn Grettir var ótillátssamr, ok kom til þverúðar með þeim. Björn var hávaðamaðr mikill, ok gerði um sik mikit; fylgdu honum at því margir ungir menn, ok höfðu þeir oft á kveldum slentr mikit úti. Þat bar til á öndverðum vetri, at híðbjörn einn grimmr hljóp ór híði sínu, ok varð svá grimmr, at hann eirði hvárki mönnum né fé; ætluðu menn, at hann myndi vaknat hafa af háreysti því er Björn hafði gert með kumpánnum sínum. Gerðist dýrit svá ilt viðfangs, at þat reif niðr hjörð fyrir mönnum; hafði Þorkell af þessu mestan skaða, því at hann var maðr ríkastr í þessu bygðarlagi. Á nökkurn dag kvaddi Þorkell til fylgðar menn sína, at leita, hvar híð bjarnarins væri; þeir fundu þat í sjávarbömrum; var þar hár klettr einn, ok hellisskúti framan í hamrinum einum, enn einn stígr til at ganga; bjarg var undir hellinum, ok urð við sjóinn; var þar viss bani því er ofan hrapaði. Lá björninn í híðinu á daginn, enn leitaði á burt jafnan er náttaði. Heldu engar grindr fénu fyrir honum. Kómu þeir eigi hundum við. Þótti mönnum þetta hit mesta vandræði. Björn, frændi Þorkels, kvað vera at gert hit mesta, er híðit var fundit — „skal ek nú prófa“, sagði hann, „hversu leikr ferr með okkr nöfnum“. Eigi lét Grettir sem hann vissi, hvat Björn talaði

um þetta. Jafnan bar svá til á kveldum, þá er menn fóru at sofa, at Björn hvarf út. Þat var eina nótt, at Björn fór til híðsins; hann varð varr við, at dýrit var þar fyrir, ok grenjaði illilega. Björn lagðist niðr við einstigit, ok hafði yfir sér skjöldinn, ok ætlaði at biða, þar til er dýrit leitaði á burt eftir vanda. Bessi hafði veðr af manningum, ok seinkaði heldr ferðinni. Björn syfjaði heldr mjök, þar sem hann lá, ok getr eigi vakat; ok í þessu ræðr dýrit ór híðinu; getr nú sét, hvar maðrinn liggr, krækir til hramminum, ok hnykkir af honum skildinum, ok kastar ofan fyrir bjargit. Björn bregðr við hart, er hann vaknar; tekr hann til fóta ok hleypr heim; var þá búit við, at dýrit myndi grípa hann. Vissu þetta félagar hans, því at þeir höfðu njósn á um ferðir Bjarnar; fundu þeir skjöldinn um morguninn, ok gerðu at þessu hit mesta gabb. Á jólum fór Þorkell sjálfr til híðisins, ok þeir átta saman; þar var þá Björn ok Grettir ok aðrir fylgdarmenn Þorkels. Grettir hafði yfir sér loðkápu, ok lagði hana af sér, meðan þeir sóttu at dýrinu. Þar var óhægt á at sækja, því at eigi mátti við koma nema spjótalögum, ok beit hann þau af sér. Björn eggjaði þá mjök til atsóknar, enn þó gekk hann eigi svá nær, at honum væri við nökkuru hætt; ok er minst varði, þrífr Björn kápu Grettis, ok kastaði í híðið til bjarn-

arins. Ekki gátu þeir að gert, ok hurfu aftr, er áleið daginn; enn er Grettir bjóst heim at ganga, saknar hann feldar síns. Hann gat sét, at björninn hafði drepit undir sik kápuna. Hann mælti þá: „Hverr hefir sveina gletzt við mik, ok kastat feldi mínum í hiðit?“. Björn svarar: „Sá einn mun þat gert hafa, er þora mun við at ganga“. Grettir svarar: „Eigi legg ek slíkt langt upp“. Þá sneru þeir heim á leið, ok er þeir höfðu gengit um hríð, slitnaði hosna-sterta Grettis. Þorkell bað þá biða hans. Grettir kvað þess eigi þurfa. Þá mælti Björn: „Eigi þurfið þér þat at ætla, at Grettir renni frá kápu sinni; mun hann vilja hafa frægð af, ok drepa einn dýrit, þat er vér höfum frá gengit átta; þá væri hann slíkr, sem hann er sagðr, enn allslælega hefir hann fram gengit í dag“. „Eigi veit ek“, sagði Þorkell, „hversu þér ferr af, enn eigi munu þit jafnir hreystimenn vera, ok legg þú fátt til hans“. Björn kvað hvárnigan þeira kjósa orð ór munni sér. Nú bar leiti á milli. Grettir sneri þá aftr at einstiginu; var þá eigi at metast við aðra um atgöngu; hann brá þá sverðinu Jökulsnaut, enn hann hafði hönk á meðalkaflanum á saxinu, ok smeygði á hönd sér; því gerði hann svá, at hann þóttist heldr mega taka til þess, er hann vildi, ef laus væri böndin. Hann gekk þegar í einstigit; ok er dýrit sá manninn, hljóp þat

upp með grimd mikilli ok í móti Gretti, ok laust til hans með hramminum, þeim er firr var berginu. Grettir hjó á móti með sverðinu, ok kom á hramminn fyrir ofan klærnar, ok tók þar af. Þá vildi dýrit ljósta með þeim fætinum, sem heill var, ok skauzt á stúfinn, ok varð hann lægri, enn hann ætlaði, ok fell þá dýrit í fang Gretti. Hann þrífr þá meðal hlusta dýrinu, ok helt því frá sér, svá þat náði eigi at bíta hann. Svá hefir Grettir sagt, at hann þóttist þá afraun mesta gert hafa, at halda dýrinu; enn með því at dýrit brauzt um fast, enn rúmit litit, þá ruku þeir báðir ofan fyrir bjargit. Nú var dýrit þyngra, ok kom þat fyrr niðr á urðina; varð Grettir þá efri, enn dýrit lamdist þá mjök þeim megin, sem niðr vissi. Grettir þrífr þá til saxins, ok lagði björninn til hjartans, ok var þat hans bani. Eftir þat fór hann heim, ok tók feld sinn, ok var hann allr rifinn í sundr. Hann hafði með sér þat er hann hafði höggvit af hramminum. Þorkell sat at drykkju, þá er Grettir kom í stofuna; hlógu þeir at feldarslitrinu, er Grettir hafði yfir sér. Hann setr nú upp á borðit þat er hann hafði höggvit af hramminum. Þorkell mælti: „Hvar er nú Björn frændi minn? — aldri sá ek þér svá bíta járnin, ok vil ek, at þú bjóðir Gretti sæmd fyrir þessa svívirðing, sem þú hefir til hans gert“. Björn kvað þat frest-

ast mundu — „ok hirði ek aldri, hvárt honum líkar vel eða illa“. Grettir kvað vísu þessa:

(20) Oft kvam heim í húmi
 hræddr þá engum blæddi
 sá's vetrliða vitja
 víg-Njörðr í haust gördi.
 Sá engi mik sitja
 síð fyr bjarnar híði;
 þó kom ek ullar otra
 út ór bellisskúta.

„Bæði er“, sagði Björn, „at þú hefir vel fram gengit, enda berr þú okkr ólíkt söguna; skil ek, at þú munt þykkjast mér þessa sneið stinga“. Þorkell mælti: „Þat vilda ek, Grettir“, sagði hann, „at þú hefnir þin eigi á Birni, enn ek mun bæta fyrir hann fullum manngjöldum, ok sé þit sáttir“. Björn kvað hann verja mega betr fé sínu, enn bæta fyrir þetta — „þykkir mér þat ráð, at hér hafi eik, þat er af annarri skefr, er vit Grettir eigumst við“. Grettir kvað sér þat allvel líka. „Þá muntu, Grettir“, sagði Þorkell, „gera þat fyrir mína skuld, at gera eigi á hluta Bjarnar, á meðan þit eruð hjá mér“. „Þat skal vera“, sagði Grettir. Björn kvaðst óhræddr ganga skyldu fyrir Gretti, hvar sem þeir fyndist. Grettir glotti at, enn vildi eigi þiggja féit fyrir Björn, ok váru þeir þar um vetrinn.

22. Um várit fór Grettir norðr í Vága með byrðingsmönnum; skildu þeir Þorkell með vin-

áttu; enn Björn fór vestr til Englands, ok var fyrir skipi Þorkels, því er þangat fór. Hafðist Björn þar við um sumarit, ok keypti til handa Þorkeli þá hluti, sem hann hafði honum um bодit. Sigldi hann vestan, er á leið haustit. Grettir var í Vágum til þess, er flotinn leysti. Síðan sigldi hann norðan með byrðingsmönnum nökkurum, þar til er þeir kvámu í höfn þá, er í Gaulkum heitir; þat er fyrir Þrándheims minni, ok tjölduðu þar yfir sér; ok er þeir höfðu um búizt, silgdi skip at höfninni sunnan fyrir land. Þeir kendu brátt at þar var Englandsfar. Þessir lögðu at utar við ströndina, ok gengu á land. Grettir ok hans félagar viku til móts við þá; enn er þeir fundust, sér Grettir, at Björn er þar í liði, ok mælti: „Þat er vel, at vit höfum hér fundizt; munu vit nú taka til hinna fornu greina okkarra; vil ek nú reyna, hvárr okkarr meira má“. Björn kvað sér þat fornt vera — „enn ef þat hefir nökkurt verit, þá vil ek bæta, svá at þú þykkist vel haldinn af“. Grettir kvað þá vísu:

(21) Iugtanna gat k unnit
 — orð lék á því — forðum;
 feld reif hart af höldi
 hugstríðr meginsíðan.
 Baugs olli því bellinn
 Baldr, enn nú skal gjalda;
 oft þykkjumk ek ekki
 allhælinn í kappmælum.

Björn sagði bætt hafa verit fyrir stærri sakir, enn þessar. Grettir kvað fá til hafa orðit, at gera sér öfundarbrögð, enda lézt hann aldri fé hafa á tekit, ok sagði, at enn myndi svá fara — „skulu vit báðir eigi heðan heilir ganga, ef ek má ráða; legg ek nú bleyðiorð á bak þér, ef þú þorir eigi að berjast“. Björn sá nú, at honum tjáði eigi undan at mælast; tók nú vápn sín ok gekk á land. Síðan hlupust þeir at, ok börðust, ok eigi lengi, áðr Björn varð sárr, ok því næst fell hann dauðr til jarðar. Enn er þat sá fylgdarmenn Bjarnar, gengu þeir á skip sitt; sneru norðr með landi til móts við Þorkel, ok sögðu honum þennan atburð. Hann kvað þat eigi fyrr hafa fram komit enn ván var at. Brátt eftir þetta fór Þorkell suðr til Þrándheims, ok fann þar Svein jarl. Grettir fór suðr á Mæri eftir víg Bjarnar, ok hitti Þorfinn vin sinn, ok sagði honum þat sem til hafði borit. Þorfinnr tók vel við honum — „ok er þat gott“, sagði hann, „at þú ert vinþurfi; skaltu með mér vera, þar til er lýkr þessum málum. Grettir þakkaði honum fyrir boð sitt; kvaðst þat nú þiggja mundu. Sveinn jarl sat inn í Þrándheimi at Steinkerum, þá er hann spurði víg Bjarnar. Þá var þar með honum Hjarandi, bróðir Bjarnar; hann var hirðmaðr jarls. Hann varð við reiðr mjök, er hann spurði víg Bjarnar, ok beiddi jarl lið-

veizlu til málsins. Jarl hét honum því. Sendi hann þá menn til Þorfinns, ok stefndi þeim Gretti báðum á sinn fund. Bjóst hann þegar, ok þeir Grettir báðir eftir boði jarls, ok fóru inn í Þrándheim á hans fund. Átti jarl þá stefnu at málinu, ok bað Hjaranda hjá vera. Hjarandi kvaðst eigi mundu bera bróður sinn í sjóð — „skal ek annathvært fara slíka för, sem hann, ella hefna hans“, sagði hann. Nú er málit var skoðat, fanst jarli, sem margar sakir hefði Björn gert við Gretti; enn Þorfinnr bauð fébætr eftir því, sem jarli þætti erfingjar sæmdir af, ok talaði um þat langt erendi, hvert frelsi at Grettir hefði unnit mönnum norðr í landi, þá er hann drap berserkina, sem fyrr var sagt. Jarl svaraði: „Satt segir þú þat, Þorfinnr; þat var hin mesta landhreinsun, ok vel samir oss at taka fébætr fyrir þín orð; er ok Grettir frægr maðr fyrir sakir afis og hreysti“. Hjarandi vildi eigi sættum taka, ok skildu þeir málstefnuna. Þorfinnr fekk til Arnbjörn, frænda sinn, at ganga með Gretti hvern dag, því at hann vissi, at Hjarandi sat um líf hans.

23. Þat var einn dag, er Grettir ok Arnbjörn gengu um stræti at skemta sér; ok er þeir kvámu fram fyrir garðshlið nökkut, hljóp maðr fram ór garðsbliðinu með reidda öxi, ok hjó til Grettis tveim höndum. Hann varði einskis um þetta, ok gekk undan seint.

Arnbjörn gat sét manninn, þreif til Grettis ok hratt honum áfram svá hart, at hann fell á kné. Öxin kom á herðablaðit, ok rendi út undir höndina; var þat mikit sár. Grettir snaraðist við fast, ok brá saxinu; hann kendi, at þar var kominn Hjarandi. Öxin stóð föst í strætinu, ok varð honum seint at sér at kippa, ok í því hjó Grettir til Hjaranda, ok kom á höndina uppi við öxl, svá af tók. Þá hlupu at fylgdarmenn Hjaranda fim saman. Sló þá í bardaga með þeim; urðu þar skjót umskifti, drápu þeir Grettir ok Arnbjörn þá, er með Hjaranda váru, enn einn komst undan, ok fór sá þegar á fund jarls, ok sagði honum þessi tíðendi. Jarl varð afar reiðr, er hann frétti þetta, ok stefndi þing annan dag eftir. Kvámu þeir Þorfinnr ok Grettir á þingit. Bar jarl sakir á hendr Gretti um vígin, enn hann gekk við, ok sagðist hann hafa átt hendr sínar at verja — „mun ek ok hafa merki á mér“, sagði Grettir, „hefða ek bana af fengit, ef Arnbjörn hefði eigi borgit mér“. Jarl segir, at þat var illa, er hann var eigi drepinn — „mun þat verða margs manns bani, ef þú lifir“. Þá var til jarls kominn Bersi skáld-Torfuson, félagi Grettis ok vin. Gengu þeir Þorfinnr fyrir jarl, ok báðu griða til handa Gretti, ok buðu, at jarl skyldi einn dæma um þessi mál, ok þægi Grettir grið ok landvist. Jarl var

tregr í öllu sáttmáli, enn lét þó leiðast eftir bænastað þeira. Var þá komit á griðum til várs fyrir hönd Grettis, enn þó vildi jarl eigi sættast, fyrr enn við væri Gunnari, bróðir þeira Bjarnar og Hjaranda. Gunnarr var garðsbóndi í Túnsbergi. Um várit stefndi jarl þeim Gretti ok Þorfinni austr til Túnsbergs, því at hann ætlaði þar at vera, meðan mest atsigling væri austr þar. Fóru þeir þá austr þangat. Var jarl þar fyrir í bænum, er þeir kvámu austr. Grettir fann þar Þorstein drómundbróður sinn; tók hann við honum allvel, ok bauð honum til sín. Þorsteinn var þar garðsbóndi í bænum. Sagði Grettir honum af málum sínum, ok tók Þorsteinn vel undir, enn bað hann vera veran um sik fyrir Gunnari. Leið nú svá fram á várit.

24. Gunnarr var í bænum, ok sat um Gretti, nær sem færi gæfi á honum. Þat bar til á einhverjum degi, at Grettir sat í búð nökkurri ok drakk, því at hann vildi eigi verða fyrir Gunnari, ok er hann varði minst, var hlaupit á hurðina svá hart, at hon brotnaði í sundr. Þar hlupu inn fjórir menn alvápnadir; var þar kominn Gunnarr ok fylgdarmenn hans. Þeir sóttu at Gretti. Hann þreif vápn sín, er hengu uppi yfir honum; hopaði hann þá upp í hyrnunguna, ok varðist þaðan; hann hafði fyrir sér skjöldinn, enn hjó með saxinu. Sóttist þeim eigi fljótt; kom hann þá höggi á einn fylgdar-

mann Gunnars; þurfti sá ekki fleiri. Rýmdi Grettir þá fram á gólfít; hrukku þeir þá utar eftir búðinni; fell þar annarr maðr af Gunnari. Þá vildi Gunnarr undan leita, ok hans förunautar; komst svá til dyranna ok drap fótunum í þresköldinn, ok lá fallinn ok komst seint upp. Gunnarr hafði fyrir sér skjöldinn, ok hoppaði undan Gretti, enn hann sótti at með kappi, ok hljóp upp í þverpallinn við dyrnar; bar þá hendr Gunnars inn ór dyrunum, ok svá skjöldinn. Grettir hjó þá niðr á milli Gunnars ok skjaldarins, ok af honum báðar hendrnar í úlfliðunum; fell hann á bak aftr út ór dyrunum. Grettir hjó hann banabögg, ok í því komst sá á fætr, er honum hafði fylgt, ok fór þegar á fund jarls, ok sagði honum þessi tíðendi. Sveinn jarl varð ákaflega reiðr við þessa sögu, ok stefndi þegar þing í bænum; enn er þeir Þorfinnr ok Þorsteinn drómundr vissu þetta, heimtu þeir at sér tengdamenn sína ok vini, ok fjölmentu mjök til þingsins. Jarl var allstygggr ok mátti lítt orðum við hann koma. Þorfinnr gekk fyrst fyrir jarl, ok mælti: „Því em ek hér kominn, at ek vil bjóða yðr sátt ok sæmd fyrir víg þessi, er Grettir hefir vegit; skulu þér einir skera ok skapa, ef maðrinn hefir grið“. Jarl svarar reiðr mjök: „Seint leiðist þér at biðja griða til handa Gretti, enn grunar mik, at þú hafir þar eigi gott at sök: hefir hann nú drepit

þrjá bræðr, hvern á fætr öðrum; váru þeir svá hraustir menn í sér, at engi þeira vildi annan í sjóð bera. Nú tjáir þér, Þorfinnr, eigi at biðja fyrir Gretti, því at ek vil eigi leiða svá inn rangendi í landit, at taka bætr fyrir slik óhæfuverk“. Þá gekk fram Bersi skáld-Torfuson, bað jarl taka sættum — „vil ek“, sagði hann, „þar til bjóða mitt góðs, því at Grettir er maðr stórættaðr ok góðr vin minn; megi þér sjá, herra, at betra er at gefa einum manni grið, ok hafa í móti margra manna þökk, enn ráða einn fésektum, heldr enn brjótast í móti sæmd sinni, ok hætta, hvárt þér náidð manningum eða eigi“. Jarl svarar: „Vel ferr þér, Bersi, þetta, ok sýnir þú þat jafnan, at þú ert góðr drengr, enn þó nenni eke eigi at brjóta svá landslögin, at gefa þeim grið, sem ólífismenn eru“. Þá gekk fram Þorsteinn drómundr, ok kvaddi jarl, ok bauð boð fyrir Gretti, ok fór þar um mörgum fögrum orðum. Jarlinn spurði, hvat honum gengi til at bjóða boð fyrir þenna mann. Þorsteinn sagði, at þeir vóru bræðr. Jarl kvaðst þat eigi vitat hafa — „enn drengskapr er þér í, þó at þú vildir hjálpa honum. Enn fyrir því, at vér höfum eigi ætlat at taka fébætr fyrir þessi mál, þá munum vér hér alla jafndýra um gera; skulu vér hafa líf Grettis, hvat er kostar, þegar vér komumst við“. Hljóp jarl þá upp, ok vildi eigi álíta um sættirnar. Þeir

Þorfinnr gengu þá heim í garð Þorsteins, ok bjoggust þar um. Enn er jarl sá þetta, lét hann vápnast alla hirð sína, gengr síðan með fylktu liði þangat; ok áðr liðit kom at, skipuðust þeir til varnar fyrir garðshliðinu. Stóðu þeir fremstir Þorfinnr ok Þorsteinn ok Grettir, ok þá Bersi; hafði hverr þeira mikla sveit manna. Jarl bað þá selja fram Gretti, ok halda sik eigi í ófæru. Þeir buðu öll hin sömu boð sem fyrr. Jarl vildi þat eigi heyra. Þeir Þorfinnr ok Þorsteinn kváðu jarli skyldu meira fyrir verða at ná lífi Grettis, — „því at eitt skal yfir oss ganga, ok mun þat mælt, at þér vinnid mikit til eins manns lífs, ef vér erum allir við velli lagðir“. Jarl kvaðst engan þeira spara skyldu; var þá við sjálfu búit, at þeir myndi berjast. Þá gengu at jarli margir góðgjarnir menn, ok báðu, at hann heldi eigi til svá mikils vandræðis; sögðu, at þeir myndi mikit afhroð gjalda, áðr þeir væri drepnir. Jarl fann, at þetta var heilræði; lét hann þá heldr sefast. Síðan var dregin saman sættin; váru þeir Þorfinnr ok Þorsteinn þess fúsir, þegar Grettir næði gríðum. Jarl mælti: „Þat skulu þér vita“, sagði hann, „þó at ek geri hér mikit miðlunarmál um víg þessi, at ek kalla þetta enga sætt, enn eigi nenni ek at berjast við menn mína, þó at ek sjái, at þér metid mik lítills í þessu máli“. Þá mælti Þorfinnr: „Þetta

er yðr meiri sæmd, herra, því þér skuluð einir ráða fégjöldum“. Jarl sagði þá, at Grettir skyldi fara í friði fyrir honum út til Íslands, þegar skip ganga, ef þeim líkaði þá vel. Þeir kváðust þat þiggja mundu. Luku þeir jarli fé, svá honum gatst at, ok skildu með engum kærleikum. Fór Grettir með Þorfinni. Skildust þeir Þorsteinn bróðir hans með vináttu. Varð Þorfinnr frægr af fylgd þeiri, er hann hafði veitt Gretti, við slíkt ofrefli sem hann átti at eiga. Engi af þeim mönnum komst í kærleika við jarl þaðan frá, þeira er Gretti höfðu lið veitt, nema Bersi einn. Svá kvað Grettir:

(22) Vas Þorfinnr,
 Þundar sessi
 aldar alinn
 oss til hjalpar:
 þá's mik víf
 í valskorum
 lukt ok læst,
 lífs um kvaddi.

(23) Vas stórskip
 stálgoðs bana
 Rauða hafs
 ok Regins skáli,
 es Býlests
 bróðurdóttur
 manna mest
 mér varnaði.

Ok enn þessa:

(24) Þótti þá
þengils mönnum
eigi dælt
oss at sækja,
es hlébarðr
hlífar eldi
bragða borg
brenna vildi.

Grettir fór með Þorfinni norðr aftr, ok var með honum þar til er hann kom honum í skip með kaupmönnum þeim, er út ætluðu til Íslands, ok gaf honum mörg góð þing í klæðum, ok söðul steindan ok bitil með. Skildu þeir með vináttu; bað Þorfinnr hann sín vitja, ef hann kæmi aftr til Noregs.

25. Ásmundr hærulangr bjó at Bjargi, meðan Grettir var utan, ok þótti hann þá gildastr bóndi í Miðfirði. Þorkell krafla andaðist á þeim misserum, er Grettir var eigi á Íslandi. Þorvaldr Ásgeirsson bjó þá í Ási í Vatnsdal, ok gerðist höfðingi mikill. Hann var faðir Döllu, er átti Ísleifr, er síðar var biskup í Skálholti. Var Ásmundi at Þorvaldi hinn mesti styrkr til málafulltings ok margra hluta annarra. Með Ásmundi vóx upp sá maðr, er Þorgils hét; hann var kallaðr Þorgils Má[k]sson; hann var náskyldr frændi Ásmundar. Þorgils var sterkr at affi, ok græddi mikit fé með umsjá Ásmundar. Keypti hann til handa Þorgils landit at Lækjamóti, ok bjó hann þar. Þor-

gils var atdráttarmaðr mikill, ok fór á Strandir hvert ár; aflaði hann þar hvala ok annarra fanga. Þorgils var fullhugi mikill; hann fór alt á almenninga hina eystri. Í þennan tíma var uppgangr þeira fóstbræðra sem mestr, Þorgeirs Hávarssonar ok Þormóðar kolbrúnarskálds. Þeir áttu ferju, ok létu víða verða til dregit, ok þóttu eigi miklir jafnaðarmenn. Þat bar til á einu sumri, at Þorgils Má[k]sson fann hval á almenningum; gekk hann þegar á skurð ok hans félagar. Enn er þeir fóstbræðr fréttu þat, fóru þeir þangat til, ok horfðist þar fyrst líklega á um viðtal þeira. Bauð Þorgils at þeir skyldu hafa at helmingi þann hvalinn er óskorinn var; enn þeir vildu hafa einir, þann er óskorinn var, ella skifta í helminga bæði skorinn ok óskorinn. Þorgils þverneitti því, at leggja þann af, er skorinn var. Sló þá í heitan með þeim, ok því næst vápnuðust hváirtveggja ok börðust eftir þat. Þorgeirr ok Þorgils sóttust lengi, svá at ekki skakkaði með þeim, ok var hvárrtveggi hinn ákafasti. Var þeira viðskifti bæði hart ok langt, enn svá varð endi á, at Þorgils fell dauðr fyrir Þorgeiri til jarðar. Enn Þormóðr ok aðrir fylgdarmenn Þorgils börðust í öðrum stað. Sigræði Þormóðr í þeira viðskiftum. Fellu þrír félagar Þorgils fyrir honum. Eftir víg Þorgils sneru fylgdarmenn hans afrinn til Miðfjarðar, ok fluttu lík Þorgils með sér.

Þótti mönnum at honum hinn mesti skaði. Þeir fóstbræðr tóku þar allan hvalinn til sín. Þessa fundar getr Þormóðr í erfidrápu þeiri er hann orti um Þorgeir. Ásmundr hærulangr frétti víg Þorgils frænda síns. Hann var aðili at eftirmálinu um víg Þorgils; fór hann til ok nefndi vátta at benjum, ok stefndi málinu til alþingis, því at þat sýndist þá lög, er málit hafði til borit í öðrum fjórðungi, ok liðu svá stundir fram.

26. Maðr er nefndr Þorsteinn. Hann var sonr Þorkels kugga. Þórðar sonar gellis, Óláfs sonar feilans, Þorsteins sonar rauðs, Auðar sonar hinnar djúpaudgu. Móðir Þorsteins Kuggasonar var Þuriðr, dóttir Ásgeirs æðikolls. Ásgeirr var föðurbróðir Ásmundar hærulangs. Þorsteinn Kuggason átti eftirmál um víg Þorgils Má[k]ssonar jafnfram Ásmundi hærulang. Gerði hann nú orðsending til Þorsteins, at hann kæmi til móts við hann. Þorsteinn var kappi mikill ok ofstopamaðr hinn mesti. Fór hann þegar til móts við Ásmund frænda sinn, ok töludu þeir um vígsmálit. Var Þorsteinn hinn ákafasti; kvað hér eigi skyldu fébætr fyrir koma, sagði, at þeir hefði nógan frændaafla til þess, at annathvært kæmi fyrir vígit sekt eða mannehendir. Ásmundr kvaðst honum mundu at fundi fylgja, hverju sem hann vildi fram fara. Riðu þeir norðr til Þorvaldar frænda síns,

ok beiddu hann liðveizlu; enn hann játaði því skjótt. Þjoggu þeir málit til á hendir Þorgeiri ok Þormóði. Þorsteinn reið heim til bús síns; hann bjó þá í Ljárskógum í Hvammsveit. Skeggi bjó í Hvammi; hann réðst í málit með Þorsteini. Skeggi var sonr Þórarins filsenis, Þórðar sonar gellis. Móðir Skeggja var Friðgerðr, dóttir Þórðar frá Höfða. Þeir fjölmentu mjök til alþingis, ok heldu málum fram með miklu kappi. Riðu þeir Ásmundr ok Þorvaldr norðan með sex tigu manna, ok sátu í Ljárskógum margar nætr.

27. Þorgils bjó þá á Reykjahólum. Hann var son Ara Mátssonar, Atla sonar hins rauða, Úlfs sonar hins skjálga, er nam Reykjanes. Móðir Þorgils Arasonar var Þorgerðr, dóttir Álfs ór Dölum. Önnur dóttir Álfs var Þórelfr, móðir Þorgeirs Hávarssonar. Átti Þorgeirr þar traust mikit fyrir frændsemis sakir, því at Þorgils var mestr höfðingi í Vestfirðingafjórðungi. Hann var svá mikill þegnskaparmaðr, at hann gaf hverjum frjálsum manni mat, svá lengi sem þiggja vildi; varð af þessu jafnan fjölment á Reykjahólum. Hafði Þorgils rausn mikla af búnaði sínum. Hann var góðgjarn maðr ok forvittr. Þorgeirr var með Þorgils á vetrum, enn fór á Strandir á sumrum. Eftir víg Þorgils Mátssonar fór Þorgeirr á Reykjahóla ok sagði Þorgils þessi tíðendi. Þorgils sagði hon-

um þar vist til reiðu hjá sér — „enn þat hygg ek“, segir hann, „at þeir verði þungir í málinu, enn ek em ófúss at auka vandræðum. Nú mun ek senda mann til Þorsteins, ok bjóða fébætr fyrir víg Þorgils; enn ef hann vill eigi sættum taka, þá mun ek þetta mál eigi með kappi verja“. Þorgeirr kvaðst hans forsjá hlíta mundu. Um haustit sendi Þorgils mann til Þorsteins Kuggasonar at leita um sættir, enn hann var þverr í því, at taka fé fyrir vígsmálit við Þorgils, enn um önnur víg kvaðst hann gera mundu eftir skynsamra manna tilögum; ok er Þorgils frétti þetta, kallar hann Þorgeir á tal við sik, ok spyr, hver liðveizla honum þætti sér þá hallkvæmust. Þorgeirr kvaðst helzt vildu utan fara, ef hann yrði sekr. Þorgils sagði, at þessa mundi freistað verða. Skip stóð uppi í Norðrá í Borgarfirði; í því skipi keypti Þorgils á laun far til handa þeim fóstbræðrum. Leið svá af vetrinn. Þorgils frétti, at þeir Þorsteinn fjölmentu mjök til alþingis, ok sátu í Ljárskógum. Því frestaði hann heiman at riða, at hann vildi, at þeir Þorsteinn væri undan suðr riðnir, þá er hann kæmi vestan; ok svá varð. Reið Þorgils suðr ok þeir fóstbræðr með honum. Í þessi ferð drap Þorgils böggul-Torfa at Máskeldu; þá drap hann ok þá Skúf ok Bjarna í Hundadal. Svá segir Þormóðr í Þorgeirsdrápu:

(25) Kapp lét höldr — með hepni
 hríð gerðist þá sverða ;
 hrátt gat hrafn at slíta
 hold — Má[k]s syni goldit.
 Enn vað — vágs — at vígi
 vigríðandi síðan
 — hann bar greipr at gunni
 gjarna — Skúfs ok Bjarna.

Þorgils sættist þar þegar á vigin Skúfs og Bjarna þar í dalinum, ok dvaldist honum lengr enn hann hafði áðr ætlat. Fór Þorgeirr til skips, enn Þorgils til þings, ok kom eigi fyrr enn gengit var til dóma. Þá bauð Ásmundr hærulangr til varna um vígsmálit Þorgils Má[k]s-sonar; Þorgils gekk at dóminum ok bauð fébætr fyrir vígit, ef Þorgeirr yrði þá sykn. Hann leitaði til varna í málinu, hvárt þeir ætti eigi allan veiðiskap frjálsan á almenningum. Var þá lögmaðr at spurðr, hvárt þetta væri lögvörn. Skafti var þá lögmaðr, ok fylgdi hann Ásmundi fyrir frændsemis sakir; sagði hann, at þat væri lög, ef þeir væri jafnir menn, enn sagði, at fyrr ætti at taka bændr enn einhleypingar. Ásmundr sagði, at Þorgils hefði boðit þeim fóstbræðrum jafnaðarskifti á þeim hvalnum, sem óskorinn var, þá er þeir kvámu til, ok var þá lokit þeiri vörn. Gengu þeir Þorsteinn ok frændr hans þá at með kappi, ok létu sér eigi annat líka enn Þorgeirr væri sekr gerr. Sá Þorgils, at þá var annathvært at gera,

at ganga at með fjölmenni, enn þó óvíst, hvat í aflaðist, eða láta þá fara fram sem þeim líkaði; ok við þat, at Þorgeiri var í skip komit, leiddi Þorgils hjá sér málit. Var Þorgeirrsekr gerr, enn fyrir Þormóð váru teknar fébætr, ok skyldi hann sykn vera. Þeir Ásmundr ok Þorsteinn þóttu mikit vaxa af þessu eftirmáli. Ríðu menn þá heim af þinginu. Töluðu sumir menn, at Þorgils hefði litt fylgt málinu, enn hann gaf sér fátt at því, ok lét hvern tala hér um slikt er vildi. Enn er Þorgeirr frétti sekt sína, sagði hann svá: „Þat munda ek vilja, at þeir, er mik hafa sekan gert, hefði þessa fullgjöld áðr enn lýkr, ef ek mætti ráða“.

Gautr hét maðr, ok var kallaðr Sleituson; hann var frændi Þorgils Má[k]ssonar. Gautr var ráðinn í skip þetta, er Þorgeirr skyldi sigla í. Hann ýfðist mjök við Þorgeir ok lét ófrýnlega; enn er kaupmenn fundu þat, þótti þeim eigi einsætt, at þeir færi í einu skipi. Þorgeirr sagðist eigi hirða, hversu Gautr léti síga brýnnar, enn þó var þat til ráðs tekit, at Gautr réðst ór skipinu ok fór norðr til sveita. Varð ekki at með þeim Þorgeiri at því sinni, enn þó reis af þessu sundrþykki með þeim, sem síðar bar raun á.

28. Grettir Ásmundarson kom þetta sumar út í Skagafirði. Hann var þá svá frægr maðr fyrir sakir afls ok hreysti, at engi þótti þá

slíkr af ungum mönnum. Hann reið brátt heim til Bjargs, ok tók Ásmundr þá við honum sæmlega. Atli hafði þá búsforráð; fell vel á með þeim bræðrum. Þá gerðist ofsi Grettis svá mikill, at honum þótti sér ekki ófært. Þá gerðust þeir margir fullhraustir menn, er þá váru ungir, er Grettir var at leikum á Miðfjarðarvatni með þeim, áðr enn hann fór utan. Einn af þeim var Auðun, er þá bjó á Auðunarstöðum í Viðidal; hann var Ásgeirsson, Auðunarsonar, Ásgeirssonar ædikolls. Auðun var góðr bóndi ok gegn maðr; allra manna var hann sterkastr norðr þar; hann þótti hinn gæfasti í bygðarlagi. Gretti kom nú þat í hug, at hann þóttist hafa orðit varhluta fyrir Auðuni at knattleiknum, sem áðr er sagt, ok vildi hann prófa, hvárr þeira meira hefði við gengizt síðan. Af því gerir Grettir heiman ferð sína á Auðunarstaði; þat var um öndverðan sláttutíma. Grettir barst á mikit, ok reið í steindum söðli mjök vönduðum, er Þorfinnr gaf honum. Hann hafði ok góðan hest ok vápa öll hin beztu. Grettir kom snemma dags á Auðunarstaði ok drap á dyrr. Fátt var manna heima. Grettir spurði, hvárt Auðun væri heima. Menn sögðu, at hann væri farinn til sels eftir mat. Grettir hleypti beizli af hesti sínum. Túnit var óslegit, ok gekk hesturinn þangat sem loðnast var. Grettir gekk til skála ok settist niðr á set-

stokkinn, ok síðan sofnaði hann. Litlu síðar kom Auðun heim; hann sá, at hestr var í túniu með steindum söðli. Auðun bar mat á tveimr hestum, ok bar skyr á hesti, ok var þat í húðum ok bundit fyrir ofan; þat kölluðu menn skyrkylla. Auðun tók af hestum ok bar inn skyr í fangi sér; honum var myrkt fyrir augum. Grettir rétti fótinn fram af stokkinum, ok fell Auðun á fram, ok varð undir honnm skyrkyllirinn ok gekk af yfirbandit. Auðun spratt upp ok spurði, hvat skelmir þar væri. Grettir nefndi sik. Auðun mælti: „Þann veg var óspaklega farit; eða hvert er erendi þitt?“ „Ek vil berjast við þik“, sagði Grettir. „Sjá mun ek fyrst ráð fyrir mat mínum“, sagði Auðun. „Vel má þat“, sagði Grettir, „ef þú mátt eigi öðrum mönnum at því hlíta“. Auðun laut þá niðr ok þreif upp skyrkyllinn, ok sletti framan í fang Grettis, ok bað hann fyrst taka við því er honum var sent. Grettir varð allr skýrugr. Þótti honum þat meiri smán enn þótt Auðun hefði veitt honum mikinn áverka. Síðan réðust þeir á ok glímdu heldr sterklega. Sækir Grettir með ákefð, enn Auðunn ferr undan; finnr hann þó, at Grettir hefir dregit undan honum. Gengr upp alt þat er fyrir þeim verðr, ok rekast þeir víða um skálann. Sparði hvárrgi af, enn þó verðr Grettir drjúgari, ok fellr Auðun at lyktum; hann hafði slitit öll vápnin af

Gretti. Knýjast þeir fast, ok verðr brak mikit um þá, ok þá kemr dynr mikill undir bæinn, ok heyrir Grettir, at riðit var at húsunum ok af baki stigit, ok inn gengit snúðigt. Sér hann, at maðr gengr inn, þriflegr, í rauðum kyrtli, ok hafði hjálm á höfði. Sjá sneri til skálans, því at hann heyrði umfang mikit, er þeir áttust við. Hann spurði, hvat í skálanum væri. Grettir nefndi sik — „eða hverr spyr at?“ „Barði heiti ek“, sagði sá er kominn var. „Ertu Barði Guðmundarson ór Ásbjarnarnesi?“ „Sá er maðr hinn sami“, sagði Barði; „eða hvat hefstu at?“ sagði hann. Grettir svarar: „Vit Auðun eigum hér gamanleika“. „Eigi veit ek um gaman þat“, sagði Barði, „er ok eigi jafn-komit á með ykk; þú ert ójafnaðar-maðr ok ofrkappsfullr, enn hann er gæfr ok góðfengr, ok láttu hann upp standa skjótt“. Grettir svarar: „Margr seilist um hurð til lokunnar; þætti mér þér nær, at hefna Halls bróður þíns enn at hlutast til með okkr Auðuni, hvat vit eigumst við“. „Jafnan heyri ek þat“, sagði Barði, „enn eigi veit ek, hvárt þess verðr nökkut hefnt, enn þó vil ek, at þú látir Auðun vera í náðum, því at hann er spakr maðr“. Grettir gerði svá fyrir tillögur Barða, enn líkaði þó illa. Barði spurði, hvat til saka væri með þeim. Grettir kvað vísu:

(26) Eigi veit, nema útan
 Ialfaðr at þér sjalfum
 kverk fyrir kapp ok orku
 — kvelling es þat — svelli.
 Svá bannaði sinni
 seim-Gauts, es vask heima,
 ungr endr fyrir löngu
 ákall þínul fjalla.

Barði kvað þat víst várkunn, ef hann ætti sín í at hefna. „Mun ek nú gera með ykkur“, sagði Barði; „vil ek, at þit skilið at svá gervu, ok sé nú slitit með ykkur“ — ok þat létu þeir haldast, því at þeir váru skyldir, ok líkaði Gretti heldr illa við Barða ok bræðr hans. Riðu á burt allir saman. Ok er þeir váru á veg komnir, þá mælti Grettir: „Þat hefi ek spurt, at þú ætlar suðr til Borgarfjarðar í sumar; nú vil ek bjóða þér, Barði, at fara suðr með þér, ok þykkjumst ek þá gera við þik verðleikum betr“. Barði varð glaðr við þetta, ok játaði skjótt þessu, ok bað hann hafa þökk fyrir; síðan skildu þeir. Þá veik Barði aftr ok mælti: „Þat vil ek til skilja“, segir hann, „at þú farir eigi, nema Þórarinn fóstri minn leyfi, því hann skal ráða ferðinni“. „Vel þætti mér þú mega einhlitr vera at ráðum þínum; á ek eigi“, sagði Grettir, „ferðir mínar undir öðrum mönnum, enn illa mun mér þykkja, ef þú gerir mik liðrækan“. Nú fóru sína leið hvárir, ok kvaðst Barði skyldu gera Gretti

vissu — „ef Þórarinn vildi, at þú farir“ — enn ella skyldi hann sitja um kyrt. Grettir reið heim til Bjargs, enn Barði til bús síns.

29. Um sumarit var lagt hestaþing fjölment á Langafit, ofan frá Reykjum; kom þar margt manna. Atli at Bjargi átti hest góðan móalóttan, af Keingálu kyni; höfðu þeir feðgar mætr miklar á hestinum. Þeir bræðr Kormákr ok Þorgils á Mel áttu hest brúnan, öruggan til vígs; þeir skyldi etja saman ok Atli frá Bjargi. Margir váru þar aðrir góðir hestar. Oddr ómagaskáld, frændi Kormáks, skyldi fylgja hesti þeira frænda sinna um daginn. Oddr gerðist sterkr maðr, ok lét um sik mikit, ódæll ok ófyrirleitinn. Grettir spurði Atla bróður sinn, hverr fylgja skyldi hans hesti. „Eigi er mér þat svá glögt“, sagði hann. „Viltu, at ek standi hjá?“ sagði Grettir. „Vertu vel stiltr þá, frændi“, sagði Atli, „því at hér er við metnaðarmenn um at eiga“. „Gjaldi þeir sjálfir ofstopa síns“, sagði Grettir, „ef þeir hafa hann eigi í hófi“. Nú eru hestarnir fram leiddir, enn hrossin stóðu framarlega á árbakkanum, ok váru bundin saman. Hylr mikill var fyrir framan bakkann. Hestarnir bitust allvel, ok var þat hin mesta skemtan. Oddr fylgdi með kappi, enn Grettir lét hefjast við, ok tók í taglit annarri hendi, enn helt með annarri stafnum, er hann keyrði með hestinn. Oddr stóð framarlega hjá sínum

hesti, ok var eigi traust, at hann styngi eigi hest Atla af takinu. Eigi lét Grettir sem hann sæi þat. Bárust hestarnir fram at ánni; þá stingr Oddr stafinum til Grettis, ok kom á herðablaðit, því at Grettir horfði öxlinni at honum. Þat var mikit tilræði, svá at undan hljóp holdit, enn lítt skeindist Grettir. Í því bili risu hestarnir hátt upp; Grettir hljóp undir hömina á hesti sínum, enn rak stafinn á síðu Oddi svá hart, at þrjú rifin brotnuðu í honum, enn Oddr hraut út á hylinn, ok svá hestr hans, ok hrossin öll, þau er bundin váru. Var þá lagst til hans, ok dreginn af ánni. Þá var óp mikit gert at þessu. Þeir Kormákr hlupu til vápna, enn Bjargsmenn í öðrum stað; enn er þat sá Hrótfirðingar ok Vatnsnesmenn, gengu þeir í milli, ok urðu þeir þá skildir, ok fóru heim ok höfðu hvárir ill heit við aðra, ok sátu þó um kyrt um hrið. Atli var fátalaðr um þetta, enn Grettir var heldr ósvífinn, ok kvað þá finnast skyldu annat sinn, ef hann mætti ráða.

30. Þorbjörn hét maðr, er bjó á Þóroddsstöðum í Hrótafirði; hann var sonr Arnórs heynefs Þóroddssonar, er numit hafði Hrótafjörð þeim megin til móts við Bakka. Þorbjörn var allra manna sterkastr; hann var kallaðr öxnamegin. Þóroddr hét bróðir hans; hann var kallaðr dráputúfr. Móðir þeira var Gerðr, dóttir

Böðvars ór Böðvarshólum. Þorbjörn var garpr mikill, ok hafði mannmargt með sér. Hann var til þess tekinn, at honum varð verra til hjóna, enn öðrum mönnum, ok galt nær engum manni kaup; eigi þótti hann dæll maðr. Þorbjörn hét frændi hans, ok var kallaðr ferðalangr; hann var siglingamaðr, ok áttu þeir nafnar félag saman. Var hann á Þóroddsstöðum jafnan, ok þótti hann lítit bæta um fyrir Þorbirni. Hann var tilfyndinn ok fór með dáruskap til ýmsra manna. Þórir hét maðr, son Þorkels á Borðeyri. Þórir bjó fyrst á Melum í Hrutafirði. Hans dóttir var Helga, er sleitu-Helgi fekk. Enn eftir vígit á Fagrabrekku réðst Þórir suðr í Haukadal, ok bjó á Skarði, enn seldi landit á Melum Þórhalla Gamlasyni viðlendinga. Hans son var Gamli, er átti Rannveigu, dóttur Ásmundar hærulangs, systur Grettis. Þau bjoggu í þenna tíma á Melum ok áttu gott ráð. Þórir á Skarði átti tvá sonu; hét annarr Gunnarr, enn annarr Þorgeirr. Þeir váru efnilegir menn, ok höfðu þeir þá tekit við búi eftir föður sinn, enn þó váru þeir jafnan með Þorbirni öxnamegin; þeir gerðust offorsfullir. Þetta sumar, sem nú var frá sagt, riðu þeir Kormákr ok Þorgils ok Narfi frændi þeira suðr til Norðrárdals at erendum sínum. Oddr ómagaskáld var ok í ferð með þeim; var honum þá batnat stirðleikans, er hann hafði fengit á hesta-

þinginu. Ok meðan þeir váru fyrir sunnan heiðina, fór Grettir heiman frá Bjargi, ok með honum tveir húskarlar Atla. Þeir riðu yfir til Búrfells, ok þaðan yfir hálsinn til Hrutafjarðar, ok kvámu til Mela um kveldit. Þrjár nætr váru þeir þar. Þau Rannveig ok Gamli tóku allvel við Gretti, ok buðu honum með sér at vera, enn hann vildi heim riða. Þá fréttir Grettir, at þeir Kormákr váru sunnan komnir, ok höfðu gist i Tungu um nóttina. Grettir bjóst snemma frá Melum. Gamli bauð honum menn til fylgdar. Grímr hét bróðir Gamla; hann var allra manna hvatastr. Hann reið með Gretti við annan mann. Þeir váru fim saman; riðu unz þar til, er þeir kvámu á Hrutafjarðarháls, vestr frá Búrfelli. Þar stendr steinn mikill, er kallaðr er Grettishaf; hann fekst við lengi um daginn at hefja steininn, ok dvaldi svá þar til er þeir Kormákr kvámu. Grettir sneri til móts við þá ok hlupu af baki hváirtveggja. Grettir sagði, at frjálsmannlegra væri nú at höggva sem stærst, heldr enn berjast með stöfum sem förumenn. Kormákr bað þá verða við mannlega, ok duga sem bezt. Eftir þat hlupust þeir at ok börðust. Grettir var fremstr af sínum mönnum, ok bað þá geyma, at eigi væri gengit at baki honum. Sóttust þeir um hrið, ok urðu hváirtveggja sárir. Þorbjörn öxnamegin hafði riðit þenna dag yfir háls til Búrfells, ok er

þeir riðu aftr, sér hann fundinn. Þar var þá með honum Þorbjörn ferðalangr ok Gunnarr ok Þorgeirr Þórissynir, ok Þóroddr drápustúfr. Ok er þeir kvámu at, heitir Þorbjörn á menn sina til meðalgöngu. Hinir váru svá ákafir, at þeir gátu ekki at gert. Grettir ruddist um fast. Þeir urðu fyrir honum Þórissynir, ok fellu báðir senn, er hann hratt þeim frá sér. Þeir urðu óðir mjök við þat, svá at Gunnarr hjó húskarl Atla banahögg, ok er Þorbjörn sá þat, biðr hann þá skilja; kvaðst hann skyldi þeim lið veita, er hans orð vildi rækja. Þá váru fallnir tveir húskarlar Kormáks. Þá sá Grettir, at varla mundi duga, ef Þorbjörn réðist í lið með þeim, ok því lætr hann verða uppgefinn bardagann. Allir váru þeir sárir, sem á fundinn höfðu verit. Illa þótti Gretti, er þeir váru skildir. Eftir þat riðu þeir heim hvárirtveggja. Eigi sættust þeir á mál þessi. Þorbjörn ferðalangr gerði at þessu mikit kalls; því tók at versna með þeim Bjargsmönnum ok Þorbirni öxnamegmegin, svá at af því gerðist fullr fjandskapr, sem síðar kom fram. Engar bætr váru Atla boðnar fyrir húskarl sinn; eigi lét hann, sem hann vissi þat. Grettir sat á Bjargi fram til tvímánaðar. Eigi er sagt, at þeir fyndist Kormákr síðan, svá þess sé getit.

31. Barði Guðmundsson ok bræðr hans riðu heim í Ásbjarnarnes, þá er þeir Grettir skild-

ust; þeir vǫru synir Guðmundar Sölmundarsonar. Móðir Sölmundar var Þórlaug, dóttir Sæmundar hins suðreyska, fóstbróður Ingimundar hins gamla. Barði var göfugmenni mikit. Hann reið nú brátt at finna Þórarin hinn spaka, fósttra sinn. Hann fagnaði Barða vel, ok spurði, hvat hann hefði þá um árnat liðveizluna, því at þeir höfðu áðr gert ráð um ferð Barða. Barði svarar, at hann hefir fengit þann mann til fylgdar við sik, er honum þætti betra hans lið, enn tveggja annarra. Þórarinn þagnaði við, ok mælti: „Þat mun vera Grettir Ásmundarson“. „Spá er spaks geta“, sagði Barði, „sá er maðr hinn sami, fósttri minn“. Þórarinn svarar: „Satt er þat, at mikit afbragð er Grettir annarra manna, þeira er nú er kostur á vǫru landi, ok seint mun hann vǫpnum verða sótt, ef hann er heill, enn grunar mik um, hversu heilladrjúgr hann verðr, ok muntu þess þurfa, at eigi sé allir ógæfumenn í þinni ferð, ok nóg mun at gert, þó eigi fari hann með; skal hann hvergi fara, ef ek ræð“. „Eigi varði mik þess, fósttri minn“, sagði hann, „at þú myndir fyrirmuna mér hins vaskasta manns, hvat sem í gerist; má eigi fyrir öllu sjá, þá er menn verða svá neyddir til sem ek þykkjumst vera“. „Duga mun þér“, sagði Þórarinn, „þó at ek sjái fyrir“. Varð nú svá at vera, sem Þórarinn vildi, at Gretti vǫru engin orð send, enn

Barði fór suðr til Borgarfjarðar, ok urðu þá heiðarvíginn. Grettir var at Bjargi, er hann frétti, at Barði var suðr riðinn. Hann brást við reiðr, er honum váru engi orð ger, ok kvað þá eigi svá búit skyldu skilja. Hafði hann þá spurn af, nær þeira væri sunnan ván, ok reið hann þá ofan til Þóreyjargnúps, ok ætlaði at sitja þar fyrir þeim Barða, þá er þeir riði sunnan. Hann fór frá bænum í hliðina, ok beið þar. Þennan sama dag riðu þeir Barði sunnan af Tvidægru frá heiðarvígum. Þeir váru sex saman, ok allir sárir mjök; ok er þeir kvámu fram fyrir bæinn, þá mælti Barði: „Maðr er þar uppi í hliðinni, mikill, með vápnum, eða hvern kenni þér þar?“ Þeir sögðust eigi vita, hverr var. Barði mælti: „Þat hygg ek“, sagði hann, „at þar sé Grettir Ásmundarson, ok ef svá er, þá mun hann vilja oss finna; get ek honum hafa mislíkat, er hann hefir eigi farit með oss, enn mér þykkir vér nú eigi vel við látnir, ef hann gerir nökkura óvísu af sér; mun ek nú senda eftir mönnum til Þóreyjargnúps, ok eiga eigi undir ójafnaði hans“. Þeir segja þat allráðlegt, ok svá gerðu þeir. Síðan riðu þeir Barði veg sinn. Grettir sá ferð þeira, ok sneri þegar fyrir, ok er þeir fundust, heilsa hvárir öðrum. Grettir spurði at tíðendum, enn Barði segir ófelmtlega slík sem váru. Grettir spurði, hvat manna

væri í ferð með honum. Barði kvað þat vera bræðr sína ok Eyjólf mág sinn. „Af þér hefir þú rekit ámælit nú“, sagði Grettir, „enda er nú ok næst, at vit reynum með okkr, hvárr hér má meira“. Barði mælti: „Legit hafa mér annvirki nær garði, enn at berjast við þik fyrir sakleysi, ok þykkjumst ek nú hafa rekit þat af mér“. Grettir svaraði: „Bleyðast þykki mér þú, Barði“, sagði Grettir, „ef þú þorir eigi at berjast við mik“. „Kalla þú þat sem þú vilt“, sagði Barði, „enn í öðrum stað vilda ek, at þú kæmir fram ójafnaði þínum, enn við mik; er þat eigi ólíklegt, því at nú gengr ór hófi offors þitt“. Gretti þótti illar spár hans, ok efar nú fyrir sér, hvárt hann skyldi ráða til einhvers þeira, ok sýnist honum þat óforsjálegt, er þeir váru sex, enn hann einn, ok í því bili kvámu menn heiman frá Þóreyjargnúpi til liðs við þá Barða; lætr Grettir þá dragast sundr með þeim, ok snýr til hests síns, enn Barði ok hans félagar fóru leiðar sinnar, ok varð eigi af kveðjum með þeim at skilnaði. Eigi áttust þeir Barði ok Grettir fleira við, svá þess sé getit. Svá hefir Grettir sagt, at hann þóttist öruggur til vígs við flesta menn, þó at þeir væri saman, enn hann myndi eigi flýja fyrir fjórum at óreyndu, enn því að eins berjast við fleiri, nema hann ætti hendr sínar at verja, sem segir í þessarri vísu:

(37) Treystik mér við, Mistar
 mótkennandi, þrenna,
 hvað er í Hildar veðri
 heiftminnigt skal vinna,
 vilkat fleiri enn fjórum
 farsætöndum mæta
 at gnýfengnum Gungnis
 gráð, ef ek skal ráða.

Eftir skilnað þeira Barða fór Grettir aftr til Bjargs. Þá þótti Gretti mikit meín, er hann mátti hvergi prófa afl sitt, ok fréttist fyrir, ef nökkut væri þat, er hann mætti við fást.

32. Þórhallr hét maðr, er bjó á Þórhallsstöðum í Forsæludal. Forsæludalr er upp af Vatnsdal. Þórhallr var Grímsson, Þórhallssonar, Friðmundarsonar, er nam Forsæludal. Þórhallr átti þá konu, er Guðrún hét. Grímr hét son þeira, enn Þuríðr dóttir; þau váru vel á legg komin. Þórhallr var vel auðigr maðr, ok mest at kvikfé, svá at engi maðr átti jafnmargt gangandi fé sem hann. Eigi var hann höfðingi, enn þó skilrikr bóndi. Þar var reimt mjök, ok fekk hann varla sauðamann, svá at honum þætti duga. Hann leitaði ráðs við marga menn hvat hann skyldi til bragðs taka, enn engi gat þat ráð til gefit, er dygði. Þórhallr reið til þings hvert sumar. Hann átti hesta góða. Þat var eitt sumar á alþingi, at Þórhallr gekk til búðar Skafta lögmanns Þóroddssonar. Skafti var manna vitrastr, ok heilráðr, ef hann var

beiddr. Þat skildi með þeim feðgum. Þór-
oddr var forspár, ok kallaðr undirhyggjumaðr
af sumum mönnum, enn Skafti lagði þat til með
hverjum manni, sem hann ætlaði at duga skyldi,
ef eigi væri af því brugðit; því var hann kallaðr
föðurbetrungr. Þórhallr gekk í búð Skafta;
hann fagnaði vel Þórhalli, því at hann vissi,
at hann var ríkr maðr at fé, ok spurði, hvat
at tíðendum væri. Þórhallr mælti: „Heilræði
vilda ek af yðr þiggja“. „Í litlum færum em
ek til þess“, sagði Skafti; „eða hvat stendr
þik?“ Þórhallr mælti: „Þat er svá háttat,
at mér helzt lítt á sauðamönnum; verðr þeim
heldr klaksárt, enn sumir gera engar lyktir á;
vill nú engi taka, sá er kunnigt er til, hvat
fyrir býr“. Skafti svarar: „Þar mun liggja
meinvættir nökkur, er menn eru tregari til at
geyma þins fjár, enn annarra manna“. Nú fyr-
ir því, at þú hefir at mér ráð sótt, þá skal ek
fá þér sauðamann, þann er Glámr heitir, ætt-
aðr ór Svíþjóð, ór Sylgsdölum, er út kom í
fyrra sumar, mikill ok sterkr, ok eigi mjök
við alþýðu skap“. Þórhallr kvaðst eigi um þat
gefa, ef hann geymdi vel fjárins. Skafti sagði
öðrum eigi vænt horfa, ef hann geymdi eigi,
fyrir afls sakir ok áræðis. Þórhallr gekk þá
út. Þetta var at þinglausnum. Þórhalli var
vant hesta tveggja ljósbleikra, ok fór sjálfr at
leita; af því þykkjast menn vita, at hann var

eigi mikilmenni. Hann gekk upp undir Sleðaás, ok suðr með fjalli því, er Ármannsfell heitir; þá sá hann, hvar maðr fór ofan ór Goðaskógi, ok bar hris á hesti. Brátt bar saman fund þeira. Þórhallr spurði hann at nafni, enn hann kveðst Glámr heita. Þessi maðr var mikill vexti ok undarlegr í yfirbragði, bláeygr ok opineygr, úlfgrár á hárslit. Þórhalli brá nökkut í brún, er hann sá þenna mannu, enn þó skildi hann, at honum myndi til þessa vísat. „Hvat er þér bezt hent at vinna“? sagði Þórhallr. Glámr kvað sér vel hent at geyma sauðfjár á vetrum. „Viltu gæta sauðfjár míns?“ sagði Þórhallr; „gaf Skafti þik á mitt vald“. „Svá mun þér hentust mín vist, at ek fari sjálfráðr, því ek em skapstyggr, ef mér líkar eigi vel“, sagði Glámr. „Eigi mun mér mein at því“, sagði Þórhallr, „ok vil ek, at þú farir til mín“. „Gera má ek þat“, sagði Glámr; „eða eru þar nökkur vandhæfi á?“ „Reimt þykkir þar vera“, sagði Þórhallr. „Eigi hræðumst ek flykur þær“, sagði Glámr, „ok þykkir mér at ódauflegra“. „Þess muntu við þurfa“, sagði Þórhallr, „ok hentar þar betr at vera eigi all-lítill fyrir sér“. Eftir þat kaupa þeir saman, ok skal Glámr koma at vetrnáttum. Síðan skildu þeir, ok fann Þórhallr hesta sína, þar hann hafði nýleitast. Reið Þórhallr heim, ok þakkaði Skafta sinn velgerning. Sumar

leið af, ok frétti Þórhallr eigi til sauðamanns, ok engi kunni skyn á honum, enn at áðrnefndum tíma kom hann á Þórhallsstaði. Tekr bóndi við honum vel, enn öllum öðrum gæzt eigi að honum, enn húsfreyju þó minst. Hann tók við fjárvarðveizlu, ok varð honum lítit fyrir því; hann var hljóðmikill ok dimmraddaðr, ok féit stökk alt saman, þegar hann hóaði. Kirkja var á Þórhallsstöðum; eigi vildi Glámr til hennar koma; hann var ósöngvinn ok trúlauss, stírfinn ok viðskotailr; öllum var hann hvímléiðr.

Nú leið svá þar til er kemr atfangadagr jóla; þá stóð Glámr snemma upp, ok kallaði til matar síns. Húsfreyja svarar: „Eigi er þat háttr kristinna manna at matast þenna dag, því at á morgun er jóladagr hinn fyrsti“, segir hon, „ok er því fyrst skylt at fasta í dag“. Hann svarar: „Marga hindrvitni hafi þér, þá er ek sé til einskis koma; veit ek eigi, at mönnum fari nú betr at, heldr enn þá, er menn fóru eigi með slíkt; þótti mér þá betri siðr, er menn váru heiðnir kallaðir, ok vil ek hafa mat minn enn engar refjur“. Húsfreyja mælti: „Víst veit ek, at þér mun illa farast í dag, ef þú tektr þetta illbrigði til“. Glámr bað hana taka mat í stað; kvað henni annat skyldu vera verra. Hon þorði eigi annat, enn at gera sem hann vildi; ok er hann var mettr, gekk hann

út, ok var heldr gustillr. Veðri var svá farit, at myrkt var um at litast, ok flögraði ór drífa, ok gnýmikit, ok versnaði mjök sem á leið daginn. Heyrðu menn til sauðamanns öndverðan daginn, enn miðr er á leið daginn. Tók þá at fjúka, ok gerði á hríð um kveldit. Kómu menn til tíða, ok leið svá fram at dagsetri. Eigi kom Glámr heim. Var þá um talat, hvárt hans skyldi eigi leita, enn fyrir því, at hríð var á ok niðamykr, þá varð eigi af leitinni. Kom hann eigi heim jólanáttina; biðu menn svá fram um tíðir. At ærnum degi fóru menn í leitina, ok fundu féit víða í fenjum, lamit af ofviðri, eða hlaupit á fjöll upp. Því næst kvámu þeir á traðk mikinn ofarlega í dalnum: þótti þeim því líkt, sem þar hefði glímt verit heldr sterklega, því at grjótit var víða upp leyst, ok svá jörðin. Þeir hugðu at vandlega, ok sá, hvar Glámr lá skamt á burt frá þeim. Hann var dauðr, ok blár sem hel, enn digr sem naut. Þeim bauð af honum óþekt mikla, ok hraus þeim mjök hugr við honum, enn þó leituðu þeir við at færa hann til kirkju, ok gátu eigi komit honum, nema á einn gilsþröm þar skamt ofan frá sér, ok fóru heim við svá búit, ok sögðu bónda þenna atburð. Hann spurði, hvat Glámi myndi hafa at bana orðit. Þeir kváðust rakit hafa spor svá stór, sem keraldsbotni væri niðr skelt, þaðan frá, sem

traðkrinn var, ok upp undir björg þau, er þar váru ofarlega í dalnum, ok fylgdu þar með blóðdrefjar miklar. Þat drógu menn saman, at sú meinvættir, er áðr hafði verit, myndi hafa deytt Glám, enn hún myndi fengit hafa hér nökkura áverka, þá er tekit hafi til fulls, því at við þá meinvætti hefir aldri vart orðit síðan. Annan dag jóla var farit at leita við enn at færa Glám til kirkju; váru eykir fyrir beittir, ok gátu þeir hvergi fært hann, þegar sléttlendit var ok eigi var forbrekkis at fara; gengu nú frá við svá búit. Hinn þriðja dag fór prestur með þeim, ok leituðu allan daginn, ok fanst Glámr eigi. Eigi vildi prestur oftast til fara, enn sauðamaðr fanst, þegar prestur var eigi í ferð. Létu þeir þá fyrir vinnast, at færa hann til kirkju, ok dysjuðu hann þar, sem þá var hann kominn. Litlu síðar urðu menn varir við þat, at Glámr lá eigi kyr; varð mönnum at því mikit mein, svá at margir fellu í óvit, ef sá hann, enn sumir heldu eigi vitinu. Þegar eftir jólin þóttust menn sjá hann heima þar á bænum. Urðu menn ákaflega hræddir; stukku þá margir menn í burt. Því næst tók Glámr at riða húsum á nætr, svá at lá við brotum; gekk hann þá nálega nætr ok daga. Varla þorðu menn at fara upp í dalinn, þó at ætti nóg erendi. Þótti mönnum þar í heraðinu mikit mein at þessu.

33. Um várit fekk Þórhallr sér hjón, ok gerði bú á jörðu sinni; tók þá at minka aftrgangr, meðan sólargangr var mestr; leið svá fram á miðsumar. Þetta sumar kom út skip í Húnavatni; þar var á sá maðr, er Þorgautr hét. Hann var útlendr at kyni, mikill ok sterkr; hann hafði tveggja manna afl; hann var lauss ok einn fyrir sér; hann vildi fá starfa nökkurn, því hann var félauss. Þórhallr reið til skips, ok fann Þorgaut; spurði, ef hann vildi vinna fyrir honum. Þorgautr kvað þat vel mega vera, ok kveðst eigi vanda þat. „Svá skaltu við búast“, segir Þórhallr, „sem þar sé eigi veslingsmönnum hent at vera fyrir aftrgöngum þeim, er þar hafa verit um hrið, enn eigi vil ek þik á talar draga“. Þorgautr svarar: „Eigi þykkjumst ek uppgefinn, þó at ek sjái smávofur; mun þá eigi öðrum dælt, ef ek hræðumst, ok eigi bregð ek vist minni fyrir þat“. Nú kemr þeim vel kaupstefnan, ok skal Þorgautr gæta sauðfjár at vetri. Leið nú af sumarit. Tók Þorgautr við fénu at vetrnáttum. Vel líkaði öllum við hann. Jafnan kom Glámr heim ok reið húsum. Þat þótti Þorgauti allkátlegt, ok kvað þrælinn þurfa mundu nær at ganga — „ef ek hræðumst“. Þórhallr bað hann hafa fátt um — „er bezt, at þit reynit eigi með ykk“. Þorgautr mælti: „Sannlega er skekinn þróttur ór yðr, ok dett ek eigi niðr

milli dægra við skraf þetta“. Nú fór svá fram um vetrinn allt til jóla. Atfangakveld jóla fór sauðamaðr til fjár. Þá mælti húsfreyja: „Þurfa þætti mér, at nú færi eigi at fornum brögðum“. Hann svarar: „Ver eigi hrædd um þat, húsfreyja“, sagði hann, „verða mun eitthvert sögulegt, ef ek kem eigi aftr“. Síðan gekk hann aftr til fjár síns. Veðr var heldr kalt, ok fjúk mikit. Því var Þorgautr vanr at koma heim, þá er hálförökkvat var, enn nú kom hann eigi í þat mund. Kómu tíðamenn sem vant var. Þegar þótti mönnum eigi ólíkt á horfast sem fyrr. Bóndi vildi leita láta eftir sauðamanni, enn tíðamenn töldust undan, ok sögðust eigi mundu hætta sér út í tröllahendr um nætr, ok treystist bóndi eigi at fara, ok varð eigi af leitinni. Jóladag, er menn váru mettir, fóru menn til ok leituðu sauðamanns. Gengu þeir fyrst til dysjar Gláms, því at menn ætlu af hans völdum mundi orðit um hvarf sauðamanns; enn er þeir kvámu nær dysinni, sá þeir þar mikil tíðendi, ok þar fundu þeir sauðamann, ok var hann brotinn á háls, ok lamit sundr hvert bein í honum. Síðan færðu þeir hann til kirkju, ok varð engum manni mein at Þorgauti síðan, enn Glámr tók at magnast af nýju; gerði hann nú svá mikit af sér, at menn allir stukku burt af Þórhallsstöðum, utan bóndi einn ok húsfreyja. Nautamaðr hafði þar verit lengi hinn sami; vildi

Þórhallr hann eigi lausan láta fyrir góðvilja sakir ok geymslu; hann var mjök við aldr, ok þótti honum mikit fyrir at fara á burt; sá hann ok, at alt fór at ónytju, þat er bóndi átti, ef engi geymdi. Ok eftir miðjan vetr var þat einn morgun, at húsfreyja fór til fjóss at mjólka kýr eftir tíma; þá var alljóst, því at engi treystist fyrr úti at vera annarr enn nautamaðr; hann fór út þegar lýsti. Hon heyrði brak mikit í fjósit, ok beljan öskrlega; hon hljóp inn æpandi, ok kvaðst eigi vita, hver ódæmi um væri í fjósinu. Bóndi gekk út, ok kom til nautanna, ok stangaði hvert annat. Þótti honum þar eigi gott, ok gekk innar at hlöðunni. Hann sá, hvar lá nautmaðr, ok hafði höfuðit í öðrum bási, enn fætr í öðrum; hann lá á bak aftr. Bóndi gekk at honum, ok þreifaði um hann; finnr brátt, at hann er dauðr ok sundr hryggrinn í honum; var hann brotinn um báshelluna. Nú þótti bónda eigi vært, ok fór í burtu af bænum með alt þat sem hann mátti í burt flytja, enn alt kvikfé þat, sem eftir var, deyddi Glámr, ok því næst fór hann um allan dalinn. ok eyddi bæi alla upp frá Tungu. Var Þórhallr þá með ýmissum vinum sínum þat eftir var vetrarins. Engi maðr mátti fara upp í dalinn með hest eða hund, því at þat var þegar drepit. Enn er váraði, ok sólargangr var sem mestr, létti heldr aftr-

göngunum. Vildi Þórhallr nú fara aftr til lands síns. Urðu honum eigi auðfengin hjón, enn þó gerði hann bú á Þórhallsstöðum. Fór alt á sama veg sem fyrr. Þegar at haustaði, tóku at vaxa reimleikar. Var þá mest sótt at bóndadóttur, ok svá fór, at hon lézt af því. Margra ráða var í leit at, ok varð eigi at gert. Þótti mönnum til þess horfast, at eyðastmyndi allr Vatnsdalr, ef eigi yrði bætr á ráðnar.

34. Nú er þar til at taka, at Grettir Ásmundarson sat heima at Bjargi um haustit, síðan þeir víga-Barði skildu á Þóreyjargnúpi; ok er mjök var komit at vetrnáttum, reið Grettir heiman norðr yfir hálsa til Víðidals ok gisti á Auðunarstöðum. Sættust þeir Auðun til fulls, ok gaf Grettir honum öxi góða, ok mæltu til vináttu með sér. Auðun bjó lengi á Auðunarstöðum ok var kynsæll maðr. Hans son var Egill, er átti Úlfheiði, dóttur Eyjólf's Guðmundarsonar; ok var þeira son Eyjólf, er veginn var á alþingi; hann var faðir Orms kapiláns Þorláks biskups. Grettir reið norðr til Vatnsdals ok kom á kynnisleit í Tungu. Þar bjó þá Jökull Bárðarson, móðurbróðir Grettis. Jökull var mikill maðr ok sterkr, ok hinn mesti ofsamaðr; hann var siglingamaðr ok mjök ódæll, enn þó mikilhæfr maðr. Hann tók vel við Gretti ok var hann þar þrjár nætr. Þá var svá mikit orð á aftrgöngum Gláms, at mönnum

var ekki jafntíðrætt sem þat. Grettir spurði innilega at þeim atburðum, er höfðu orðit. Jökull kvað þar eigi meira af sagt enn til væri hæft — „eða er þér forvitni, frændi, at koma þar?“ Grettir sagði, at þat var satt. Jökull bað hann þat eigi gera — „því þat er gæfuraun mikil, enn frændr þínir eiga mikit í hættu, þar sem þú ert“, sagði hann; „þykkir oss nú engi slíkr af ungum mönnum sem þú, enn 'ilt mun af illum hljóta', þar sem Glámr er; er ok miklu betra at fást við menska menn enn við óvættir slíkar“. Grettir kvað sér hug á at koma á Þórhallsstaði, ok sjá, hversu þar væri um gengit“. Jökull mælti: „Sé ek nú, at eigi tjáir at letja þik, enn satt er þat sem mælt er, at 'sitt er hvárt, gæfa eða gervileikr““. „Þá er öðrum vá fyrir dyrum, er öðrum er inn um komin', ok hygg at, hversu þér mun fara sjálfum, áðr enn lýkr“, kvað Grettir. Jökull svarar: „Vera kann, at vit sjáim báðir nökkut fram, enn hvárrgi fái við gert“. Eftir þat skildu þeir, ok líkaði hvárigum annars spár.

35. Grettir reið á Þórhallsstaði, ok fagnaði bóndi honum vel. Hann spurði, hvert Grettir ætlaði at fara, enn hann sagðist þar vilja vera um náttina, ef bónda líkaði at svá væri. Þórhallr kvaðst þökk fyrir kunna, at hann væri — „enn fám þykkir slægr til at gista hér um tíma; muntu hafa heyrt getit um, hvat hér er

at veila, enn ek vilda gjarna, at þú hlytir engi vandhæfi af mér; enn þó at þú komist heill á burt, þá veit ek fyrir víst, at þú missir hests þíns, því engi heldr hér heilum sínum fararskjót, sá er kemr“. Grettir kvað gott til hesta, hvat sem af þessum yrði. Þórhallr varð glaðr við, er Grettir vildi þar vera, ok tók við honum báðum höndum. Var hestr Grettis læstr í húsi sterklega. Þeir fóru til svefns, ok leið svá af náttin, at eigi kom Glámr heim. Þá mælti Þórhallr: „Vel hefir brugðit við þína kvámu, því at hverja nátt er Glámr vanr at ríða húsum eða brjóta upp hurðir, sem þú mátt merki sjá“. Grettir mælti: „Þá mun vera annathvært, at hann mun eigi lengi á sér sitja, eða mun af reimast meir enn eina nátt; skal ek vera nátt aðra ok sjá hversu ferr“. Síðan gengu þeir til hests Grettis, ok var ekki við hann gletzt. Alt þótti bónda at einu fara. Nú er Grettir þar aðra nátt, ok kom eigi þrællinn heim. Þá þótti bónda mjök vænkast. Fór hann þá at sjá hest Grettis. Þá var upp brotit húsit, er bóndi kom til, enn hestrinn dreginn til dyra utar, ok lamit sundr í honum hvert bein. Þórhallr sagði Gretti, hvar þá var komit, ok bað hann forða sér — „því at viss er dauðinn, ef þú biðr Gláms“. Grettir svarar: „Eigi má ek minna hafa fyrir hest minn enn at sjá þrælinn“.

Bóndi sagði, at þat var eigi bati at sjá hann — „því at hann er ólíkr nökkurri mannlegri mynd; enn góð þykki mér hver sú stund, er þú vilt hér vera“. Nú líðr dagrinn, ok er menn skyldi fara til svefns, vildi Grettir eigi fara af klæðum, ok lagðist niðr í setit gegnt lokrekkju bónda; hann hafði röggvarfeld yfir sér, ok knepti annat skautit niðr undir fætr sér, enn annat snaraði hann undir höfuð sér ok sá út um höfuðsmáttina. Setstokkur var fyrir framan setit, mjök sterkr, ok spyrndi hann þar í. Dyraumbúningrinn allr var frá brotinn útidyrunum, enn nú var þar fyrir bundinn hurðarflaki ok óvendilega um búit. Þverþilit var alt brotit frá skálanum, þat sem þar fyrir framan hafði verit, bæði fyrir ofan þvertréit ok neðan. Sængr allar váru ór stað færðar. Heldr var þar óvistlegt. Ljós brann í skálanum um náttina; ok er af myndi þriðjungr af nátt, heyrði Grettir út dynur miklar; var þá farit upp á húsin, ok riðit skálanum ok barit hælunum um þekjuna, svá at brakaði í hverju tré. Því gekk lengi, þá var farit ofan af húsunum ok til dyra gengit; ok er upp var lokit hurðunni, sá Grettir, at þrællinn réttiinn höfuðit, ok sýndist honum afskræmilega mikit ok undarlega stórskorit. Glámr fór seint, ok réttist upp, er hann kom inn í dyrnar; hann gnæfði ofarlega við rjáfrinu; snýr at skálanum,

ok lagði handleggina upp á þvertréit ok gægðist inn yfir skálan. Eigi lét bóndi heyra til sín, því at honum þótti ærit um, er hann heyrði, hvat um var úti. Grettir lá kyrr ok hrærði sik hvergi. Glámr sá, at hrúga nökkur lá í setinu, ok réðst nú innar eftir skálanum ok þreif í feldinn stundarfast. Grettir spyndi í stokkinn ok gekk því hvergi. Glámr hnykti í annat sinn miklu fastara, ok bifaðist hvergi feldrinn. Í þriðja sinn þreif hann í með báðum höndum svá fast, at hann rétti Gretti upp ór setinu; kiptu nú í sundr feldinum í millum sín. Glámr leit á slitrit, er hann helt á, ok undraðist mjök, hverr svá fast myndi togast við hann; ok í því hljóp Grettir undir hendr honum ok þreif um hann miðjan, ok spenti á honum hrygginn sem fastast gat hann, ok ætlaði hann, at Glámr skyldi kikna við; enn þrællinn lagði at handleggjum Grettis svá fast, at hann hörfaði allr fyrir orku sakir. Fór Grettir þá undan í ýms setin. Gengu þá frá stökkarnir, ok alt brotnaði þat sem fyrir varð. Vildi Glámr leita út, enn Grettir færði við fætr, hvar sem hann mátti, enn þó gat Glámr dregit hann fram ór skálanum; áttu þeir þá all-harða sókn, því at þrællinn ætlaði at koma honum út ór bænum; enn svá ilt sem var at eiga við Glám inni, þá sá Grettir, at þó var verra at fást við hann úti, ok því brauzt hann í mót af öllu afli at

fara út. Glámr færðist í aukana ok knepti hann at sér, er þeir kvámu í anddyrit; ok er Grettir sér, at hann fekk eigi við spornat, hefir hann alt eitt atriðit, at hann hleypr sem fastast í fang þrælnum ok spyrnir báðum fótum í jarðfastan stein, er stóð í dyrunum. Við þessu bjóst þrællinn eigi; hann hafði þá togast við at draga Gretti at sér, ok því kiknaði Glámr á bak aftr, ok rauk öfugr út á dyrnar, svá at herðarnar námu uppdyrit, ok rjáfrit gekk í sundr, bæði viðirnir ok þekjan frerin; fell svá opinn ok öfugr út ór húsunum, enn Grettir á hann ofan. Tunglskin var mikit úti ok gluggaþykkn; hratt stundum fyrir, enn stundum dró frá. Nú í því er Glámr fell, rak skýit frá tunglinu, enn Glámr hvesti augun upp í móti, ok svá hefir Grettir sagt sjálfr, at þá eina sýn hafi hann sét svá, at honum brygði við. Þá sigaði svá at honum af öllu saman, mæði ok því, er hann sá at Glámr gaut sínum sjónum harðlega, at hann gat eigi brugðit saxinu, ok lá nálega í milli heims ok heljar. Enn því var meiri ófagnaðarkraftr með Glámi enn flestum öðrum aftrgöngum, at hann mælti þá á þessa leið: „Mikit kapp hefir þú á lagit, Grettir“, sagði hann. „at finna mik, enn þat mun eigi undarlegt þykkja, þó at þú hljótir eigi mikit happ af mér; enn þat má ek segja þér, at þú hefir nú fengit helming afls þess ok þroska, er þér var ætlaðr, ef þú hefðir mik

eigi fundit; nú fæ ek þat afl eigi af þér tekit, er þú hefir áðr hrept, enn því má ek ráða, at þú verðr aldri sterkari enn nú ertu, ok ertu þó nógu sterkr, ok at því mun mörgum verða. Þú hefir frægr orðit hér til af verkum þínum, en heðan af munu falla til þín sektir ok vígaferli, enn flest öll verk þín snúast þér til ógæfu ok hamingjuleysis. Þú munt verða útlægr gerr, ok hljóta jafnan úti at búa einn samt; þá legg ek þat á við þik, at þessi augu sé þér jafnan fyrir sjónum, sem ek ber eftir, ok mun þér þá erfitt þykkja einum at vera, ok þat mun þér til dauða draga“. Ok sem þrællinn hafði þetta mælt, þá rann af Gretti ómegit, þat sem á honum hafði verit. Brá hann þá saxinu, ok hjó höfuð af Glámi ok setti þat við þjó honum. Bóndi kom þá út, ok hafði klæðst á meðan Glámr lét ganga töluna, enn hvergi þorði hann nær at koma, fyrr enn Glámr var fallinn. Þórhallr lofaði guð fyrir, ok þakkaði vel Gretti, er hann hafði unnit þennan óhreina anda. Fóru þeir þá til ok brendu Glám at köldum kolum. Eftir þat báru þeir ösku hans í eina hit ok grófu þar niðr, sem sízt váru fjárhagar eða mannavegir; gengu heim eftir þat, ok var þá mjök komit at degi. Lagðist Grettir niðr, því at hann var stirðr mjök. Þórhallr sendi menn á næstu bæi eftir mönnum, sýndi ok sagði, hversu farit hafði.

Öllum þótti mikils um vert um þetta verk, þeim er heyrðu ; var þat þá almælt, at engi væri þvilíkr maðr á öllu landinu fyrir afls sakir ok hreysti ok allrar atgervi sem Grettir Ásmundarson. Þórhallr leysti Gretti vel af hendi, ok gaf honum góðan hest ok klæði sæmileg, því at þau váru öll sundr leyst, er hann hafði áðr borit. Skildu þeir með vináttu. Reið Grettir þaðan í Ás í Vatnsdal, ok tók Þorvaldr við honum vel, ok spurði innilega at sameign þeira Gláms, enn Grettir segir honum viðskifti þeira, ok kvaðst aldri í þvilíka aflraun komit hafa, svá langa viðreign sem þeir höfðu saman átt. Þorvaldr bað hann hafa sik spakan — „ok mun þá vel duga, enn ella mun þér slysgjarnt verða“. Grettir kvað eigi batnat hafa um lyndisbragðit, ok sagðist nú miklu verr stiltr enn áðr, ok allar mótgerðir verri þykkja. Á því fann hann mikla muni, at hann var orðinn maðr svá myrkfælinn, at hann þorði hvergi at fara einn saman, þegar myrkva tók; sýndist honum þá hvers kyns skrípi, ok þat er haft síðan fyrir orðtæki, at þeim ljái Glámr augna eða gefi glámsýni, er mjök sýnist annan veg enn er. Grettir reið heim til Bjargs, er hann hafði gert erendi sín, ok sat heima um vetrinn.

36. Þorbjörn öxnamegin hafði haustboð mikit, ok kom þar margt manna; þetta var

meðan Grettir fór norðr til Vatnsdals um haustit. Þorbjörn ferðalangr var þar at boðinu. Þar varð margt talat. Spurðu þeir Hrútfirðingar at sameign þeira Grettis á hálsinum um sumarit. Þorbjörn öxnamegin bar Gretti allvel söguna; kvað Kormák verra mundu af hafa fengit, ef engir hefði til komit at skilja þá. Þá mælti Þorbjörn ferðalangr: „Þat var bæði“, sagði hann, „at ek sá hann Gretti ekki til frægðar vinna, enda hygg ek, at honum skyti skelk í í bringu, er vér kvámum at, ok allfúss var hann at skilja, ok eigi sá ek hann til hefnda leita, er húskafl Atla var drepinn, ok því ætla ek aldri hug í honum, ef hann hefir eigi nógan liðsafla“. Gerði Þorbjörn at þessu hit mesta gabb. Margir tóku undir, at þetta væri þarfleysuglens, ok Grettir myndi eigi svá búit hafa vilja, ef hann frétti þessi orð. Eigi bar þar til tíðenda fleira at boðinu. Fóru menn heim. Váru dylgjur miklar með þeim um vetrinn, enn hvárigir réðu á aðra; bar þá ekki til tíðenda um vetrinn.

37. Snemma um várit eftir kom skip út af Noregi; þat var fyrir þing. Þeir kunnu at segja mörg tíðendi: þat fyrst, at höfðingjaskifti var orðit í Noregi; var þá kominn til rikis Óláfr konungr Haraldsson, enn Sveinn jarl ór landi stökkinn, um várit eftir Nesjaorrustu. Váru margir merkilegir hlutir sagðir frá Ólafi kon-

ungi, ok þat með, at hann tók þá menn alla bezt, sem váru atgervismenn um nökkura hluti, ok gerði sér þá handgengna. Við þetta urðu glaðir margir ungir menn, ok fýstust til utanferðar; ok svá sem Grettir spurði þessi tíðendi, gerðist honum hugr á at sigla; vænti hann sér sæmdar, sem aðrir, af konunginum. Skip stóð uppi at Gásum í Eyjafirði; þar tók Grettir sér far, ok bjóst til utanferðar; eigi hafði hann enn mikil fararefni. Ásmundr gerðist nú mjök hrumr af elli, ok reis nú lítt ór rekkju. Þau Ásdís áttu ungan son, er Illugi hét, manna efnilegastr. Atli tók nú við allri búsýslu ok fjárvarðveizlu; þótti þat mikit batna, því at hann var gæfr ok forsjáll. Grettir fór til skips. Í þetta sama skip hafði ráðizt Þorbjörn ferðalangr, áðr enn þeir vissu, at Grettir myndi þar í sigla. Löttu margir Þorbjörn at sigla samskipa við Gretti, enn Þorbjörn kveðst fara mundu fyrir alt þat. Bjóst hann til utanferðar, ok varð heldr síðbúinn; kom hann eigi fyrr norðr á Gáseyri, enn skipit var albúit. Áðr Þorbjörnu færi vestan, hafði Ásmundr hærungr tekit krankleika nökkurn, ok reis þá eigi ór rekkju. Þorbjörn ferðalangr kom síð dags í sandinn; váru menn þá búnir til borða, ok tóku handlaugar úti hjá búðinni. Enn er Þorbjörn reið fram í búðarsundit, var honum heilsat ok spurðr tíðenda. Hann lézt engi

segja kunna — „utan þess get ek, at kappinn Ásmundr at Bjargi sé nú dauðr“. Margir tóku undir, at þar færi gildir bóndi af heiminum, sem hann var — „eða hversu bar þat til“? sögðu þeir. Hann svarar: „Lítit lagðist nú fyrir kappann, því at hann kafnaði í stofureyk sem hundr, enn eigi var skaði at honum, því at hann gerðist nú gamalærr“. Þeir svara: „Þú talar undarlega við þvilíkan mann, ok eigi myndi Gretti vel líka, ef hann heyrði“. „Þola má ek þat“, sagði Þorbjörn, „ok herra mun Grettir bera verða saxit, enn í fyrra sumar á Hrótafjarðarhálsi, ef ek hræðumst hann“. Grettir heyrði fullgerla, hvat Þorbjörn sagði, ok gaf sér ekki at, meðan Þorbjörn lét ganga söguna; enn er hann hætti, þá mælti Grettir: „Þat spái ek þér, Ferðalangr“, sagði hann, „at þú deyrir eigi í stofureyknum, ok þó má vera, at þú verðir eigi ellidauðr, enn þat er undarlega gert, at tala sneyðilega til saklausra manna“. Þorbjörn mælti: „Eigi mun ek aftra mér at þessu, ok eigi þótti mér þú svá snæfrlega láta, þá er vér tókum þik undan, er þeir Melamenn börðu þik sem nautshöfuð“. Grettir kvað þá vísu:

- (28) Jafnan verðr til orða
 of löng boga slöngvi
 — því kemr þar til sumra
 þung hefnd fyrir — tunga.

Margr hefir beiðir borgar
benlinns sakir minni,
Ferðalangr, þót fengir
tjörtjón, enn þú görvar.

Þorbjörn mælti: „Jafnfeigr þykkjumst ek sem áðr, þótt þú skjalir slíkt“. Grettir svarar: „Eigi hafa spár mínar átt langan aldr hér til, ok enn mun svá fara; vara þik ef þú vilt, eigi mun síðar sýnna“. Síðan hjó Grettir til Þorbjarnar, enn hann brá við hendinni, ok ætlaði svá at bera af sér höggit; enn höggit kom á höndina fyrir ofan úlfiðinn, ok síðan hljóp saxit á hálsinn, svá at af fauk höfuðit. Kaupmenn sögðu hann stórhöggan, ok slíkt væri konungsmenn, ok eigi þótti þeim skaði at, þótt Þorbjörn væri drepinn, því at hann hafði bæði verit kifinn ok köllsugr. Litlu síðar létu þeir í haf, ok kvámu at áliðnu sumri til Noregs, suðr við Hörðaland. Frétta þeir þá, at Óláfr konungr sat norðr í Þrándheimi. Fekk Grettir sér far með byrðingsmönnum norðr þangat, því at hann vildi fara á konungs fund.

38. Þórir hét maðr, er bjó í Garði í Aðaldal. Hann var Skeggjason, Bótólfssonar. Skeggi hafði numit Kelduhverfi upp til Kelduness. Hann átti Helgu, dóttur Þorkels á Fiskilæk. Þórir, son hans, var höfðingi mikill ok siglingamaðr. Hann átti tvá sonu; hét Þorgeirr annarr, enn annarr Skeggi; þeir váru báðir

efnilegir menn, ok mjök fulltíða, er þetta var. Þórir hafði verit í Noregi um sumarit, þá er Óláfr konungr kom vestan af Englandi, ok kom sér þá í kærleika mikla við konung, ok svá við Sigurð biskup, ok er þat til marks um, at Þórir hafði látit gera knörr mikinn í skógi, ok bað Sigurð biskup vígja, ok svá gerði hann. Eftir þat fór Þórir út til Íslands, ok lét höggva upp knörrinn, þá er honum leiddust siglingar, enn brandana af knerrinum lét hann setja yfir útidyr sínar, ok váru þeir þar lengi síðan, ok svá veðrspáir, at í öðrum þaut fyrir sunnanveðri, enn í öðrum fyrir norðanveðri. Enn er Þórir spurði, at Óláfr konungr hafði fengit einvald yfir öllum Noregi, þóttist hann þar eiga at vitja vináttumála. Þá sendi Þórir sonu sína til Noregs á konungs fund, ok ætlaði at þeir skyldi verða honum handgengnir. Kvámu þeir at sunnarlega síð um haustit, ok fengu sér eina róðrarskútu, fóru norðr með landi, ok ætluðu at fara á konungs fund. Þeir kvámu á höfn eina fyrir sunnan Stað, ok lágu þar nökkurar nætr. Þeir heldu sik vel at vist ok drykk, ok höfðu sik eigi úti, er eigi váru góð veðr. Nú er at segja frá því, er þeir Grettir fóru norðr með landi, ok fengu oft hörð veðr, því at þetta var öndverðan vetr; ok þá er þeir sóttu norðr at Staði, fengu þeir illviðri mikit með fjúki ok frosti, ok tóku nauðulega

land eitt kveld allir mjök væstir, ok lögðu þar við bala nökkurn, ok gátu þá borgit fé sínu ok föngum. Þeir bárust illa af, kaupmennirnir, því at þeir gátu eigi tekit eld; enn þeim þótti þar nálega við liggja heilsa sín ok líf. Lágu þeir þá um kveldit, allilla staddir. Þá er á leið kveldit, sá þeir, at eldr kom upp mikill öðrum megin þess sunds, er þeir váru þá við komnir. Enn er skipverjar Grettis sjá eldinn, töluðu þeir til, at sá væri heppinn, er honum gæti náð, ok efuðust í, hvárt þeir skyldi leysa skipit, enn þat sýndist öllum eigi hættulaust. Þá höfðu þeir um tal mikit, hvárt nökkur maðr mundi svá vel fær, at næði eldinum. Grettir gaf sér fátt at, ok segir, at verit myndi hafa þeir menn, er þat myndi eigi trauðat hafa. Kaupmenn sögðu, at sér væri eigi at borgnara, hvat er verit hafði, ef þá væri til einskis at taka — „eða treystir þú þér? Grettir“, sögðu þeir, „því at þú ert nú mestr atgervismaðr af íslenzkum mönnum kallaðr, enn þú veizt nú gerla hvat oss liggr á“. Grettir svarar: „Eigi lízt mér mikit þrekvirki at ná eldinum, enn eigi veit ek, hvárt þér launit betr enn sá ferr á leit, er þat gerir“. Þeir mæltu: „Hví ætlar þú oss þá svívirðingarmenn, at vér myndum þat eigi góðu launa?“ „Reyna má ek þetta, ef þat er, at yðr þykkir hér allmikit á liggja, enn eigi segir mér vænt hugr um, at ek hafa

gott at sök hér fyrir“. Þeir kváðu þat eigi skyldu vera, ok báðu hann mæla drengja heilastan. Eftir þat bjóst Grettir til sunds, ok kastaði af sér klæðunum. Hann fór í kufi einn klæða ok söluváðarbrækr; hann styttaði upp um sik kuffinn, ok rak at sér utan basttaug at sér miðjum, ok hafði með sér kerald. Síðan hljóp hann fyrir borð. Hann lagðist nú yfir þvert sundit, ok gekk þar á land. Hann sér þar standa eitt hús, ok heyrði þangat mannamál ok glaum mikinn. Grettir sneri at húsinu. Nú er at segja frá þeim, sem fyrir váru, at hér váru komnir þeir Þórirssynir, sem fyrr var getit. Þeir höfðu legit þar margar nætr, ok beðit þar veðrfalls, at þeim gæfi norðr fyrir Staði. Þeir höfðu setzt at drykkju, ok váru tólf saman. Þeir lágu í meginhöfninni, ok var þar gert sæluhús mönnum þeim til vistar, er fóru með landi fram, ok var borinn í húsit hálmr mikill; eldr var ok mikill á gólfinu. Grettir ræðst nú inn í húsit, ok vissi eigi, hverir fyrir váru. Kuffinn var sýldr allr, þegar hann kom á land, ok var hann furðu mikill tilsýndar, sem tröll væri. Þeim sem fyrir váru, brá mjök við þetta, ok hugðu at óvættir mundi vera. Börðu þeir hann með öllu því, er þeir fengu til, ok varð nú brak mikit um þá, enn Grettir hratt fast af handleggjum. Sumir börðu hann með eldibröndum; hraut þá

eldrinn um alt húsit; komst hann við þat út með eldinn, ok fór svá aftr til félaga sinna. Lofuðu þeir mjök hans ferð ok fræknleik, ok kváðu engan hans jafningja mundu vera. Leið nú af nóttin, ok þóttust þeir þegar hólpnir, er þeir fengu eldinn. Um morguninn eftir var gott veðr; vöktu þeir við snemma kaupmennirnir, ok bjoggust til ferðar; töluðu þá um, at þeir skyldi finna þá, er fyrir eldinum höfðu ráðit, ok vita, hverir þeir væri. Leystu þeir nú skipit, ok fóru yfir sundit; fundu þeir þá eigi skálann, enn sá þar öskuhrúgu mikla, ok þar í fundu þeir mannabein mörg; þóttust nú vita, at sæluhúsit myndi hafa brunnit alt upp, ok þeir menn, sem þar höfðu í verit. Þeir spurðu, hvárt Grettir hefði ollat þessu óhappi, ok sögðu þetta hit mesta illvirki. Grettir kvað nú þat fram komit, er hann grunaði, at þeir myndi honum illu launa eldsóknina, ok segir 'ilt ódrengjum lið at veita'. Af þessu fekk Grettir svá mikit ólið, at kaupmenn sögðu, hvar sem þeir kvámu, at Grettir hefði þessa menn inni brent. Þat fréttist nú brátt, at í þessu húsi höfðu þeir látizt Þóris synir ór Garði, sem fyrr váru nefndir, ok fylgdarmenn þeira. Nú ráku þeir Grettir í burt ór skipinu, ok vildu eigi hafa hann með sér. Varð hann nú svá fyrirlitinn, at nær engir vildu honum gott gera. Þótti honum nú allóvænt horfa, ok vildi

nú fyrir hvern mun fara á konungs fund, ok leitaði nú norðr til Þrándheims. Þar var konungr fyrir, ok hafði spurt alt þetta, áðr Grettir kæmi; var hann allmjök afluttr fyrir konunginum. Var Grettir nökkura daga í bænum áðr hann næði at ganga á konungs fund.

39. Þat var einn dag, þá er konungr sat at málstefnu, at Grettir gekk fyrir konunginn ok kvaddi hann vel. Konungr leit við honum ok mælti: „Ertu Grettir hinn sterki?“ Hann svarar: „Kallaðr hefi ek svá verit, ok er ek af því hér kominn, at ek vænti af yðr nökkurrar linunar um þat illmæli, er mér hefir kent verit, enn ek þykkjumst þessa eigi valdr“. Óláfr konungr mælti: „Ærit ertu gildir, enn eigi veit ek, hverja gæfu þú berr til at hrinda þessu máli af þér, enn líkara væri, at þú hefðir eigi viljandi mennina inni brent“. Grettir kvaðst gjarna vilja af sér koma þessu mæli, ef konungi þætti þat mega vera. Konungr bað hann satt frá segja, hversu farit hefði með þeim. Grettir sagði þá alt, sem áðr var greint, ok þat með, at þeir lifðu allir, er hann komst út með eldinn; vil ek nú bjóða mik til slíkrar undanfærslu, sem yðr þykkja lög til standa“. Óláfr konungr mælti þá: „Unna viljum vér þér at bera járn fyrir þetta mál, ef þér verðr þess auðit“. Gretti líkaði þat allvel; tók hann nú at fasta til járnsins, ok leið til þess, er sá dagr

kom, er skírslan skyldi fram fara. Þá gekk konungr til kirkju ok biskup ok fjöldi fólks, því at mörgum var forvitni á at sjá Gretti, svá mikit sem af honum var sagt. Síðan var Grettir til kirkju leiddr; ok er hann kom til kirkju, litu þeir margir til hans, er fyrir váru, ok töluðu þeir, at hann væri ólíkr flestum mönnum fyrir sakir afls ok vaxtar. Gekk Grettir nú innar eftir gólfinu; þá hljóp fram piltr einn frumvaxta, heldr sviplegr, ok mælti til Grettis: „Undarlegr háttr er nú hér í landi þessu, þar sem menn skulu kristnir heita, at illvirkjar ok ránsmenn ok þjófar skulu fara í friði, ok gera þeim skírslur; enn hvat myndi illmenninu fyrir verða, nema forða lífinu meðan hann mætti? Hér er nú einn ódádamaðrinn, er sannreyndr er at illvirkjum, ok hefir brent inni saklausa menn, ok skal hann þó enn ná undanfærslu, ok er þetta all-mikill ósiðr“. Hann fór at Gretti ok rétti honum fingur, ok skar honum höfuð, ok kallaði hann margýgjarson ok mörgum öðrum illum nöfnum. Gretti varð skapfátt mjök við þetta, ok gat þá eigi stöðvat sik. Grettir reiddi þá upp hnefann, ok sló piltinn undir eyrat, svá at hann lá þegar í óviti, enn sumir segja, at hann væri dauðr þá þegar; enn enginn þóttist vita. hvaðan sjá piltr kom, eða hvat af honum varð, enn þat ætla menn helzt, at þat hafi verit óhreinn andi, sendr til

óheilla Gretti. Nú varð hark mikit í kirkjunni, ok var nú sagt til konunginum, at sá barðist um, sem járnit skyldi bera. Óláfr konungr gekk nú fram í kirkjuna ok sá hvat um var ok mælti: „Mikill ógæfumaðr ertu, Grettir“, sagði konungr, „er nú skyldi eigi skírslan fram fara, svá sem nú var alt til búit, ok mun eigi hægt at gera við ógæfu þinni“. Grettir svarar: „Þat hafði ek ætlat, at ek myndi meiri sæmd til yðar sækja, herra, enn nú horfist á, fyrir sakir ættarminnar“, — ok sagði, hversu mönnum var farit með þeim Óláfi konungi, sem fyrr var talat. „Vilda ek nú gjarna“, sagði Grettir, „at þér tækið við mér; hafið þér þá margameð yðr, at eigi munu víglegri þykkja enn ek“. „Sé ek þat“, sagði konungr, „at fáir menn eru nú slíkir fyrir afls sakir ok hreysti, sem þú ert, enn miklu ertu meiri ógæfumaðr enn þú megir fyrir þat með oss vera. Nú skaltu fara í friði fyrir mér, hvert er þú vilt, vetrarlangt, enn far þú at sumri út til Íslands, því at þar mun þér auðit verða þín bein at bera“. Grettir svarar: „Ek vilda fyrst færast undan brennumálinu, ef ek mætta, því at þat hefi ek eigi viljandi gert“. „Þat er all-liklegt“, sagði konungr, „enn fyrir sakir þess, at nú ónýttist skírslan fyrir sakir þolleysis þíns, þá muntu þessu máli eigi fá af þér hrundit frammar enn svá sem nú er orðit, ok hlýtr jafnan ilt af

athugaleysinu, ok ef nökkurum manni hefir verit fyrirmælt, þá mun þér hóti helzt“. Eftir þat dvaldi Grettir í bænum nökkura stund, ok fekk eigi meira af Óláfi konungi enn nú var sagt. Síðan fór hann suðr í land, ok ætlaði austr til Túnsbergs at finna Þorstein drómund bróður sinn, ok er eigi sagt af hans ferðum, fyrr enn hann kom austr á Jaðar.

40. At jólum kom Grettir til þess bónda, er Einarr hét; hann var ríkr maðr ok kvænt, ok átti dóttur gjafvaxta, er Gyriðr er nefnd; hon var fríð kona ok þótti harðla góðr kostr. Einarr bauð Gretti með sér at vera um jólin, ok þat þá hann. Þat var þá víða í Noregi, at markamenn ok illvirkjar hlupu ofan af mörkum ok skoruðu á menn til kvenna, eða tóku á burt fé manna með ofríki, þar er eigi var liðsfjöldi fyrir. Svá bar hér til, at þat var einn dag á jólunum, at kvámu til Einars bónda illvirkjar margir saman; hét sá Snækollr, sem fyrir þeim var; hann var berserkr mikill. Hann skoraði á Einar bónda, at hann skyldi leggja upp við hann dóttur sína, eða verja hana, ef hann þættist maðr til. Enn bóndi var þá af æskuskeiði ok engi styrjaldarmaðr; þótti honum nú mikill vandi at höndum kominn, ok spurði Gretti í hljóði, hvat hann vildi til leggja — „því at þú ert kallaðr frægr maðr“. Grettir bað hann því einu játa, er honum þótti sér

smánarlaust. Berserkrinn sat á hesti, ok hafði hjálm á höfði, ok eigi spent kinnbjörgunum; hann hafði skjöld járni rendan fyrir sér, ok lét hann hit ógurlegasta. Hann mælti við bónda: „Kjós skjótt annanhvárn kostinn, eða hvat ræðr sá þér hinn mikli hrottinn, er þar stendr hjá þér? eða er eigi þat, at hann vili eiga leik við mik?“ Grettir sagði: „Jafnkomit er á með okkr bónda, því at hér er hvárrgi skefinn maðr“. Snækollr mælti: „Heldr mun ykk ægja við mik at fást, ef ek reiðumst“. „Þá veit þat er reynt er“, sagði Grettir. Berserkrinn fann nú undandrátt í málinu; tók hann þá at grenja hátt ok beit í skjaldarröndina, ok setti skjöldinn upp í munn sér ok gein yfir hornit skjaldarins, ok lét all-ólmlega. Grettir varpaði sér um völlinn; ok er hann kemr jafnfram hesti berserksins, slær hann fæti sínum neðan undir skjaldarsporðinn svá hart, at skjöldrinn gekk upp í munninn, svá at rifnaði kjaftrinu, enn kjálkarnir hlupu ofan á bringuna; hann hafði þá alt eitt atriðit, at hann þreif í hjálminn vinstri hendi ok svifti víkinginum af baki, enn hægri hendi brá hann saxinu, er hann var gyrðr með, ok setti á hálsinn, svá at af tók höfuðit. Enn er þetta sá fylgdarmenn Snækolls, flýði sinn veg hverr þeira. Eigi nenti Grettir at elta þá, því at hann sá, at engi var hugr i þeim. Þakkaði bóndi honum vel fyrir

þetta verk, ok margir menn aðrir. Þótti þessi atburður bæði vera af hvatleik ok harðfengi unninn. Var Grettir þar um jólin vel haldinn; leysti bóndi hann vel af garði. Fór Grettir síðan austr til Túnsbergs ok hitti Þorstein bróður sinn. Tók hann við Gretti með blíðu, ok spurði at ferðum hans, ok at hann vann berserkinn. Grettir kvað visu:

(29) Snart at snæðings porti
 Snækolls þrimu rækir
 ímunbukl, þat's ökla
 áspyrnu fekk þyrnis.
 Svá tvískifti toftum
 tanngarðs hinn járnvarði
 broddagangs at á bringu
 balkr rifnuðu kjalkar.

Þorsteinn mælti: „Slyngt yrði þér um margt, frændi, ef eigi fylgdi slysin með“. Grettir svarar: „Þess verður þó getit, er gert er“.

41. Nú var Grettir með Þorsteini þat sem eftir var vetrarins ok fram á várit. Þat var einn morgin, er þeir bræðr, Þorsteinn ok Grettir, lágu í svefnlofti sínu, at Grettir hafði lagit hendr sínar undan klæðunum; Þorsteinn vakti ok sá þat. Grettir vaknaði litlu síðar. Þá mælti Þorsteinn: „Sét hefi ek handleggi þína, frændi“, sagði hann, „ok þykkir mér eigi undarlegt, þó at mörgum verði þung högg þín, því at einkis manns handleggi hefi ek slíka sét“. „Vita mátti þó þat“, sagði Grettir, „at

ek mynda eigi slíku til leiðar koma, sem ek hefi unnit, ef ek væri eigi allknár“. „Betr þætti mér“, segir Þorsteinn, „þó at væri mjórri, ok nökkuru gæfusamlegri“. Grettir sagði: „Satt er þat, sem mælt er, at 'engi maðr skapar sik sjálfr'; láttu mik nú sjá þína handleggi“, sagði hann. Þorsteinn gerði svá; hann var manna lengstr ok grannvaxinn. Grettir brosti at, ok mælti: „Eigi þarf at horfa á þetta lengr, krækt er saman rifjum í þér, ok eigi þykkjumst ek slíkar tengr sét hafa, sem þú berr eftir, ok varla ætla ek þik kvenstyrkvan vera“. „Má þat vera“, sagði Þorsteinn, „enn þó skaltu þat vita, at þessir hinir mjóvu handleggir munu þín hefna, ella mun þín aldri hefnt verða“. „Hvat má vita, hversu verðr, um þat er lýkr?“ Eigi er þá getit fleira um viðrtal þeira. Leið nú á várit: kom Grettir sér í skip, ok fór út til Íslands um sumarit. Skildu þeir bræðr með vináttu, ok sáust aldri síðan.

42. Þar er nú til at taka, er áðr er frá horfit, at Þorbjörn öxnamegin spurði víg Þorbjarnar ferðalangs, sem fyrr var sagt; brást hann við þat reiðr mjök, ok kveðst vilja, at 'ýmsir ættu högg í annars garði'. Ásmundr hærulangr lá lengi sjúkr um sumarit; ok er honum þótti at sér draga, heimti hann til sín frændr sína, ok sagði, at hann vildi, at Atli tæki við allri fjárvarðveizlu eftir hans dag —

„enn uggir mik“, sagði Ásmundr, „at þú megir varla í kyrðum sitja fyrir ójafnaði, enn þat vilda ek, at allir mínir tengdamenn væri sinnandi honum sem bezt; enn til Grettis kann ek ekki at leggja, því at mér þykkir á hverfanda hjóli mjök um hans hagi; ok þó hann sé maðr sterkr, þá uggir mik, at hann eigi meir um vandræði at véla, enn fulltingja frændum sínum; enn þótt Illugi sé ungr, þá mun hann þó verða þroskamaðr, ef hann heldr heilum sér“. Ok er Ásmundr hafði skipat með sonum sínum, sem hann vildi, dró at honum sóttin; andaðist hann litlu síðar, ok var jarðaðr at Bjargi, því at Ásmundr hafði þar kirkju gera látit; ok þótti heraðsmönnum þat mikill mannskaði. Atli gerðist nú gildir bóndi, ok hafði mannmargt með sér; hann var atfangamaðr mikill. At áliðnu sumri fór út hann á Snæfellsnes at fá sér skreið; hann rak marga hesta, ok reið heiman til Mela í Hrutafjörð, til Gamla mágs síns. Réðst þá til ferðar með Atla Grímr Þórballsson, bróðir Gamla, við annan mann; riðu þeir Haukadalsskarð vestr, ok svá sem liggr út á Nes; keyptu þar skreið mikla, ok báru á sjau hestum; sneru heimleiðis, er þeir váru albúnir.

43. Þorbjörn öxnamegin spurði, at Atli ok Grímr váru heiman farnir; váru hjá honum Þórissynir frá Skarði, Gunnarr ok Þorgeirr.

Þorbirni lék öfund á vinsældum Atla, ok eggjaði hann þá bræðr, Þórissonu, at þeir skyldi sitja fyrir Atla, er þeir færi utan af Nesinu. Riðu þeir þá heim til Skarðs, ok biðu þar til þess, er þeir Atli fóru uppum meðlestina. Enn er þeir kvámu fram um bæinn á Skarði, þá var sén för þeira; brugðu þeir bræðr þá skjótt við með húskarla sína, ok riðu eftir þeim. Enn er þeir Atli sá ferð þeira, bað hann þá taka ofan klyfjarnar af hestunum — „ok munu þeir vilja bjóða mér bætr fyrir húska-
 karl minn, er Gunnarr drap í fyrra sumar; orkum eigi á fyrri, enn verjum hendr várar, ef þeir vekja fyrri við oss“. Nú kvámu hinir fyrri at, ok hlaupa af baki. Atli fagnar þeim, ok spurði at tíðendum — „eða viltu bæta mér nökkuru, Gunnarr, fyrir húska-
 karl minn?“ Gunnarr svarar: „Annars væri þér verðir, Bjargsmenn, enn at ek bæti þat góðu; væri ok meiri bóta vert fyrir víg Þorbjarnar, er Grettir vá“. „Eigi á ek því at svara“, sagði Atli, „enda ertu eigi aðili þess máls“. Gunnarr kvað nú fyrir þat ganga mundu — „ok göngum at þeim, ok neytum þess nú, at Grettir er nú eigi nærri.“ Þeir hlupu at Atla, ok váru átta saman, enn þeir Atli sex saman. Atli gekk fram fyrir sína menn, ok brá sverðinu Jökulsnaut, er Grettir hafði gefit honum. Þá mælti Þorgeirr: „Margt er likt með þeim er góðir þykkjast, ofarlega bar Grettir saxit í fyrra sumar á Hrutafjarðar-

hálsi“. Atli svarar: „Hann mun ok vanari við stórvirkin enn ek“. Síðan börðust þeir. Gunnarr sótti at Atla með ákefð, ok var hinn óðasti; ok er þeir höfðu barizt um stund, mælti Atli: „Engi frami er í því, at vit drepum verkmennt hvárir fyrir öðrum, ok er þat næst, at vit sjálfir leikumst við, því at ek hefi aldri með vápnum vegit fyrr enn nú“. Gunnarr vildi þat eigi. Atli bað húskarla sína at geyma at lestinni — „enn ek mun sjá, hvat þeir gera at“. Gekk hann þá svá hart fram, at þeir Gunnarr hrukku fyrir. Drap Atli þá tvá fylgdarmenn þeira bræðra. Eftir þat sneri hann á móti Gunnari, ok hjó til hans, svá at í sundr tók skjöldinn fyrir neðan mundriða um þvert, ok kom á fótinn fyrir neðan knéit; ok þegar hjó hann annat högg, svá þat varð at banasári. Nú er at segja frá Grími Þórhallssyni, at hann réðst á móti Þorgeiri, ok áttust þeir lengi við, því at hvárrtveggja þeira var hraustr maðr. Þorgeirr sá fall Gunnars bróður síns; vildi hann þá undan leita. Grímr hljóp eftir honum ok elti hann þar til, at Þorgeirr drap fæti ok fell áfram; þá hjó Grímr með öxi milli herða honum, svá stóð á kafi. Þá gáfu þeir grið fylgdarmönnum þeira þrimr, sem eftir váru. Eftir þat bundu þeir sár sín, ok hófu upp klyfjar á hestana, ok fóru síðan heim, ok lýstu vígum þessum. Sat Atli þá heima með fjöl-

menni um haustit. Þorbirni öxnamegin líkaði stórilla, ok gat þó ekki at gert, því at Atli var mjök vinsæll. Grímr var með honum um vetrinn, ok svá Gamli mágr hans. Þar var þá ok Glúmr Óspaksson, annarr mágr hans; hann bjó þá á Eyri í Bitru. Höfðu þeir setu-fjölmenni á Bjargi, ok var þar glaumr mikill um vetrinn.

44. Þorbjörn öxnamegin tók við eftirmáli um víg Þórissona; bjó hann málit til á hendr þeim Grími og Atla, enn þeir bjoggu til varna um atfarir ok frumhlaup til óhelgi þeim bræðrum. Váru málin lögð til Húnavatnsþings, ok fjölmentu mjök hvárirtveggja. Varð Atla gott til liðs, því at hann átti frændafla mikinn. Gengu þá at beggja vinir; töluðu um sættir, ok sögðu allir, at Atla væri vel um farit — „ótilleitinn, enn þú öruggur í einangri“. Þóttist Þorbjörn sjá, at eigi myndi annat virðingarvænna, enn taka sættinni. Skildi Atli þat til, at hann vildi hvártki hafa heraðssektir, né utanferðir. Váru þá teknir menn til gerðar, Þorvaldr Ásgeirsson fyrir hönd Atla, enn af Þorbjarnar hendi var Sölvi hinn þrúði; hann var son Ásbrands Þorbrandssonar, Haraldssonar hringis, er numit hafði Vatnsnes alt utan til Ambáttar-ár fyrir vestan, enn fyrir austan alt inn til Þverár, ok þar yfir um þvert til Bjargaóss, ok alt þeim megin Bjarga út til sjávar. Sölvi var

ofláti mikill, ok vitr maðr, ok því kjöri Þorbjörn hann til gerðar fyrir sína hönd. Ok eftir þat sögðu þeir upp gerðina, at þá Þórissonu skyldi bæta hálfum bótum, enn hálfar fellu niðr fyrir atför ok frumhlaup ok fjörráð við Atla. Vig húskarls Atla, þess er var drepinn á Hrútafjarðarhálsi, stóðst þat á endum, ok vig þeira tveggja, er fellu með Þórissonum. Grímr Þórhallsson skyldi láta heraðsvist sína, enn Atli vildi einn halda upp fébótum. Þessi gerð líkaði Atla vel, enu Þorbirni heldr illa, ok skildu þó sáttir at kalla, enn þó hraut þat upp fyrir honum Þorbirni, at eigi myndi fyrir enda um gert með þeim, ef svá færi, sem hann vildi. Atli reið heim af þinginu, ok þakkaði Þorvaldi vel fyrir liðveizlu sína. Grímr Þórhallsson réðst þá suðr í Borgarfjörð, ok bjó þá at Gilsbakka, ok var gildir bóndi.

45. Sá maðr var með Þorbirni öxnamegin, er Áli hét; hann var húskarl, ok heldr ógæfr ok vinnulitill. Þorbjörn bað hann starfa betr, ella kveðst hann mundu lemja hann. Áli kvaðst þess enga fýst hafa, ok var hinn kífnasti í móti. Þorbjörn þoldi honum eigi, ok rak hann niðr undir sik, ok fór með hann illa. Eftir þat fór Áli burt ór vistinni, ok fór norðr yfir háls til Miðfjarðar; létti eigi fyrr, enn hann kom til Bjargs. Atli var heima, ok spurði, hvert hann skyldi fara. Hann kvaðst leita sér

vistar. „Ertu eigi vinnumaðr Þorbjarnar?“ kvað Atli. „Eigi fór þat svá keypilega með okkr“, sagði Áli; „ek var þar eigi lengi, enn mér þótti ilt, meðan ek var, skildum vit svá, at mér þótti hann eigi vel syngja at kverkum mér, ok man ek þangat aldri fara til vistar, hvat sem annat verðr af mér; er þat ok satt, at mikill munr er, hvárum ykkar verðr betr til hjóna sinna; vilda ek gjarnan nú vinna hjá þér, ef þess væri kostr. Atli svarar: „Nóga hefi ek vinnumenn, þó at eigi seilumst ek í hendr Þorbirni til þeira manna, er hann hefir ráðit, enn mér þykkir enginn slægr til þín, ok far aftr til hans“. Áli mælti: „Þar kem ek eigi ónauðigr“. Nú dvaldist Áli þar um stund. Einn morgun fór hann til verks með þeim húskörlum Atla, ok vann svá, at hvaðanæfa váru á honum hendrnar. Lét Áli svá ganga fram á sumarit. Atli lagði ekki til hans, enn lét þó gefa honum mat, því at honum líkaði starfinn vel. Þorbjörn fréttir nú, at Áli er á Bjargi. Hann reid þá til Bjargs við þriðja mann, ok kallaði Atla til tals við sik. Atli gekk út, ok heilsaði þeim. Þorbjörn mælti: „Enn viltu endrnýja við mik, Atli, um mótgang ok áleitni; eða hví hefir þú tekit vinnumann minn? ok er slíkt óskilslega gert“. Atli svarar: „Eigi er mér þat sýnt, at hann sé þinn vinnumaðr, enn eigi vil ek á honum halda, ef þú sýnir skilríki

til, at hann sé þitt hjón, enn eigi nenni ek at draga hann ór húsum út“. Þú munt ráða at sinni“, sagði Þorbjörn; „enn kref ek mannsins, ok fyrirbýð ek vinnu hans, enn koma mun ek annat sinn, ok er eigi víst, at vit skiljumst þá betri vinir enn nú“. Atli svarar: „Heima mun ek bíða, ok taka við því, sem at höndum kemr“. Síðan reið Þorbjörn heim. Enn er verkamenn kvámu heim um kveldit, segir Atli þá viðrtal þeira Þorbjarnar, ok bað Ála fara leið sína, ok sagðist eigi vildu dvelja vist hans. Áli svarar: „Satt er hit fornkveðna: 'ofleyfingjarnir bregðast mér mest'; ok ætlaði ek þat eigi, at þú myndir nú reka mik á burtu, þar sem ek hefi unnit hér til sprengs í sumar, ok vánat til þess, at þú myndir mér' nökkura forstöðu veita, enn þann veg farið þér, þó at þér látið allgóðvænlega; nú skal mik hér lemja fyrir augum þér, ef þú vilt mér enga forstöðu veita eða hjálp“. Atla gekst hugr við umtal hans, ok nenti nú eigi at reka hann á burtu frá sér. Leið nú þar til er menn tóku til sláttar. Þat var einn dag nökkuru fyrir miðsumar, at Þorbjörn öxnamegin reið til Bjargs; hann var svá búinn, at hann hafði hjálm á höfði, ok gyrðr við sverð ok spjót í hendi; þat var fjarðraspjót, ok breið mjök fjöðrin. Væta var úti um daginn. Atli hafði sent húskarla sína til sláttar, enn menn hans sumir váru norðr við Horn

til afla. Atli var heima, ok fáir menn aðrir. Þorbjörn kom þar nær hádegi um daginn; hann var einn á ferð, ok reið at útidyrum. Aftur var hurð; engir menn úti. Þorbjörn drap á dyrr, ok fór síðan á bak húsum, svá at mátti eigi sjá hann frá dyrunum. Heimamenn heyrðu at barit var, ok gekk út kona ein. Þorbjörn hafði svip af konunni, ok lét eigi sjá sik, því hann ætlaði annat at vinna. Hon kom í stofu. Atli spurði, hvat komit var. Hon kvaðst ekki hafa sét koma úti; ok er þau töluðu þetta, þá laust Þorbjörn mikit högg á dyrnar. Þá mælti Atli: „Mik vill sjá finna, ok mun hann eiga erendit við mik, hversu sem þarft er“. Gekk hann þá fram, ok út í dyrnar. Hann sá engan úti. Væta var úti mikil, ok því gekk hann eigi út, ok helt sinni hendi í hvárn dyrustafinn, ok litast svá um. Í því bili snaraði Þorbjörn fram fyrir dyrnar, ok lagði tveim höndum til Atla með spjótinu á honum miðjum, svá stóð í gegnum hann. Atli mælti við, er hann fekk lagit: „Þau tíðkast hin breiðu spjótin“, segir hann; síðan fell hann fram á þresköldinn. Þá kvámu fram konur, er í stofunni höfðu verit; þær sá, at Atli var dauðr. Þá var Þorbjörn á bak kominn, ok lýsti viginu á hendr sér, ok reið heim eftir þat. Ásdís húsfreyja sendir eftir mönnum, ok var búit um lík Atla, ok var hann jarðaðr hjá föðursinum; hann var

mjök harmdauði, því hann hafði verið bæði vitr ok vinsæll. Engi kvámu fram fégjöld fyrir víg Atla; enda beiddist engi bóta, því at Grettir átti eftirmálit, ef hann kæmi út. Stóðu þessi mál kyrr um sumarit. Varð Þorbjörn lítt þokk- aðr af þessu verki, ok sat þó um kyrt í búi sínu.

46. Þetta sumar, er nú var frá sagt, kom skip út fyrir þing á Gásum. Var þá sagt frá ferðum Grettis; þar með sögðu þeir um hús- brennuna. Við þessa sögu varð Þórir í Garði afar reiðr, ok þóttist hann þar at sonarhefnd- um sjá eiga sem Grettir var. Reið Þórir við fjölmenni mikit, ok reifði á þingi brennumálit, enn menn þóttust ekki kunna til at leggja, meðan engi var til svara. Þórir kveðst eigi annat vilja, enn at Grettir væri sekr gerr um alt landit fyrir slík óverk. Þá svarar Skafti lögsögumaðr: „Víst er þetta ilt verk, ef svá er, sem þetta er sagt; enn 'jafnan er hálsögð saga, ef einn segir', því at fleiri eru þess fúsari, at færa þangat, sem eigi berr betr, ef tvent er til; nú mun ek eigi leggja órskurð á, at Grettir sé sekr gerr um þetta at svá gervu“. Þórir var maðr heraðsríkr ok höfðingi mikill, enn vinsæll af mörgu stórmenni; gekk hann at svá fast, at engu kom við um sykn Grettis. Gerði Þórir Gretti þá seekan um alt landit, ok var honum síðan þyngstr allra sinna mótstöðumanna,

sem oft bar raun á; hann lagði þá þegar fé til höfuðs honum sem öðrum skógarmönnum, ok reið við þat heim. Margir mæltu, at þetta væri meir gert af kappi, enn eftir lögum, enn þó stóð svá búit. Varð nú tíðendalaust fram yfir miðsumar.

47. At áliðnu sumri kom Grettir Ásmundarson út í Hvítá í Borgarfirði; fóru menn til skips um heradit. Þessi tíðendi kómu öll seun til Grettis: þat fyrst, at faðir hans var andaðr, annat þat, at bróðir hans var veginn, þat þriðja, at hann var sekr gerr um alt landit. Þá kvað Grettir vísu þessa:

(30) Alt kom senn at svinuum
 sekt mín bragar tíni
 föður skal drengr af dauða
 drjúghljóðr ok svá bróður.
 Þó skal margr í morgin,
 mótrunnr Hedins snótar,
 brjótr um slíkar sútir
 sverðs daprari verða.

Svá segja menn, at Grettir brygði engan veg skapi við þessar fréttir, ok var jafnglaðr sem áðr. Nú sat Grettir við skip um hrið, því at hann fekk engan fararskjót, sem honum gatst at. Sveinn hét maðr, er bjó at Bakka, upp frá Þingnesi; hann var góðr bóndi ok kátr maðr, ok kvað oft, svá at gaman var at. Hann átti merhryssi eitt, brúnt at lit, allra hrossa skjótast; þat kallaði Sveinn Söðulkollu. Grettir

fór eina nátt burt af Völlum, því at hann vildi eigi at kaupmenn yrði varir við. Hann fekk sér kufl svartan, ok steypiti utan yfir klæði, ok duldist svá. Hann gekk upp hjá Þingnesi, ok svá upp til Bakka; var þá ljóst orðit. Hann sá brúnt hross við túnit, ok fór til ok lagði við beizl, steig á bak ok reið upp með Hvítá, ok fyrir neðan Bæ, ok svá til Flókadalsár ok svá upp á götur fyrir ofan Kálfanes. Vinnumeun á Bakka stóðu upp í þann tíma, ok sögðu til bónda, at maðrinn var á bak kominn. Hann stóð upp ok brosti at, ok kvað þetta:

(31) Heðan reið á brott beiðir
 barðells næri garði;
 þjófr lét hönd um hrífa,
 hjalmpollr, Söðulkollu.
 Sá man Freyr at fleirum
 fullsterkr svaðilverkum
 Þundar skýss enn þessu;
 þat hellr, hann man bellinn.

Síðan tók hann hest sinn, ok reið eftir. Grettir reið þar til, er hann kom upp fyrir bæinn á Kroppi; þar fann hann mann, er nefndist Halli ok kvaðst fara skyldu ofan til skips á Völlu. Grettir kvað vísu:

(32) Segðu í breiðar bygðir
 bráðlyndr, at þú fyndir
 uppi alt hjá Kroppi,
 almpollr, Söðulkollu.
 Þar var staddr á stеду

— strjúk allmikinn, Halli, —
 drengr sá's drýgir löngum
 dufl í svörtum kufli.

Ok nú skilja þeir, ok fór Halli ofan eftir götum, ok alt ofan at Kálfanesi, áðr Sveinn kom á móti honum. Þeir kvöddust skjótt. Þá kvað Sveinn:

(33) Sáttu, reið enn reitni
 — raun 's oss mikil — hrossi
 slyttimákr — at sliku —
 slægr frá næstu bæjum?
 Heraðsmenn skulu hvíani
 hefning fyr þat nefna;
 bera skal bók at hváru
 blán, ef náik hánnum.

„Máttu þat af því,“ kvað Halli, „ek fann þann mann, er ríða kvaðst Söðulkollu, ok bað mik þat segja ofan í bygðina ok heraðit; var sá mikill vexti, ok var í svörtum kufli“. „Eiga þykkist hann nökkut undir sér“, kvað bóndi, „ok skal ek vita, hvern hann er“, ok reið síðan eftir honum. Grettir kom í Deildartungu. Var þar úti kona; Grettir fann hana at máli, ok kvað vísu:

(34) Færðu hafloga hirði
 — hér ferr braut gripr lautar —
 allvelborin vella
 vígdís, gamanvísu.
 Ek vilda svá jöldu
 Yggs líðgjafi ríða

æst at ek man gista,
orðrakk, at Gilsbakka.

Konan nam vísuna. Hann reið eftir þat leið sína. Sveinn kom þar litlu síðar, ok var hon eigi inn gengin, ok þegar hann kom, kvað hann þetta:

- (35) Hverr reið hótí fyrri
heðan í róstuveðri
hart á hrossi svörtu
hjörgráðsboði áðan?
Hann man heldr at sönnu
hundeygr í dag undan
djarfr ok dáðum horfinn
drengr sá rekask lengi.

Hon sagði þá slíkt sem henni var kent. Hann hugsaði vísuna ok mælti: „Eigi er ólíklegt, at þessi maðr sé eigi mín leika, enn þó skal ek finna hann“. Reið hann nú eftir með bygðinni; sá jafnan hvárr annars ferð. Veðr var bæði hvast ok vátt. Grettir kom á Gilsbakka um daginn; ok er Grímr Þórhallsson vissi þat, fagnaði hann honum harðla vel, og bauð honum með sér at vera. Hann þektist þat; hann lét lausa Söðulkollu, ok sagði Grími, hversu hon var til komin. Þá kom Sveinn ok steig af baki, ok sá þar hross sitt; hann kvað þetta:

- (36) Hverr reið hryssu várri?
Hver verðr raun á launum?
Hverr sá hvinnit stærra?
Hvat man kufbúinn dufla?

Grettir var þá farinn af vásklæðum sínum, ok heyrði stökuna:

(37) Heim reið ek hryssu at Grími
 — hann er gildir hjá kotmanni —,
 þat man ek launa lítlu;
 láttu okkr vera sátta.

„Svá skal jafnt vera“, sagði bóndi, „ok er fulllaunuð hrossreiðin“. Eftir þat kvað hvárr sínar vísur, ok kvaðst Grettir eigi mundu at finna við þat, er hann átti eftir sínu at sjá. Var bóndi þar um náttina, ok þeir báðir, ok gerðu at þessu gaman mikit. Þetta kölluðu þeir Söðulkolluvísur. Um morguninn reið bóndi heim, ok skildust þeir Grettir vel. Grímr sagði Gretti marga hluti norðan ór Miðfirði, þá sem gerzt höfðu meðan hann var utan, og þat, at Atli var engu bættr, enn uppgangr Þorbjarnar öxnamegins var svá mikill, at væri óvíst, at Ásdís húsfreyja gæti setið á Bjargi, ef svá stæði. Nú dvaldist Grettir fáar nætur með Grími, því at hann vildi, at engi frétt færi fyrir honum norðr um heiðar. Grímr bað hann vitja sín, ef hann þyrfti ásjár við, — „enn forðast man ek lög, at verða sekr um bjargir við þik“. Grettir kvað honum vel fara — „enn þat er líkara, at síðar muna ek meir við þurfa“. Reið Grettir nú norðr Tvidæguru, og svá til Bjargs, ok kom þar á náttarþeli; var fólk alt í svefni, utan módir hans. Hann gekk á bak húsum, ok þær

dyrr, er þar váru, því at honum váru þar kunnig göng, ok svá til skála, ok at rekkju móður sinnar, ok þreifaðist fyrst fyrir. Hon spurði, hvern þar væri. Grettir sagði til sín. Hon settist þá upp, ok hvarf til hans, ok blés við mæðilega, ok mælti: „Ver velkominn, frændi“, sagði hon, „enn svipul verðr mér sona- eignin; er sá nú drepinn, er mér var þarfastr. enn þú útlægr gerr ok óbótamaðr, enn hinn þriðji er svá ungr, at ekki má at hafast“. „Þat er fornt mál“, sagði Grettir, „at svá skal böl bæta, at biða annat meira‘; enn fleira er mönnum til huggunar, enn fébætr einar, ok er þat likast, at hefnt verði Atla, enn þat er til mín kemr, þá munu þar ýmsir sínum hlut fegnir, er vér eigumst við“. Hon kvað þat eigi ólíklegt. Var Grettir þar nú um hrið á fárra manna vitorði, ok fréttist fyrir um atferli heraðsmanna. Höfðu menn eigi spurt til þess, at Grettir væri kominn til Miðfjarðar. Hann spurði, at Þorbjörn öxarmegin var heima, ok var fáment hjá honum; þetta var eftir túnannir.

48. Einn veðrdag góðan reið Grettir vestr yfir hálsa til Þóroddsstaða; hann kom þar nærri hádegi, ok drap á dyrr. Konur gengu út, ok heilsuðu honum; þær kendu hann eigi. Hann spurði at Þorbirni. Þær sögðu hann farinn á engjar at binda hey, ok með honum son hans sextán vetra gamlan, er Arnórr hét. Þor-

björn var starfsmaðr mikill, ok var nær aldri iðjulauss; ok er Grettir hafði þetta spurt, bað hann þær vel lifa, ok reið á burt, ok fram á veginn til Reykja. Þar gengr ein mýrr ofan ór hálsinum, ok var þar á slátta mikil, ok hafði Þorbjörn látit slá þar mikit hey, ok var þá fullþurt; ætlaði hann þat heim at binda, ok sveinninn með honum, enn kona tók rökin. Grettir reið nú neðan á teiginn, enn þeir feðgarnir váru ofar, ok höfðu bundið eina klyf, enn váru þá at annarri. Þorbjörn hafði sett skjöld sinn ok sverð við klyfina, enn sveinninn hafði handöxi hjá sér. Þorbjörn sá manninn, ok mælti við sveininn: „Maðr ríðr þar at okkr, ok skulu vit hætta at binda heyit, og vita hvat hann vill“; ok svá gerðu þeir. Grettir steig af baki; hann hafði hjálm á höfði, ok gyrðr saxinu, ok spjót mikit í hendi, ok engir krókarnir á, ok var silfrrekinn falrinn á; hann settist niðr, ok drap ór geirnaglann, því at hann vildi eigi, at Þorbjörn mætti aftr senda. Þá mælti Þorbjörn: „Þetta er mikill maðr, ok eigi kann ek mann á velli at sjá, ef þat er eigi Grettir Ásmundarson, ok man hann þykkjast eiga ærnar sakir við oss, ok verðum við rösklega, ok látum engan bilbug á okkr sjá; skulu vit fara at með ráðum, ok mun ek ganga at honum framan, ok sjá, hversu til tekst með okkr, því at ek treysti mér við hvern mann, ef ek á ein-

um at mæta, enn þú gakk á bak honum, ok högg tveim höndum í milli herða honum með öxinni; þarftu eigi at varast, at hann geri þér mein, síðan er hann snýr baki at þér“. Engan hafði Þorbjörn hjálm, ok hvárrgi þeira. Grettir gekk á mýrina, ok þegar hann kemr í skotmál við þá, skaut hann spjóti at Þorbirni, enn þat var lausara á skaftinu, enn hann ætlaði, ok geigaði á fluginu, ok hljóp af skaftinu ok niðr í jörðina. Þorbjörn tók skjöldinn ok setti fyrir sik, enn brá sverðinu, ok sneri á móti Gretti, er hann kendi hann. Grettir brá þá saxinu, ok sveipaði því til nökkut, svá at hann sá, hvar piltrinn stóð á baki honum, ok því hafði hann sik lausan við; er hann sá, at piltrinn var kominn í höggfæri við sik, þá reiddi hann hátt saxit; laust hann bakkanum saxins í höfuð Arnóri svá hart, at haussinn brotnaði, ok var þat hans bani. Þá hljóp Þorbjörn mót Gretti, ok hjó til hans, enn hann brá við buklara hinni vinstri hendi, ok bar af sér, enn hann hjó fram saxinu, ok klauf skjöldinn af Þorbirni, ok kom saxit í höfuðit honum svá hart, at í heilanum stóð, ok fell hann af þessu höggi dauðr niðr. Eigi veitti Grettir Þorbirni fleiri áverka. Leitaði hann þá at spjóti sínu ok fann eigi. Gekk hann þá til hests síns, ok reið út til Reykja, ok lýsti þar vígunum. Kona sú, er var á engiteignum, sá á vigin; hljóp hon

þá heim felmtsfull, ok sagði, at Þorbjörn var veginn, ok þeir feðgar báðir. Þetta kom mjök á þá óvara, er heima váru, því at engi vissi um ferðir Grettis. Var þá sent eftir mönnum á næstu bæi; kom þar brátt margt manna; færðu líkin til kirkju. Þóroddr drápuþúfr tók við eftirmáli um vígin, ok hafði hann þegar flokk uppi. Grettir reið heim til Bjargs, ok fann móður sína, ok sagði þenna atburð. Hon varð glöð við þetta, ok kvað hann nú hafa líkzt í ætt Vatnsdæla — „enn þó mun þetta upphaf ok undirrót sekta þinna; veit ek þat víst, at þú mátt eigi hér langvistum vera sakir frænda Þorbjarnar, enn þó mega þeir nú vita, at þér kann nökkut at þykkja“. Grettir kvað þá vísu:

(39) Varð í veðrafirði
 vápnsóttir í byr Þróttar
 — æst fór Arfs ok Gneista
 afl — fangvinur Hafða.
 Nú's ósjötlat Atla
 andrán þat's vas hánum
 — dauðr hné — fyrr — á fríðri
 fold — maklega goldit.

Ásdís húsfreyja kvað satt vera — „enn eigi veit ek, hvat er þú ætlar nú til ráða at taka“. Grettir kvaðst nú mundu leita til vina sinna ok frænda vestr til sveita, enn engi vandræði skal þér af mér leiða“, sagði hann. Bjóst hann þá til ferðar, ok skildu þau mæðgin með kær-

leikum. Fór hann fyrst til Mela í Hrútafjörð, ok sagði Gamla mági sínum alt þat, sem til hafði borit um vígit Þorbjarnar. Gamli bað, at hann skyldi flýta sér ór Hrútafirði, meðan þeir halda flokkinum, frændr Þorbjarnar — „enn veita skulu vér þér at eftirmáli um víg Atla, slíkt er vér megum“. Eftir þat reið Grettir vestr yfir Laxárdalsheiði, ok létti eigi fyrr, enn hann kom í Ljárskóga til Þorsteins Kuggasonur ok dvaldist þar lengi um haustit.

49. Þóroddr drápustúfr fréttist fyrir, hverr at vegit myndi hafa Þorbjörn, ok þá feðga, ok er þeir kvámu til Reykja, var þeim sagt, at Grettir hefði þar komit, ok lýst vígunum á hendr sér. Þóroddr þóttist nú sjá, hversu farit hafði; fór hann þá til Bjargs, ok var þar margt manna fyrir, ok spurði hvárt Grettir væri þar. Húsfreyja sagði hann hefði á burt riðit, ok hon færði hann eigi í fylgsni — „ef hann væri hér; munu þér nú vel við una, at svá búið standi; var eigi ofhefnt fyrir víg Atla, þó at þetta kæmi fyrir; spurðu þér eigi at, þótt ek hefða skapraun af því; er nú ok vel, þó svá standi“. Riðu þeir þá heim, ok þótti eigi hægt til atgerða. Spjótit þat, sem Grettir hafði týnt, fanst eigi fyrr enn í þeira manna minnum, er nú lifa; þat spjót fanst á ofanverðum dögum Sturlu lögmans Þórðarsonar, ok í þeiri mýri, er Þorbjörn fell, ok heitir þar nú

Spjótsmýrr, ok hafa menn þat til merkja, at Þorbjörn hafi þar drepinn verit, þótt í sumum stöðum segi, at hann hafi á Miðfitjum drepinn verit. Þeir frændr spyrja, at Grettir var í Ljárskógum; söfnuðu þeir þá mönnum saman, ok ætluðu til Ljárskóga. Enn er Gamli varð þess varr frá Melum, gerði hann þeim Þorsteini ok Gretti vissu um ferðir Hrútfirðinga; ok er Þorsteinn varð þess varr, sendi hann Gretti inn í Tungu til Snorra goða, því at þá var málfriðr með þeim, ok lagði Þorsteinn þat til ráðs með Gretti, at hann beiddi Snorra ásjá, enn ef hann yrði eigi við, bað hann Gretti fara vestr á Reykjahóla til Þorgils Arasonar — „ok mun hann við þér taka í vetr; hafst við í Vestfjörðum þar til sem sjötlast þessi málaferli“. Grettir kvaðst hans ráðum hlíta mundu. Reið hann þá inn í Tungu, ok fann Snorra goða at máli, ok beiddi hann viðtöku. Snorri svarar: „Ek gerumst nú gamall maðr, ok nenni ek nú eigi at halda seka menn, ef mik rekr engi nauðsyn til; eða hvatbar nú til, er öldungrinn vísaði þér nú frá sér?“ Grettir kvað Þorstein oft hafa vel til sín gert — „enn fleiri mun nú við þurfa, enn hans eins, ef duga skal“. Snorri mælti: „Til mun ek leggja orð mín, ef þér mætti lið at verða, enn annarsstaðar skaltu til leita um vistarferli þín, enn hjá mér“. Skildu þeir at svá mæltu. Sneri Grettir

þá vestr til Reykjaness. Hrútfirðingar kvámuust með flokk sinn á Sámsstaði; þá fréttu þeir, at Grettir var burt ór Ljárskógum, ok hurfu þar aftr.

50. Grettir kom á Reykjahóla nær vetrnáttum, ok beiddi Þorgils vetrarvistar. Þorgils sagði, at honum væri til reiðu matr, sem öðrum frjálsum mönnum — „enn eigi er hér vönd vistargerð“. Grettir kvaðst eigi um þat vanda. „Er hér enn annarrhlutr til vandhæfa“, sagði Þorgils; „þeir menn ætla hér til vistar, er nökkut þykkja vanstiltir, sem eru þeir fóstbræðr Þorgeirr ok Þormóðr; veit ek eigi, hversu yðr hentar saman at vera, enn þeira vist skal hér jafnan vera, er þeir vilja; nú máttu vera hér, ef þú vilt, enn engum yðar skal duga at eiga ilt við annan“. Grettirsagði, athann myndi á engan mann leita fyrri, ok einkanlega ef bóndi vildi svá. Litlu síðar kvámu þeir fóstbræðr heim. Eigi fell blitt á með þeim Þorgeiri ok Gretti, enn Þormóðr lét sér vel fara. Þorgils bóndi sagði þeim fóstbræðrum alt slíkt, sem hann sagði Gretti; enn þeir gerðu svá mikil metorð hans, at hvárigir lögðu öðrum öfugt orð, enn þó fóru eigi þykkjur þeira saman. Leið nú svá öndverðr vetrinn af. Þat segja menn, at Þorgils bóndi átti eyjar þær, sem Ólafseyjar heita; þær liggja út á firðinum, hálfa

aðra viku undan Reykjanesi; þar átti Þorgils bóndi uxu góðan, ok hafði eigi sóttr orðit um haustit; talaði Þorgils um jafnan, at hann vildi ná honum fyrir jólin. Þat var einn dag, at þeir fóstbræðr bjoggust til at sækja uxann, ef þeim fengist hinn þriði maðrinn til liðs. Grettir bauð at fara með þeim, enn þeir létu vel yfir því; fara síðan þrír á teinæringi. Veðr var kalt ok lék á norðan. Skipit stóð í Hvalshaussbólmi. Sigldu þeir út, ok græddist heldr vindrinn; kvámu við eyjarnar, ok tóku uxann. Þá spurði Grettir, hvárt þeir vildi heldr leggja út uxann, eða halda skipinu, því at brim mikit var við eyna. Þeir báðu hann halda skipinu. Hann stóð við mitt skipit á þat borð, er frá landi horfði; tók honum sjárinn undir herðablöðin, ok helt svá, at hvergi sveif. Þorgeirr tók upp uxann aftan, enn Þormóðr framan, ok hófu svá út í skipit; settust síðan til róðrar, ok reru Þormóðr í hálsi, enn Þorgeirr í fyrirrúmi, enn Grettir í skut, ok heldu inn í flóann. Ok er þeir kvámu inn fyrir Hafraklett, þá styrmdi at þeim; þá mælti Þorgeirr: „Frýr nú skutrinn skriðar“. Grettir svarar: „Eigi skal skutrinn eftir liggja, ef allvel er róit fram í“. Þorgeirr fell þá svá fast á árar, at af gengu báðir háirnir. Þá mælti hann: „Legg þú til, Grettir, meðan ek bæti at hánum. Grettir dró þá fast árarinnar, meðan

Þorgeirr bætti at hánum; enn er Þorgeirr tók at róa, höfðu svá lúizt árarnar, at Grettir hristi þær í sundr á borðinu. Þormóðr kvað betra at róa minna, ok brjóta ekki. Grettir þreif erði tvau, er lágu í skipinu, ok rak borur stórar á borðstokkunum, ok reri svá sterklega, at brakaði í hverju tré; enn með því at skip var gott, enn menn heldr í röskvara lagi, þá náðu þeir Hvalshausshólm. Grettir spyr, hvárt þeir vildi heldr fara heim með uxann, eða setja upp skipit. Þeir kjöru heldr at setja upp skipit, ok settu þeir upp með öllum sjánum, þeim sem í var, ok jöklinum, enn þat var mjök sýlt, enn Grettir leiddi uxann, ok var hann mjök stirðr í böndunum, enn allfeitr; varð honum mjök mætt; enn þá er hann kom neðan hjá Titlingsstöðum, þraut uxann gönguna. Þeir fóstbræðr gengu til húss, því at hvarigir vildu veita öðrum at sínu hlutverki. Þorgils spyr at Gretti, enn þeir sögðu, hvar þeir höfðu skilit. Hann sendi þá menn á móti honum, ok er þeir kvámu ofan undir Hellishóla, sá þeir hvar maðr fór í móti þeim, ok hafði naut á baki, ok var þar kominn Grettir, ok bar þá uxann. Undrudust þá allir, hversu mikit hann gat orkat. Lék Þorgeiri næsta öfund á um afl Grettis. Þat var einn dag nökkut eftir jól, at Grettir fór í laug einn saman. Þorgeirr vissi þat, ok mælti við Þormóð: „Förum vit til, ok vitum,

hversu Gretti bregðr við, ef ek ræð á hann, þá er hann ferr frá lauginni“. „Eigi er mér um þat“, sagði Þormóðr, „ok muntu ekki gott fá af honum“. „Fara vil ek þó“, sagði Þorgeirr. Snýr hann nú ofan á brekkuna, ok bar hátt öxina. Grettir gekk þá neðan frá lauginni, ok er þeir fundust, mælti Þorgeirr: „Er þat satt, Grettir“, sagði hann „at þú hafir þat mælt, at þú skyldir aldri renna fyrir einum?“ „Eigi veit ek þat svá víst“, sagði Grettir, „enn skamt hefi ek fyrir þér runnit“, kvað Grettir. Þorgeirr reiddi þá upp öxina. Í því hljóp Grettir undir Þorgeir, ok færði hann niðr allmikit fall. Þorgeirr mælti þá til Þormóðar: „Skaltu standa hjá, er fjándi sá drepr mik undir sik?“ Þormóðr þreif þá í fætr Grettis, ok ætlaði at draga hann ofan af Þorgeiri, ok fekk ekki at gert. Hann var gyrðr saxi, og ætlaði að bregða; þá kom Þorgils bóndi at, ok bað þá vera spaka ok fást eigi við Gretti. Þeir gerðu svá, ok sneru þessu í gaman. Eigi áttust þeir fleira við, svá at getit sé. Þótti mönnum Þorgils mikla gæfu til hafa borit, at stilla slíka ofstopamenn; enn er vára tók, fóru þeir á burt allir. Grettir fór inn til Þorskafjarðar; var hann spurðr at, hversu honum hefði líkat vistargerðin eða vetrvistin á Reykjahólum. Hann svarar: „Þar hefi ek svá verit, at ek hefi jafnan minum mat

orðit fegnastr, þá er ek náða honum“. Fór hann síðan vestr yfir heiðar.

51. Þorgils Arason reið til þings með fjölmenni. Kom þar alt stórmenni um landit. Brátt fundust þeir Skafti lögmaðr, ok tóku tal með sér; þá mælti Skafti: „Er þat satt, Þorgils, at þú hafir haldit þá þrjá menn í vetr, er mestir ójafnaðarmenn þykkja vera, og þó allir sekir, ok stilt þá svá, at engi hefir öðrum mein gert?“ Þorgils segir, at þat var satt. Skafti mælti: „Mikill höfðingsskapr er slíkt, eða hversu þykkir [þér] hverr þeira skapifarinn? eða hverr hreystimaðr hverr þeira mun vera? Þorgils sagði: „Alla ætla ek þá fullröskva til hugar; enn þeir eru tveir, at ek ætla hræðast kunna; er þat þó ólíkt, því at Þormóðr er maðr guðhræddr ok trúmaðr mikill, enn Grettir er svá myrkfælinn, at hann þorir hvergi at fara, þegar at myrkva tekr, ef hann gerði eftir skapi sínu; enn Þorgeir frænda minn hygg ek eigi hræðast kunna“. „Svá mun hverr skapi farinn, sem þú segir“, segir Skafti; skildu þeir svá talit. Á þessu alþingi kærði Þóroddr drápustúfr um víg Þorbjarnar öxnamegins, því at hann hafði eigi fram komit á Húnavatnsþingi fyrir frændum Atla; hugði hann, at hér myndi hans mál síðr fyrir borð borit. Þeir frændr Atla sóttu Skafta at málinu, enn hann kvaðst sjá lögvörn í því, svá at þar myndi fullar fábætr

fyrir koma. Síðan váru málin í gerð lagin, ok var þat flestra ætlan, at vígin myndi á standast Atla ok Þorbjarnar; enn er Skafti vissi þat, gekk hann til gerðarmanna, ok spurði, hvaðan þeir tóku þat. Þeir kölluðu þá jafna bændr, er vegnir váru. Skafti spyrr: „Hvært var fyrr Grettir sekr gerr, eða Atli var veginn?“ Enn er þat var reiknat, þá varð þat vikumunr, er Grettir var sekr gerr á alþingi, enn hitt varð þegar eftir þingit. Skafti mælti: „Þat grunaði mik, at yðr myndi yfir sjást um málatilbúnaðinn, at þér helduð þann aðila, er sekr var áðr, ok hvárki mátti sín mál verja né sækja. Nú segi ek Gretti ekki eiga at gera með vígsmálinu, ok taki eftirmál sá, sem næstr er at lögum“. Þá mælti Þóroddr drápuþúfr: „Hverr skal þá svara víginu Þorbjarnar bróður míns?“ „Sjái þér sjálfir fyrir því“, segir Skafti; „enn eigi munu frændr Grettis ausa fé fyrir hann eða verk hans, ef honum kaupist engi friðr“. Ok er þess varð varr Þorvaldr Ásgeirsson, at Grettir var af sagðr eftirmálinu, leituðu þeir þá eftir, hverir næstir váru; urðu þá skyldastir þeir Skeggi, son Gamla at Melum, ok Óspakr, son Glúms af Eyri ór Bitru; þeir váru báðir kappsmenn miklir ok framgjarnir. Varð Þóroddr nú at lúka bætr fyrir víg Atla; var þat tvenn hundruð silfrs. Þá lagði til Snorri goði: „Vili þér nú, Hrótfirðingar,“ sagði hann, „at niðr falli fégjald

þetta, ok verði Grettir sykn? því at ek ætla, at hann verði sárbeittr í sektinni“. Þeir frændr Grettis tóku vel undir þat, ok sögðust aldri hirða um fé, ef hann fengi frið ok frelsi. Þór-oddr kvaðst sjá, at hans hlutr varð erfiðr, ok lézt þenna mundu upp taka fyrir sína hönd. Snorri bað þá vita áðr, hvárt Þórir ór Garði vildi leyfi til leggja, at Grettir yrði sykn; enn er hann varð þess viss, brást hann reiðr við, ok kvað Gretti aldri skyldi ór sektum ganga eða komast, — „ok at firr, at hann verði sykn“, sagði hann, „at meira fé skyldi leggja til höfuðs honum, enn nökkurum öðrum skógarmönnum“. Enn er hann tók þetta svá þvert, varð ekki af sykninni. Tóku þeir Gamli féit til sín, ok varðveittu; enn Þóroddr drápustúfr fekk engar bætr eftir Þorbjörn bróður sinn. Lögðu þeir Þórir þá fé til höfuðs Gretti, þrjár merkr silfrs hvárr þeira; þat þótti mönnum nýlunda, því at aldri hafði verit meira lagt enn þrjár merkr. Snorri kvað þetta óvitrlégt, at bekkjast til at hafa þann mann í sektum, er svá miklu illu mætti orka, ok kvað þess margan gjalda mundu. Skildu menn við þat, ok riðu heim af þinginu.

52. Þá er Grettir kom yfir Þorskafjarðarheiði í Langadal, lét hann sópa greipr um eignir smábænda, ok hafði af hverjum þat, er hann vildi; tók hann af sumum vápni, enn sumum

klæði; lögðu þeir allmisjafnt af, enn allir sögðust nauðgir láta, þegar hann var á burtu. Þá bjó í Vatnsfirði Vermundr enn mjóvi, bróðir víga-Styrs; hann átti Þorbjörgu dóttur Óláfs pá Höskuldssonar; hon var kölluð Þorbjög en digra. Vermundr var þenna tíma til þings riðinn, er Grettir var í Langadal. Hann fór ofan yfir háls til Laugabóls; þar bjó sá maðr, er Helgi hét; hann var þar helzt fyrir bændum. Þaðan hafði Grettir góðan hest, er bóndi átti. Þaðan fór hann inn til Gervidals; þar bjó sá maðr, er Þorkell hét; hann var vel birgr at kosti, og þó lítilmenni; hafði Grettir þaðan slíkt sem hann vildi, ok þorði Þorkell eigi at at finna, eða á at halda. Þaðan fór Grettir til Eyrar, ok svá út þeim megin fjarðar, ok hafði af hverjum bæ vist ok klæði, ok gerði mörgum harðleikit, ok þótti flestum þungt undir at búa. Grettir fór nú djarflega, ok hafði engi varðhöld á sér; hann fór nú unz er hann kom í Vatnsfjarðardal, ok fór þar til sels; dvaldist hann þar margar nætr, ok lá þar í skógum ok svaf ok hugði eigi at sér. Enn er smalamenn vissu þat, fóru þeir til bæjar, ok sögðu, at sá dólgr væri kominn í bygdina, at þeim þótti eigi dæll viðfangs. Söfnuðust þá bændr saman, ok höfðu þrjá tigu manna; leyndust þeir í skóginum, svá at Grettir vissi ekki til, ok létu smalamann halda njósnum til, nær færi gæfi á Gretti, enn

þó vissu þeir ógerla, hverr maðrinn var. Nú bar svá til einn dag, þá er Grettir lá ok svaf, at bæendr kvámu at honum; ok er þeir sá hann, áttu þeir ráðagerð um, hversu þeir skyldi taka hann, svá at minst yrði manntjón í, ok skipuðu til, at tíu skyldi á hann hlaupa, enn sumir skyldi bera bönd at fótunum. Þeir gerðu nú svá, ok fleygðu sér ofan á hann, enn Grettir brá við svá hart, at þeir hrutu af honum; enn hann komst á kné, ok í því gátu þeir kastað böndum á hann ok fætr honum. Þá spyndi Grettir svá fast við eyrun á tveimr at þeir lágu í roti. Nú hljóp á hann hverr at öðrum, enn hann ruddist um fast ok lengi, enn þó gátu þeir hlaðit honum um síðir, ok bundu hann. Eftir þat áttu þeir um at tala, hversu við hann skyldi gera; báðu þeir Helga af Laugabóli taka við honum ok annast hann, þar til at Vermundr kæmi heim af þingi. Hann svarar, at „annat ætla ek mér þarfara, enn láta húskarla mína sitja yfir honum, því at ek á lönd erfð, ok kemr hann aldri í mína ferð“. Þá báðu þeir Þorkel í Gervidal við honum at taka; kváðu hann vera nógtamann. Þorkell mælti í móti, ok kvað engan kost á því, — „þar sem ek ligg einn í húsi ok kerling mín, enn hvar fjarri öðrum mönnum, ok komi þér eigi þeim kassa á mik“, sagði hann. „Þú Þórálfr á Eyri“, sögðu þeir, „tak við Gretti, ok

ger til hans vel um þingit; ella fær þú hann af þér til næsta bæjar ok ábyrgst, at hann verði eigi lauss; set hann svá bundinn niðr, sem nú tekr þú við honum“. Hann svarar: „Eigi vil ek við Gretti taka, því at ek hefi hvárki til föng né fé at halda hann; hefir hann ok eigi á minni jörðu tekinn verit; lízt mér heldr vandræði enn virðing við honum að taka, eða gera nökkut með honum, ok hann kemr aldri í mín hús inn“. Eftir þat leituðu þeir við hvern búanda, ok mæltu allir í móti, ok eftir þessu viðtali þeira hafa kátir menn sett fræði þat, er Grettisfærsla hét, ok aukit þar í kátlegum orðum til gamans mönnum. Enn er þeir höfðu þetta talat lengi, þá kom þat ásamt með þeim, at þeir myndi eigi gera happ sitt at óhappi, ok fóru til, ok reistu gálga þar þegar í skóginum, ok ætluðu að hengja Gretti, ok hlömmuðu nú mjök yfir þessu. Þá sá þeir riða sex menn neðan eftir dalnum; var einn í litklæðum. Þeir gátu, at þar myndi fara Þorbjörg húsfreyja ór Vatnsfirði, ok svá var; ætlaði hon til sels. Hon var skörungr mikill og stórvitr; hon hafði heraðsstjórn ok skipaði öllum málum, þegar Vermundr var eigi heima. Hon veik þangat at, sem mannfundrinn var, ok var hon af baki tekin. Bændr fögnuðu henni vel. Hon mælti þá: „Hvat þingi hafi þér? eða hverr er þessi hinn hálsdigri, er hér

sitr í böndum?“ Grettir nefndi sik ok heilsaði henni. Hon svarar: „Hvat rak þik til þess, Grettir“, sagði hon, „at þú vildir gera hér óspektir þingmönnum mínum?“ „Eigi má nú við öllu sjá; vera varð ek nökkursstaðar“. „Slíkt er mikit gæfuleysi“, segir hon, „at vesalmenni þessi skyldi taka þik, svá at ekki lagðist fyrir þik, eða hvat ætlið þér nú af honum at gera?“ Bændr sögðu henni, at þeir ætluðu at festa hann á gálga fyrir óspektir sínar. Hon svarar: „Vera má, at Grettir hafi sakir til þess, enn ofráð man þat verða yðr Ísfirðingum at taka Gretti af lífi, því at hann er maðr frægr ok stórættaðr, þó at hann sé eigi gæfumaðr; eða hvat viltu nú vinna til lífs þér, Grettir, ef ek gef þér líf?“ Hann svarar: „Hvat mælistir þú til?“ „Þú skalt vinna eið“, sagði hon, „at gera engar óspektir hér um Ísafjörð, engum skaltu hefna, þeim sem í atför hafa verit at taka þik“. Grettir kvað hana ráða skyldu. Síðan var hann leystur; ok þá kvaðst hann mest bundizt hafa at sínu skaplyndi, at hann sló þá eigi, er þeir hældust við hann. Þorbjörg bað hann fara heim með sér, ok fekk honum hest til reiðar. Fór hann þá heim í Vatnsfjörð, ok beið þar til þess, er Vermundr kom heim, ok gerði húsfreyja vel við hann. Varð hon af þessu mjök fræg víða um sveitir. Vermundr var ófrýnn, er hann kom heim, ok spurði, hví

Grettir væri þar. Þorbjörg sagði alt, sem farit hafði með þeim Ísfirðingum. „Hvers naut hann at því“, sagði Vermundr, „er þú gaft honum líf?“ „Margar greinir váru til þess“, sagði Þorbjörg; „þat fyrst“, segir hon, „at þá munt þykkja meiri höfðingi, enn áðr, er þú áttir þá konu, er slíkt þorði at gera; þá myndi þat ok ætla Hrefna frændkona hans, at ek mynda eigi láta drepa hann; þat hit þriðja, at hann er hinn mesti afreksmaðr í mörgum greinum“. „Vitr kona ertu“, sagði Vermundr, „í flestu, ok haf þökk fyrir“. Þá mælti hann til Grettis: „Lítit lagðist nú fyrir þik, þvílíkr garpr sem þú ert, er vesalmenni skyldi taka þik, ok ferr svo jafnan óeirðarmönnum“. Grettir kvað þá visu þessa:

(40) Mitt vas gilt
 gæfuleysi
 í marþaks
 miðjum firði,
 es gamlir
 grísir skyldi
 halda mér
 at höfuðbeinum.

„Hvat vildu þeir af þér gera“, kvað Vermundr „þá er þeir höfðu tekið þik?“ Grettir kvað:

(41) Sögðu mér
 þau's Sigarr veitti
 mægða laun
 margir hæfa,
 unz lofgróinn
 laufi sæmdar

reynirunn
rekkar fundu.

Vermundr mælti: „Hvárt mundu þeir hafa hengt þik, ef þeir einir hefði um vélt?“ Grettir kvað:

(42) Myndak sjalfr
í snöru egnda
helzti brátt
höfði stinga,
ef Þorbjörg
þessu skaldi
— hon es allsnotr —
eigi byrgi.

Vermundr mælti: „Hvárt bauð hon þér til sín?“
Grettir kvað:

(43) Mik bað hjalp
handa tveggja
Sifjar vers
með sér fara;
sú gaf þveng
Þundar beðju
góðan hest,
es mik gæddi friði.

„Mikil man verða æfi þín ok erfíð“, segir Vermundr, „ok er þér kent at varast óvini þína, enn eigi nenni ek at halda þik, ok hafa þar fyrir þykkju margra ríkra manna; er þér enn bezt að leita til frænda þinna, enn fáir munu verða til at taka þik, ef öðru megu við koma; ertu ok eigi auðkvæðr til fylgdar við flesta menn“. Grettir var í Vatnsfirði nökkura hríð, ok fór þaðan til Vestfjarða, ok leitaði til margra

göfugra manna, ok bar jafnan eitthvert við, þat er engi tók við honum.

53. Um haustit, er á leið, sneri Grettir aftr hið syðra, ok létti eigi fyrr, enn hann kom í Ljárskóga til Þorsteins Kuggasonar, frænda síns, ok var þar vel við honum tekit. Bauð Þorsteinn honum með sér at vera um vetrinn, ok þat þektist hann. Þorsteinn var iðjumaðr mikill ok smiðr, ok helt mönnum mjök til starfa. Grettir var litill verklundarmaðr, ok því fór lítt skap þeira saman. Þorsteinn hafði látit gera kirkju á bæ sínum. Hann lét gera brú heiman frá bænum; hon var ger með hagleik miklum, enn utan í brúnni undir ásunum, þeim er upp heldu brúnni, var gert með hringum, ok dynbjöllur, svá at heyrði yfir til Skarfsstaða, hálfu viku sjávar, ef gengit var um brúna, svá hristust hringarnir. Hafði Þorsteinn mikinn starfa fyrir þessarri smið, því at hann var járngerðarmaðr mikill. Grettir var atgangsmikill at drepa járnit, enn nenti misjafnt, enn þó var hann spakr um vetrinn, svá at ekki bar til frásagnar. Enn er Hrútfirðingar fréttu, at Grettir var með Þorsteini, höfðu þeir flokk uppi er vára tók. Enn er Þorsteinn frétti þat, sagði hann Gretti, at hann leitaði sér annars hælis, enn vera þar, — „því at ek sé, at þú vilt ekki starfa, enn mér henta eigi þeir menn, sem ekki vinna“. „Hvert vísar þú mér þá?“ sagði Grett-

ir. Þorsteinn bað hann fara suðr um land, ok finna frændr sína, — „enn vitja mín ef þeir duga eigi þér“. Grettir gerir nú svá, at hann fór suðr til Borgarfjarðar á fund Gríms Þórhallssonar, ok dvaldist þar fram yfir þing. Grímr vísaði honum til Skafta lögmanns á Hjalla. Grettir fór suðr hinar neðri heiðar, ok létti eigi fyrr, eun hann kom í Tungu til Þórhalls Ásgrímssonar, Elliða-Grímssonar, ok fór lítt með bygðum. Þórhallr kendist við Gretti sakir foreldra sinna, ok þá var Grettir nafnkunnr mjök um alt land af atgervi sinni. Þórhallr var vitr maðr, ok gerði vel til Grettis, enn eigi vildi hann vist hans þar á lengdar.

54. Grettir fór ór Tungu upp til Haukadals, ok þaðan norðr á Kjöl, ok hafðist þar við um sumarit lengi, ok var nú eigi traust, at hann tæki eigi af mönnum plögg síu, þeim sem fóru norðr eða norðan um Kjölinn, því at honum varð ilt til féfanga. Þat var einn dag, at Grettir var jafnan norðr á Dúfunesskeiði, at hann sá, at maðr reið norðan eftir Kilinum; sá var mikill á baki, ok hafði góðan hest, ok beizl háseymt, vel tornat. Annan hest hafði hann í taumi, ok á töskur. Þessi maðr hafði síðan hatt á höfði, ok sá óglögt í andlit honum. Gretti leizt vel á hestinn ok þing hans, ok fór til móts við hann, ok heilsaði honum, ok spurði hann at nafni, enn hann kvaðst Loftr heita; —

„veit ek, hvat þú heitir“, sagði hann, „þú munt vera Grettir hinn sterki Ásmundarson, eða hvert viltu fara?“ „Ekki hefi ek staðnefnt um þat“, sagði Grettir, „enn þat er erendi mitt, at vita ef þú vilt af leggja nökkurt plagg af því, sem þú ferr með“. Loftr svarar: „Hví mun ek fá þér þat, sem ek á? eða hvat viltu við gefa?“ Grettir svarar: „Hefir þú eigi spurt þat, at ek legg eigi fé í móti? ok sýnist þó þat flestum, at ek fái þat, sem ek vil“. Loftr mælti: „Bjód þú þeim þessa kosti, er þeir þykkja góðir, enn eigi vil ek svá láta þat er ek á, ok fari hvárir sinn veg“, ok reið fram hjá Gretti, ok keyrði hestinn. Grettir mælti: „Eigi munu vit svá skjótt skilja“, — ok þreif í taumana á hesti Lofts fyrir framan hendr honum, ok helt báðum höndum. Loftr mælti: „Far þú veg þinn, ekki fær þú af mér, ef ek get á haldit“. „Þat mun nú reynt verða“, segir Grettir. Loftr seildist niðr með kinnleðrunum, ok tók taumana milli hringanna og handa Grettis; heimtandi svá fast, at hendr Grettis hrukku niðr eftir taununum, þar til sem hann dró af honum alt beizlit. Grettir leit eftir í lófana, ok sá, at þessi maðr myndi hafa afl í krummum heldr enn eigi, ok leit eftir honum ok mælti: „Hvert ætlar þú nú at fara?“ Loftr svarar ok kvað:

í brunketil
 steypi niðr
 frá stófrerum;
 þar má hængur
 hitta grundar
 litinn stein
 ok land hnefa.

Grettir mælti: „Eigi er víst at leita eftir bygðum þínum, ef þú segir ei ljósara“. Hann mælti þá, ok kvað:

(45) Er-at mér dælt
 at dylja þik,
 ef þú vilt
 vitja þangat;
 þat 's ór bygð
 Borgfirðinga;
 Balljökul
 bragnar kalla.

Síðan skildu þeir. Sér Grettir þá, at hann hefir eigi afl við þessum manni. Þá kvað Grettir vísu:

(46) Mér stóð málma skúrar
 mundangshvatr ok Atli
 — staddr vilduk svá sjaldan —,
 snarr Illugi fjarri,
 þá 's ófælinn álar
 endr dró mér ór hendi
 — brúðr strýkr horsk, ef hræðumk,
 hvarma — Loftr enn armi.

Eftir þetta fór Grettir suðr af Kilinum, og reið til Hjalla, ok fann Skafta, og beiddi hann ásjár. Skafti svarar: „Þat er mér sagt, at þú farir

heldr óspaklega, ok grípir fyrir mönnum góðs sitt, ok samir þér þat illa, svá stórættuðum manni. Nú væri alt betra um at tala, ef þú ræntir eigi, enn með því at ek skal heita lögmaðr í landinu, þá stenzt mér eigi at taka við útleigðarmönnum, ok brjóta svá lögin. Ek vil at þú leitir þangat nøkkut, at þú þyrftir eigi at leggjast á fé manna“. Grettir kvaðst þat gjarna vildu, enn sagði þó, at hann þóttist varla einn saman vera mega fyrir myrkfælni. Skafti kvað hann eigi því einu mundu mega við hlíta, er honum þætti bezt, — „ok trú þú engum svá vel, at þér verði svá sem í Vestfjörðum; hefir þat mörgum at bana orðit, at hann hefir oftryggr verit“. Grettir þakkaði honum fyrir heilræði sín, ok sneri aftr til Borgarfjarðar um haustit, ok fann Grím Þórhallsson, vin sinn, ok sagði tillögur Skafta. Grímr bað hann fara norðr til Fiskivatna á Arnarvatnsheiði, ok svá gerði hann.

55. Grettir fór upp á Arnarvatnsheiði, ok gerði sér þar skála, sem enn sér merki, ok bjóst þar um, því at hann vildi nú hvetvetna annat enn ræna; fekk sér net ok bát ok veiddi fiska til matar sér. Honum þótti dauflegt mjök á fjallinu, því at hann var mjök myrkfælinn. Enn er þat fréttu aðrir skógarmenn, at Grettir var þar niðr kominn, þá var mörgum hugr á at finna hann, því at þeim þótti mikit traust

at honum. Grímr hét maðr norðlenzkr; hann var sekr. At þeim manni keyptu Norðlendingar, at hann skyldi drepa Gretti, ok hétu honum frelsi ok fégjöfum, ef hann kæmi því fram. Hann fór til móts við Gretti, ok beiddi hann viðtöku. Grettir svarar: „Eigi þykki mér, sem þér sé at hólpnara, þó at þú værir hjá mér; eru þér ok vandsénir, skógarmennirnir, enn ilt þætti mér einum at vera, ef annars væri kostur; vil ek ok, at sá einn sé hjá mér, at hann verðr at starfa slíkt, er til fellr“. Grímr kvaðst eigi til annars ætla, ok skoraði á hann fast um vistina. Lét Grettir þá teljast, ok tók við honum. Hann var þar nú fram á vetrinn, ok sat um Gretti, ok þótti eigi dælt at honum at ráða. Grettir grunaði hann, ok hafði vápn sín hjá sér nátt ok dag, ok þorði hann aldri at honum at ganga þá er hann vakti. Þat var einn morgin, er Grímr kom heim af veiði, at hann gekk inn í skálann, ok stappaði fótum, ok vildi vita, hvárt Grettir svæfi, enn hann brá sér hvergi við, ok lá kyrr. Saxit hekk uppi yfir Gretti. Hugsar Grímr nú, at eigi myndi gefast betra færi; gerir hann nú hark mikit, svá at Grettir skyldi orð um finnast, enn þat var eigi. Þóttist hann nú vita, at Grettir myndi sofnaðr, ok stilti at rekkjunni hljóðlega, ok seildist til saxins, ok tók ofan ok brá. Í því hljóp Grettir fram á gólfít, ok greip saxit í því,

er hinn reiddi, enn annarri hendi í herðar Grími, ok rak hann niðr svá mikit fall, at hann lá nær í óviti. „Gaftu svá, þó at þú létir góðvætlega“. Hafði hann af honum þá sannar sögur, og drap hann síðan. Enn nú þóttist Grettir sjá, hvat þat var at taka við skógarmönnum; ok leið svá vetrinn. At engu þótti Gretti meira mein enn myrkfælni.

56. Þórir í Garði spyr nú, hvar Grettir er niðr kominn, ok vildi setja til eitthvert ráð at hann yrði drepinn. Maðr hét Þórir rauðskeggr; hann var manna gildastr, ok vígamaðr mikill, ok fyrir þat var hann sekr gerr um alt landit. Þórir í Garði sendi honum orð; ok er þeir fundust, beiddi hann rauðskegg fara sendiferð sína, ok drepa Gretti hinn sterka. Rauðskeggr kvað þat eigi auðveldaverk; sagði at Grettir var vitr maðr, ok varr um sik. Þórir bað hann til ráða, — „ok er slíkt drengilegt, svá röskr maðr, sem þú ert, enn ek skal koma þér ór sekt, ok þar með gefa þér nógt fé“. Við þessu ráði tók Rauðskeggr. Sagði Þórir honum, hversu skyldi at fara, at vinna Gretti. Eftir þat fór Rauðskeggr fyrir austan land, því at honum þótti gruna mega síðr um ferðir sínar. Hann kom at Arnarvatnsheiði, þá er Grettir hafði verit þar einn vetr; enn er Grettir ok Rauðskeggr fundust, beiddi hann Gretti vetrstöku. Hann svarar: „Eigi kann ek at

láta fleiri svá oft leika at mér, sem sá, er hér kom í fyrra haust, ok lét all-skjallkænlega, enn þegar hann hafði hér verit litla hrið, sat hann um líf mitt. Nú mun ek eigi á þat hætta oftár, at taka við skógarmönnum“. Þórir svarar: „Full várkunn þykir mér þér á vera, þó at þú takir illa skógarmönnum, enn heyrt muntu mín hafa getit um vígaferli ok ója'nað, enn aldri um slíkt dáðleysi, at svikja lánardrottinn minn. Nú er því ilt illr at vera, at margr ætlar þar annan eftir vera; mynda ek ok eigi hafa hingat farit, ef ek ætta betra kosti, enn eigi þykkir mér vit upp gefnir ef vit veitumst at. Nú máttu hætta á við mik fyrst, hversu þér gezt at mér; lát mik þá fara á burt, ef þú finnr ódygð með mér“. Grettir svarar: „Hætta má ek enn á við þik, enn vit það fyrir víst, ef ek gruna um svik við þik, þá verðr þat þinn bani“. Þórir bað hann svá gera. Eftir þat tók Grettir við honum, ok fann hann þat, at hann myndi hafa tveggja manna megin, til hvers sem hann gekk. Var hann búinn til hvers sem Grettir vildi senda hann. Til einskis þurfti Grettir at víkjast, ok aldri hafði honum þótt æfi sín jafngóð, síðan hann kom í útlegð, enn þó var hann svá varr um sik, at aldri sá Þórir færi á honum. Þórir rauðskeggr var tvá vetr hjá Gretti á heiðinni. Tók honum nú at leiðast á heiðinni at vera; hugsar nú um, hvert ráð hann

skal gera, þat sem Grettir sæi eigi við. Eina nátt um várit kom á stormviðri mikit, er þeir váru í svefni. Grettir vaknaði, ok spurði, hvar bátur þeirra væri. Þórir spratt upp, ok hljóp til bátsins, ok braut hann allan í sundr, ok kastaði ýmsa vega brotunum, ok var því líkt, sem veðrit hefði fleygt. Eftir þat gekk hann inn í skálann, ok mælti hátt: „Eigi hefir nú vel til tekizt, vinr minn“, sagði hann, „at bátur okkarr er allr brotinn í sundr, enn netin liggja langt út í vatninu“. „Sæk þú þau þá“, sagði Grettir, „því at mér þykkir þér sjálfrátt verit hafa, er báturinn er brotinn“. Þórir svarar: „Þat er svá atgervi, at mér er minst hent, er sund er, enn flest annat þykkjumst ek reyna mega við hvern annan óbreyttan mann; máttu þat vita, at ek hefi eigi þér starf ætlat, síðan ek kom til þín; mynda ek eigi biðja þessa, ef ek væri til færri at gera“. Grettir stóð upp, ok tók vápn sín, ok gekk til vatnsins. Þar var svá við vaxit, at nes gekk fram í vatnit, enn vikr-hvarf mikit var öðrum megin nessins; vatnit var djúpt at landinu. Grettir mælti: „Legst út eftir netjunum, ok lát mik sjá, hversu færri maðr þú ert“. „Sagða ek þér áðan“, sagði Þórir, „at ek er eigi syndr, ok eigi veit ek, hvar nú er garpsskapr þinn ok áræði“. „Ná má ek netjum“, sagði Grettir, „enn svik þú mik eigi, er ek trúi þér“. Þórir svarar: „Ætla

þú mér eigi slíka svívirðing ok dádleysi“. Grettir mælti: „Þú munt sjálfr gefa þér raun, hverr þú ert“. Síðan kastaði hann klæðunum ok vápnunum, ok lagðist eftir netjunum; sveipar hann þeim saman, ok ferr at landi, ok kastar upp á bakkann; ok er hann ætlaði á land at ganga, þá greip Þórir saxit, ok brá skjótt; hann hljóp þá skjótt á móti Gretti, er hann sté upp á bakkann, ok hjó til hans. Grettir kastaði sér á bak aftr ofan í vatnit, ok sökk sem steinn. Þórir horfði út á vatnit, ok ætlaði at verja landit, ef hann kæmi upp. Kafaði Grettir nú sem næst bakkanum, svá at Þórir mátti eigi sjá hann, þar til sem hann kom í vikina at baki honum, ok gekk þar á land. Við þessu gat Þórir eigi sét; fann hann eigi fyrr, enn Grettir tók hann upp yfir höfuð sér, ok færði niðr svá hart, at saxit hraut ór hendi honum, ok fekk Grettir tekit þat, ok hafði eigi orða við hann, ok hjó þegar höfuð af honum, ok lauk svá hans æfi. Eftir þat vildi Grettir aldri við skógarmönnum taka, enn þó mátti hann varla einn saman vera.

57. Á alþingi frétti Þórir ór Gardi dráp Þóris rauðskeggs; þóttist hann nú sjá, at eigi var auðvelt við at eiga. Tók hann þá þat til ráðs, at hann reið vestr yfir heiðar enar neðri af þinginu, ok hafði nær átta tigu manna, ok ætluðu at fara at taka Gretti af lífi. Enn er

Grímr Þórhallason vissi þat, gerði hann Gretti orð, ok bað hann vera varan um sik. Grettir hugði jafnan at mannaferðum. Þat var einn dag, at hann sá margra manna reið, ok stefndu til byggða hans; hljóp hann þá í hamraskarð eitt ok vildi eigi renna, því hann sá eigi liðit alt. Í því kom Þórir at með alt liðit, ok bað þá nú ganga milli bols ok höfuðs á Gretti, ok kvað lítit mundu fyrir illmennit leggjast. Grettir svarar: „Eigi er sopit, þó at í ausuna sé komit“; „hafi þér ok langt til sótt, og munu nökkurir fá leiksmark, áðr enn vér skiljum“. Þórir eggjaði mjök menn til atsóknar. Hamraskarðit var mjótt, svá at hann gat vel varizt öðrum megin, enn þat undraðist hann, at aldri var at baki honum gengit, svá at honum yrði mein at því. Fellu þá menn af Þóri, enn sumir urðu sárir; enn þeir gátu ekki at gert. Þá mælti Þórir: „Þat hefi ek spurt“, sagði hann, „at Grettir væri afbragðsmaðr fyrir hreysti sakir ok hugar, enn þat vissa ek aldri, at hann væri svá fjölkunnigr, sem nú sé ek, því at þar falla hálfu fleiri, sem hann horfir bakinu við. Nú sé ek, at hér er við tröll at eiga, enn eigi vit menn“. Biðr hann þá frá hverfa, ok svá var gert. Grettir undraðist, hví svá mátti verða; enn þó var hann ákaflega móðr. Þórir sneri á burt ok hans menn, ok riðu norðr á sveitir; þótti mönnum þeira ferð en sneypilegasta.

Hafði Þórir látit átján menn, enn margir sárir. Grettir veik nú upp í skarðit ok fann þar mann mikinn vexti; hann sat upp við hamarinn, ok var sárr mjök. Grettir spurði hann at nafni, enn hann sagðist Hallmundr heita — „enn þat má ek segja þér til kenningar, at þér þótti ek fast taka í taumana á Kili um sumarit, er vit fundumst; þykkjumst ek nú þat hafa launat þér“. „Þat er víst“, sagði Grettir, „at mér þykkir þú hafa sýnt mér mikinn drengskap, hvenær sem ek get þat launat þér“. Hallmundr sagði: „Þat vil ek nú, at þú komir til heimkynna minna, því at þér mun langt þykkja hér á heiðinni“. Grettir kveðst þat gjarna vildu. Nú fóru þeir báðir samt suðr undir Balljökul; þar átti Hallmundr helli stóran, ok dóttur, gilda vexti ok skörulega. Þau gerðu vel við Gretti, ok græddi hon þá báða. Þar dvaldist Grettir lengi um sumarit; hann kvað flokk um Hallmund, ok er þetta þar í:

(47) Hátt stigr höllum fæti
Hallmundr í sal fjalla.

Þessi vísa er þar í:

(48) Varð í viðris firði
vígfús á benstiga
naðr í Virfils veðri
vápnhríðar fram skríða.
Kostr man köppum traustum
Keldhverfinga at erfa.

Olli hvatr ór helli
Hallmundr, es komsk undan.

Svá hafa þeir frá sagt, at Grettir dræpi sex menn á fundinum, enn Hallmundr tólf. Þá er á leið sumarit, fýsti Gretti aftr til bygða, at finna vini sína ok frændr. Hallmundr bað hann sín vitja, er hann færi suðr um land, ok hét Grettir því. Fór hann þá vestr til Borgarfjarðar, ok þaðan til Breiðafjarðardala, ok leitaði ráða við Þorstein Kuggason, hvert hann skyldi þá á leita, enn Þorsteini þótti nú fjölgast mótstöðumenn hans, ok kvað fá mundu við honum taka — „enn fara máttu suðr á Mýrar, ok vita, hvat þar býr fyrir“. Grettir fór nú suðr á Mýrar um haustit.

58. Þá bjó í Hólmi Björn Hítðælakappi; hann var Arngeirsson, Bersasonar goðlauss, Bálkasonar, er nam Hrútafjörð, sem fyrr segir. Björn var höfðingi mikill ok harðfengr, ok helt jafnan seka menn. Grettir kom í Hólm, ok tók Björn vel við honum, því at vinátta hafði verit með hinum fyrrum frændum þeira. Grettir spyrr, ef hann vildi honum nökkura ásjá veita. Björn sagði, at hann ætti svá sökótt um alt land, at menn myndi forðast bjargir við hann um þat, er sekt nemr, — „enn heldr skal ek þér gagn gera, ef þú lætr þá menn vera í friði, sem í minni vernd eru, hversu sem þú gerir við aðra menn hér í bygð“. Grettir játaði

því. Björn mælti: „At því hefi ek hugat, at í því fjalli, sem fram gengr fyrir utan Hítará, mun vera vígi gott, ok þó fylsni, ef klóklega er um búit; er þar bora í gegnum fjallit, ok sér þar neðan af veginum, því at þjóðgatan liggr niðri undir, enn sandbrekka svá brött fyrir ofan, at fáir menn munu upp komast, ef einn maðr röskr er til varnar uppi í bælinu. Nú lizt mér þat helzt ráð ok umtalsmál at vera þar, því at þaðan er hægt at leita til fanga ofan á Mýrar ok út til sjávar“. Grettir kvaðst hans forsjá hlíta mundu, ef hann vildi nökkut til leggja. Fór Grettir þá í Fagraskógarfjall, ok bjóst þar um. Hann tjaldaði með gráu vaðmáli fyrir boruna á fjallinu, ok þótti sem þar sæi í gegnum neðan af götunum. Reið hann þá til fanga ofan í bygðina. Þótti Mýramönnum mikill vágestr kominn, er Grettir var. Þórðr Kolbeinsson bjó þá á Hítarnesi; hann var skáld gott. Í þenna tíma var fjandskapr mikill með þeim Birni ok Þóri, ok þótti Birni eigi verr enn hálfneytt, þó at Grettir gerði óspekt mönnum Þórðar eða fé. Grettir var jafnan með Birni, ok reyndu þeir margan frækleik, ok vísar svá til í sögu Bjarnar, at þeir kalladist jafnir at íþróttum, enn þat er flestra manna ætlan, at Grettir hafi sterkastr verit á landinu, síðan þeir Ormr Stórólfs-son ok Þórólfr Skólms-son lögðu af aflraunir. Þeir Grettir ok Björn

lögðust í einu eftir allri Hítará ofan frá vatni ok út til sjávar. Þeir færðu stéttir þær í ána, er aldri síðan hefir ór rekit, hvárki með vatnavöxtum né ísalögum eða jöklagangi. Sat Grettir í Fagraskógafjalli svá einn vetr, at honum váru engar atfarir gervar, enn þó mistu þá margir síns fyrir honum, ok fengu ekki at gert, því at hann hafði gott vígi, enn átti jafnan vingott við þá, sem næstir honum váru.

59. Maðr hét Gísli; hann var sonr Þorsteins, sem Snorri goði lét drepa. Gísli var mikill maðr ok sterkr, ok afburðamaðr í vápnum ok klæðum, ok gerði um sik mikit, ok nökkut sjálfhælinn. Hann var siglingamaðr, ok kom þat sumar út í Hvítá, er Grettir hafði einn vetr verit í fjallinu. Þórðr Kolbeinsson reið til skips. Gísli fagnaði honum vel, ok bauð honum varning sinn, sem hann vildi. Þórðr þá þat, ok tóku þeir tal með sér. Gísli mælti: „Er þat satt, sem mér er sagt, at þér verðr ráðfátt at koma í burt skógarmanni þeim, er yðr gerir margt mein“. Þórðr sagði: „Eigi höfum vér til reynt, enn mörgum lízt hann tor-sóttlegr vera, ok hefir at því mörgum orðit“. „Ván þykkir mér, at yðr veiti þungt við Björn, er þér rekið eigi þenna af yðr; er því verr, at ek mun of fjarri í vetr, at ek mætti bæta af þessu ráði“. „Spyrja mun þér bezt þykkja við hann at eiga“. „Eigi þarftu at segja mér frá

Gretti“, sagði Gísli; „reynt hefi ek brattara, þá þá er ek var í herförum með Knúti konungi hinum ríka, ok fyrir vestan haf, ok þótti ek verja mitt rúm, ok kvæma ek í færi við hann, þá treysti ek mér ok vápnum mínum“. Þórðr kvað hann eigi til einskis vinna skyldu, ef hann réði Gretti af — „er ok meira fé lagt til höfuðs honum enn nökkurum öðrum skógarmanni; ok váru áðr sex merkr silfrs, enn í sumar lagði til Þórir ór Gardi þrjár merkr, ok ætla menn, at sá muni nóg til vinna, er hlýtr“. „Alt verðr til fjárins unnit“, sagði Gísli, „ok er oss eigi sízt kaupmönnum, enn nú skulu vit hljótt fara með þessu tali; kann vera, at hann sé varari um sik“, sagði hann, „þegar hann veit, at ek er í ráðum með þér ok yðr. Ek ætla at vera í vetr úti á Snjófellsnesi á Ölduhrygg; eða er nökkut bæli hans á veginum? Mun hann eigi við þessu sjá; skal ek eigi fjölmenni draga at honum“. Þórði líkaði vel þessi ráðagerð. Reið hann heim síðan, ok lét kyrt um þetta. Hér fór, sem mælt er, at 'oft er í holti heyrandi nær'. Þeir menn höfðu verit hjá viðrtali þeira Gísla, sem váru vinir Bjarnar í Hítardal, ok sögðu honum innilega frá; enn er þeir Grettir fundust, gat Björn um fyrir honum; sagði nú reyna mundu, hversu hann stæði á móti — „væri eigi ógaman“, sagði Björn, „þó at þú hrektir fyrir honum, enn

drepir hann eigi, ef þú mátt annat“. Grettir glotti við, ok gaf sér fátt um. Nær réttum um haustit fór Grettir ofan í Flysjuhverfi, ok sótti sér sauði; hann gat náð fjórum geldingum. Bændr urðu varir við ferð hans, ok fóru eftir honum; þat var mjök jafnsnemma, at hann komst undir hliðina, ok hinir kvámust at, ok vildu elta frá honum sauðina, enn eigi báru þeir vápn at honum; þeir váru sex saman, ok flæktust á veginn fyrir hann. Honum gerði hermt við sauðina, ok þreif tvá, ok kastaði forbrekkis, svá þeir lágu í óviti; ok er hinir sá þat, gengu þeir at ódjarflegar. Grettir tók sauðina, ok krækti saman á hornunum, ok kastaði um sína öxl sínum tveimr; gekk síðan upp í bæli sitt. Bændr hurfu aftr. ok þóttust ilt hafa af fengit, ok undu þeir nú verr enn áðr sínum hlut. Gísli sat við skip um haustit, þar til er því var til hlunns ráðit. Bar honum margt til dvala, ok varð af því síðbúinn, ok reið litlu fyrir vetrnætr. Fór hann þá sunnan, ok gisti undir Hrauni fyrir sunnan Hítará. Um morguninn, áðr Gísli reið þaðan, talaði hann til fylgdarmanna sinna: „Nú skulum vér ríða í litklæðum í dag, ok látum skógarmanninn þat sjá, at vér erum eigi sem aðrir förumenn, er hér rekast daglega“. Þeir váru þrír saman, ok gerðu svá; ok er þeir kvámu út yfir ána, þá talaði hann enn til: „Hér er

mér sagt til skógarmannsins uppi í tindunum þessum, ok eigi er hér greiðgengt; eða mun honum eigi vel líka at finna oss ok sjá þing vár?“ Þeir kveða hann jafnan vanan þess. Þennan morgin hafði Grettir snemma upp staðit í bæli sínu. Veðr var kalt ok frjósanda, ok fallinn at snjár, ok þó lítill. Hann sá at þrír menn riðu sunnan yfir Hítará, ok skein á skrúðklæðin ok smelta skjölduna. Gretti kom í hug hverir vera myndi, ok þykkist munu þurfa at fá sér eitthvert plagg af þessum; var honum forvitni á at finna þá, er svá mikit gambraði. Tekr nú vápn sín, ok hleypr nú ofan í skriðuna; ok er Gísli heyrði til, at grjótit sarglaði, mælti hann svá: „Maðr ferr þar ofan ór hliðinni, ok heldr mikill, ok sá vill oss finna; verðum nú við rösklega, því at hér ber veiði í hendr“. Fylgdarmenn hans sögðu þenna eigi mundu hlaupa í hendr þeim, ef hann treysti sér eigi — „ok er vel, at 'sá hafi brek, er beiðist“. Eftir þat hlaupa þeir af baki. Grettir kom at í því, ok tók til klæðsekks, er Gísli hafði fyrir aftan sik við söðul sinn, ok mælti: „Þetta mun ek hafa; ek lýt oft at litlu.“ Gísli svarar: „Eigi skal þat vera, eða veizt þú eigi, við hvern er þú áttum.“ Grettir svarar: „Eigi er mér þat svá glögt um; mun ek ok eigi at þessu mannamun gera, síðan ek mæli til svá lítils“. „Vera má, at þér þykki lítit“, segir

hann, „enn heldr vil ek láta þrjá tigi hundrada, enn ofarlega mun liggja ójafnaðr í þér; ok sækjum at honum piltar, ok sjáum, hvat hann má“. Þeir gerðu svá. Grettir lét hefjast fyrir, ok veik at steini þeim, er þar stendr við götuna, ok Grettishaf er kallað, ok varðist þaðan. Gísli eggjaði fast fylgdarmenn sína. Grettir sá nú, at hann var eigi slíkr fullhugi. sem hann létst, því at hann stóð jafnan á baki mönnum sínum. Grettí leiddist nú þófit, ok sveipaði til saxinu, ok hjó annan fylgdarmann Gísla banahögg, ok hljóp nú frá steininum, ok sótti svá fast, at Gísli hrökk fyrir alt út með fjallinu. Þá fell annarr förunautr Gísla. Grettir mælti þá: „Þat sér lítt á, at þú hafir víða vel fram gengit, ok illa skilst þú við þína féлага“. Gísli svarar: „Sá er eldrinn heitastr, er á sjálfum liggr“, ok er ilt at fást við heljarmanninn“. Skiftast þeir þá fám höggum við, áðr enn Gísli kastaði vápnunum, ok hefir á rás undan út með fjallinu. Grettir gefr honum tóm til að kasta því, sem honum líkar, ok í hvert sinn, er Gísli sér ráðrúm til, kastaði hann einhverju klæði. Fór Grettir aldri harðara eftir, enn sund var í milli þeira. Alt hljóp Gísli út yfir fjallit, ok svá um þveran Kaldárdal, ok svá um Áslaugarhlið, ok fyrir ofan Kolbeinsstaði, ok svá út í Borgarhraun. Þá var Gísli í línklæðum einum, ok gerðist nú ákaflega móðr. Grettir fór eftir

ok var jafnan í hendingu með þeim. Hann reif þá upp hríslu mikla. Enn Gísli létti eigi fyrr, enn hann kom út að Haffjarðará; hon var gengin uppi, ok ill yfirferðar. Gísli ætlaði þegar út á ána. Grettir snaraði þá eftir honum, ok greip hann, ok kendi þá aflsmunar. Rak Grettir hann þá niðr undir sik, ok mælti: „Ertu Gísli sá, er finna vildi Gretti Ásmundarson?“ Gísli svarar: „Ek hefi nú fundit hann, enn eigi veit ek hversu vit skiljum, ok haf nú þat, sem þú hefir fengit, enn lát mik fara lausan“. Grettir mælti: „Eigi mun þér skiljast þat, sem ek segi þér, ok verð ek nú at gera þér áminning; rekr síðan skyrtuna fram yfir höfuð honum, ok lætr ganga límann um bak honum ok báðar síðurnar, enn Gísla fýsti jafnan at snúa sér undan. Afhýðir Grettir hann með öllu, ok lét hann síðan lausan. Hugsaði Gísli þat, at fyrr vildi hann ekki læra af Gretti, enn hafa slíka flenging aðra; vann hann ok aldri oftár til slíkrar húðstroku. Enn þegar Gísli kom fótum undir sik, hljóp hann út á hyl einn mikinn, ok svimaði þar yfir ána, ok kom um náttina á þann bæ, er í Hrossholti heitir, ok var þá mjög þrekaðr. Þar lá hann viku, ok hljóp blástr í búkinn. Eftir þat fór hann til vistar sinnar. Grettir sneri aftr, ok tók upp þing hans, sem Gísli hafði niðr kastat, ok færði heim til sín, ok fekk Gísli ekki af þeim síðan. Mörgum þótti þetta

maklega gert við Gísla fyrir umfang sitt ok raup er hann hafði af sér gert. Grettir kvað þetta um sameign þeira:

(49) Rennr, sá's rispar tönnum
 raunlitt, es skal bitask,
 marr, né mæðisk fyrri,
 mest fyr öðrum hesti,
 enn fyr mér um Mýrar
 margnenninn dag þenna
 — fremd es firðr ok sæmdum —
 físandí rann Gíslí.

Eftir um várit bjóst Gíslí til skips, ok bauð á því mestan varnað, at nökkurr hlutr færi suðr með fjalli, þat sem hann ætti; kvað þar sjálf-án fjandann fyrir vera. Gíslí reið suðr með sjá alla leið til skips, ok fundust þeir Grettir aldri síðan, ok þótti engum til hans koma upp frá því, ok er hann ór sögunni. Enn versnaði með þeim Þórði Kolbeinssyni ok Gretti; setti Þórðr nú mörg ráð til, at Gretti yrði á burt komit, eða drepinn ella.

60. Nú er Grettir hafði verit tvá vetr í Fagraskógafjalli, ok er hinn þriði var kominn, þá fór Grettir suðr á Mýrar, á þann bæ, er í Lækjarbug heitir, ok hafði þaðan sex geldinga at óvilja þess er átti. Þaðan fór hann ofan til Akra, ok rak á burtu tvau naut til slátrs, ok marga sauði, ok fór upp fyrir sunnan Hítará. Enn er bæendr urðu varir við ferð hans, gerðu þeir orð Þórði á Hítarnesi, ok báðu

hann fyrir bindast, at ráða Gretti af, enn hann fór undan; enn við bæn manna fekk hann til Arnórrson sinn, er síðan var kallaðr jarlaskáld, at fara með þeim, ok bað þá eigi láta Gretti undan reka. Váru þá menn sendir um alla bygdina. Bjarni hét maðr, er bjó á Jörfa í Flysjuhverfi. Hann safnaði mönnum fyrir utan Hítará. Ætluðu þeir svá til, at sínu megin skyldi koma hvárir flokkarnir. Grettir var við þriðja mann; hét sá Eyjólf, er fór með honum, son bónda ór Fagraskógum, ok var röskr maðr, ok hinn þriði maðr með þeim. Þeir kvámu fyrst Þórarinn frá Ökrum ok Þorfinnr ór Lækjarbug, og váru nær tuttugu menn saman. Grettir vildi þá leita út yfir ána. Þá kvámu þeir Þorgrímr ok Arnórr ok Bjarni utan at ánni. Nes mjótt gekk fram í ána þeim megin, sem Grettir var. Hann rak féð í fram- anvert nesit, þá er hann sá mannaförina, því at hann vildi aldri laust láta, þat sem hann fekk höndum á komit. Mýramenn réðu þegar til atgöngu, ok létu gildlega. Grettir bað fylgdarmenn sína at geyma, at þeir gengi eigi at baki honum. Eigi máttu í senn allmargir at honum ganga. Varð þar hörð viðreign með þeim. Grettir hjó á tvær hendr með saxinu, ok varð þeim eigi auðvelt at sækja at honum. Fellu þá sumir Mýramenn, enn sumir urðusárir. Þeir urðu seinir utan yfir ána, því at vað-

it var eigi allnær. Eigi höfðu þeir lengi barizt, áðr enn þeir hurfu frá. Þórarinn frá Ökrum var gamall maðr mjök, svá at hann var eigi í atsókninni. Enn er úti var bardaginn, þá kom at Þrándr, son Þórarins, ok Þorgils Ingjaldsson, bróðurson Þórðar, ok Finnbogi, son Þorgils Þórhallssonar ór Hítardal, ok Steinólfr Þorleifsson ór Hraundal. Þeir eggjuðu menn mjök til atsóknar. Gerðu þeir enn harða hríð. Grettir sá nú, at annathvært varð at gera: flýja, eða hlífast eigi við. Gengr hann nú svá hart fram, at engir heldust við, því at svá var mannmargt, at honum þótti ósýnt til undankvámunnar, utan at vinna sem mest, áðr enn hann felli; vildi hann ok hafa þann einhvern fyrir sik, er honum þótti manntak í vera. Hljóp hann þá at Steinólfi ór Hraundal, ok hjó til hans í höfuðit, ok klauf hann í herðar niðr, ok þegar annat högg hjó hann til Þorgils Ingjaldssonar, ok kom á hann miðjan, ok tók nálega í sundr. Þá vildi Þrándr fram hlaupa, ok hefna frænda síns. Grettir hjó til hans á lærit hægra, svo at ór tók allan vöðvann, ok varð hann þegar óvigr. Eftir þat veitti hann Finnboga mikinn áverka. Þá kallaði Þórarinn, ok bað þá frá hverfa — „því at því verra munu þér af honum fá, sem þér berist lengr, enn hann kýss menn ór liði yðru“. Þeir gerðu svá, ok sneru rá. Þar vóru fallnir tíu menn, enn fim sár-

ir til ólífis ok örkuðla, enn flestir höfðu nökkurar skeinur, þeir sem á fundinum höfðu verit. Grettir var ákaflega móðr, enn lítt sárr. Leit-uðu Mýramenn við þetta undan, ok höfðu fengit mikinn mannskaða, því at þar fellu margir röskvir menn. Enn þeim utan yfir ána fórst seint, ok kvámu eigi fyrr, enn slitit var fundinum; ok er þeir sá ófarir sinna manna, þá vildi Arnórr eigi hafa sik í hættu, ok fekk hann mikit ámæli af feðr sínum ok mörgum öðrum; ætla menn, at hann hafi engi garpr verit. Þar heitir nú Grettisoddi, er þeir börðust.

61. Enn þeir Grettir tóku sér hross, ok riðu upp undir fjall, því at þeir váru allir sárir; ok er þeir kvámu í Fagraskóga, var Eyjólfur þar eftir. Þar var bóndadóttir úti, ok spurði at tíðendum. Grettir sagði af hit ljósasta, ok kvað vísu:

(50) Hægt munat hirði-Sága
 hornflæðar nú græða
 stór — þó steyptusk fleiri —
 Steinólfs höfuðskeina.
 Því's um Þorgils ævi
 þung ván, at bein sprungu;
 lýðr segir átta aðra
 auðbrjóta þar dauða.

Eftir þat fór Grettir í bæli sitt, ok sat þar um vetrinn. Enn er þeir Björn fundust, sagði hann Gretti, at honum þótti nú mikit at orðit — „ok man þér eigi hér vært vera á lengdar;

hefir þú nú drepit bæði frændr mína ok vini, enn eigi mun ek kasta niðr því, sem ek hef jatat þér, meðan þú ert hér“. Grettir kvaðst hendr sínar ok líf eiga at verja, — „enn illa er þat, er þér mislikar“. Björn kvað nú svá búit vera verða. Litlu síðar kvámu þeir menn til Bjarnar, sem mist höfðu frændr sína fyrir Gretti, ok báðu, at hann léti eigi óeirðarmann þenna vera þar lengr til skapraunar við þá. Björn sagði, at svá skyldi vera, þegar at vetri létti af. Þrándr var græddr, sonr Þórarins á Ökrum; hann var gildir maðr fyrir sér; hann átti Steinunni, dóttir Hrúts á Kambnesi. Þorleifr í Hraunsdal, faðir Steinólfs, var mikill maðr fyrir sér; frá honum eru komnir Hraundælir. Eigi er nú getit um sameign þeira Grettis ok Mýramanna fleira, meðan er hann var þar í fjallinu; helt Björn ok vináttu við hann, enn þó fækkuðust heldr vinir Bjarnar fyrir þetta, er hann lét Gretti þar vera, því at menn undu illa við, at hafa frændr sína bótalausar. Um þing leitaði Grettir burt af Mýrum; fór hann þá enn til Borgarfjarðar, ok fann Grím Þórhallsson, ok leitaði hann þá ráðs, hversu hann skyldi þá breyta. Grímr kveðst eigi hafa efni til þess at halda hann, ok því fór Grettir til fundar við Hallmund vin sinn, ok dvaldist þar um sumarit, þar til er á leið. Um haustit fór Grettir í Geitland, ok beið þar til þess, er bjart

veðr kom; þá gekk hann upp á Geitlandsjökul, ok stefndi á landssuðr eftir jöklinum, ok hafði með sér ketil ok eldsvirki. Þat ætla menn, at hann hafi farit at tilvísan Hallmundar, því at honum hefir víða kunnugt verit. Grettir fór þar til, er hann fann dal í jöklinum, langan ok heldr mjóan, ok lukt at jöklum öllum megin, svá at þeir skúttu fram yfir dalinn. Hann komst ofan í einhverjum stað; hann sá þá fagar hlíðir grasi vaxnar og smákjör. Þar váru hverar, ok þótti honum sem jarðeldr mundi valda, er eigi luktust saman jöklarnir yfir dalnum. Á litil fell eftir dalnum, ok sléttar eyrar báðum megin. Litill var þar sólargangr, enn þat þótti honum ótal, hve margr sauðr þar var í dalnum. Þat fé var miklu betra ok feitara, enn hann hefði þvílíkt sét. Grettir bjóst nú þar um, ok gerði sér skála af þeim víði, sem hann fekk þar til. Tók hann sér nú sauði til matar; var þar betri einn sauðr til niðrlags enn tveir annarsstaðar. Ein ær mókollótt var þar með dilki, sú er honum þótti mest afbragð í vera fyrir vaxtar sakir; var honum forvitni á að taka dilkinn, ok svá gerði hann, ok skar síðan dilkinn. Hálf vætt mörs var í dilkinum, enn hann var þó öllu betri; enn er mókolla misti dilks síns, fór hon upp á skála Grettis hverja nátt, ok jarmaði, svá at hann mátti enga nátt sofa. Þess iðraðist hann mest, er hann hafði

dilkinn skorit, fyrir ónáðum hennar. Hvert kveld, er hálförökkvat var, heyrði hann hóat uppi í dalnum, ok þá hljóp féit alt til hins sama bóls hvert kveld. Svá hefir Grettir sagt, at fyrir dalnum hafi ráðit blendingr, þurs einn, sá er Þórir hét, ok í hans trausti hafði Grettir þar verit; við hann kendi Grettir dalinn, ok kallaði Þórisdal. Dætr kvað hann Þóri eiga, ok hendi Grettir gaman at þeim, enda tóku þær því vel, því at þar var eigi margkvæmt. Enn þá er fastat var, gerði Grettir þá minning, at þá skyldi eta mör ok lifrar um langaföstu. Ekki bar þar til tíðenda um vetrinn. Þá þótti Gretti þar svá dauflegt, at hann mátti þar eigi lengr vera. Fór hann þá í burtu ór dalnum, ok gekk suðr þvers af jöklinum, ok kom þá at norðan at miðjum Skjaldbreið. Reisti hann upp hellu, ok klappaði á rauf, ok sagði svá, ef maðr legði auga sitt við raufina á hellunni, at þá mætti sjá í gil þat, sem fellr ór Þórisdal. Síðan fór hann suðr um land, ok svá til Austfjarða; var hann í þessarri ferð um sumarit ok vetrinn, ok fann alla hina meiri menn, ok bægði honum svá við, at hvergi fekk hann vist né veru. Svá fór hann aftr hit nyrðra, ok dvaldist í ýmsum stöðum.

62. Litlu síðar enn Grettir fór af Arnarvatnsheiði, kom sá maðr á heiðina, er Grímr hét; hann var sonr ekkjunnar á Kroppi. Hann

hafði drepit son Eiðs Skeggjasonar ór Ási, ok varð fyrir þat sekr gerr. Hann settist nú þar at, sem Grettir hafði áðr verit, ok veiddi vel ór vatninu. Hallmundi lék öfund á, er Grímr var kominn í stað Grettis, ok hugsaði at honum skyldi eigi árferð í vera, þótt hann veiddi margt. Svá bar til einn dag, at Grímr veiddi hundrað fiska, ok bar heim til skála, ok bjó um úti, enn um morguninn eftir, er hann kom til, var í burtu hverr fiskr. Þetta þótti honum undarlegt, ok fór til vatnsins, ok veiddi nú tvá hundruð fiska, færði heim ok bjó um, ok fór alt á sömu leið, at allir váru í burtu at morgni. Nú þótti honum eigi at einum brunni bera. Hinn þriðja dag veiddi hann þrjú hundruð fiska, bar heim, ok vakti yfir í skála sínum. Grímr sá út í hurðarboruna, ef nökkurr kæmi til skálans. Leið nú svá nökkut fram á náttina; ok er af var þriðjungr af nátt, þá heyrði hann gengit úti hjá, og stigit heldr hart; ok er Grímr varð þessa varr, tók hann öxi, er hann átti; þat var allhvast vápn. Hann vildi vita, hvat þessi hafðist at. Kvámumaðr hafði mikinn meis á baki, ok setti niðr ok litaðist um, ok sá engan mann úti. Hann baukar til fiskanna, ok þykkir nú gott hönd á at hafa; rótar ofan í meisinn öllum fiskunum. Þá er fullr meissinn Fiskrinn var svá stórr, at Grímr ætlaði, at engi hestr myndi bera meira. Hann tekr nú,

ok ræðst undir byrðina, ok í því er hann vildi upp standa, hljóp Grímr út, ok hjó tveim höndum á hálsinn, svá at öxin sökk at hamri. Hinn brá við hart, ok hafði á rás með meisinn suðr á fjall. Grímr sneri eftir honum, ok vildi vita, hvárt honum hefði tekit. Þeir fóru alt suðr undir Balljökull; þar gekk þessi maðr inn í helli. Eldr var bjartr í hellinum; þar sat kona við, stór vexti, ok þó skapleg. Þat heyrði Grímr, at hon heilsaði föður sínum, ok nefndi Hallmund. Hann kastaði niðr hart byrðinni ok andvarpaði hátt. Hon spurði, því hann væri blóðugr. Hann svaraði, ok kvað þetta:

(51) Þat es mér sýat,
 at sínu má
 engi maðr
 afli treysta:
 þvít svá bregzt
 á banadægri
 hölda hugr
 sem heill bilar.

Hon spurði þá innilega at viðskiftum þeira; enn hann sagði alt sem farit hafði. „Skaltu nú heyra til“, sagði hann, enn ek mun segja frá athöfnum mínum, ok mun ek kveða þar um kvæði, enn þú skalt rista eftir á kefli“. Hon gerði svá. Þá kvað hann Hallmundarkviðu, ok er þetta þar í:

(52) Þóttak gildir
 es ek Gretti strauk

nógu fast
niðr af taumum;
sá ek hitt.
at horfa gerði
sýna stund
sér í gaupnir.

(53) Dat vas næst,
es Þórir kwam
Arnarvatns
upp á heiði,
ok vit tveir
við tigum átta
oddaleik
eiga knáttum.

(54) Sýndust gild
Grettis handa
skýlihögg
á skjöldum þeira;
þó frá ek mín
miklu stærri
eggja spor
ýtum sýnast.

(55) Ek lét hendr
ok höfuð fjúka
brögnum af,
es at baki gengu;
svá at kappar
Kelduhverfis
átján þar
eftir lágu.

(56) Hefik þursa
ok þeira kyn

hart leikit
ok hamarsbúa;
enn meinvætti
marga barða,
ok blendingum
at bana orðit.

(57) Svá alfa kind
ok óvættum
nær hefik öllum
óþarfr verit

Margra athafna sinna gat Hallmundr í kviðunni, því at hann hafði farit um alt landit. Þá mælti dóttir hans: „Eigi hefir sjá maðr sleppi-fengr verit, ok var þat eigi ólíklegt, því at þú settir illa á stofn við hann; eða hvern mun nú hefna þín?“ Hallmundr svarar: „Eigi er víst, at þess verði auðit; vita þykkjumst ek, at Grettir myndi hefna, ef hann mætti sér svá við koma, enn eigi mun hægt at ganga í móti gæfu þessa manns, því at honum mun mikit lagit verða“. Eftir þat dró svá mikit af mætti Hallmundar, sem fram leið kvæðinu; var þat mjök jafnskjótt, at kviðunni var lokit, ok Hallmundr dó. Hon bar sik þá lítt ok grét allsárt. Þá gekk Grímr fram ok bað hana hreysta sik — „ok verðr hvern þá at fara, er hann er feigr. Varð þetta mjök af tilstofnan hans; máttu ek varla sjá, at hann rænti mik“. Hon kvað hann mikit hafa at mæla um þat — „ok gefst illa ójafnaðr“. Gladdist hon þá heldr

í viðræðunni. Þar dvaldist Grímr margar nætr í hellinum ok nam kviðuna, ok fór þá laglega með þeim. Grímr var á Arnarvatnsheiði um vetrinn eftir dauða Hallmundar. Eftir þat kom Þorkell Eyjólfsson til móts við hann á heiðina, ok börðust þeir. Lauk svá þeira viðskifti, at Grímr átti vald á lífi Þorkels, ok vildi eigi drepa hann, enn Þorkell tók hann til sín, ok kom honum utan ok gaf honum mikit góðs, ok þótti þar hvárrtveggja vel gera við annan. Grímr varð síðan farmaðr ok er mikil saga frá honum sögd.

63. Nú er þar til at taka, at Grettir er kominn austan ór fjörðum, ok fór nú huldu höfði ok duldist, því at hann vildi eigi finna Þóri, ok lá úti um sumarit á Möðrudalsheiði ok í ýmsum stöðum; hann var ok stundum á Öxarfjarðarheiði. Þat frétti Þórir, at Grettir var á Öxarfjarðarheiði, ok safnaði mönnum ok reið á heiðina, og ætlaði nú at hann skyldi eigi undan taka. Grettir varð nálega eigi fyrr varr við enn þeir kvámu at honum; hann var þá við sel, er þar stóð skamt frá veginum; þá var hann við annan mann. Ok er þeir sáu flokkana, ok varð skjótt til ráða at taka, þá bað Grettir, at þeir skyldi fella hestana ok draga inn í selit, ok svá gerðu þeir. Þórir reið um fram norðr eftir heiðinni, ok mistu vinar í stað ok fundu ekki, ok hurfu nú aftr; ok er flokk-

inn var vestr um riðinn, þá mælti Grettir : „Eigi mun þeim ferðin þykkja góð, ef vér finnumst eigi ; nú skaltu geyma hesta okkra, enn ek skal fara móts við þá ; væri þeim þat hjáleikr, ef þeir kendi mik eigi“. Förunautr hans latti þessa, enn þó fór hann, ok tók sér annan búning, ok hafði síðan hött niðr fyrir andlitit, ok hafði staf í hendi ; gekk síðan á veginn fyrir þá. Þeir heilsuðu honum ok spurðu, hvárt hann hefði nokkura menn sét ríða um heiðina. „Sét mun ek hafa þá, sem þér leitið at ; skorti yðr nú allitit at finna þá, því at þeir váru hér fyrir sunnan mýrarnar, þær sem eru til vinstri handar“. Enn er þeir heyrðu þetta, þeystu þeir út á mýrarnar. Þar váru svá mikil fen, at þeir kvámust hvergi fram, ok urðu at draga ór hestana, ok hróktust þar í lengi dags ; báðu þeir illa fyrir honum, þessum förumanni, er þá hafði svá dárat. Grettir sneri skjótt aftr til móts við féлага sinn ; ok er þeir fundust, kvað Grettir vísu :

- (58) Ríðk-at ek rækimeiðum
 randar hóts á móti
 — lagið er þessum þegni
 þraut — ferr ek einn á brautu.
 Vilkk-at ek Viðris balka
 vinnendr suara finna
 — ek man þér eigi þykkja
 ærr — leita ek mér færa.

- (59) Hnekkik frá, þar's flokkar

fara Þóris mjök stórir;
 er-a mér í þys þeira
 þerfilegt at hverfa.
 Forðumk frægra virða
 fund, á ek veg til lundar;
 — verð ek Heimdala at hirða
 hjör — björgum svá fjörvi.

Þeir riðu nú sem hvatast vestr af ok fram um bæinn í Garði, áðr enn Þórir kom af fjallinu með flokk sinn. Ok er þeir kvámu nær bænum, kom maðr í för þeira; sá kendi þá eigi. Þeir sá, at kona stóð úti, ung ok skrautbúin. Grettir spurði, hver kona sú myndi vera. Sá hinn nýkomni maðr sagði, at þat væri dóttir Þóris. Þá kvað Grettir vísu:

(60) Svinnu mant segja kunna
 sól gullbúa stóla
 — oft þót eigi skifti
 orð mín — föður þínum,
 hvar ek rið um bæ breiðan
 barðjós ok nær garði
 — láðskreytis er litit
 lið — með dreng hinn þriðja.

Af þessu þóttist sjá vita hinn nýkomni maðr, hverir vera myndi, ok reið til bygðar oksagði, at Grettir væri um riðinn. Enn er Þórir kom heim, þótti mörgum Grettir hafa vafit heðinn at höfði þeim. Setti Þórir þá gislingar fyrir Gretti, hvar sem hann kæmi. Tók Grettir þat til ráðs, at hann sendi fylgdarmann sinn vestr á sveitir með hestana; enn hann fór upp til

fjalla, ok var í dularkuflí, ok fór svá norðr þar öndverðan vetr, svá at hann kendist eigi. Öllum þótti Þórir nú hafa fengit af slíkt eða verra enn fyrr í þeira viðskiftum.

64. Steinn hét prestur, er bjó at Eyjardalsá í Bárðardal; hann var búþegn góður ok ríkr at fé. Kjartan hét son hans, röskr maður ok vel á legg kominn. Þorsteinn hvíti hét maður, er bjó at Sandhaugum suður frá Eyjardalsá. Steinvör hét kona hans, ung og glaðlát. Þau áttu börn, og váru þau ung í þenna tíma. Þar þótti mönnum reimt mjök sakir tröllagangs. Þat bar til tveim vetrum fyrr enn Grettir kom norðr í sveitir, at Steinvör húsfreyja at Sandhaugum fór til jólatíða til Eyjardalsár eftir vana, enn bóndi var heima. Lögðust menn niður til svefns um kveldit; ok um nóttina heyrðu menn brak mikit í skálann, ok til sængr bónda. Engi þorði upp at standa at forvitnast um, því at þar var fáment mjök. Húsfreyja kom heim um morguninn, ok var bóndi horfinn, ok vissi engi, hvat af honum var orðit. Liðu svá hin næstu misseri. Enn annan vetr eftir vildi húsfreyja fara til tíða; bað hon húskarl sinn heima vera. Hann var tregr til, enn bað hana ráða. Fór þar alt á sömu leið sem fyrr, at húskarl var horfinn. Þetta þótti mönnum undarlegt. Sáu menn þá blóðdrefjar nökkurar í útidyrum. Þóttust menn þat vita, at óvættir

myndi hafa tekit þá báða. Þetta fréttist víða um sveitir. Grettir hafði spurn af þessu, ok með því at honum var mjök lagit at koma af reimleikum eða aftrgöngum, þá gerði hann ferð sína til Bárðardals, ok kom atfangadag jóla til Sandhauga. Hann dvaldist þar ok nefndist Gestr. Húsfreyja sá, at hann var furðumikill vexti, enn heimafólk var furðuhrætt við hann. Hann beiddist þar gistingar. Húsfreyja kvað honum mat til reiðu — „enn ábyrgst þik sjálfr“. Hann kvað svá vera skyldu. „Mun ek vera heima“, segir hann, „enn þú far til tíða, ef þú vilt“. Hon svarar: „Mér þykkir þú vera hraustr, ef þú þorir heima at vera“. „Eigi læt ek mér at einu getit“, sagði hann. „Ilt þykkir mér heima at vera“, segir hon, „enn eigi komumst ek yfir ána“. „Ek skal fylgja þér yfir“, segir Gestr. Síðan bjóst hon til tíða ok dóttir hennar með henni, lítil vexti. Hláka mikil var úti ok áin í leysingum; var á henni jakaför. Þá mælti húsfreyja: „Ófært er yfir ána bæði mönnum ok hestum“. „Vöð munu á vera“, kvað Gestr; „ok verið eigi hræddar“. „Ber þú fyrst meyna“, kvað húsfreyja, „hon er léttari“. „Eigi nenni ek at gera tvær ferðir at þessu“, segir Gestr, „ok mun ek bera þik á handlegg mér“. Hon signdi sik ok mælti: „Þetta er ófæra; eða hvat gerir þú þá af meyjunni?“ „Sjá mun ek ráð til þess“, segir hann, ok greip þær upp

báðar, ok setti hina yngri í kné móður sinnar, ok bar þær svá á vinstra armlegg sér, enn hafði lausa hina hægri hönd, ok óð svá út á vaðit. Eigi þorðu þær at æpa, svá váru þær hræddar. Enn áin skall þegar uppi á brjósti honum; þá rak at honum jaka mikinn, enn hann skaut við hendi þeiri, er laus var, ok hratt frá sér. Gerði þá svá djúpt, at strauminn braut á öxlinni. Óð hann sterklega þar til er hann kom at bakkanum öðrum megin ok fleygir þeim á land. Síðan sneri hann aftr, ok var þá hálförökkvat, er hann kom heim til Sandhauga ok kallaði til matar; ok er hann var mettr, bað hann heimafólk fara innar í stofu. Hann tók þá borð ok lausa við, ok rak um þvera stofuna, ok gerði bálk mikinn, svá at engi heimamaðr komst fram yfir. Engi þorði í móti honum at mæla, ok í engum skyldi kretta. Gengit var í hliðvegginn stofunnar inn við gaffhlaðit, ok þar þverpallr hjá. Þar lagðist Gestr niðr ok fór eigi af klæðunum. Ljós brann í stofunni gegnt dyrum. Liggr Gestr svá fram á nóttina. Húsfreyja kom til Eyjardalsár til tíða, ok undruðu menn um ferðir hennar yfir ána. Hon sagðist eigi vita, hvárt hana hefði yfir flutt maðr eða tröll. Prestur kvað mann víst vera mundu — „þó at fárra maki sé, ok lát-um hljótt yfir“, sagði hann; „má vera, at hann

sé ætlaðr til at vinna bót á vandræðum þínum“. Var húsfreyja þar um nóttina.

65. Nú er frá Gretti þat at segja, at þá er dró at miðri nátt, heyrði hann út dynur miklar. Því næst kom inn í stofuna tröllkona mikil; hon hafði í annarri hendi trog, enn annari skálm, heldr mikla. Hon litast um, er hon kom inn, ok sá hvar Gestr lá, ok hljóp at honum, enn hann upp í móti, ok réðust á grimmlega, ok sóttust lengi í stofunni. Hon var sterkari, enn hann fór undan kænlega, enn alt þat, sem fyrir þeim varð, brutu þau, jafnvel þverþilit undan stofunni. Hon dró hann fram yfir dyrnar, ok svá í anddyrit; þar tók hann fast í móti. Hon vildi draga hann út ór bænum, enn þat varð eigi fyrr enn þau leystu frá allan útidyraumbúninginn, ok báru hann út á herðum sér. Þæfði hon þá ofan til árinna ok alt fram at gljúfrum. Þá var Gestr ákaflega móðr, enn þó varð annathvært at gera, at herða sik, ella myndi hon steypa honum í gljúfrin. Alla náttina sóttust þau. Eigi þóttist hann hafa fengizt við þvilikan ófagnað fyrir afls sakir. Hon hafði haldit honum svá fast at sér, at hann mátti hvárigri hendi taka til nökkurs, ut hann helt um hana miðja, kettuna; ok er au kvámu á árgljúfrit, bregðr hann flagðkonunni til sveiflu. Í því varð honum laus hin hægri höndin. Hann þreif þá skjótt til saxins, er

hann var gyrðr með, ok bregðr því; höggr þá á öxl tröllinu, svá at af tók höndina hægri, ok svá varð hann lauss, enn hon steyptist í gljúfrin, ok svá í fossinn. Gestr var þá bæði stirðr ok móðr, ok lá þar lengi á hamrinum. Gekk hann þá heim, er lýsa tók, ok lagðist í rekkju. Hann var allr þrútinna ok blár; ok er húsfreyja kom frá tíðum, þótti henni heldr raskat um hýbýli sín. Gekk hon þá til Gests, ok spurði hvat til hefði borit, er alt var brotit ok bælt. Hann sagði alt sem farit hafði. Henni þótti mikils um vert, ok spurði, hvern hann var. Hann sagði þá til hit sanna, ok bað sækja prest, ok kvaðst vildu finna hann. Var ok svá gert. Enn er Steinn prestr kom til Sandhauga, varð hann brátt þess viss, at þar var kominn Grettir Ásmundarson, er Gestr nefndist. Prestr spurði, hvat hann ætlaði af þeim mönnum myndi vera orðit, er þar höfðu horfit. Grettir kvaðst ætla, at í gljúfrin myndi þeir hafa horfit. Prestr kvaðst eigi kunna at leggja trúnað á sagnir hans, ef engi merki mætti til sjá. Grettir segir, at síðan vissi þeir þat gerr. Fór prestr heim. Grettir lá í rekkju margar nætr. Húsfreyja gerði við hann harðla vel, ok liðu svá af jólin. Þetta er sögn Grettis, at tröllkonan steyptist í gljúfrin við, er hon fekk sárit, enn Bárðardalsmenn segja, at hana dagaði uppi, þá er þau glímdu, ok spryngi þá er hann hjó

af henni höndina, ok standi þar enn í konu-
 liking á bjarginu. Þeir dalbúarnir leyndu þar
 Gretti. Um vetrinn eftir jól var þat einn dag,
 at Grettir fór til Eyjardalsár, ok er þeir Grettir
 fundust ok prestr, mælti Grettir: „Sé ek
 þat, prestr“, segir hann, „at þú leggr lítinn
 trúnað á sagnir mínar; nú vil ek at þú farir
 með mér til árinna, ok sjáir, hver likendi þér
 þykkir á vera“. Prestr gerði svá. Enn er
 þeir kvámu til fossins, sáu þeir skúta upp undir
 bergit; þat var meitilberg svá mikit, at hvergi
 mátti upp komast, ok nær fim tígir faðma ofan
 at vatninu. Þeir höfðu festi með sér. Þá
 mælti prestr: „Langt um ófært sýnist mér þér
 niðr at fara“. Grettir svarar: „Fært er víst,
 enn þeim mun bezt þar sem ágætismenn eru;
 mun ek forvitnast, hvat í fossinum er, enn þú
 skalt geyma festar“. Prestr bað hann ráða, ok
 keyrði niðr hæl á berginu, ok bar at grjót ok
 sat þar hjá.

66. Nú er frá Gretti at segja, at hann lét
 stein í festaraugat ok lét svá síga ofan at
 vatninu. „Hvern veg ætlar þú nú“, segir
 prestr, „at fara?“ „Eigi vil ek vera bundinn“,
 segir Grettir, „þá er ek kem í fossinn; svá
 boðar mér hugr um“. Eftir þat bjó hann sik
 til ferðar, ok var fáklæddr, ok gyrði sik með
 saxinu, enn hafði eigi fleiri vápn. Síðan hljóp
 hann af bjarginu ok niðr í fossinn. Sá prestr

í iljar honum, ok vissi síðan aldri hvat af honum varð. Grettir kafaði undir fossinn, ok var þat torvelt, því at iða var mikil, ok varð hann alt til grunns at kafa áðr enn hann kæmist upp undir fossinn. Þar var forberg nökkut, ok komst hann inn þar upp á. Þar var hellir mikill undir fossinum, ok fell áin fram af berginu. Gekk hann þá inn í hellinn, ok var þar eldr mikill á bröndum. Grettir sá, at þar sat jötunn ógurlega mikill; hann var hræðilegr at sjá. Enn er Grettir kom at honum, hljóp jötuninn upp ok greip flein einn, ok hjó til þess er kominn var; því at bæði mátti höggva ok leggja með honum. Tréskaft var í; þat kölluðu menn þá heftisax, er þann veg var gert. Grettir hjó á móti með saxinu, ok kom á skaftit, svá at í sundr tók. Jötuninn vildi þá seilast á bak sér aftr til sverðs, er þar hekk í hellinum. Í því hjó Grettir framan á brjóstit, svá at nálega tók af alla bringspelina ok kviðinn, svá at iðrin steyptust ór honum ofan í ána, ok keyrði þau ofan eftir ánni; ok er prestur sat við festina, sá hann at slyðrur nökkurar rák ofan eftir strengnum, blóðugar allar. Hann varð þá lauss á velli, ok þóttist nú vita, at Grettir myndi dauðr vera; hljóp hann þá frá festarhaldinu ok fór heim; var þá komit at kveldi, ok sagði víslega, at Grettir væri dauðr, ok sagði, at mikill skaði væri eftir því líkan

mann. Nú er frá Gretti at segja; hann lét skamt höggva í milli, þar til er jötuninn dó. Gekk Grettir þá innar eftir hellinum; hann kveikti ljós ok kannaði hellinn. Eigi er frá því sagt, hversu mikit fé hann fekk í hellinum, enn þat ætla menn at verit hafi nökkut. Dvaldist honum þar fram á nóttina. Hann fann þar tveggja manna bein, ok bar þau í belg einn. Leitaði hann þá ór hellinum ok lagðist til festarinnar ok hristi hana, ok ætlaði at prestur myndi þar vera. Enn er hann vissi, at prestur var heim farinn, varð hann þá at handstyrkja upp festina, ok komst hann svá upp á bjargit. Fór hann þá heim til Eyjardalsár, ok kom í forkirkju þelginum þeim, sem beinin váru í, ok með rúnakefli því, er vísur þessar váru forkunnlega vel á ristnar:

(61) Gekk ek í gljúfrit dökkva;
gein veltiflug steina
við hjörgæði bríðar
hlunns úrsvölum munn.
Fast lá framan at brjósti
flugstraumur í sal Naumu;
heldr kvam á herðar skaldi
hörð fján Braga kvánar.

Ok enn þessi:

(62) Ljótr kvam mér í móti
mellu vinr ór helli;
hann fekst heldr at sönnu
harðfengr við mik lengi;

harðeggjat lét ek höggvit
 heftisax af skefti;
 Gangs klauf brjóst ok bringu
 bjartr gunnlogi svarta.

Þar sagði svá, at Grettir hafi bein þessi ór hellinum haft. Enn er prestur kom til kirkju um morgininn, fann hann keflit ok þat sem fylgdi, ok las rúnirnar; enn Grettir hafði farit heim til Sandhauga.

67. Enn þá er prestur fann Gretti, spurði hann innilega eftir atburðum, enn hann sagði alla sögu um ferð sína, ok kvað prest ótrúlega hafa haldit festinni. Prestur lét þat á sannast. Þóttust menn þat vita, at þessar óvættir myndi valdit hafa mannavörfum þar í dalnum; varð ok aldri mein at aftrögungum eða reimleikum þar í dalnum síðan; þótti Grettir þar gert hafa mikla landhreinsan. Prestur jarðaði bein þessi í kirkjugarði. Grettir var síðan at Sandhaugum um vetrinn, ok duldist þó fyrir alþýðu manna. Enn er Þórir í Garði hafði af pata nökkurn, at Grettir væri í Bárðardal, þá setti hann menn til höfuðs honum. Réðu menn honum þá, at hann skyldi á brott leita, ok fór hann þá vestr. Enn er hann kom á Möðruvöllu til Guðmundar hins ríka, beiddi hann þá Guðmund ásjá, enn hann kvað sér eigi hent við honum at taka — „enn sá einn er þér“, sagði Guðmundr, „at koma þér þar niðr, sem þú mættir vera ó-

hræddr um líf þitt“. Grettir kvaðst eigi vita, hvar þat væri. Guðmundr mælti: „Ey sú liggr á Skagafirði, er heitir Drangey; hon er svá gott vígi, at hvergi má komast upp á hana, nema stigar sé við látnir. Gætir þú þangat komizt, þá veit ek þat fyrir víst eigi þess manns ván, er þik sæki þangat, komist þú upp á hana eða þú sér með vápnum sóttur eða vélum, ef þú gætir vel stigans“. „Reynt skal þetta vera“, segir Grettir, „enn svá gerumst ek myrkfælinn, at þat má ek eigi til lífs vinna mér, at vera einn saman“. Guðmundr mælti: „Vera má at svá sé, enn trú þú engum svá vel, at þú trúir eigi bezt sjálfum þér; enn vandsénir eru margir“. Grettir þakkaði honum heilræði. Fór hann þá burt af Möðruvöllum. Hann létti eigi fyrr, enn hann kom til Bjargs. Móðir hans fagnaði honum vel, ok þau Illugi bæði. Dvaldist hann þar nökkurar nætr. Þar frétti hann víg Þorsteins Kuggasonar; hafði þat orðit um haustit áðr enn Grettir fór til Bárðardals. Þótti honum nú mjök taka um at höggvast. Reið Grettir þá suðr Holtavörðuheiði, ok ætlaði at hefna Hallmundar, ef hann hitti Grím. Enn er hann kom í Norðrárdal, frétti hann, at Grímr var fyrir tveim vetrum eða þrimr á burt þaðan, sem fyrr var sagt. Enn því hafði Grettir svá seint spurt þessi tíðendi, at hann fór huldu höfði þá tvá vetr, ok þann hinn þriðja, sem hann var í Þór-

isdal, ok hafði enga menn fundit, þá er honum vildi nökkurar fréttir segja. Sneri hann þá til Breiðafjarðardala, ok hafðist við í Austrárdal, ok sætti þeim mönnum, er fóru yfir Brattabrekku. Lét hann þá enn sópa greipr um eignir smábænda; þat var um hásumarsskeið. Þetta sumar, er á leið, fæddi Steinvör at Sandhaugum sveinbarn, ok hét Skeggi; hann var fyrst kendr Kjartani, syni Steins prests af Eyjardalsá. Skeggi var ólíkr öðrum systkinum sínum fyrir sakir afls ok vaxtar; enn þá er hann var fimtán vetra, var hann sterkastr norðr þar, ok var þá eignaðr Gretti. Hugðu menn at hann myndi afbragðsmaðr verða, enn hann andaðist seytján vetra, ok er engi saga af honum.

68. Eftir víg Þorsteins Kuggasonar lagði Snorri goði fæð mikla á þá Þórodd, son sinn, ok Sám, son Barkar hins digra; enn þat er eigi greint, hvat þeir höfðu helzt til saka, utan þat, at þeir hafa eigi viljat gera eitthvert stórvirki, þat er Snorri lagði fyrir þá, ok því rak Snorri goði Þórodd burt frá sér, ok kvað hann eigi fyrr aftr koma, enn hann hefði drepit einhvern skógarmann, ok svá varð at vera. Fór Þóroddr þá yfir til Dala. Þá bjó á Breiðabólstað í Sökkólfsdal ekkja sú er Geirlaug hét; hon helt smalamann þann, sem sekr var orðinn um áverkamál; hann var frumvaxta piltungr. Þat

frétti Þóroddr Snorrason, ok reið á Breiðabólstað; hann spurði, hvar smalamaðr væri. Húsfreyja kvað hann vera hjá fé, — „eða hvat viltu honum?“ „Ek skal hafa líf hans“, segir Þóroddr, „því at hann er sekr skógarmaðr“. Hon svarar: „Þat er þér engi frami, at drepa hann, veslinginn, slíkr ofrgarpr, sem þú þykkist vera; man ek vísa þér til meira þrekvirkis, ef þér er mikill hugr á at reyna þik“. „Hvert er þat?“ segir hann. Hon svarar: „Hér uppi í fjallinu liggr Grettir Ásmundarson; fást þú við hann, þat er meir fyrir þitt hæfi“. Þóroddr tók vel máli þessu — „ok skal svá vera“. Keyrði hann þá hestinn sporum, ok reið eftir dalnum; ok er hann kom á hæðirnar fyrir neðan Austrá, sá hann, hvar var ljósbleikr hestr með söðli; hann sá þar ok mikinn mann með vápnum, og sneri þegar til móts við hann. Grettir heilsaði honum, ok spurði, hvern hann væri. Þóroddr nefndi sik, ok mælti: „Hví spyrr þú mik eigi heldr at erendum mínum enn nafni?“ „Því“, sagði Grettir, „at þau ein munu vera, at litit man til koma; eða ertu son Snorra goða?“ „Svá er ok víst“, sagði Þóroddr, „enn þó skal nú reyna hvárr okkarr meira má“. „Auðvitað er þat“, sagði Grettir, „eða hefir þú eigi frétt þat, at ek hefi orðit lítill heillapúfa um at þreifa flestum mönnum?“ „Veit ek þat“, segir Þóroddr, „enn þó skal nú nökkut til voga“ — ok brá

sverði, ok sótti at Gretti með ákefð, enn hann hlífði sér með skildi, enn eigi bar hann vápn á Þórodd, ok fór svá um stund; eigi varð hann sárr. Grettir mælti þá: „Látum vit af þessum leik, því at engan sigr mantu fá í okkrum viðskiftum“. Þóroddr hjó þá sem óðast. Gretti leiddist við hann að fást; þreif hann til Þórodds, ok setti hann niðr hjá sér, ok mælti: „Alls á ek kosti við þik gera, þat sem ek vil, ok eigi hræðumst ek, at þú verðir mér at bana, enn hræðumst ek hærugarlinn Snorra goða, föður þinn, ok ráð hans, þau hafa flestum á kné komit; ok skyldir þú ætla þér þat, er þú gætir orkat; enn eigi er þat barnafæri, at berjast við mik“. Enn er Þóroddr sá, at hann kom engu fram, sefaðist hann heldr, ok skildu þeir við þat. Reið Þóroddr heim í Tungu, oksagði föður sínum sameign þeira Grettis. Snorri goði brosti at, ok mælti: „Margr er dulinn at sér, ok varð ykkarmikill mannamunr; þú hjótt upp á hann, enn hann mátti gera við þik hvat er hann vildi, enn þó gerði Grettir vitrlega, er hann drap þik eigi, því at eigi mynda ek nent hafa, at þín væri óhefnt; skal ek heldr leggja honum til liðs, ef ek verð við staddr hans mál“. Fanst þat mjök á Snorra, at honum þótti Grettir vel hafa gert við Þórodd, ok var jafnan vin hans síðan í tillögum sínum.

61. Grettir reið norðr til Bjargs litlu síðar,

enn þeir Þóroddr skildu, ok duldist þar enn um stundar sakir. Þá gerðist svá mikit bragð at myrkfælni hans, at hann þorði hvergi at fara, þegar er rökkva tók. Móðir hans bauð honum þar at vera, enn kvaðst þó sjá, at þat myndi honum eigi duga, fyrir þann skuld, at hann átti sökótt um alt landit. Grettir kvað hana engar ónáðir af sér skyldu hafa, — „enn eigi man ek þat lengr til lífs mér vinna“, segir hann, „at vera einn saman“. Illugi bróðir hans var þá fimtán vetra gamall, ok allra manna gervileg- astr; hann var hjá viðtali þeira. Grettir sagði móður sinni, hvat Guðmundr hinn ríki hafði ráðit honum, ok lézt mundu leita, ef kostur væri at komast í Drangey, enn þó kvaðst hann eigi þar vera mega, nema hann fengi einhvern dyggvan mann at vera hjá sér. Þá mælti Illugi: „Ek man fara með þér, bróðir, enn eigi veit ek, at þér sé fylgd í mér, utan þat, at trúr man ek þér vera, ok eigi renna frá þér, meðan þú stendr uppi, ok gerr veit ek, hvat um þik liðr, ef ek fylgi þér“. Grettir svarar: „Þú ert svá manna, at mér er mest gleði at, ok ef móður minni væri eigi í móti skapi, vilda ek gjarna, at þú færir með mér“. Ásdís mælti: „Þá er svá nú komit, at ek sé, at tvennum vandræðum gegnir; ek þykkjumst eigi Illuga missa mega, enn ek veit, at svá mikil atkvæði eru at um hagi Grettis, at hann verðr eitthvert

ór at ráða; enn þó at mér þykki mikit fyrir at sjá á bak ykkur báðum sonum mínum, þá vil ek þat þó til vinna, ef Grettir væri þá nærr, enn áðr“. Illugi varð glaðr við þetta, því at hann hugði gott til að fara með Gretti. Hon fekk þeim lausafé mikit. Þjuggust þeir þá til ferðar. Leiddi Ásdís þá frá garði; ok áðr enn þau skildu, mælti hon svá: „Nú fari þit þar synir mínir tveir, ok mun ykkarr samdaugi verða; ok má engi renna undan því, sem honum er skapat; man ek hvárigan ykkarr sjá sinni síðan. Látið nú eitt yfir ykkur ganga, enn eigi veit ek, hverja heill þit sækið þangat í Drangey, enn þar munu þit beinin bera, ok margir munu þar fyrir muna ykkur þarvistar; sjáið þit vel fyrir svikum; enn vápnbitnir munu þit verða, enn undarlega hafa mér draumar gengit. Gætið ykkarr vel við gerningum; fátt er rammara, enn forneskjan“. Enn er hon hafði þetta mælt, grét hon mjök. Þá mælti Grettir: „Grát þú eigi, móðir; þat skal sagt, at þú hafir sonu átt, enn eigi dætr, ef vit erum með vápnum sóttir, ok líf vel og heil“. Eftir þat skildu þau. Þeir fóru nú norðr um sveitir, ok hittu frændr sína. Dvöldust svá á haust fram til vetrar; þá sneru þeir til Skagafjarðar, ok fóru norðr Vatnskarð, ok svá til Reykjaskarðs, ok svá ofan Sæmundarhlíð, ok svá á Langholt. Þeir kvámu til Glaumbæjar at áliðnum degi. Grettir hafði kastat

hetti sínum á öxl sér; svá gekk hann jafnan úti, hvárt sem var betra eða verra. Þaðan fóru þeir; ok er þeir kvámu skamt á veg, kom maðr til móts við þá, höfuðmikill, hár ok mjór, ok illa klæddr; hann heilsaði þeim, ok spurðu hvárir aðra at nafni. Þeir sögðu til sín, enn hann nefndist Þorbjörn. Hann var einhleypr maðr, ok nenti ekki að vinna, ok skrumaði mikit, ok var hent af honum gaman mikit eða dáruskapr af sumum mönnum. Hann gerði sér við þá dælt, ok sagði margt ofan ór heraði frá bygðarlagsmönnum. Gretti þótti gaman mikit at honum. Hann spurði, hvárt þeir þættist eigi þurfa þess manns, er starfaði fyrir þeim; — „vilda ek gjarna fara með ykk“. segir hann. Svá fekk hann um talat, at þeir létu hann fylgja sér. Var fjúkanda mjök ok kalt. Enn með því, at þessi maðr var umfangsmikill ok hinn mesti gárungr, átti hann kenningarnafn, ok kallaðr glaumr. „Mikit fanst þeim um í Glaumbæ, er þú gekst þar heim hettulauss í því illviðri“, sagði Glaumr, „hvárt þú myndir því hraustari, sem þú vart ókulvísari; enn hér váru bóndasynir tveir, afburðarmenn allmiklir, ok kvaddi sauðamaðr þá til fjár með sér, ok þóttust varla geta klætt sik fyrir kulda“. Grettir mælti: „Sá ek einn ungan mann inn í dyrum, ok dró þar á sik vöttu sína, enn annarr gekk á milli fjóss ok haugs, ok mun ek hvárigan þeira hræðast“.

Eftir þat fóru þeir ofan til Reyniness, ok váru þar um náttina. Þaðan fóru þeir út á ströndina til þess bæjar, er at Reykjum hét; þar bjó sá maðr, er Þorvaldr hét, ok var góðr bóndi. Bað Grettir hann ásjá, ok sagði honum fyrirætlan sína, at hann vildi komast út í Drangey. Bóndi sagði, at Skagfirðingum myndi þat þykkja eigi vinsending, ok taldist undan. Grettir tók þá fésjóð, er móðir hans hafði gefit honum, ok fekk bónda. Hann varð léttbrýnn við féit, ok fekk til húskarla sína þrjá at flytja þá um náttina í tunglsljósi. Frá Reykjum er skamt til eyjarinnar, ok er þat vika sjós. Enn er þeir kvámu í eyna, þótti Gretti þar gott um at litast, því at hon var grasi vaxin, enn sjábrött, svá at hvergi mátti upp á komast, nema þar sem stigarnir váru við látnir; ok ef upp var dreginn hinn efri stigin, þá var þat einskis manns færleikr, at komast á eyna. Þar var þá ok fuglberg mikit á sumrum. Þar var þá áttatigi sauða í eynni, er bændr áttu; þat váru mest hrútar ok ær, er þeir ætluðu til skurðar. Settist Grettir þar nú um kyrt; þá hafði hann fimtán vetr eða sextán í sekt verit, at því sem Sturla Þórðarson hefir sagt.

70. Þá er Grettir kom í Drangey, váru þessir heraðshöfðingjar í Skagafirði: Hjalti bjó at Hofi í Hjaltadal, son Þórðar Hjaltasonar, Þórðarsonar skálps. Hjalti var höfðingi ok

göfugmenni mikit ok vinsæll. Þorbjörn hét bróðir hans; hann var mikill maðr ok sterkr, ok harðfengr ok ódæll. Þórir faðir þeira hafði kvángast í elli sinni, ok var sú kona eigi móðir þeira bræðra. Hon var illa til stjúpbarna sinna, ok verst til Þorbjarnar, því at hann var illfengr ok ófyrirleitinn. Þat var eitt sinn, at Þorbjörn öngull sat at tafl; þá gekk stjúpmóðir hans þar hjá, ok sá at hann tefldi hnettafl; þat var stórt halatafl. Henni þótti hann óþreifinn, ok kastaði at honum nökkurum orðum, enn hann svaraði illa. Hon greip þá upp töfluna, ok setti halann á kiunbein Þorbirni, ok hljóp af í augat, svá at úti lá á kinninni. Hann hljóp upp, ok þreif til hennar óþyrmilega, svá at hon lagðist í rekkju af, ok af því dó hon síðan, ok sögðu menn, at hon hefði verit ólétt. Síðan varð hann hinn mesti óeirðarmaðr; tók hann þá við fé sínu, ok bjó fyrst í Viðvík. Halldórr Þórðarson, Þórðarsonar frá Höfða, bjó at Hofi á Höfðaströnd; hann átti Þórdísi Þórðardóttur. systur þeira bræðra. Hjalta ok Þorbjarnar önguls. Halldórr var gildir bóndi ok ríkr at fé. Björn hét maðr, er bjó á Haganesi í Fljótum; hann var vinr Halldórs at Hofi. Þessir veittust at hverju máli. Tungu-Steinn hét maðr, er bjó á Steinsstöðum; hann var Bjarnarson, Ófeigssonar þunnskeggs, kráku-Hreiðarssonar, þess er Eiríkr í Goðdölum gaf tunguna niðr

frá Skálamýri. Steinn var frægr maðr. Eiríkr hét maðr, son hólmgöngu-Starra, Eiríkssonar ór Goðdölum, Hróaldssonar, Geirmundarsonar örðigskeggja; hann bjó at Hofi í Goðdölum. Þessir váru allir virðingamenn miklir. Bræðr tveir bjuggu þar, sem heitir at Breiðá í Sléttahlíð, ok hét Þórðr hvárirtveggja; þeir váru rammir at afli, ok þó gæfir menn. Þeir áttu allir part í Drangey. Svá segja menn, at eigi ætti færri menn í eyjunni, enn tuttugu, ok vildi engi sinn part öðrum selja. Þórðarsynir áttu mest í, því at þeir váru ríkastir.

71. Nú liðr fram at sólhvörfum; þá bjuggust bændr at sækja slátrfé sitt í eyna. Þeir skipuðu skútu, ok fekk hverr mann fyrir sik, enn sumir tvá. Enn er þeir kvámu nær eyjunni, sáu þeir þar menn á felli. Þat þótti þeim undarlegt, ok gátu þess til, at nökkurir menn myndu hafa brotið þar skip sitt, ok komizt þar á land. Reru nú þar at, sem stigarnir váru, enn hinir, sem fyrir váru, drógu upp stigana. Þá þótti bændum undarlega við bregða, ok kölluðu á þá, ok spurðu, hverir þar væri fyrir. Grettir nefndi sik, ok svá sína féлага. Bændr spurðu, hverr hann flutti út í eyna. Grettir svarar: „Sá flutti mik, sem farit átti ok hendrnar hafði, ok meiri var minn vinr, enn yðvarr“. Bændr svöruðu: „Láttu oss ná fé váru ok far til lands með oss, ok haf frjálst þat,

sem þú hefir niðr lagt af fé váru“. Grettir svarar: „Vel er þat boðit, enn þó munu nú hvárir hafa þat, sem fengit hafa, ok er þat skjótt at segja yðr, at heðan ferr ek eigi, nema ek sé dauðr um dreginn; eigi læt ek laust þat, sem ek hefi höndum á komit“. Nú þögnuðu bændr, ok þótti mikill vágestr kominn í Drangey; buðu þeir honum nú marga kosti, bæði með fégjöfum ok fögrum heitum, enn Grettir neitti öllu, ok fóru bændr á burt við svá búit, ok undu illa við sinn hlut; sögðu þeir heraðsmönnum, hverr vargr kominn var í eyna. Þetta kom mjök á þá óvara, ok þótti eigi hægt til atgerða; áttu þeir um þetta at tala um vetrinn, ok gátu eigi ráð til sét, at koma Gretti ór eygni.

72. Liðr nú þar til, er menn fara til Hegrannessþings um várit; kom fjölmenni mikit ór öllum heruðum, þeim sem menn áttu þangat at sækja. Sátu menn þar lengi á várit bæði yfir málum ok gleði, því at þá var margt gleðimanna í heruðum. Enn er Grettir spurði, at alþýða manna var farinn til þingsins, hafði hann gert ráð við vini sína, því at hann átti ávalt gott við þá, sem næstir honum váru, ok sparði ekki við þá, þat sem hann fekk til. Hann sagði at hann vildi fara til lands til atdrátta; enn þeir Illugi ok Glaumr skyldi eftir vera. Óráðlegt þótti Illuga þetta vera, enn lét þó svá vera,

sem Grettir vildi. Hann bað þá geyma stigans, ok sagði þeim þar á liggja. Eftir þat fór hann á land, ok aflaði þess er hann þóttist þurfa. Hann duldist nú, hvar sem hann kom, ok varði engan, at hann myndi á land kominn. Nú spurði hann af þinginu, at þar var gleði mikil. Var Gretti forvitni á at koma til þingsins, ok tekr fornan búning, heldr vándan, ok kemr svá á þingit, at menn gengu frá lögrétu heim til búða. Þá töluðu til sumir menn ungir, at veðr væri gott ok fagrt, ok sé gott ungum mönnum at hafa glímur ok skemtan. Þeir kváðu þat allráðlegt. Fóru menn þá, ok settust niðr fram frá búðunum. Gengu þeir Þórðarsynir mest fyrir skemtaninni. Þorbjörn öngull var uppvöðslumikill, ok ruddi fast til gleði; varð hvern til at fara, sem hann vildi; tók hann í hendr hverjum manni, ok hnykti fram á völlinn. Nú glímdu fyrst þeir, sem ósterkastir váru, ok þá hvern af öðrum, ok gerðist af þessu gleði mikil; enn er flestir höfðu glímt, nema þeir, sem sterkastir váru, áttu bændr um at tala, hvern til myndi verða, at taka á öðrum hvárum þeira Þórðanna, er fyrr váru nefndir; enn þar varð engi til. Þeir gengu þá fyrir ýmsa menn, ok buðu sik fram; enn því firr fór sem nær kallaði. Þorbjörn öngull litast þá um, ok sá, hvar maðr sat, mikill vexti, ok sá óglögt í andlit honum. Þorbjörn þreif til hans,

ok kipti honum fast. Hann sat kyrr ok bif-
aðist hvergi. Þá mælti Þorbjörn: „Engi hefir
setit jafnfast fyrir mér í dag sem þú; eða hverr
er þessi maðr?“ Hann svarar: „Gestr heiti
ek“. Þorbjörn mælti: „Þú munt vilja skemta
nökkuru, ok ertu aufúsgestr“. Hann svarar:
„Skjótt þykki mér margt skipast kunna, ok
mun ek eigi hlaupa í leik með yðr, enn mér
er alt ókunnigt fyrir“. Töluðu þá margir, at
hann væri góðs fyrir verðr, ef hann vildi
skemta mönnum nökkuru, ókunnr maðr. Hann
spurði, hvers þeir beiddi hann. Þeir báðu hann
glíma við einhvern. Hann kvaðst niðr hafa
lagt at rjá — „enn gaman þótti mér at því um
skeið“. Enn er hann afneitti eigi með öllu,
báðu þeir hann því meir. Hann mælti: „Ef
yðr þykkir undir um, at ek sé dreginn, þá
munu þér þat til vinna, at handsala mér grið
hér á þinginu, ok þar til sem ek kem til heim-
ilis míns“. Þá þutu upp allir ok kváðust þat
gjarna vilja. Hafr hét sá maðr, er mest fýsti,
at þessum manni væri grið gefin; hann var
Þórarinsson, Hafrssonar, Þórðarsonar knapps,
er land hafði numit upp frá Stiflu í Fljótum
til Tunguár. Hann bjó á Knappsstöðum, ok
var orðamaðr mikill. Hann sagði fyrir griðum
með mikilli röksemd, ok er þetta upphaf á:

73. „Hér set ek grið“, segir hann, „allra
manna á millum, einkanlega þessum sama Gesti

til nefndum, er hér sitr, ok at undirskildum öllum goðorðsmönnum ok gildum bændum, ok allri alþýðu ungra manna ok vápnfærra, ok allir aðrir heraðsmenn í Hegranesþingi, eða hvaðan sem hverir eru at komnir nefndra manna eða ónefndra, handsölum grið og fullan frið kvámumanni hinum ókunna, er Gestr nefnist, til gamans, glímu ok gleði allrar, til hêrvistar ok heimferðar, hvárt er hann þarf at fara á legi eða landi eða flutningi; skal hann hafa grið í öllum stöðum, nefndum ok ónefndum, svá lengi sem hann þarf til heillar heimkvámu, at höldnum trygðum. Set ek þessi grið fyrir oss ok vára frændr, vini ok venzlamenn, svá konur sem karla, þýjar ok þrælar, sveina ok sjálfráða menn. Sé sá griðniðingr, er griðin rýfr eða trygðum spillir, rækr ok rekinn frá guði ok góðum mönnum ór himinríki, ok frá öllum helgum mönnum, ok hvergi hæfr manna í milli, ok svá frá öllum út flæmdir, sem (menn) víðast varga reka, eða kristnir menn kirkjur sækja, heiðnir menn hof blóta, eldr brennr, jörð grær, mælt barn móður kallar, ok móðir mög fæðir, ald(n)ir elda kynda, skip skriðr, skildir blika, sól skín, snjá leggr, Finnir skriðr, fura vex, valr flýgr várlangan dag, ok standi honum beinn byrr undir báða vængi, himinn hverfr, heimr er bygðr, ok vindr veitir vötn til sjávar, karlar korni sá; hann skal firrast kirkjur ok kristna

menn, heiðna hölda, hús ok hella, heim hvern, nema helvíti. Nú skulu vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki, svá sem vin sinn í vatni finni, eða bróður sinn á braut finni, jafnsáttir hverr við annan sem sonr við föður, eða faðir við son, í samförum öllum. Nú leggjum vér hendr saman, ok allir vér, ok höldum vel griðin, ok öll orð töluð í trygðum þessum, at vitni guðs ok góðra manna, ok allra þeira, er orð mín heyra, eða nökkurir eru nærstaddir“.

74. Tóku þá margir til orða, at mikit var um mælt. Gestr mælti þá: „Vel hefir þú um mælt ok sagt, ef þér spillið eigi um síðar; skal ek nú eigi dvelja, þat sem ek hefi til fram at láta“. Eftir þat kastaði hann kufinum, ok því næst öllum bolklæðum. Þá leit hverr til annars, ok brá mjök vá fyrir grön; þóttust þeir kenna, at þetta var Grettir Ásmundarson, því at hann var ólíkr öðrum mönnum fyrir vaxtar sakir og þrekleika, ok þögnuðu nú allir, enn Hafr þóttist ósvinnr orðinn. Gengu nú tveir ok tveir saman af heraðsmönnum, ok ámælti hverr öðrum, enn þeim mest, er fyrir griðunum hafði sagt. Þá mælti Grettir: „Gerið greiðlegt fyrir mér, hvat yðr býr í skapi; því at eigi sit ek lengi klæðlauss; eigið þér miklu

meira í hættu enn ek, hvárt þér haldið grið yður eða eigi“. Þeir svöruðu fá, ok settust niðr. Þórðarsynir og Halldórr mágr þeira tóku nú tal með sér. Vildu sumir halda griðin, enn sumir eigi. Hnippaði hverr kolli at öðrum. Grettir kvað vísu :

- (63) Dulizk hefir margr í morgin
menja runnr við kunnan;
renna víst á runna
rannsíma tvær grímur.
Skotit es heldr fyr hölda
hvassorða leikborði;
öld bilar orð at halda;
alt dró slafr af Hafri.

Þá mælti Tungu-Steinn : „Þykki þér svá vera, Grettir; eða hvat munu þeir af ráða, höfðingjarnir? Enn satt er þat, at þú ert afbragðsmaðr fyrir hreysti sakir, eða sér þú eigi, at hverr þeira kjár nefnu at öðrum?“ Grettir kvað þá vísu:

- (64) Heldu Hlakkar tjalda
hefjendr saman nefjum,
Hildar veggs ok hjoggust
hregg-Nirðir til skeggjum;
ok geðstrangir gengu
— griða tóku at iðrask —
Svafnis látrs í sveitir
sviftendr, es mik kendu.

Þá mælti Hjalti Þórðarson: „Eigi skal svá vera“, segir hann; „halda skulu vér grið vár, þó at vár hafi orðit hyggindismunr; vil ek eigi,

at menn hafi þat til eftirdæma, at vér sjálfir höfum gengit á grið þau, sem vér höfum sett og seld; skal Grettir fara liðugr þangat sem hann vill, ok hafa grið til þess, er hann kemr aftr ór þessarri ferð; eru þá úti þessi trygðamál, hvat sem í gerist með oss“. Allir þökk-uðu honum fyrir, ok þótti honum höfðinglega gera, slíkar sakir sem til váru. Þorbjörn öngull varð hljóðr við. Var þá talat til, at annarrhvárr þeira Þórðanna myndi taka á Gretti, enn hann bað þá ráða. Nú gekk annarr fram þeira bræðra. Grettir stóð fyrir rétt, enn hinn hljóp at honum sem snarast, ok Grettir hvergi ór sporum. Grettir seildist aftr yfir bak Þórði, ok tók svá í brækrnar, ok kipti upp fótunum, ok kastaði honum aftr yfir höfuð sér, svá at hann kom at herðum niðr, ok varð þat allmiklit fall. Þá mæltu menn, at þeir skyldi fara til báðir bræðrnir senn, ok svá var gert; þá urðu allmiklar sviftingar, ok máttu ýmsir betr, enn þó hafði Grettir ávalt annanhvárn undir, enn ýmsir fóru á kné eða slyðrur fyrir öðrum; svá tókust þeir fast á, at hvetvetna var blátt ok blóðrisa. Öllum þótti at þessu hin mesta skemtan; ok er þeir hættu, þökkuðu allir þeim fyrir glímuna, ok var þat dómr þeira, er hjá sátu, at þeir væri eigi sterkari tveir enn Grettir einn, enn hvárr þeira hafði tveggja manna megin, þeira sem gildir váru.

Þeir váru svá jafnsterkir, at hvárrgi bar af öðrum, ef þeir reyndu með sér. Grettir var eigi lengi á þinginu. Bændr báðu hann gefa upp eyna, enn hann neitti því, ok gátu bændr ekki at gert. Grettir fór aftr til Drangeyjar, ok tók Illugi feginsamlega við honum. Settust þeir um kyrt. Sagði Grettir þeim nú frá ferðum sínum. Leið nú fram á sumarit. Öllum þótti Skagfirðingar mikinn drengskap sýnt hafa, hversu þeir heldu vel grið sín, ok má þá af slíku marka, hverir dygðamenn þá váru, slíkar sakir sem Grettir hafði gert við þá. Bændr þeir, sem óríkari váru, töluðu með sér, at þeim væri litit gagn at eiga litinn part í Drangey, ok buðu nú at selja Þórðarsonum; enn Hjalti kvaðst eigi kaupa vilja, enn bændr skildu þat til, at sá, er kaupa vildi, skyldi annathvært drepa Gretti, eða koma honum burt. Þorbjörn öngull kvaðst eigi spara at bindast fyrir um atför við Gretti, ef þeir vildi gefa honum fé til. Hjalti bróðir hans lagði af við hann sinn part í eyjunni, því at Þorbjörn var þeira harðfengari ok óvinsæll. Svá gerðu þá fleiri bændr. Fekk Þorbjörn öngull þá mikinn hlut eyjarinnar með litlu verði; enn hann bazt undir, at koma Gretti á burtu.

75. At áliðnu sumri fór Þorbjörn öngull með alskipaða skútu til Drangeyjar, enn þeir Grettir gengu fram á bjargit. Töluðust þeir

þá við. Bað Þorbjörn Gretti gera fyrir orð sín, at fara ór eyjunni. Grettir kvað þess enga ván. Þorbjörn mælti: „Vera má, at ek mega gera þér þvilíkt liðsinni, þótt þú gerðir þetta; enn nú hafa bændr margir lagt upp við mik, þat er þeir hafa átt í eyjunni“. Grettir svarar: „Nú kvattu þat upp, at ek er ráðinn til at ganga heðan aldri, er þú sagðist eiga mestan hlut eyjarinnar; er þat vel, þó at vit deilim kálit; enn þat var satt, at mér þótti erfitt, at hafa alla Skagfirðinga í móti mér, enn hér er hvárrgi til sparandi, því at vit munum eigi kafna í vinsældum manna; máttu vel af leggja ferðir þínar hingat, því at alt er um gert fyrir mér“. „Sinnar stundar bíðr hvat“, sagði Þorbjörn, „ok muntu ills bíða“. „Hætt mun á þat verða“, sagði Grettir; ok skildu við svá búit. Fór Þorbjörn heim aftr.

76. Svá er sagt, at þá er Grettir hafði tvá vetr verit í Drangey, þá höfðu þeir skorit flestalt sauðfé, þat sem þar hafði verit, enn einn hrút létu þeir lifa, svá at getit sé; hann var hösmögóttur at lit ok hyrndr mjök. At honum hendu þeir mikit gaman, því at hann var svá spakr, at hann stóð fyrir úti, ok rann eftir þeim þar sem þeir gengu; hann gekk heim til skála á kveldin, ok gneri hornum sínum við hurðina. Gott þótti þeim í eyjunni, því at þar var gott til matar fyrir fugls sakir

ok eggja, enn til eldiviðar var þar hnepst at afla; ok lét Grettir jafnan þrælinn kanna reka, ok rak þar oft kefli, ok bar hann þau heim til elda. Ekki þurftu þeir bræðr at starfa, utan at fara í bjarg, þá er þeim líkaði. Þrælinn tók at letjast mjök á starfanum; gerðist hann nú möglunarsamr ok ógeymnari enn verithafði. Hann skyldi geyma um eld hverja nátt, ok bauð Grettir mikinn varnað á því, því at skip var eigi hjá þeim. Nú bar svá til, at eldr sloknaði fyrir þeim á einni nátt. Þá varð Grettir styggr við, ok kvað þat maklegt, at Glaumr væri hýddr; enn hann, þrælinn, sagði illa æfi sína, at liggja hér í útlegð, enn vera hraktr ok barðr, ef nökkut mistækist. Grettir spurði Illuga, hvat þá væri til ráða; enn hann kvaðst eigi annat sjá, enn þeir myndi þar verða at biða til þess er skip bæri at. Grettirsagði, at þeim var blint til þess at ætla — „mun ek heldr hætta til, hvárt ek komumst til lands“. „Mikit þykki mér þat“, segir Illugi, „því at vit erum upp gefnir, ef þér verðr nökkut“. „Eigi mun ek á sundi drukna“, sagði Grettir; „enn þó mun ek verr trúa þrælum heðan frá, svá mikit sem oss lá hér við“. Þat var vika sjávar, sem skemst var til lands ór eyjunni.

77. Býst Grettir nú til sunds, ok hafði söluvátarkufl, ok gyrðr í brækr; hann lét fitja saman fingrna. Veðr var gott. Hann fór at

áliðnum degi ór eyjunni. Allóvænlegt þótti Illuga um hans ferð. Grettir lagðist nú inn á fjörðinn, ok var straumur með honum, enn kyrt með öllu. Hann sótti fast sundit, ok kom inn til Reykjaness, þá er sett var sólu. Hann gekk til bæjar at Reykjum, ok fór í laug um náttina, ok fór síðan í stofu. Þar var mjök heitt, því at eldr hafði verit um kveldit, ok var lítt rokin stofan. Hann var móðrmjök ok sofnaði fast. Lá hann þar alt á dag fram; enn er á leið morgininn, stóðu heimamenn upp, ok kvámu konur tvær í stofu fyrst; þat var griðkona ok dóttir bónda. Grettir var viðsvefn, og höfðu fötin svarfagt af honum ofan á gólfít. Þær sáu hvar maðr lá, ok kendu hann. Þá mælti griðkona: „Svá vil ek heil, systir, hér er kominn Grettir Ásmundarson, ok þykkir mér raunar skammrifjamikill vera, ok liggr berr; enn þat þykki mér fádæmi, hversu lítt hann er vaxinn niðr, ok ferr þetta eigi eftir gildleika hans öðrum“. Bóndadóttir svarar: „Því berr þér svá margt á góma? ok ertu eigi meðalfífla, ok vertu hljóð“. „Eigi má ek hljóð vera um þetta, sæl systirin“, segir griðkona, „því at þessu hefða ek eigi trúat, þó at nökkurr hefði sagt mér“. Fór hon nú yfir at honum ok gægðist, enn stundum hljóp hon til bóndadóttur ok skeldi upp ok hló. Grettir heyrði

hvat hon sagði, ok er hon hljóp inn yfir á gólfít, greip hann til hennar ok kvað vísu:

(65) Váskeytt er far flaska;
fár kann sverð í hári
eskiruðr fyr öðrum
örveðrs sia görva.
Veðjak hins at hreðjar
hafi þeir enn vér meiri,
þót eldraugar eigi
atgeira sin meiri.

Síðan svifti hann henni upp í pallinn, enn bónda-
dóttir hljóp fram. Þá kvað Grettir vísu:

(66) Sverðlítinn kvað sæta
saumskorða mik orðiun;
Hrist gerir hreifa kvista
hælin satt at mæla.
All-lengi má ungum
— eyleygjar bið Freyja —
lágr í læra skógar
lautu Faxi mér vaxa.

Griðka æpti hástöfum, enn svá skildu þau, at hon frýði eigi á Gretti um þat er lauk. Litlu síðar stóð hann upp ok gekk til Þorvalds bónda, ok sagði honum til vandkvæða sinna, ok bað hann flytja sik út; ok gerði hann svá, ok léði skip ok flutti hann út; ok þakkaði Grettir honum fyrir þenna drengskap. Enn er þat fréttist, at Grettir hafði lagzt viku sjávar, þótti öllum frábær frækleikr hans bæði á sjá ok landi. Skagfirðingar ámæltu mjök Þorbirni öngli fyrir þat, er hann kom eigi Gretti burt

ór Drangey, ok kváðust mundu aftr taka hverr sinn part. Honum þótti sér óhægt um, ok bað þá vera góða í biðum.

78. Þetta sumar kom skip út í Göngu-skarðsósi; þar var sá maðr á skipi, er Hæringr hét. Hann var ungr maðr, ok fær svá vel, at hann kleif hvert bjarg. Hann fór til vistar með Þorbirni öngli, ok var þar fram á haust. Hann fýsti Þorbjörn mjök til at fara til Drangeyjar, ok kvaðst vildu sjá, hvárt hon væri svá mikit bjarg, at hvergi mætti upp komast. Þorbjörn kvað hann eigi til einskis vinna skyldu, ef hann kæmist upp á eyna, ok fengi veitt Gretti áverka eða drepit hann. Gerði hann þetta ágengilegt fyrir Hæringi; ok eftir þetta fóru þeir til Drangeyjar, ok skutu honum, austmanninum, upp í einhverjum stað, ok skyldi hann leynast at þeim, ef hann kæmist upp á eyna; enn þeir lögðu at stiganum ok tóku tal við þá Gretti. Spurði Þorbjörn Gretti, hvárt hann ætlaði eigi ór eyjunni. Hann kveðst í engu jafnráðinn. „Mjök hefir þú á oss leikit“, segir Þorbjörn, „nær sem vér fáum þess hefnt, enn eigi uggir þú margt at þér“. Lengi áttust þeir þetta við, ok kom eigi ásamt með þeim. Enn frá Hæringi er þat at segja, at hann kleif aftr ok fram um bjargit, ok fekk upp komizt í einhverjum stað, þar sem hvárki hefi maðr farit áðr né síðan. Enn er hann

kom upp á bjargit, sér hann, hvar þeir bræðr vǫru ok horfðu baki við honum. Hugðist hann nú á skammri stundu at vinna bæði til fjár ok frægðar. Þá varði einskis um hans ferðir, því at þeir hugðu, at hvergi mætti upp komast, nema þar sem stigarnir vǫru. Grettir fekst við þá Þorbjörn, ok skorti þar eigi tygileg orð af hvarumtveggja. Þá varð Illuga litit hjá sér, ok sá mann kominn mjök at þeim. Hann mælti þá: „Maðr er hér kominn at okkr með reidda öxi, ok sýnist mér heldr ófriðlega láta“. „Snú þú í móti honum þá“, segir Grettir, „enn ek mun geyma stigans“. Illugi réðst í móti Hæringi; ok er austmaðrinn sá þat, sneri hann undan einhverstaðar eftir eyjunni. Illugi elti hann meðan eyin vanst; ok þegar hann kom fram á bjargit, hljóp Hæringr þar ofan fyrir, ok brotnaði í honum hvert bein; lauk hans æfi svá. Þar heitir Hæringshlaup síðan, sem hann týndist. Illugi kom aftr, ok spurði Grettir, hversu hann hefði við þenna skilit, er honum var ætlaðr. „Eigi vildi hann mér at hlíta“, segir Illugi, „at sjá ráð fyrir sér, ok braut hann bekrann ofan fyrir bjargit. ok biði bændr fyrir honum, sem hann sé dauðr“. Ok er Öngull heyrði þat, bað hann þá burt leggja — „hefir ek nú farit tvær ferðir til móts við Gretti, enn eigi mun ek fara í þriðja sinn, ef ek verð þá einskis vísari; enn nú þykki mér

meiri ván, at þeir megi sitja í Drangey fyrir mínum sökum; enn þat ætla ek, at Grettir muni skemr sitja hér heðan af enn hingat til“. Nú fóru þeir heim. Þótti þessi ferð verri enn hin fyrri, ok sat Grettir þenna vetr í Drangey, ok hittust þeir Þorbjörn eigi þann vetr. Á þessum misserum andaðist Skafti lögmaðr Þór-oddsson. Var Gretti þat skaði mikill, því at hann hafði heitit að ganga fyrir um syknu hans, þegar Grettir hefði tuttugu vetr í sekt verit, enn sjá var hinn nítjándi sektar hans, er nú var frá sagt um hrið. Um várit andað-ist Snorri goði; ok margt bar til tíðenda á þessum misserum, þat sem eigi kemr við þessa sögu.

79. Þetta sumar á alþingi töluðu frændr Grettis margt um sekt hans, ok þótti sumum sem hann hefði úti sekt sína, ef hann hefði nökkut af hinu tuttugasta ári, enn þeir, sem sakir áttu við hann, vildu þat eigi, ok kölluðu hann margt útleðarverk gert hafa síðan, ok þótti sekt hans eiga at vera því lengr. Þá var nýr lögmaðr tekinn, Steinn Þorgestsson, Steinssonar mjöksiglanda, Þórissonar haust- myrkr. Móðir Steins lögmans var Arnóra, dóttir Þórðar gellis. Steinn var vitr maðr. Hann var þá beiddr órskurðar; enn hann bað þá rannsaka, hvárt þat væri af hinum tuttug- ustum tólf mánuðum, er þá var af sumrinu,

síðan hann var sekr gerr, enn þat varð svá. Þá gekk at Þórir ór Garði, ok leitaði at færa í alla trega, þá er mætti, ok gat hann fundit at Grettir hafði komit at áliðnu sumri, ok hafði eigi hér á landi þat í sekt setit; ok urðu þá níttján tólf mánuðir, ok þrem fátt í, er frá því alþingi váru, ok til þess, er Grettir kom út um haustit, er hann hafði hér í sekt setit. Þá sagði lögsögumaðr, at engi skyldi lengr í sekt vera, enn tuttugu vetr alls, þó at hann gerði útleigðarverk á þeim tímum, — „enn fyrr man ek engan ór sekt segja; ok af þessu eyddist sykn at sinni, enn þótti nú at visu at ganga, at hann myndi sykn vera á öðru sumri. Þetta likaði illa Skagfirðingum, ef Grettir kvæmist ór sektinni; báðu nú Þorbjörn öngul gera annathvært, leggja aftr eyrna, eða drepa Gretti; enn honum þótti vandi á höndum, því at hann sá eigi ráð til at vinna Gretti, enn vildi þó halda eyjunni; leitaði hann allra bragða við at stíga yfir Gretti, annathvært með harðfengi eða brögðum, eða á hvern hátt, er hann gæti þat gert.

80. Fóstru átti Þorbjörn öngull, er Þuríðr hét; hon var mjök gömul, ok til lítils fær, at því er mönnum þótti. Hon hafði verit fjölkunnig mjök ok margkunnig mjök, þá er hon var ung, ok menn váru heiðnir; nú þótti sem hon myndi öllu týnt hafa. Enn þó at kristni

væri á landinu, þá váru þó margir gneistar heiðninnar eftir. Þat hafði verit lög hér á landi, at eigi var bannat at blóta á laun, eða fremja aðra forneskju, enn varðaði fjörbaugssök, ef opinbert yrði. Nú fór svá mörgum, at gjörn var hönd á venju, ok þat varð tamast, sem í æskunni hafði numit. Ok svá sem Þorbjörn öngull var þrotinn at ráðagerðum, leitar hann þangat til trausts, sem flestum þótti ólíklegast, enn þat var til fóstru sinnar, ok spurði, hvat þar var til ráða at taka hjá henni. Hon svarar: „Nú þykki mér koma at því, sem mælt er, at margr ferr í geitarhús ullar at biðja; enn hvat mynda ek síðr, enn þykkjast fyrir heraðsmönnum öðrum, enn vera til einskis maðr, þegar at nökkut reyndi til? Nú sé ek eigi, at mér mætti firr um fara enn þér, þótt ek rísa varla ór rekkju. Ef þú vilt mín ráð hafa, þá vil ek ráða, hversu með er farit“. Hann játaði því ok kvað hana sér lengi heilráða verit hafa. Leið nú fram at tvímánaði sumars. Þat var einn veðrdag góðan, at kerling mælti við Öngul: „Nú er kyrt veðr ok bjart; vil ek nú, at þú farir til Drangeyjar, ok troðir illsakir við Gretti. Man ek fara með yðr, ok vita, hversu geymilega honum fara orð. Man ek hafa eitt-hvað fyrir satt, ef ek sé þá, hversu heilladrjúgir þeir munu vera, ok man ek þá mæla yfir þeim slíkum orðum, sem mér líkar“. Öngull

svarar: „Letjumst ek á ferðir til Drangeyjar, því at jafnan er mér verra í hug. þá er ek ferr í burt þaðan, enn þá ek kem“. Þá mælti kerling: „Ekki skal ek til leggja með þér, ef þú lætr mik engu ráða“. „Eigi skal svá vera, fóstura mín“, segir hann; „enn þat hefi ek mælt, at ek vilda svá koma þar í þriðja sinn, at eitthvert skapaðist á með oss“. „Hætta verður á þat“, segir kerling, „ok muntu margt erfíði verða fyrir at hafa. áðr Grettir er við jörðu lagðr, ok oft man þér ósýnt um þykkja, hverr þinn hluti verður, ok þungt muntu af fá um þat er lýkr; enn þó ertu svá undirbúinn, at eitthvert verður ór at ráða“. Eftir þat lætr Þorbjörn öngull setja fram teinæring, ok sté þar á við tólfta mann. Kerling var í ferð með þeim. Tóku þeir róðrar leiði út til Drangeyjar; ok er þeir bræðr sáu þat, gengu þeir fram at stiganum, ok tóku þeir enn at tala um mál sín, ok sagði Þorbjörn, at hann var enn kominn at vitja þeira mála, ef Grettir vildi á burt fara, ok kvaðst enn leggja í léttan stað um fémissu ok þarvist ef þeir skildi slysalaust. Grettir kvaðst engi miðlunarmál á því hafa eða gera, at fara þaðan — „hefi ek þetta oft sagt, ok þarf þetta eigi við mik at tala“, segir hann. „Munu þér þat at gera, sem þér vilið, enn hér man ek bíða þess, sem at höndum kemr“. Nú þóttist Þorbjörn sjá, at hans erendi varð ekki

at sinni, ok mælti: „Vita þóttumst ek, við hverja heljarmenn at hér er um at eiga, ok þat er líkast, at líði nökkurr dagr, áðr enn ek kem hér oftar“. „Eigi tel ek þat með skaða mínum, þótt þú komir hér aldri“, segir Grettir. Kerling lá aftr í skut, ok váru borin at henni klæði; hon hrærðist þá ok mælti: „Þessir menn munu vera hraustir ok hamingjulausir; verðr yðvarr mikill mannamunr: Þú býðr þeim marga kosti góða, enn þeir neita öllum; ok er fátt vísara til ills, enn kunna eigi gott at þiggja. Nú mæli ek þat um við þik. Grettir, at þú sért heill horfinn, allri gift ok gæfu, ok allri vörn ok vizku, æ því meir, sem þú lifir lengr; vænti ek, at þú eigir hér færi gleðidaga heðan frá enn hingat til“. Ok er Grettir heyrði þetta, brá honum mjök við, ok mælti hann: „Hvat fjanda er á skipinu með þeim?“ Illugi svarar: „Þat hygg ek, at þat sé kerlingin fóstura Þorbjarnar“. „Fussum þeiri gerningavætt“, segir Grettir, „ok var þá eigi hins verra eftir ván, ok við engi orð hefir mér meir brugðit, enn þessi, er hon mælti; ok þat veit ek, at af henni ok hennar fjölkyngi leiðir mér nökkut illt; skal hon ok eitthvert til menja hafa, er hon hefir okkr heim-sótt“ — ok þreif upp stein stundarmikinn, ok kastaði ofan á skipit, ok kom á fatahrúguna. Þat var þó lenga steinkast, enn Þorbjörn ætlaði, at nökkurr maðr myndi kasta. Við þat

kom skrækr mikill. Hafði steinninn komit á þjólegg kerlingar, svá at í sundr gekk. Þá mælti Illugi: „Eigi vilda ek, at þú hefðir þetta gert“. „Lasta þú eigi þetta“, segir Grettir, „enn þat uggir mik, at of litit hafi á komit, því at eigi væri of goldit fyrir okkr báða, þó at ein kerling komi fyrir okkr“. „Hvat mun hon koma fyrir okkr?“ sagði Illugi, „ok litit leggst þá fyrir okkr“. Þorbjörn fór nú heim, ok varð ekki at kveðjum, er þeir skildu. Hann mælti þá við kerlingu: „Nú fór sem mik varði, at þú myndir litla sæmdarferð fara til eyjarinnar; hefir þú fengit örkuhl, enn vér erum engri sæmd at nærr enn áðr, ok verðum at hafa bóttalausá hverja svívirðing ofan á aðra“. Hon svarar: „Þetta mun upphaf óheilla þeira, ok get ek, at heðan af fari þeim heldr síganda; kvíði ek eigi því, ef ek lifi, at ek geta eigi hefnt þessa atviks, sem mér hefir gert verit“. „Hugstigin þykki mér þú vera, fóstur“, sagði Þorbjörn. Nú kvámu þau heim, ok lagðist kerling í rekkju ok lá nær mánuð. Þá var saman runninn leggrinn, er verr var. Tók hon þá á fætr at fara. Mikinn hlátr gerðu menn at ferð þeira Þorbjarnar ok kerlingar, ok þótti nú oft á leikast í viðskiftum þeira Grettis; þat fyrst á várþingi um gríðasöluna, enn í annat sinn þá Hæringr týndist, ok nú hit þriðja sinni, er þjólegg kerlingar brotnaði; ok varð

hér ekki í móti leikit. Hafði Þorbjörn öngull mikla skapraun af þessum orðum.

81. Nú liðr fram á haustit, þar til at váru þrjár vikur til vetrar; þá beiddi kerling, at henni skyldi aka til sjávar. Þorbjörn spurði, hvat hon vildi. „Lítit er erendit, enn þó má vera“, segir hon, „at þat væri fyrirboðan stærri tíðenda“. Nú var svá gert sem hon beiddi; ok er hon kom til strandar, haltraði hon fram með sjánum, svá sem henni væri vísat til, þar sem lá fyrir henni rôtartré, svá mikit sem axlbyrðr. Hon leit á tréit ok bað þá snúa fyrir sér. Þat var sem sviðit ok gniðat öðrum megin. Hon lét telgja á lítinn flatveg, þar gniðat var. Síðan tók hon hníf sinn ok reist rúnir á rötinni, ok rauð í blóði sínu, ok kvað yfir galdra. Hon gekk öfug andsælis um tréit, ok hafði þar yfir mörg römm ummæli. Eftir þat lætr hon hrinda trénu á sjá, ok mælti svá fyrir, at þat skyldi reka út til Drangeyjar, ok verði Gretti alt mein at. Þaðan fór hon heim í Viðvík. Eigi kvaðst Þorbjörn vita, til hvers þetta kæmi. Kerling kvað hann vita síðar gerr. Vindr var utan eftir firði, ok hóf röt kerlingar í móti veðri, ok þótti fara eigi vánu seinna. Nú sat Grettir í Drangey, sem fyrr segir, ok þeir allir félagar, ok létu vel yfir sér. Annan dag eftir enn kerling hafði tréit magnat gengu þeir bræðr ofan fyrir bjargit ok leituðu at eldiviði;

enn er þeir kvámu vestr um eyrna, fundu þeir rôtartré rekit upp. Þá mælti Illugi: „Þetta er mikill eldiviðr, frændi, ok berum heim“. Grettir spyrndi við fæti sínum ok mælti: „Ilt tré ok af illum sent, ok skulu vit annan eldivið hafa“, ok kastaði út á sjá, ok bað hann Illuga varast at bera þat heim — „því at þat er sent okkr til óheilla“. Eftir þat fóru þeir til skála, ok gátu eigi um þetta fyrir þrælnum. Annan dag fundu þeir tréit, ok var þá nær stiganum enn hinn fyrra dag; rak Grettir þat á sjá út, ok kvað þat aldriki skyldu heim bera. Leið nú fram á sumarit; þá kom á hvast veðr með vætu, ok nentu þeir eigi at hafa sik úti, ok báðu Glaum leita eldiviðar. Hann varð illa við, ok kvaðst kvaldr, er hann skyldi kveljast úti í hverju illviðri. Hann fór ofan fyrir stigann ok fann þar rót kerlingar, ok þóttist vel hafa gengit, þreif upp ok stritaði heim til skála, ok kastaði niðr, ok varð af dynkr mikill. Þat heyrði Grettir. „Aflat hefir Glaumr nökkurs, ok skal ek fara út ok sjá, hvat þat er“, ok tekr upp bolöxi ok gengr út. Glaumr mælti þá: „Fær þú eigi verr í sundr enn ek hefi heim fært“. Gretti varð skapfátt við þrælinn, ok tvíhendi öxina til rötarinnar, ok eigi geymdi hann, hvat tré þat var; ok jafnskjótt sem öxin kom við tréit, snerist hon flöt ok stökk af trénu ok á fót Grettis hinn hægra

fyrir ofan kné, ok svá at stóð í beini, ok var þat sár mikit; þá leit hann á tréit ok mælti: „Sá varð nú drjúgari, er verr vildi, ok mun þetta eigi eitt saman fara; er hér nú komit þat sama tré, sem ek hefi út kastat tvá daga; hefir þik nú, Glaumr, hent tvau slys: þat annat, at þú slöktir eld várn, ok þat annat, er þú bart heim þetta óheillatré; enn ef þik hendir hit þriðja slys, þá verðr þat þinn bani ok vár allra“. Þá tók Illugi ok batt um skeinu Grettis, ok blæddi lítt, ok svaf Grettir vel um náttina, ok svá liðu þrjár nætr, at engi kom verkr í sárit, enn er þeir leystu til, var skeinan saman hlaupin, svá at nálega var gróin. Illugi mælti þá: „Þat vil ek ætla, at þér verði eigi langt mein at þessu sári“. „Vel væri þá“, segir Grettir, „enn undarlega hefir þetta til borit, at hverju sem verðr; enn hinn veg segir mér hugr um“.

82. Nú leggjast þeir niðr um kveldit; ok er kom at niðri nátt, brauzt Grettir um fast. Illugi spurði, hví hann væri svá ókyrr. Grettir segir, at honum gerðist ilt í fætinum — „ok þætti mér líkara, at nökkut litbrigði væri á“. Kveiktu þeir þá ljós; ok er til var leyst, sýndist fótrinn blásinn ok kolblár, enn sárit var hlaupit í sundr, ok miklu illilegra enn í fyrstu. Þar fylgdi mikill verkr, svá at hann mátti hvergi kyrr þola, ok eigi kom honum svefn á

augu. Þá mælti Grettir: „Svá skulu vér við búast, sem krankleiki þessi, sem ek hefi fengit, mun eigi til einskis gera. Því at þetta eru gerningar, ok mun kerling ætla at hefna steinshöggsins“. Illugi mælti: „Þá sagða ek þér, at eigi myndi gott fá af kerlingu þeiri“. „Alt mun fyrir eitt koma“, segir Grettir, ok kvað vísur fim:

- (67) Oft nam sköpum skifta
 Skjóma egg í rómu
 þás berserkjum birkis
 böðharðum sjöt varðak.
 Gall's Hjarrandi handa
 Hristar naðrinn misti;
 Björn lét brátt ok Gunnarr
 báðir lif ok náðir.
- (68) Einn kom ek einu sinni
 út á breiðri skútu
 í Dyrhólum; darra
 drengr el skáði lengi.
 Bauð Torfi þá þýðum
 þegn með stóru megni
 þrautir þungra spjóta
 þarflegr Vébrands arfi.
- (69) Svá varð skilðr frá skaldi
 skeljeggs minnis veggja
 meiðir, þót margir stæði
 menn at vápna sennu,
 svát ófærr varð ára
 endr af Grettis hendi
 hlynr í hriðum benja;
 hest gaf hann mér at lesti.

(70) Víttr frákr Þorfinnr þætti
þegn sterkr svaðilsverka ;
aldrs kvaðsk odd-Bör skyldu
Arnórs eon mér varna.
Áræði brást eyði
einlyndum þót mik fyndi
títi orma setra
einn vask eigi at beinni.

(71) Gat ek fyr geira njótum
gætt, þvit treystak mætti
viðr umsátum ýta
aldrs, þat vas-a sjaldan.
Nú hefr gild með göldrum
gunnelda-Bör unnit
— römm eru ráðin grimmu —
rein afgömul steina.

„Nú skulu vér vera varir um oss“, sagði Grettir, „því at svá munu þau Þorbjörn öngull til ætla, at eigi skuli þetta eitt saman fara ; vil ek, Glaumr, at þú gætir stiga hvern dag heðan í frá, enn dragir upp á kveldi, ok gerir þetta trúlega, sem mikit liggi við, enn ef þú svíkr okkr, þá mun þér skamt til ills“. Glaumr hét góðu um þetta. Nú tók at harðna veðrátta, ok gerði á landnyrðing mikinn með kulda. Grettir spurði hvert kveld, hvárt upp væri dreginn stiginn. Glaumr mælti: „Nú væri helzt manna ván mest; eða mun nökkurum svá mikill hugr á at ná lífi þínu, at þat vili til vinna, at drepa sjálfan sik? því at þessi veðr eru langt um ófær, ok lokit ætla ek nú garpskap-

num hinum mesta, er þér þykkir sem alt muni ykkur at bana verða“. „Þú munt þik enn verr bera enn hvárrokkarr“, sagði Grettir, „til hvers sem taka þarf, enn þó skaltu nú geyma stigans, þó at þú sért nauðigr“. Ráku þeir hann út hvern morgin. Þoldi hann þat illa. Verkrinn tók at vaxa í skeinunni, svá at blés upp allan fótinn, ok lærit tók þá at grafa bæði uppi ok niðri, ok snerist um alt sárit, svá at Grettir gerðist banvænn. Sat Illugi yfir honum nátt ok dag, svá at hann gaf at engu öðru gaum; var þá liðit af annarri viku síðan Grettir skeindi sik.

83. Þorbjörn öngull sat nú heima í Viðvík, ok undi illa við, er hann gat eigi unnit Gretti; ok þá er liðin var vel vika, síðan er kerling hafði magnat rótina, þá kemr hon at máli við Þorbjörn, ok spurði, hvárt hann ætlaði eigi at vitja Grettis. Hann sagðist í engu jafnráðinn sem því,— „eða viltu finna hann, fóstra?“ segir Þorbjörn. „Eigi mun ek finna hann“, segir kerling, „enn sent hefi ek honum kveðju mína, ok vænti ek þess, at komit hafi til hans; ok þat þykki mér ráð, at þú bregðir við skjótt, ok farir fljótt til móts við hann, ellegar mun þér eigi auðit verða at sigra hann“. Þorbjörn svarar: „Svá marga hrakför hefi ek þangat farit, at þangat kem ek eigi; er þat ok ærit eitt, at þau stórviðri ganga, at hvergi er fært,

hver nauðsyn sem á er“. Hon svarar: „Allráðlauss ertu, er þú sér eigi brögð til þessa; nú mun ek enn ráð þar til leggja; far þú fyrst ok afla þér til manna, ok rið út til Hofa til Halldórs mágs þíns, ok tak þá ráð af honum; enn ef ek ræð nökkuru um heilsufar Grettis, hvat má þá kalla örvænt, at ek ráða vindblöku þeiri, er á leikr um stundir?“ Þorbirni þótti verða mega, at kerling sæi lengra enn hann ætlaði, ok sendi þegar eftir mönnum upp í herað; váru þar skjót svör, at engir þeir, sem upp höfðu gefit sinn part, vildu nökkurn léttu undir leggja; kváðu, at Þorbjörn skyldi hafa bæði eyjarhlut ok atför við Gretti. Tungu-Steinn fékk honum fylgdarmenn sína tvá; Hjalti bróðir hans sendi honum þrjá menn; Eiríkr í Goðdölum sendi honum einn mann. Þá hafði hann heiman sex menn. Riðu þeir tólf ór Viðvík út til Hofa. Halldórr bauð þeim þar at vera, ok spurði at erendum. Þorbjörn sagði af hit ljósasta. Halldórr spurði, hvern þetta hefði ráðit. Hann sagði, at fóstura hans fýsti hann mjök. „Þat mun eigi góðu reifa“, sagði Halldórr, „því at hon er fjölkunnig, enn þat er nú fyrirboðit“. „Eigi má fyrir öllu sjá um þat“, segir Þorbjörn, „enn um skal nú lúka á einhvern hátt, ef ek má ráða; eða hversu skal ek fara þess, at ek komumst í eyrna?“ „Sjá þykkjumst ek þat“, segir Halldórr, „at

þú treystir einhverju, enn eigi veit ek, hversu gott þat er. Nú ef þú vilt áfram halda, þá far þú út í Haganes í Fljót til Bjarnar vinar míns; hann á skútu góða. Seg honum orð mín, at hann ljái þér skipit. Þaðan mun sigla mega inn til Drangeyjar; enn ósýn lízt mér ferð yður, ef Grettir er ósjúkr ok heill. Viti þér þat ok víst, vinni þér hann eigi með drengskap, at noga á hann eftirmálmenn. Drepið eigi Illuga, ef þér megið annat; enn sjá þykkjumst ek, at eigi mun alt kristilegt í þessum ráðum“. Nú fekk Halldórr þeim sex menn til ferðar. Hét einn Kárr, enn annarr Þorleifr, þriði Brandr. Eigi váru nefndir fleiri; enn þaðan fóru þeir átján út í Fljót ok kvámu í Haganes, ok sögðu Birni orðsending Halldórs. Hann kvað þat skylt hans vegna, enn sagðist ekki eiga Þorbirni vanlaunat; enn honum sýndist þetta óraferð ok latti mjök. Eigi létust þeir aftr mundu hverfa; fóru til sjávar ok settu fram skipit, ok var þar reiðinn hjá í naustinu. Bjoggust þeir nú til siglingar. Öllum sýndist þeim ófært, sem á landi stóðu. Nú vinda þeir á segl; tók skipit skjótan skrið ok mikinn fram á fjörðinn; enn svá sem þeir kvámu aðallega fram á fjörðinn ok á djúpit, hægðist veðri svá, at þeim þótti aldri of hvast. Kvámu þeir um kveldit, er rökkvat var, inn til Drangeyjar.

84. Nú er frá því at segja, at Grettir var svá sjúkr, at hann mátti eigi á fætr standa; sat Illugi yfir honum, enn Glaumr skyldi halda vörð. Hann hafði þá enn mörg orð í móti, ok kvað þeim svá þykkja, sem falla myndi fjör ór þeim, þó at ekki bæri til. Nú fór hann út ór skálanum ok allnauðigr; ok er hann kom til stiganna, mæltist hann við einn saman, ok sagðist nú, at hann skyldi eigi upp draga stigann; tók hann nú at syfja mjök, ok lagðist niðr, ok svaf allan daginn ok alt þar til er Þorbjörn kom til eyjarinnar. Þeir sá nú, at stiginn var eigi upp dreginn. Þá mælti Þorbjörn: „Brugðit er nú lagi“, segir hann, „ór því sem vant er, at engir eru menn á gangi, enda stendr stiginn þeira; má vera, at fleira beri til tíðenda í ferð várri enn vér hugðum fyrir öndverðu. Nú skulu vér flýta oss til skálans, ok látum nú eigi áræðisskort verða. Vitum þat fyrir víst, ef þeir eru heilir, at vér munum þurfa, at hverr dugi sem bezt“. Síðan gengu þeir upp á eyna ok lituðust um, ok sá, hvar maðr lá skamt frá uppgangi ok hraut fast. Þorbjörn kendi Glaum ok gekk at honum, ok rak sverðshjöltin við eyra honum, ok bað mannfýluna vaka — „ok sannlega er sá eigi vel staddr, er líf sitt á undir þínum trúnaði“. Glaumr sér upp ok mælti: „Nú ætla þeir at láta sem vant er; eða þykkir ykk of-

mikit frelsi mitt, þó at ek liggja hér í kuld-
anum?“ Öngull mælti: „Ertu vitlauss, er þú
skynjar eigi, at óvinir yðrir eru komnir, ok
munu drepa yðr alla“. Þá mælti Glaumr ekki,
enn æpti upp sem hann mátti, er hann kendi
mennina. „Gerðu annathvært“, segir hann Öng-
ull, „at þú þegi í stað, ok seg oss frá hýbýl-
um yðrum, ella drep ek þik“. Þá þagði
Glaumr sem honum væri í vatn drepit. Þor-
björn mælti: „Eru þeir at skála, bræðr? eða
hví eru þeir eigi á ferli?“ „Eigi er þat hit
hægra“, segir Glaumr, „því at Grettir er sjúkr
ok kominn at bana, enn Illugi sitr yfir honum“.
Öngull spurði at heilsufari hans, ok hvat til
hefði borit, enn síðan sagði Glaumr, hversu til
hafði borit um skeinu Grettis. Þá hló Öngull
ok mælti: „Satt er hit fornkveðna, at lang-
vinirnir rjúfast sízt; ok hitt, at ilt er at eiga
þræl at einkavin, þar sem þú ert, Glaumr, ok
hefir þú skemmlega svikit þinn lánardrottinn, þó
at hann væri eigi góðr“. Margir lögðu ilt til
hans fyrir sína ódygð, ok lömdu hann nálega
til bótleysis ok létu hann þar liggja; enn þeir
gengu heim til skálans ok kvámu við hurðina
stundarfast. Þá mælti Illugi: „Knýr hösmagi
hurð, bróðir“, segir hann. „Ok knýr heldr
fast“, sagði Grettir, „ok óþyrmilega“; ok i því
brast sundr hurðin. Þá hljóp Illugi til vápna
ok varði dyrnar, svá at þeir náðu eigi inn-

göngu. Sóttust þeir þá lengi, ok kvámu þeir engu við, nema spjótalögum, ok hjó Illugi öll þau af skafti; ok er þeir sá, at þeir gátu eigi at gert, hlupu þeir upp á skálann ok rufu. Þá færðist Grettir á fætr ok þreif spjót ok lagði út á milli viðs. Þar var fyrir Kárr, heima-maðr Halldórs frá Hofi, ok stóð þegar í gegnum hann. Öngull mælti, ok bað þá fara varlega ok geyma sín vel — „því at vér megum sigr þá, ef vér geymum ráðs at“. Rufu þeir nú um ásendana ok treystu síðan á ásinn, þar til er hann brast í sundr. Grettir mátti eigi af knjánum rísa; greip hann þá saxit Kársnaut. Í því hlupu þeir ofan í tóftina, ok varð nú hörð svipan með þeim. Grettir hjó með saxinu til Vikars, fylgdarmanns Hjalta Þórðarsonar, ok kom á öxlina vinstri, í því er hann hljóp í tóftina, ok sneið um þverar herðarnar, ok undir hina hægri síðuna, ok tók þar sundr þvert manninn, ok steyptist búkrinn ofan á Gretti í tvá hluti; gat hann þá eigi upp rétt saxit svá skjótt sem hann vildi, ok í því lagði Þorbjörn öngull í milli herða honum, ok var þat mikit sár. Þá mælti Grettir: „Berr er hverr á bakinu, nema sér bróður eigi“. Illugi kastaði skildi þá yfir hann, ok varði hann svá Gretti rösklega, at allir menn ágættu vörn hans. Grettir mælti þá til Önguls: „Hverr vísaði yðr leið í eyrna?“ Öngull mælti: „Kristr

vísaði oss leið“. „Enn ek get“, sagði Grettir, „at hin arma kerlingin, fóstura þín, hafi vísat þér, því at hennar ráðum muntu treyst hafa“. „Fyrir eitt skal nú yðr koma“, sagði Öngull, „hverjum sem vér höfum treyst“. Þeir sóttu nú at fast; enn Illugi varði þá báða alldrengilega; enn Grettir var með öllu óvigr bæði af sárum ok sjúkleika. Þá bað Öngull, at þeir skyldi bera skjöldu at Illuga — „því at ek hefi engan fundit hans líka, eigi eldra mann“. Þeir gerðu nú svá, at (þeir) þröngdu at honum með viðum ok vápnum, svá at hann kom engri vörn fyrir sik. Gátu þeir þá handtekit hann ok heldu honum. Hann hafði flestum veitt nökkura áverka, þeim sem í atsókninni váru, enn drepit þrjá fylgdarmenn Önguls. Eftir þat gengu þeir at Gretti; var hann þá fallinn áfram. Varð þá engi vörn af honum, því at hann var áðr kominn at bana af fótarsárinu; var lærit alt grafit upp at smápörmum. Veittu þeir honum þá mörg sár, svá at lítt eða ekki blæddi. Enn er þeir hugðu, at hann myndi dauðr, þreif Öngull til saxins, ok kvað hann nógu lengi hafa borit þat; enn Grettir hafði fast knept fingr at meðalkaflanum, ok varð eigi laust. Fóru þeir þá til margir, ok gátu eigi at gert. Átta tóku þeir til, áðr enn lauk, ok fengu ekki at gert at heldr. Þá mælti Öngull: „Hví skulu vér reka sparmælit við

skógarmanninn? ok leggit niðr höndina við stokkinum“; ok er þat var gert, hjoggu þeir af honum höndina í úlfiðnum; þá réttust fingr-
nir ok losnuðu af meðalkaflanum. Þá tók Öngull saxit tveim höndum ok hjó í höfuð Gretti; varð þat allmikit högg, svá at saxit stóðst eigi, ok brotnaði skarð í miðri egginni; ok er þeir sá þat, spurðu þeir, því hann spilti svá grip góðum. Öngull svarar: „Þá er auðkendara, ef at verðr spurt“. Þeir sögðu þessa eigi þurfa, þar sem maðrinn var dauðr áðr. „At skal þó meira gera“, segir Öngull; hjó hann þá á háls Gretti tvau högg eða þrjú, áðr af tæki höfuðit. „Nú veit ek víst, at Grettir er dauðr“, sagði Öngull. Lét Grettir þann veg líf sitt, hinn vaskasti maðr, er verit hefir á Íslandi; var honum vetri fátt í hálfimtugum, er hann var veginn; enn þá var hann fjórtán vetra, er hann vó Skeggja, hit fyrsta víg, ok þá gekk honum alt til vegs framan til þess, er hann átti við Glám þræl, ok var hann þá tuttugu vetra; enn er hann fell í útlegð, var hann hálfþritugr; enn í sekt var hann vel níttján vetr, ok kom oft í stórar mannaunir, ok helt ávalt vel trú sína, ór því sem ráða var; sá hann flest fyrir, þó at hann gæti ekki at gert.

85. „Hér höfum vér mikinn garp at velli lagt“, sagði Þorbjörn; „skulu vér nú hafa höfuðit með oss til lands, því at eigi vil ek missa

fjár, sem lagt hefir verit til höfuðs honum; mega þeir þá eigi dyljast við, at ek hefi drepit Gretti. Þeir báðu hann ráða, ok létu sér þó fátt um finnast, því at öllum þótti óþrúðlega at unnit. Þá mælti Öngull við Illuga: „Mikill skaði er þat um svá röskvan mann sem þú ert, er þik hefir hent sú óvizka, at ráðast til illvirkja með útleigðarmanni þessum, ok verða fyrir þat dræpr ok ógildir“. Illugi svarar: „Svá fremi veiztu þat, sem úti er alþingi í sumar, hverir útlægir verða; enn eigi muntu né kerlingin fóstura þín dæma þessi mál, því at galdrar ykkir ok forneskja hafa drepit Gretti, þó at þér bærið járn á hann dauðvána, ok gerðið svá mikit niðingsverk ofan á fordæðuskap“. Þá sagði Öngull: „Rösklega segir þú. enn eigi mun svá vera. Vil ek sýna þat, at mér sýnist mannskaði í þér, ok mun ek gefa þér líf, ef þú vilt vinna oss trúnaðareid, at hefna engum þeim, er í þessarri ferð hafa verit“. Illugi mælti: „Þat þætti mér umtalsmál, ef Grettir hefði mátt verja sik, ok hefði þér unnið hann með drengskap ok harðfengi; enn nú er þess engi ván, at ek muna þat til lífs mér vinna, at vera slíkr ódrengur sem þú; er þat skjótt af at segja, at engi skal yðr óþarfari enn ek, ef ek lifi, því at seint mun fyrnast mér, hversu þér hafið unnit á Gretti; kýss ek miklu heldr at deyja“. Þá átti Þorbjörn tal við förunauta

sína, hvárt þeir skyldi láta Illuga lifa eða eigi. Þeir kváðu hann ráða skyldu atgerðum, því at hann hafði ráðit ferðinni. Öngull kvaðst eigi kunna at eiga þenna mann yfir höfði sér, er engum trygðum vildi lofa eða heita þeim; ok er Illugi vissi, at þeir ætluðu at höggva hann, þá hló hann ok mælti svá: „Nú réðu þér þat af, er mér var nærr skapi“. Leiddu þeir hann þá, er lýsti, austr á eyna, ok hjoggu hann þar, ok lofuðu allir hans hreysti, ok þótti hann öllum ólíkr sínum jafnöldrum. Þeir dysjuðu þá bræðr báða þar í eyjunni, enn tóku síðan höfuð Grettis ok báru með sér, ok alt þat, sem þar var fémætt í vápnum ok klæðum. Saxit góða lét Öngull eigi í skifti koma, ok bar þat lengi síðan. Þeir höfðu Glaum með sér, ok bar hann sik allilla. Veðr fell þegar um náttina. Reru þeir til lands um morgininn. Fór Öngull þar á land, sem honum þótti gegnast, enn sendi út skipit til Bjarnar; ok er þeir kvámu mjök inn til Óslands, þá tók Glaumr svá illa at bera sik, at þeir nentu eigi at fara með hann lengra ok drápu hann þar, ok grét hann hástöfum áðr enn hann var höggvinn. Öngull fór heim í Viðvík, ok þóttist vel hafa fram gengit í þessarri ferð. Höfuð Grettis lögðu þeir í salt í útibúri því, er Grettisbúr var kallat, þar í Viðvík; lá þat þar um vetrinn. Öngull var óþokkaðr mjök af þessum verkum, þegar at menn

vissu, at Grettir hafði með gerningum unninn verit. Sat Öngull um kyrt fram yfir jól; þá reið hann til móts við Þóri i Garði, ok sagði honum af vígum þessum, ok þat með, at hann þóttist eiga fé þat, er lagt var til höfuðs Gretti. Þórir sagði, at hann myndi eigi dylja þess, at hann hafði ollat sektum Grettis — „hefi ek ok oft fengit hart af honum, enn eigi vilda ek þat til lífs hans vinna, at gera mik at ó-dáðamanni eða fordæðu, sem þú hefir gert; mun ek síðr leggja þér fé, at mér sýnist þú ólífismaðr vera fyrir galdr ok fjölkyngi“. Öngull svarar: „Meirr ætla ek at þér komi til féfesti ok vesalmenska, enn at þú hirðir, með hverju at Grettir væri unninn“. Þórir sagði, at skjótr væri vegr með þeim, at þeir skyldi biða alþingis, ok hafa þat, er lögmanni sýndist réttast. Skildu þeir með því, at þar stóð á illu einu með Þóri ok Þorbirni öngli.

86. Frændum þeira Grettis ok Illuga líkaði stórilla, er þeir fréttu vígin, ok tóku svá upp, at Öngull hefði gert niðingsverk, at drepa dauðvána mann, ok í annarri grein um fjölkyngi; sóttu þeir at hina vitrustu menn, ok mæltist illa fyrir mál Önguls. Hann reið nú vestr til Miðfjarðar, þá (er) fjórar vikur váru af sumri; ok er þat fréttist til ferða hans, stefndi Ásdís at sér mönnum, ok váru þar margir hennar vinir, Gamli ok Glúmr mágar hennar,

ok synir þeira, Skeggi, er skammhöndungr var kallaðr, ok Óspakr, er fyrr var getit. Ásdís var svá vinsæl, at allir Miðfirðingar snerust til liðs með henni, ok jafnvel þeir, sem áðr váru óvinir Grettis; var þar hinn fyrsti maðr Þór-oddr drápustúfr, ok flestir Hrútfirðingar. Öngull kemr nú til Bjargs með tuttugu menn; þeir höfðu höfuð Grettis með sér. Þá váru enn eigi komnir allir þeir, sem henni höfðu liði heitit. Þeir gengu inn í stofu með höfuðit ok settu niðr á gólf. Húsfreyja var í stofu ok margir menn aðrir. Eigi varð at kveðjum við þá. Öngull kvað þá vísu:

(72) Fluttak upp ór eyju
 ómett höfuð Grettis;
 þann grætr nála-Nanna
 nauðuleg hárrauðan.
 Hér mátt gjalfrs á golfi
 griðbits höfuð lita
 það mun fagrlogs Friði
 fúna alt nema saltit.

Húsfreyja sat kyr á meðan hann kvað vísuna; eftir þat kvað hon vísu:

(73) Mundut síðr enn sauðir,
 sýrgarpr fyrir dýri
 — komit es norðr at njörðum
 nýtt skaup — á sjá hlaupa,
 ef styrviðir stæði
 stála Frey í eyju
 — verit hefík lofs um lýði
 létt — ósjúkan Gretti.

Þá mæltu margir, at eigi væri undarlegt, þó at hon ætti hrausta sonu, svá hraust sem hon var, þvílík skapraun sem henni var ger. Óspakr var úti ok átti tal við fylgdarmenn Önguls, þá sem eigi höfðu inn gengit, ok spurði at vígunum, enn allir lofuðu vörn Illuga; þá sögðu þeir frá, hversu Grettir hafði haldit fast saxinu, þá er hann var dauðr; þat þótti mönnum undarlegt. Þá var sén margra manna reið vestan at; váru þar komnir margir vinir húsfreyju, ok þeir Gamli ok Skeggi vestan frá Melum. Öngull hafði þar ætlat at hefja féránsdóm eftir Illuga, því at þeir kölluðu sér alt fé hans; enn er fjölmennit kom, sá Öngull, at hann gat ekki at gert; váru þeir hinir áköfustu, Óspakr ok Gamli, ok vildu veita Öngli atgöngu, enn þeir, sem vitrari váru, báðu þá hafa við ráð Þorvalds frænda síns ok annarra höfðingja, ok sögðu, at því verr myndi mál Önguls fyrir mælast, sem fleiri vitrir menn sæti yfir; varð þá svá á meðal gengit, at Öngull reið burt ok hafði með sér höfuð Grettis, því at hann ætlaði at hafa þat til alþingis. Reið hann nú heim ok þótti þunglega á horfast, því at flestir allir höfðingjar á landinu váru annathvært skyldir eða mægðir við þá Gretti ok Illuga. Þetta sumar fekk Skeggi skammhöndungr dóttur Þórodds drápustúfs; gekk Þóroddr þá at málum með frændum Grettis.

87. Nú riðu menn til alþingis, ok urðu færi liðveizlumenn Önguls enn hann ætlaði, því at málit mæltist illa fyrir. Þá spurði Halldórr, hvárt þeir skyldu hafa höfuð Grettis með sér til alþingis. Öngull lézt þat ætlat hafa. „Þat er óráðlegt“, segir Halldórr, „því at nógu margir munu vera mótstöðumenn þínir, þó at þú gerir eigi slíkar áminningar til þess at vekja upp harma manna“. Þá váru þeir komnir á veg ok ætluðu at ríða suðr Sand. Öngull lét þá taka höfuðit ok grafa niðr í sandþúfu eina; er þat kölluð Grettisþúfa. Á alþingi var fjölment, ok bar Öngull fram mál sín ok hrósaði mjök verkum sínum, at hann hefði drepit þann skógarmann, er gildastr hefði verit á landinu, ok þóttist eiga fé þat, erlagit var til höfuðs honum; enn Þórir hafði hin sömu svör sem fyrr váru sögð. Þá var lögmaðr beiddr órskurðar; hann kvaðst heyra vilja, ef nökkurar gagnsakir kvæmi þær í móti, er þar fyrir mætti Öngull missa sektarfjárins, ellegar myndi hann hafa slíkt sem til höfuðs honum var lagit. Þá kvaddi Þorvaldr Ásgeirsson til Skammhöndung, at bera fram sökina, ok stefndi Þorbirni öngli annarri stefnu um galdr ok fjölkyngi þá, er Grettir myndi hafa bana af fengit; enn annarri um þat, er þeir vógu at honum hálfdauðum manni, ok lét varða skógang. Nú varð mikill sveitardrátt, ok urðu

þeir fáir, er sinnaðu Þorbirni; varð nú öðruvís enn hann hugði, því at Þorvaldi ok Ísleifi mági hans þótti þat ólífisverk, at gera manni gerningar til bana; enn með tillögum skynsamra manna varð sú lykt á málum þessum, at Þorbjörn skyldi sigla samsumars ok koma aldri síðan til Íslands, meðan þeir lifði, er eftirmál áttu eftir Illuga ok Gretti. Var þá í lög tekit, at alla forneskjumenn gerðu þeir útlæga; ok er hann sá, hverr hans kostur myndi verða, hafði hann sik af þinginu, því at þá var búit, at frændr Grettis myndi at honum ganga; fekk hann ok ekki af því fé, er til höfuðs Grettis var lagit, því at Steinn lögsögumaðr vildi eigi, at þat gyldist fyrir niðingsverk. Engu váru þeir menn bættir, er fallit höfðu með Þorbirni í Drangey; skyldi þat vera jafnt ok víg Illuga; líkaði þat þó frændum hans allilla. Riðu menn nú heim af þinginu, ok fellu niðr allar sakir þær, er menn höfðu á höndum Grettis. Skeggi son Gamla, enn mágr Þór-odds dráputúfs, enn systurson Grettis, fór norðr til Skagafjarðar með atgangi Þorvalds Ásgeirssonar ok Ísleifs mágs hans, er síðan var biskup í Skálholti, ok samþykki alls almúga, ok fekk sér skip ok fór til Drangeyjar, at sækja lik þeira bræðra, Grettis ok Illuga, ok færðu út til Reykja á Reykjaströnd ok grófu þar at kirkju, ok þat til marks, at Grettir

liggr þar, at um daga Sturlunga, er kirkjan var færð at Reykjum, váru grafin upp bein Grettis, ok þótti þeim eigi geysistór, ok þó mikil. Bein Illuga váru grafin síðan fyrir norðan kirkju, enn höfuð Grettis var grafit heima at Bjargi at kirkju. Sat Ásdís húsfreyja at Bjargi, ok var svá vinsæl, at aldri váru henni ónáðir gervar, ok eigi heldr meðan Grettir var í sekt. Skeggi skammhöndungur tók við búi at Bjargi með Ásdísi, ok var mikill maðr fyrir sér. Hans son var Gamli, faðir Skeggja á Skarfsstöðum, ok Ásdísar, móður Odds munks. Margir menn eru frá honum komnir.

88. Þorbjörn öngull réðst í skip at Gásum með alt þat sem hann mátti með komast af fé sínu, enn Hjalti bróðir hans tók við jörðum. Öngull fekk honum ok Drangey. Varð Hjalti síðan höfðingi mikill, ok er hans eigi getit lengr við þessa sögu. Öngull fór til Noregs; lét enn mikit um sik. Þóttist hann mikit þrekvirki unnit hafa í drápi Grettis. Virðu ok margir svá, þeir sem ókunnigt var, hversu þat hafði til borizt; enn margir vissu, hversu frægr maðr Grettir hafði verit. Sagði hann þat eitt af viðskiftum þeira, sem honum var til frama, enn lét hitt liggja niðri í sögunni, sem minnr var til frægðar. Þessi saga kom austr til Túnsbergs. Er Þorsteinn

drómundr frétti vígin, varð hann mjök hljóðr við, því at honum var sagt, at Öngull væri mjök gildir ok harðfengr. Mintist Þorsteinn ummæla þeira, sem hann hafði þá er þeir Grettir töluðust við endr fyrir löngu um handleggina. Þorsteinn helt nú fréttum til um ferðir Önguls. Váru þeir báðir í Noregi um vetrinn, ok var Þorbjörn norðr í landi, enn Þorsteinn í Túnbergi, ok hafði hvárrgi sét annan; enn þó varð Öngull viss, at Grettir átti bróður í Noregi, ok þótti vansét við í ókunnu landi, ok því leitaði hann sér ráðs, hvert hann skyldi á leita. Í þenna tíma fór margt Norðmanna út í Miklagarð og gengu þar á mála. Af því þótti Þorbirni fýsilegt at fara þangat, ok afla sér svá fjár ok frægðar, enn hafa sik eigi í Norðrlöndum fyrir frændum Grettis. Bjó hann nú ferð sína ór Noregi ok fór út í lönd, ok létti eigi fyrr enn hann kom út í Miklagarð, og gekk þar á mála.

89. Þorsteinn drómundr var ríkr maðr ok hafði hina mestu virðing. Hann spurði nú, at Öngull var farinn ór landi ok út í Miklagarð. Brá hann skjótt við ok seldi frændum sínum eignir sínar í hendr; enn hann réðst til ferðar ok leitaði eftir Öngli, ok fór jafnan þar eftir, sem hann fór undan. Vissi Öngull ekki til hans ferða. Þorsteinn drómundr kom út í Miklagarð litlu síðar enn Öngull, ok vildi fyrir

hvern mun drepa hann, enn hvárrgi kendi annan. Nú vildu þeir koma sér í sveit með Væringjum, ok var því vel tekit, þegar þeir vissu, at þeir váru Norðmenn. Þá var Mikael katalak konungr yfir Miklagarði. Þorsteinn drómundr sat nú um Öngul, ef hann mætti at nökkuru kenna hann, ok gat þat eigi leikit fyrir fjölmenni. Lá hann þar jafnan vakandi ok undi litt við sinn hag; þóttist hann mikils hafa mist. Nú var þat þessu næst, at Væringjar áttu at fara í herför nökkura, at friða landit af hernaði; ok áðr enn þeir fóru heiman, var þat siðr þeira ok lög, at eiga vápnaþing, ok enn gerðu þeir svá; ok þá er vápnaþingit var sett, þá skyldi allir Væringjar þar koma, ok svá þeir, sem þá ætluðu at ráðast til ferðar með þeim, ok sýna vápn sín. Hér kvámu þeir báðir, Þorsteinn ok Öngull. Bar Þorbjörn fyrr fram sín vápn. Hann hafði þá saxit Grettisnaut; enn er hann sýndi þat, þá dáðust margir at, ok sögðu, at þat væri allgott vápn, ok kváðu þat mikil lýti á, at skarðit var í miðri egginni, ok spurðu hann, hvat til hefði borit. Öngull sagði þat frásagnarvert — „því at þat er þessu næst segjanda, at úti á Íslandi“, segir hann, „at ek drap kappa þann, er Grettir hét hinn sterki, er þar hefir mestr garpr verit ok fullhugi, því at hann gat engi unnit fyrr enn ek kom til; ok með því at

mér varð auðit at vinna hann, þá bar ek af honum, enn þó hafði hann mörg mín öfl; hjó ek þá í höfuð honum með saxinu, ok þá brot-naði skarð í eggina“. Þeir sögðu, er næstir stóðu, at sá hefði verit harðr í haus, ok sýndi hverr öðrum. Af þessu þóttist Þorsteinn vita, hvar Öngull var; beiddist at sjá saxit sem aðrir. Lét Öngull þat til reiðu, því at flestir lofuðu hreysti hans ok framgöngu; hann hugði, at þessi myndi svá gera; enn hann vissi enga ván, at Þorsteinn væri þar eða frændi Grettis. Tók Drómundr nú við saxinu, ok jafnskjótt reiddi hann þat upp ok hjó til Önguls; kom þat högg í höfuðit, ok var svá mikit, at í jöxlum nam staðar; fell Þorbjörn öngull ærulauss dauðr til jarðar. Við þetta urðu menn mjök ókveða; greip gjaldkerinn staðarins þegar Þorstein ok spurði, fyrir hverja sök hann gerði slíkt ó-hæfuverk þar á heilögu þingi. Þorsteinn sagð-ist vera bróðir Grettis hins sterka, ok þat með, at hann hefði aldri hefndinni fram komit fyrr enn þar; ok þá tóku margir undir, at sjá hinn sterki maðr myndi mikill fyrir sér hafa verit, þar sem Þorsteinn hefði rekizt svá langt út í heim at hefna hans. Ráðsmönnum staðarins þótti þetta líklegt; enn fyrir því at engi var sá þar, er kynni nökkut um at bera með Þorsteini, þá váru þat lög þeira, at hverr sá, er mann dræpi, skyldi engu fyrir týna nema lífinu.

Fekk Þorsteinn skjótan dóm ok heldr harðan; hann skyldi setja í myrkvastofu í dýflizu eina ok biða þar bana, ef engi leysti hann út með fé. Enn er Þorsteinn kom í dýflizuna, var þar maðr fyrir; sá hafði þar lengi verit, ok kominn at bana af vesöld. Þar var bæði fúlt ok kalt. Þorsteinn mælti við þenna mann: „Hversu þykkir þér æfi þín?“ Hinn svarar: „Harðla ill, því at mér vill engi við hjálpa, enn ek á enga frændr til at leysa mik“. Þorsteinn mælti: „Margt er fyrir órráðum um slíkt, ok verum kátir ok gerum okkur nökkut at gleði“. Hinn kvað sér at engu gaman verða. „Þó skulu vit prófa“, segir Þorsteinn. Tók hann þá ok kvað kvæði. Hann var raddmaðr mikill, svá at varla fanst hans líki. Sparði hann nú ekki af. Almenningsstræti var skamt fram frá dýflizunni. Kvað Þorsteinn svá hátt, at gall í múrnum; ok hinum, er áðr var hálf dauðr, þótti mikit gaman at vera. Lét hann svá ganga fram á kveldit.

90. Spes hét göfug garðshúsfreyja þar í staðnum, harðla rik ok stórættuð. Sigurðr hét bóndi hennar; hann var auðigr, ok ættsmæri enn hon; hafði hon verit gefin honum til fjár. Eigi varð ástriki mikit með þeim hjónum, ok þóttist hon næsta vargefin. Hon var stórlynd ok svarkr mikill. Svá bar til, at þá er Þorsteinn skemti um kveldit, at Spes gekk um

strætít nær dýflizunni, at hon heyrði þangat rödd svá fagra, at hon kallaðist enga slíka heyrð hafa. Hon gekk með marga sveina, ok bað þá víkja þangat ok vita, hverr þessa ágætu rödd hefði. Þeir kölluðu nú ok spurðu, hverr þar væri svo harðlega spentr. Þorsteinn nefndi sik. Þá mælti Spes: „Ertu þvílíkr atgervimaðr á annat sem á kveðandi?“ Hann sagði lítit bragð at því. „Hvat hefir þú til saka“, segir hon, „er þik skal kvelja hér til bana?“ Hann sagði, at hann hefði drepit mann ok hefnt bróður síns — „enn ek gat þat eigi með váttum sýnt“, sagði Þorsteinn, „ok því var ek hér settr“, sagði hann, „nema nökkur vildi mik út leysa; enn mér þykkir þess engi ván, því at ek á hér engan skyldan mann“. „Mikill mannskaði mun þat, ef þú ert drepinn; eða var hann bróðir þinn slíkr frægðarmaðr, sá er þú hefndir?“ Hann sagði, at sá var meirr enn hálfu gildari maðr. Hon spurði, hvat til merkja væri um þat. Þá kvað Þorsteinn visu þessa:

(74) Eigi máttu átta
 eggþings boðar, hringa
 Grund. ór Grettis hendi
 geðrakks koma saxi,
 áðr hvarðyggir hjoggu
 herðendr tetils gerðar
 axlarföt af ýti
 unnbakks hugarrakkum.

„Mikil ágæti eru slíkt“, sögðu þeir, er skildu visuna; ok sem hon vissi þetta, mælti hon svá: „Viltu þiggja lif at mér, ef kostur er?“ „Ek vil gjarna“, sagði Þorsteinn, „ef þessi félagi minn er ok út leystur með mér, sem hér sitr; ella munu vit sitja hér báðir“. Hon svarar: „Meira mannkaup ætla ek í þér sé enn honum“. „Svá sem þat er“, sagði Þorsteinn, „þá munu vit fylgjast burt heðan annathvært báðir eða hvárrgiokkarr“. Hon gekk þá þangatsem Væringjar váru, ok beiddi útlausnar fyrir Þorstein, ok bauð fé til. Þeir váru þess fúsir. Fekk hon svá um gengit með vinsældum sínum ok ríkdómi, at þeir váru báðir út leystir. Enn þegar Þorsteinn komst ór dýflizunni, fór hann til móts við Spes húsfreyju. Tók hon hann til sín ok helt hann á laun; enn stundum var hann með Væringjum í herferðum ok reyndist hinn mesti fullhugi í öllum framgöngum.

91. Í þenna tíma var Haraldr Sigurðarson í Miklagarði, og kom Þorsteinn sér í vináttu við hann. Þótti Þorsteinn nú mikilhæfr, því at Spes lét hann eigi fé skorta. Lögðust þau nú á hugi, Þorsteinn ok Spes. Fanst mönnum ok henni mikit um atgervi hans. Varð henni fés skylmt mjök, því at hon helt sér mjök til vinsælda. Bóndi hennar þóttist ok finna, at hon tók sér háttaskifti, bæði í skaplyndi ok margri breytni, ok einkanlega í fjárauðn.

Saknaði hann bæði gulls ok gripa, er hurfu ór hennar geymslu; ok eitthvert sinn talaði Sigurðr bóndi hennar við hana ok segir, at hon taki undarlega breytni upp — „þú gefr ekki gaum at góðsi okkuru“, segir hann, „ok sukkar því ýmsa vega; enn svá er sem ek sjái þik í svefni, ok viltu aldri vera þar stödd sem ek er; nú veit ek fyrir víst, at eitthvert ber til“. Hon svarar: „Ek sagða þér, ok svá frændr mínir, þá er vit kvámum saman, at ek vilda vera sjálfráð ok frjáls allra þeira hluta, sem mér stæði vel at veita, ok af því spari ek eigi fé þitt; eða viltu nökkut aðra hluti við mik tala, þá sem mér megi blygð í verða?“ Hann svarar: „Eigi er mér þat grunlaust, at þú haldir einhvern þann mann, er þér þykkir betri enn ek“. „Eigi veit ek“, segir hon, „at mikit sé fyrir því, enn þó vil ek þat ætla, at þú megir þat með engum sannendum segja; enn eigi munu vit tvau ein við talast, ef þú berr þessa óvísu at mér“. Hann lét nú falla niðr þetta tal at sinni. Þau Þorsteinn heldu fram hinu sama, ok váru eigi viðsjál við orði vándra manna, því at hon treysti vizku ok vinsældum. Oft sátu þau á tali ok skemtum sér. Þat var eitt kveld, er þau sátu í einu lofti, þar sem í váru gripir hennar. Hon bað Þorstein kveða nökkut, því at hon hugði bónda sitja við drykk, sem hann átti vanda til. Hon stengdi aftr

dyrnar; ok er hann hafði kveðit um stund, var brotizt á hurðina ok kallat, at upp skyldi láta. Var þar kominn bóndi með marga sveina. Húsfreyja hafði lokit upp einni stórrri kistu, ok sýndi Þorsteini gripi sína; enn er hon kendi hverr var, vildi hon eigi lúka upp dyrnar. Hon talar við Þorstein: „Skjót er ráðagerð mín; hlaup hér niðr í kistuna ok lát hljótt um þik“. Hann gerði svá. Hon rak lás fyrir kistuna ok settist þar upp á. Í því kom bóndi inn í loftit, ok höfðu þeir þá brotit upp loftit. Húsfreyja mælti: „Því fari þér með svá miklu harki? eða fara ófriðarmenn eftir yðr?“ Bóndi svarar: „Nú er vel, at þú gefr sjálf raun, hver þú ert; eða hvar er sá maðr, er mest remdi raustina áðan? get ek at þér þykki hann fagrhljóðari enn ek“. Hon mælti: „Engi er allheimskr, ef þegja má; ferr þér ok svá; þú þykkist vera slægr, ok ætlar, at þú munir festa á mér lygi þína, enn hér mun raun á verða; ef þú hefir satt at mæla, þá tak þú hann, því at eigi mun hann hlaupa út um veggina eða ræfrit“. Hann leitaði um húsit ok fann eigi. Hon mælti: „Hví tekr þú hann eigi nú, ef þú þykkist þó eftir visu ganga?“ Hann þagnaði þá ok þóttist eigi vita, við hver brögð hann var kominn, ok frétti fylgdarmenn sína, hvárt þeim heyrðist eigi sem honum. Enn er þeir sá, at húsfreyju mislíkaði, varð ekki af

vitnisburði þeira, ok sögðu, at jafnan heyrði eigi eftir því sem var. Gekk bóndi þá út ok þóttist vita sannendum, þó at hann fyndi eigi manninn. Lét hann þá af at forvitnast um húsfreyju og hagi hennar langa stund. Annan tíma var þat, enn miklu síðar, at þau Þorsteinn ok Spes sátu í fatabúri einu. Þar váru inni klæði bæði skorin ok óskorin, er þau bóndinn áttu. Sýndi hon Þorsteini marga dúka ok röktu í sundr; ok er þau varði minst, kom þar at þeim bóndinn með marga menn ok brutu upp loftit; enn meðan þeir gerðu þat, rak hon klæðin ofan á Þorstein ok studdist við klæðahlaðann, er þeir kvámu inn í húsit. „Hvært muntu enn þræta“, segir bóndi, „at hér væri maðr hjá þér? munu þeir menn vera hér nú, er sá ykkur bæði“. Hon bað þá vera eigi svá óða — „mun yðr nú ekki bresta, enn látið mik vera kyrra ok skýfið mér hvergi“. Þeir leituðu nú um húsit ok fundu ekki; gefa upp um síðir. Þá mælti húsfreyja: „Gott er þat jafnan, at gefa betri raun enn margir ætla, ok var þess ván, at eigi myndi þér þat finna, sem eigi var til; eða viltu nú, bóndi, ganga við heimsku þinni ok bera mik undan þessu illmæli?“ Hann mælti: „Síðr ber ek þik undan, at ek þykkjumst víst vita, at þú ert sönn at þessu, sem ek hefi á þik borit; skaltu ok verða þik við at hafa um þat mál. ef þú getr

þat af þér fært“. Hon kvað sér þat eigi í móti skapi; skildu þau með því tal sitt. Eftir þetta var Þorsteinn með Væringjum jafnan, ok þat segja menn, at hann hafi leitast ráða undir Harald Sigurðarson, ok ætla menn, at þau hefði eigi svá ór ráðit, ef þau hefði eigi hans við notit ok hans vizku. Og þá fram liðu stundir, gerði Sigurðr bóndi orð á því, at hann myndi fara heiman at einhverjum erendum sínum. Eigi latti húsfreyja hann þess; ok er bóndi var á burt, kom Þorsteinn til Spes, ok váru þau þá jafnan bæði saman. Svá var háttat í garði hennar, at hann var húsaðr fram yfir sjáinn, ok váru þat nökkur hús, er sjáinn gekk upp undir. Þar sátu þau Spes ok Þorsteinn jafnan. Þar var lítill hlemmr í gólfinu, svá at engi vissi, nema þau tvau. Skyldi hann opinn standa, ef skjótt þyrfti til at taka. Nú er frá bónda at segja, at hann fór hvergi á burt, nema hann leyndist, ok vildi speja um húsfreyju. Bar þat ok svá til, at þá er þau varði sízt á einu kveldi, ok þau sátu í sjávarloftinu ok skemtu sér, at þar kom bóndinn at þeim óvörum með fjölda fólks, ok leiddi nú nökkura menn til gluggs, er á var húsinu, ok bað þá sjá, hvárt eftir því væri, sem hann sagði. Allir sögðu, at hann hefði rétt talast, ok svá myndi fyrr hafa verit. Hlupu nú á loftit; ok er þau heyrðu brakit,

mælti hon til Þorsteins: „Hér verður þú niðr at fara, hvat sem kostar. Ger mér vísbending, ef þú kemst fram undan húsunum“. Hann kvað já við ok steypiti sér niðr í gólfrit, enn húsfreyja spyrndi fæti sínum á hlemminn. Fell hann síðan aftr í lag, ok sá hvergi nývirki á gólfinu. Kom bóndi í loftit ok hans menn. Þeir fóru nú leitandi ok fundu ekki, sem ván var. Loftit var autt, svá at þar var engi hlutr inni, nema slétt gólfrit ok pallar. Sat húsfreyja þar ok lék at fingrgullum sínum. Hon gaf sér fátt at þeim, ok lét sem hon ætti ekki um at vera. Nú þótti bónda öllu kynlegra, ok spurði fylgdarmenn sína, hvárt þeir hefði eigi sét manninn. Þeir kváðust fyrir vist hafa sét hann. Þá mælti húsfreyja: „Hér mun koma at því sem mælt er, at þrisvar hefir alt orðit forðum'. Hefir þér ok svá farit, Sigurðr“, sagði hon; „þú hefir gert mér þrisvar ónáðir, at því sem mér þykkir; eða eru þér nú nökkuru hygnari enn fyrir öndverðu“. „Ek var nú eigi einn til frásagnar“, segir bóndi; „skaltu fyrir alt þat eiga undanfærslu, því at ek vil með engu móti þessa svívirðing hafa óbætta“. „Ek ætla“, segir húsfreyja, „at þú beiðir þess, er ek vil bjóða, því at mér þykkir allgott at færast undan þessum áburð; er hann svá á loft kominn, at mér verður mikill vanmetnaðr í, ef ek hrind honum eigi af mér“.

„Einn veg skaltu þess synja“, segir bóndi, „at þú hafir eigi gefit góðs mitt né gripi“. Hon svarar: „Þann tíma, sem ek færumst undan, skal ek einn veg hrinda af mér öllum þeim greinum, sem þú hefir til mín at tala; enn hygg at, hvar niðr skal koma; vil ek þegar undanfærslu fyrir svá fallin orð fyrir þenna áburð“. Bóndi lét sér þetta vel nægja, ok gekk í burt með sína menn. Nú er frá Þorsteini at segja, at hann lagðist fram undan húsunum ok gekk upp þar sem honum líkaði, ok tók sér eina skíðu með loganda eldi ok helt upp, svá at sjá mátti ór garði húsfreyju. Hon var löngum úti um kveldit ok um náttina, því at hon vildi vita, ef Þorsteinn kæmi á land; ok er hon sá eldinn, þóttist hon vita, at hann var á land kominn, því at þau höfðu þetta ráð gert með sér. Eftir um morguninn bauð Spes bónda sínum, at þau skyldu við talast fyrir biskupi um sín mál; ok hann var þess albuinn. Koma þau nú fram fyrir hann, ok hefir bóndi hinar sömu sakir við hana sem fyrr var greint. Biskup spurði, hvárt hon hefði við þetta kend verit fyrr, enn engi sagðist þat heyrt hafa. Þá spurði hann, með hverjum líkendum hann bæri þetta at henni. Hann leiddi þá fram menn, er set höfðu, at hon sat í læstu húsi, ok þar einn maðr hjá henni; ok á því sagði bóndinn sér grun, at sá maðr myndi glepja

hana. Biskup sagði, at hon mátti vel færast undan þessum áburð, ef hon vildi. Hon kvað sér nú allvel líka — „trúi ek“, sagði Spes, „at mér verði gott til eiðakvenna um þetta mál“. Var henni nú nefndr eiðr ok ákveðinn dagr til at fram skyldi koma. Fór hon eftir þat heim ok lét vel yfir sér. Fundust þau Þorsteinn ok Spes ok gerðu ráð sín.

92. Nú leið sá dagr, ok þar til sá dagr kom, sem Spes skyldi vinna eiðinn; þá býðr hon til öllum sínum vinum ok frændum, ok setti sik til með binum beztum klæðum, er hon átti. Margar dýrar konur gengu með henni. Þá váru á vátviðri mikil. Vegrinn var vátr ok ein veisa mikil yfir at fara, áðr enn til kirkju kæmi; ok svá sem Spes ok skari hennar kemr fram at veisunni, var þar fyrir fjölmenni mikit ok fjöldi fátækra manna, er sér báðu ölmusu, því at þetta var almenningsstræti. Allir þóttust þeir skyldir vera at fagna henni sem kunnu, ok báðu henni góðs fyrir þat, er hon hafði þeim oft vel við hjálpat. Þar var einn stafkarl milli annara fátækra manna, mikill vexti ok hafði sítt skegg. Kvendit nam staðar við fenit, því at hoffólkinu þótti fenit óhreint yfirferðar; ok svá sem þessi hinn mikli stafkarl sá húsfreyna, at hon var betr búin enn aðrar konur, mælti hann svá til hennar: „Góða húsfreyja“, sagði hann, „haf til litillæti,

at ek bera þik yfir fen þetta, því at vér erum skyldir til, stafkarlar, at þjóna þér þat sem vér kunnum“. „Hvat, muntu vel bera mik“, sagði hon, „er þú getr eigi borit sjálfan þik?“ „Þó væri þér lítillætisraun“, segir hann, „ok má ek eigi bjóða betr enn ek hefi til, ok mun þér til alls betr takast, at þú hafir eigi metnað við fátækan mann“. „Vit þat fyrir vist“, segir hon, „berir þú mik eigi vel, þá verðr þat þitt húðlát eða annarrar svívirðingar meiri“. „Fæginn vil ek hætta á þat“, sagði hann ok færðist á fætr út á dikit. Hon lét sem hon hugði allilt til, at hann bæri hana, enn þó fór hon á bak honum. Stumraði hann nú allseint ok gekk við tvær hækjur; ok er hann kemr á mitt fenit, reiðir hann á ýmsar hliðar. Hon bað hann herða sik — „ok skaltu aldri verri för farit hafa enn þá, ef þú fellir mik hér í niðr“. Leitar nú veslingr áfram ok færist nú í aukana; kostar alls kapps við ok kemst allnær landinu, ok þá drepr hann fæti ok rýkr áfram, svá at hann kastaði henni upp á bakkann, enn fell sjálfr í dikit upp undir hendr; ok í því er hann liggr þanninn, grípr hann til hennar, húsfrúinnar, ok festi hvergi á klæðunum; tekr hann þá saurugri hendi upp á kné henni ok alt á lærit bert. Hon spratt upp ok bannaði, sagði, at jafnan hlyti ilt af vándum förumönnum — „ok væri þat maklegt, at þú lægir

lamdr, ef mér þætti eigi skömm í því sakir vesaldar þinnar“. Hann mælti þá: „Missæl er þjóðin; ek þóttumst gera vel við þik, ok hugða ek til ölmusu af þér, enn ek hefir af þér heitingar ok hrakning, enn ekki til gangs“; ok lét sem honum kvæmi í alt skap. Þótti mörgum hann aumlegr, enn hon kvað hann vera hinn mesta bragðakarl; enn er margir báðu fyrir hann, tekr hon til pungs síns, ok váru þar í margir gullpenningar. Hon hristir niðr penningana ok mælti: „Haf þat nú, karl; aldri mun þat gott, at þú hafir eigi fult fyrir þat, er ek hefi hrakit þik, enda er nú við skilizt eftir því sem þú vant til“. Hann tindi upp gullit ok þakkaði henni fyrir vel gert. Gekk Spes til kirkju, ok var þar fjölmenni mikit fyrir. Gekk Sigurðr at með kappi, ok bað hana færa sik undan áburði þeim, sem hann hefði á hana borit. Hon svarar: „Eigi sinna ek þínum áburði; eða hvern mann kallast þú hafa sét í húsi hjá mér? því at jafnan verðr til einhverr dugandi maðr at vera hjá mér, ok kalla ek þat blygðarlaust; enn fyrir þat vil ek sverja, at engum manni hefi ek gull gefit, ok af engum manni hefi ek saurgazt líkamlega, utan af bónda mínum ok þeim vanda stafkarli, er tók sinni saurugri hendi á lær mér, er ek var borin yfir dikit í dag“. Nú tóku margir undir, at þetta væri fullr eiðr, ok henni væri

þat eigi mannlýti, þó at karl hefði fíflat á henni váveiflega. Hon sagði, at þat mætti telja sem til væri. Eftir þetta sór hon út svá fallinn eið sem nú var greint. Mæltu þat margir, at hon myndi þat sanna sem mælt er, at litit skyldi í eiði ósært“. Hon kveðst þat ætla, at vitrum mönnum skyldi svá litast, at þetta væri eigi um grun gert. Þá töluðu til frændr hennar, at slíkt væri mikil skapraun burðugum konum, at hafa bótalausá þvilíka álygi; því at þat var dauðasök, ef kona varð opinber at því, at hon hóraðist undir bónda sínum. Spes beiddi þá biskup, at hann gerði skilnað þeira Sigurðar, því at hon sagðist eigi vilja þola álygi hans. Fluttu þetta frændr hennar. Varð þá svá með atgangi þeira, at þau váru skilin, ok Sigurðr fekk litit af góðsinu; var hann gerr ór landi burt. Fór þar, sem víða eru dæmi til, at hinir lægri verða at lúta. Gat hann ok engu fram komit, þó at hann hefði rétt at mæla. Spes tók nú við öllum penningum þeira, ok þótti hinn mesti kvenskörungr. Þá er menn hugðu at eiðstaf hennar, þótti mönnum sem grunr hefði í verit, ok ætluðu, at vitrir menn myndi hafa diktat fyrir henni þessi atkvæði. Gátu menn þá upp grafit, at sá stafkarl, sem hana hafði borit, var Þorsteinn drómundr, enn þó fekk Sigurðr enga réttung þessa máls.

93. Þorsteinn drómundr var með Væringjum meðan mestr orðrómr lék á málum þessum. Verðr hann svá frægr, at þar þótti varla þvílíkr atgervismaðr komit hafa sem hann. Fekk hann af Haraldi Sigurðarsyni hinn mesta heiðr, því at hann virði frændsemi við hann; ok hans ráðum hefir Þorsteinn fram farit, at því er menn ætla. Bráðlega eftir þat er Sigurðr var ór landi rekinn hóf Þorsteinn bónorð við Spes; tók hon því sæmilega, enn veik þó til frænda sinna. Váru þá stefnur at áttar, ok kom þat ásamt með þeim, at hon myndi sjálf mestu fyrir ráða. Var þá keypt með þeim, ok urðu þeira samfarir góðar ok höfðu auð fjár. Þótti Þorsteinn mikill gæfumaðr, hversu hann hafði ráðit ór sínum vandræðum. Váru þau ásamt tvá vetr þar í Miklagarði. Eftir þat sagði Þorsteinn húsfreyju sinni, at hann vildi vitja eigna sinna aftr til Noregs. Hon sagði hann skyldu ráða. Seldi hann þá eignir þær er hann átti, ok höfðu þá of lausafjár. Réðust þau þá þaðan ór löndum með góðu föruneysi, ok fóru alla leið unz þau kvámu í Noreg. Tóku frændr Þorsteins harðla vel við þeim báðum, ok sá þat brátt, at hon var ör ok stórlýnd; gerðist hon brátt harðla vinsæl. Áttu þau börn saman, ok sátu nú at eignum sínum ok undu vel sínu ráði. Þá var Magnús konungr hinn góði yfir Noregi. Fór Þorsteinn

skjótt á fund hans ok var þar vel tekinn, því at hann var mjök frægr orðinn af því, er hann hafði hefnt Grettis hins sterka. Vita menn varla dæmi til, at nökkurs manns af Íslandi hafi hefnt verit í Miklagarði, annars enn Grettis Ásmundarsonar. Svá er sagt, at Þorsteinn yrði hirðmaðr Magnúss konungs. Sat Þorsteinn um kyrt níu vetr, síðan hann kom aftr í Noreg, ok þóttu þau hin mestu sæmdarmenn bæði. Þá kom utan ór Miklagarði Haraldr konungr Sigurðarson, ok gaf Magnús konungr honum hálfan Noreg við sik; váru þá báðir konungar í Noregi um hrið. Eftir andlát Magnúss konungs undu margir lítt, þeir sem höfðu verið vinir hans, því at allir unnu honum; enn mönnum varð vangætt til lyndis Haralds konungs, því at hann var harðr ok refsingasamr. Þorsteinn drómundr gerðist þá hnignandi, ok var þó hinn hraustasti maðr. Þá var liðit frá drápi Grettis Ásmundarsonar sextán vetr.

94. Þá eggjuðu margir Þorstein at fara á fund Haralds konungs ok gerast honum handgenginn; enn hann tók eigi undir þat. Þá mælti Spes: „Þat vil ek, Þorsteinn“, segir hon, „at þú farir eigi á fund Haralds konungs, því at vit eigum öðrum konungi meira vangoldit, ok þarf fyrir því at hugsa; enn vit gerumst nú gömul bæði ok af æskuskeiði, ok hefir

gengit meir eftir ástundan enn kristilegum kenningum eða röksemdum réttinda. Nú veit ek, at þessa okkra skuld mega hvártki leysa okkrir frændr né fémunir; vil ek vit sjálf gjöldum skyld fyrir; nú vil ek breyta ráðahag okkrum, ok fara ór landi ok á páfagarð, því at ek trúi, at svá má mitt mál leysast“. Þorsteinn svarar: „Mér eru þessir hlutir jafnkunnigir sem þér, er nú talar þú; er þat skylt, at þú ráðir þessu, er svá gegnir vel. er þú létt mik ráða, er miklu var óvænlegar stefnt; ok skal svá breyta í öllu sem þú segir fyrir“. Þetta kom mjök á menn óvara. Nú var Þorsteinn tveim vetrum meir enn hálfsjötugr, ok þó hraustr til allra athafna sinna. Bauð hann nú til sín öllum frændum sínum ok tengdamönnum, ok gerði bera fyrir þeim ráðstofnan sína. Tóku vitrir menn vel undir þat, ok þótti þó hinn mesti skaði at burtför þeira. Þorsteinn sagði eigi víst um aftrkvámu sína — „vil ek nú þakka yðr öllum“, segir hann, „hversu þér genguð um mitt góðs, meðan ek var ór landi næst; nú vil ek bjóða yðr ok biðja, at þér takið við fé barna minna ok þeim sjálfum, ok fæðið þau upp eftir því sem yðvarr er manndómr, því at ek er svá til aldrs kominn, at jöfn ván er, hvárt ek kem aftr eða eigi, þótt ek lifa; skulu þér svá fyrir öllu sjá, því sem ek á hér eftir, sem ek muni eigi aftr

vitja til Noregs“. Þá svöruðu menn, at margt væri gott til ráða, ef húsfreyja væri eftir til umsjár. Þá mælti hon: „Því fór ek utan ór löndum ok ór Miklagarði með Þorsteini, ok fyrirlét ek bæði frændr ok fé, at ek vilda, at eitt gengi yfir okkr bæði; nú hefir mér hér gott þótt; enn eigi slægir mik hér til langvista í Noregi eða hér í Norðrlöndum, ef hann ferr á burt; hefir ok jafnan þokki með okkr verit, ok ekki at áskilnaði orðit; nú munu vit bæði ásamt fara, því at okkr er kunnigar um þá hluti marga, er orðit hafa síðan vit fundumst“. Ok er þau höfðu þenna veg á gert um hagi sína, þá bað Þorsteinn valinkunna menn skifta í sundr fénu í helminga; tóku frændr Þorsteins þann helming, er börnin skyldi eiga, ok fæddust þau upp með föðurfrændum sínum, ok urðu síðan hinir mestu þroskamenn, ok er mikil ætt frá þeim komin þar í ríkinu; enn Þorsteinn ok þau Spes skiftu í sundr sínum hlut fjárins, ok gáfu sumt til kirkna fyrir sál sinni, enn sumt höfðu þau með sér. Réðust þau nú til Rómferðar, ok báðu margir vel fyrir þeim.

95. Fóru þau nú allan veg þar til er þau kvámu til Rómaborgar. Svá sem þau kvámu fram fyrir þann, er til þess var skipaðr, at heyra skriftamál manna, þá sögðu þau sannlega alt, hversu farit hafði, ok með hverjum klóksköpum þau höfðu sinn hjúskap bundit.

Þau gáfu sik auðmjúklega undir þvílíkar skriftir sér til yfirbótar, sem hann vildi á þau leggja; enn fyrir þann skuld, at þau höfðu sjálf orkazt hugar á, at bæta sína meinbugi án allri þröngvan ok hatri af kirkjunnar formönnum, þá var þeim létt um allar álögur, svá sem fremst mátti vera, enn beðin með blíðu, at þau skipaðist nú sem skynsamlegast fyrir sinni sál ok lifði hreinlega þaðan í frá, at fenginni lausn allra sinna mála. Þóttu þau vel ok vitrlega farit hafa. Þá mælti Spes: „Nú þykkir mér vel farit hafa ok lyktazt okkart mál; höfum vit nú eigi ógæfu saman átt eina; kann vera, at heimskir menn dragi sér til eftirdæma okkra hina fyrri æfi; skulu vit nú gera þá endalykt okkars lífs, at góðum mönnum sé þar eftir líkjanda; nú skulu vit kaupa at þeim mönnum, sem hagir eru á stein-smíði, at þeir geri sinn stein hváru okkru, ok mættim vit svá bæta þat, sem vit höfum brotit við guð“. Nú lét Þorsteinn lagða verða penninga til stein-smíðar báðum þeim, ok þvílíks annars sem þau þurftu, ok þau máttu eigi missa til viðrlífis; ok at lyktaðri þessarri smíð, ok á viðrkvæmilegum tíma, ok öllum hlutum tilbúnnum, skildu þau sína stundlega samvist at sjálfráði sínu, at þau mætti því heldr njótandi verða heilagrar samvistu annars heims. Settist þá í sinn stein hvárt þeira, ok lifðu svá lang-

an tíma, sem guð vildi skipa, ok endu svá sína æfi. Hafa þat flestir menn sagt, at Þorsteinn drómundr ok hans kona Spes þykkja verit hafa hinir mestu gæfumenn, ór því sem ráða var; enn eigi hafa börn hans né afkvæmi til Íslands komit, svá at saga sé frá ger.

Hefir Sturla lögmaðr svá sagt, at engi sekr maðr þykkir honum jafnmikill fyrir sér hafa verit sem Grettir hinn sterki. Finnir hann til þess þrjár greinir: þá fyrst, at honum þykkir hann vitrastr verit hafa, því at hann hefir verit lengst í sekt einhverr manna, ok varð aldri unninn meðan hann var heill; þá aðra, at hann var sterkastr á landinu sinna jafnaldra, ok meir laginn til at koma af aftrögungum ok reimleikum enn aðrir menn; sú hin þriðja, at hans var hefnt úti í Miklagarði, sem einskis annars íslenzks manns.; ok þat með, hverr giftumaðr Þorsteinn drómundr varð á sínum efstum dögum, sá hinn sami er hans hefndi. Lýkr hér sögu Grettis Ásmundarsonar, várs samlanda. Hafi þeir þökk er hlýddu, enn sá litla, er krabbat hefir söguna. Er hér verk-sins endir, enn vér sém allir guði sendir. Amen.

Vísaskýringar.

1 (Önundr trúfótr). Mér es at glatt, síz mættum skjaldar ellþrimu¹. Mart hremmir til snemma². Oss stóð geigr af galdrs gýgi³. Hykk, at flestum þegnum þykki lítit til mín koma. Þat es oss mest einhlítt til yndismissu⁴.

1. *skjaldar ellþrima* = skj. eldþrima, bardagi. — 2. margt dynr of snemma yfir oss. — 3. *galdrs gýgr*, bardaga tröllkona, öxi eða höggvopn.

Mér ekki glatt í geði, síðan (vér) áttum í bardaganum. Margt ber oss að höndum áðr oss varir. Oss stóð geigr af vopnunum. Eg held að flestum mönnum muni þykkja lítið koma til mín; það er oss til mestu leiðinda.

2 (Víkingar). Þessi vísuáttungr þarf engrar skýringar við.

3 (Önundr trúfótr). Séðu¹ sár þín blæða. Sáttu mik hrökkva nökkut? Einfættr auðslöngvir² fekk enga skeinu af þér. Meirr es mörgum Gjalpar snerru brjót³ lagit málskalp⁴ enn hyggjandi. Þegn er-at þrekvand⁵ í þrautir.

1. *séðu* (= *sjáðu*) tg f. *sjáðu hvárt*. — 2. *auðslöngvir*, maðr. — 3. *Gjalp* tröllkona; *snerru-Gjalp*, öxi; *snerru-Gjalpar brjótr*, axar brjótr, maðr. — 4. *málskalp*, orðaglamr. — 5. = *hygni*. — 6. *þrekvand*r (af *þrekr*, vaskleikr og *vandr*, vanr við) hraustr.

Sjáðu sár þín blæða. Sástu mik hopa nokkuð? Hinn einfætti maðr fékk enga skeinu af þér. Mörgum manni er meir lagið orðaglamr enn hygni. Þessi maðr er ekki hraustr þegar á reynir.

4 (Önundr tréfótr). Ek þóttu ok Ságandi seggjum fyrr hæfir at Hrotta hreggvindi¹, þá er hvast geirhríðar grand² gnúdi. Nú verðr at stíga út á skorðu skæ³ með einum fæti á vit⁴ Íslands. Þvísa⁵ skaldi sígr⁶.

1. *Hrotti*, sverð (Fáfnis); *Hrotta hreggvindr*, bardagi. — 2. *geirr*, spjót; *geirhríðar grand*, bardagi. — 3. *skærr* (eða *Skær*), hestr; *skorða*, spýta undir hlið á skipi; *skorðu skær*, skip. — 4. *á vit*, á vitjun, að vitja. — 5. *þvísa* = þessu. — 6. *sígr*, fer aftr.

Við Stigandi þóttum fyrr hæfir í orrustu. Nú verðr að stíga á skip einum fæti á vitjun til Íslands. Þessu skáldi fer aftr.

5 (Önundr tréfótr). Ævi gengr réttum¹ þessum fleinhvessanda² of fold ok ríki; — enn sæfarinn ranga fákr³ rennr. Ek hefi flýit lönd ok fjölda frænda, enn hitt es nýjast: kaup eru kröpp, ef ek hreppi Kaldbak enn læt akra.

1. *réttr*, reki; að leggja skip í rétt er = að láta skip reka. — 2. *fleinhvessandi*, maðr. — 3. *röng*, bogair innviðir í skipi; *fákr* (Fákr) hestr; *ranga fákr*, skip.

Ævi mín, eða líf mitt, er á hrakningi um lönd og ríki; enn skipið rennr um sjóinn. Eg hefi flúið lönd og fjölda af frændum, enn hitt er nýjast: það eru ill kaup, ef eg hreppi Kaldbak, en miasi akra minna.

6 (Ókunnr höf.). Frægir rausnarmenn lauguðu fyrir ritar fránhvítinga¹ í ræfrhvössu bensævar ranni². Nú rauð vómr³, sá er víða var frá tekinn sóma, af bleyði bæði hlýr⁴ benja skóðs⁵ í sýru.

1. *rít*, skjöldr; *fránhvítingr*, ormr; skjaldarormr, sverð. — 2. *bensævar*, blóð; *rann*, hús; *ræfrhvast*, með hvössu ræfri, upp mjótt; *rann*, hús; *ræfrhvast bensævar rann*, sár veitt með hvössu vopni. — 3. *vómr* (eldra orð er *vámr*, og má sjá af því, að vísan er ekki mjög forn), vesalmenni. — 4. *hlýr*, hvk. hlið. — 5. *benjaskóð*, það sem er sárskætt, öxi.

Frægir hreystimenn ruðu fyrir sverð í sárum. Nú rauð vesalmennið, sem víða er ófræg, báðar hliðar vopans (axariunnar) í sýru.

7 (Ókunnr höf.). Ek frá at hervápn yrði heldr hörð¹ at Rífskerjum, því at margir slyppir² menn lustu mest hvalklyppum³. Enn malm-Gautar⁴ hafa mjök fast kastat móti þvestslyttum⁵. Þessi ímun⁶ lízt oss óknyttin.

1. *hörð* er sagt í háði, á að vera = lin. — 2. *slyppr*, vopnlaus. — 3. *hvalklyppur*, hvalþjósir litlar. — 4. *malm-Gautr*, mannkenning. — 5. *þvestslytti* (slytti, hvk., til í málinu enn („linur eins og slytti“), hvalþjóð. — 6. *ímun*, orrusta.

Mér er sagt að heldr hörð orrusta yrði að Rífskerjum,

Því að margir vopnlausir menn köstuðu smáum hvalþjósum. Og á móti köstuðu aðrir þvestslyttum. Þessi bardagi þótti oss ósæmilegr.

8 (Grettir Ásmundarson). Þessi vísa þarf ekki skýringar við. *ving* = vind eg.

9 (Grettir Ásmundarson). Hodda-Grund¹, menja stökkvir² vill brenna mik á báðum höndum; ek kenni þess mjök; það er höfugt ráð. Hörgerðr³, ek læt verða tekit óskornum nöglum á hringa hreyti⁴; ek sé ger gögl⁵ gildra sára.

1. *hodda Grund*, kona. — 2. *menjastökkvir*, maðr. — 3. *hör-Gerðr*, kona. — 4. *hringa hreytir*, maðr. — 5. *gögl* (et. *gagl*), eins konar villigæsir; *sáragagl*, hræfugl.

Kona, hann vill brenna mig á báðum höndum; það er ilt ráð. Eg lét tekið á honum með óskornum nöglum; eg sé hræfuglana búna til að drekka blóðið.

10 (Ásmundr hærulangr). Grettir hefir fast flegna traust Keingálu; hann fær prettat mik; flest hin prúðu fljóð eru fámálug. Vitr drengr mun víst lengi venja flestar kvaðningar¹ mínar af sér; hin friða brings Hlín² nemi hróðr³.

1. *kvaðning*, skipan. — 2. *brings Hlín*, kona. — 3. *hróðr*, skáldskapr, vísa.

Að öðru leyti þarf ekki vísan skýringar við; *fámálug* er tekið eftir Hóla útg., og er líkl. að það sé fult svo rétt sem *fullmálug*; kvenfólkið hafi þagað yfir brekum Grettis.

11 (Grettir Ásmundarson). Hygg at hamartröll¹ hljóp

til Skeggja áðan fyr stundu með ramri för; blóðs gráðr² vas á gunnar Gríði³. Sú gein harðmynt um haus hán-um, enn hon sparði lítt vígtenn ok klauf enni; ek var hjá viðreigu þeira.

1. *hamartröll*, öxi. — 2. *gráðr*, græðgi. — 3. *gunnr*, orrusta; *Gríðr*, tröllkona; *gunnar Gríðr*, öxi.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

12 (Grettir Ásmundarson). Byrjar skikkju blakkpollr¹, ek hygg at heldr auðigir beiðendr Móins leiðar² bjoggu snauðan heiman. Enn ern auðnorn³ réð sanna við mik fornan orðskvið fyr bensköðs⁴ gjöf, at móðir er bezt barni.

1. *byrjar skikkja*, segl; *Blakkr*, hestheiti; segls hestr, skip; skip-pollr, maðr. — 2. *Móinn*, ormsheiti; *Móins leið*, gull. — 3. *auðnorn* = gulls norn, kona. — 4. *bensköð*, sverð.

Farmaðr, eg held að hinir efnuðu menn hafi búið mig fátæklega að heiman. En hin væna kona sannaði forn-an orðskvið með gjöf sverðsins, at 'móðir er bezt barni'.

13 (Grettir Ásmundarson). Þessi vísuþjórdungr þarf ekki skýringar við: *kropna*, krokna eða krókna, verða loppinn; *kyrpingr*, litilmenni.

14 (Grettir Ásmundarson). Annat var þá es Hafliði át drafla¹ at inni² at Reyðarfelli; hann þóttisk þá heima. Ok³ darra dómskreytandi⁴ neytir tveggja nesja takreins⁵ dagverðar tysvær einum degi.

1. *drafli*, ystingr. — 2. *at inni*, heima. — 3. *ok* er líkl. rangt; á líkl. að vera *nú*. — 4. *darr*, spjót; *darra dómr*, bardagi; bardaga *skreytandi*, maðr. — 5. *tveggja nesja takreinn* = reinn (hreinn) tveggja nesja taks; tveggja n. tak, það sem tvö nes taka, vik eða fjörðr; fjarðar-hreinn, skip.

Öðruvís var, þegar Haflíði át drafla heima hjá sér að Reyðarfelli; hann þóttist þá vera á heimili sínu. Nú neytir þessi bardagamaðr skipsverðar tvisvar á dag. [Eða berst nú tvisvar (neytir darradagverðar) á skipinu].

15 (Haflíði siglingamaðr). Grettir stattu upp ór gróf¹; knörr² grefr hola vörru³; minstu meginkátr á mál við hinn glaðláta svanna⁴. Hrund⁵, hör-Nauma⁶ hefr saumat þér fast at höndum; skorð⁷ vill at þú verðir vel við meðan lönd eru niðri.

1. *gróf*, (hér) bæli. — 2. *knörr*, skip. — 3. *vörr*, (hér) kjalfar. — 4. *svanni*, kvenmaðr. — 5. *hrund*, ókent konuheit. — 6. *Nauma*, (hér) Ásynja; *hör-Nauma*, koua. — 7. *skorð*, er hálfkenning f. skorð gulls, eða e-ð því um líkt.

Stattu upp úr bæli þínu, Grettir, skipið ristir mjög. Talaðu við hinn glaðláta svanna. Konan hefir saumað fast að höndum þér. Hún vill, að þú dugir vel meðan skipið er í hafi.

16 (Grettir Ásmundarson). Stöndum upp, þót alltið-um riði undir skip; ek veit at víf mun láta verr, ef ek ligg á knerri. Aldygg hvít kona mun hyggja¹ því öll-ungis illa, ef ek skal hér láta vinna fyr mik hvert sinn.

1. *hyggja*, una.

Þessi vísa þart ekki frekari skýringar við.

17 (Grettir Ásmundarson). Báru blikrýrandi¹, mér hefr-a² brugðizt bauga ván í haugi; bragnar³ spyri þetta brátt at skýru⁴. Þó sé ek hitt, at fár Hrotta hríð-Ullr⁵ muni leita þinig⁶ full-teitr⁷ at Fáfnis mýri⁸.

1. *bárublik*, gull, gulls rýrandi maðr. — 2. *hefr-a* = hefir eigi. — 3. *bragnar*, menn. — 4. *at skýru* = ljóslega. — 5. *Hrotti*, sverð; *Hrotta-hríð*, bardagi; bardaga *Ullr*

(Áss), maðr. — 6. *þinig*, hingað. — 7. = fullglaðr. — 8. *Fáfnis mjrr*, gull.

Maðr, mér hefir ekki brugðist gullsvonin í hauginum; menn frétti þetta brátt greinilega, þó sé eg hitt, að fáir menn muni leita með mikilli gleði eftir gullinu hér.

18 (Grettir Ásmundarson). Báru hyrlestir¹, ek fekk tekit sax, þat er vexir² sár seggja, í firna dökkum haugi. Draugr fell. Ok dýrr hjalma logi,³ hættr alms angrs ýtum⁴, skyldi aldri ganga mér firr⁵ hendi, ef ek ætta.

1. *báru hyrr*, gull; *gulls lestir*, maðr. — 2. *vexa*, láta vaxa. — 3. *hjalma logi*, sverð. — 4. *almr*, bogi; *alms angr*, sverð; sverða ýtar, menn. — 5. *firr* = fjarri.

Að öðru leyti þarf ekki að skýra vísuna.

19 (Grettir Ásmundarson). (Vér) höfum búit tólf gunnelðs runnum¹ gröf hjá gjalfri². Ek nam einn ótrauðr vinna öllum bráðan dauða. Velborin, ítr gulls selja, hver verk, þau es einn tær orkat, munu of görvask gild, ef slík eru lítil?

1. *gunnelðr sverð*; *sverðrunnur*, maðr, — 2. *gjalfri*, (hér) sjór.

Að öðru leyti þarf ekki að skýra vísuna.

20 (Grettir Ásmundarson). Sá víg-Njörðr¹ es görði vitja vetrliða² í haust, kvam oft heim í húmi, enn blæddi engu.³ Otrs akra Ullar sáu-t mik sitja síð fyr bjarnar híði. Þó kvam ek út ór hellisskúta.

1. *víg-Njörðr*, maðr. — 2. *vetrliði*, björn. — 3. *enn engu blæddi* er tg. Boers f. *þá engum blæddi*.

Síðari hlut vísunnar hefir Boer þannig:

Sáut — otrs — mik sitja

síð fyr bjarnar híði

þó kvamk — Ullar akra —
út ór hellisskúta.

Hann hefir því breytt 5. og 7. vísuorði:

Sá engi mik sitja

og

þó kom ek ullar otra,

enn þessi tilg. er fremr ósennileg. Með því móti má þó fá vit í vísuna. Boer skýrir 5. og 7. vo. þannig: *otrs akr* = ormaþól, gull; gulls *Ullar* (*Ullr*, Áss), menn.

Sá er gerði vitja vetrliða í haust, kom oft hræddr heim í húmi, enn blæddi engu. Menn sáu mig ekki sitja síð dags við bjarnarhíðið; þó kom ek út úr hellisskútanum.

21 (Grettir Ásmundarson). Ek gat forðum unnit iugtanna;¹ orð lék á því. Hugstríðr reif hart meginsíðan feld af höldi.² Bellinn³ baugs-Baldr⁴ olli því, enn nú skal gjalda; ek þykkjum ekki oft allhælinu⁵ í kappmælum.

1. *iugtanni*, *íugtanni*, *jugtanni* stendr í hdr., og úr því hefir verið búið til *ígultanni*, sem bæði er algengt í íslenskum kveðskap og þýðir þá björn, bjarndýr, enn finst líka í sænsku alþýðumáli sem lýsingarorð *igeltänd* um þann sem er skögulentr. Enn Boer getr til, og er það ekki ólíklegt, að orðið sé upphaflega í *högg tanni* (sbr. *höggormr*). — 2. *höldr*, maðr. — 3. *bellinn*, hvepsinn. — 4. *baug-Baldr*, maðr. — 5. *all-hælinn*, mjög hælinn, raupsamr.

Eg gat forðum unnið björn; það varð orðfleygt. Hinn grimmi björn reif hinn síða feld af mér. Hinn hvepsni maðr olli því, enn nú skal hann gjalda þess. Eg þykist ekki vera sjálfhælinn venjulega, þegar eg tala um hreystiverk.

22 (Grettir Ásmundarson). Þorfinnr, Þundar aldar sessi,¹ vas alinn² til hjalpar oss, þá es víf, lukt og læst í valskorum,³ of kvaddi mik lífs.⁴

1. *Þundr*, Óðinn; *öld*, menn; menn Óðins, Einherjar, kappar; *sessi*, sessunautr; Þundar aldar sessi, sessunautr eða jafningi kappi. — 2. *alinn*, skapaðr, ætlaðr. — 3. *víf lukt ok læst í valskorum*, Hel. — 4. (*um eða*) of kvaddi mik lífs = heimtaði lífið af mér.

Þorfinnr, jafningi beztu kappi, var ætlaðr til að hjálpa oss, þegar Hel, sem býr í bústað dauðra manna, kvaddi mig lífsins.

23 (Grettir Ásmundarson). Ok stálgoðsbana Regins skáli Rauðahafs stórskip¹ vas, es manna mest varnaði mér Býlests bróðurdóttur.²

1. *stálgoð*, Hrungrnir; *Hrungrnis bani*, Þórr; *Reginn*, dvergsheiti; *Regins skáli*, steinn; *Rauðahafs stórskip*, drómundr, forn skip í Miðjarðarhafi. Þetta alt merkir því: Þorsteinn drómundr. — 2. *Býlestr*, bróðir Loka; bróðurdóttir Býlests er því Hel.

Þat var Þorsteinn drómundr, er manna mest bjargaði mér úr lífshættu.

24 (Grettir Ásmundarson). Þengils¹ mönnum þótti þá eigi dælt at sækja oss, es hlébarðr² vildi brenna bragða borg³ hlífar eldi.⁴

1. *þengill*, konungr. — 2. *hlébarðr* (= leopard), (hér) björn. — 3. *bragða borg*, höfuð. — 4. *hlífar eldr*, sverð; *brenna bragða borg hlífar eldi*, höggva höfuð manns með sverði.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

25 (Grettir Ásmundarson). Höldr¹ lét Máks syni² goldit kapp; sverða hrið gerðiek þá með hepn; hrafn gat at slita hrát hold. Vágs viggríðandi³ vas enn síðan at vígi Skúfs ok Bjarna; hann bar gjarna greipr at gunni.⁴

1. *höldr* = Þorgeirr Hávarsson. — 2. *Máks sonr*, Þorgils Máksson. — 3. *vigg*, hvk., hestr; *vágs* hestr, skip; *skipríðandi*, farmaðr. — 4. *gunnr*, orrusta.

Sá lét Þorgils Mákssyni goldit kapp; bardaginn gekk heppilega; hrafnar átu hræin. En síðan var farmaðrinn að vígi Skúfs og Bjarna. Hann var fús til að berjast.

26 (Grettir Ásmundarson). Ek veit eigi, nema Jalfaðr¹ svelli kverk² utan at þér sjálfum fyr kapp ok orku; það er kvelling.³ Svá bannaði seim-Gauts sinni ungunum þinul fjalla⁴ ákall⁵ endr fyr löngu, es ek vas heima.

1. *Jalfaðr*, Óðinn, en annað Óðins heiti er Auðun. — 2. *svella*, láta bólgn. — 3. *kvelling*, hörmung. — 4. *seim-Gautr*, maðr (Barði); *sinni seim-Gauts*, fylgjari hans; *þinull fjalla*, ormr, enn Grettir er líka orms heiti. — 5. *banna ákall*, taka fyrir kverkar.

Eigi má vita, nema Auðun taki kverka taki á þér fyrir kapp þitt og orku; það er hörmung. Svá bannaði félagi mannsins (Barða) (Auðun) ungunum Gretti að kalla (tók fyrir kverkar honum).

Boer tekr síðara helming vísunnar öðruvís: Seimsinnir,¹ svá bannaði Gautr² endr fyrir löngu ákall ungunum fjalla þinul, þá es ek vas heima

1. *seimr*, auðr; *seimsinnir*, maðr. — 2. *Gautr*, Óðinn = Auðun.

Svo tók Auðun fyrir kverkar mér fyrir löngu, þegar eg var heima.

27 (Grettir Ásmundarson). Mistar mótkennandi,¹ ek treysti mér við þrenna í Hildarveðri,² hvat heiftminnigt³ es skal vinna. Ek vil-at mæta fleiri farsætendum⁴ enn fjórum í gnyfengnum⁵ Gungnis gráð⁶, ef ek skal ráða.

1. *Mist*, valkyrja; *Mistar mót*, bardagi; *Mistar mótkennandi*, sá er kann að berjast. — 2. *Hildar veðr*, bardagi. — 3. *heiftminnigt*, fjandsamlegt. — 4. *farsætandi*, sá sem sætir skipum, sitr fyrir skipum, vikingr. — 5. *gnyfenginn*, gnymikill. — 6. *Gungnir*, geir Óðins; geirs gráðr, geirs græðgi, bardagi. Dr. Jón Þorkelsson getr til, að gráðr geti líka verið sama sem gola, lítill vindr. Sú merking er enn til í orðinu: lítið gráð, en gráðr = græðgi hefir og verið haft fram á miðja 17. öld, því það kemr fyrir í sálum Hallgríms Péturssonar: „Júdas í girndar gráði“.

3. vo. er annaðhvort ekki rétt eða hún sýnir, að vísan er ekki mjög forn: aðalhendingar *hvað-veð*. Við þessu gerir Boer með því að setja:

hvats í Hildar móti.

Bardagamaðr, eg treysti mér við þrjá menn í orrustu, hvað fjandsamlegt sem vinna skal. (Enn) eg vil eigi mæta fleirum hermönnum enn fjórum í bardaga, ef eg á að ráða.

28. (Grettir Ásmundarson). Tunga verðr boga slöngvi¹ jafnan of-löng til orða. Því kemr þar fyrir þung hefnd til sumra. Margr beiðir benlinns borgar² hefr görvar minni sakir enn þú, Ferðalangr, þót fengir fjörtjón.

1. *boga-slöngvir*, maðr. — 2. *beinlinnr*, sárormr, spjót eða sverð; *sverð-beiðir*, maðr.

Að öðru leyti er vísan auðskilin.

29 (Grettir Ásmundarson). Þrimu rækir¹ snart ímunbuki², þat es fekk áspyrnu ökla þyrnis³, at snæðings porti⁴. Snækolls. Kjálkar rifnuðu á bringu; svá tvískifti enn járnvarði brodda gangs bálkr⁵ tanngarðs toftum⁶.

1. *þrima*, bardagi; *þrimusækir*, bardagamaðr. — 2. *ímun*, bardagi; *ímunbuki*, skjöldr. — 3. *öklaþyrnir*, fótr. — 4. *snæðingsport*, munnr. — 5. *broddagangr*, örvadrif. — 6. *tanngarðstóftir*, munnr.

Bardagamaðrinn snart skjöldinn, sem slegizt hafði með fæti hans að munni Snækolls. Kjálkar rifnuðu á bringu; svo tvískifti skjöldrinn tanngarðshvolfinu.

Boer tekr fyrri helming vísunnar öðru vís: Ímunbuki þrimu rækis, þat es fekk áspyrnu öklaþyrnis, snart snæðings port Snækolls.

Skjöldr bardagamannsins, sem fótrinn rakst á, kom við munn Snækolls.

30 (Grettir Ásmundarson). Alt kom senn at svinnum bragar tíni¹, sekt mín, drengr skal drjúghljóðr² af dauða föður ok svá bróður. Heðins snótar mótrunnr³, margr sverða brjótr⁴ skal þó í morgin⁵ verða daprari um slíkar sútir.

1. *bragar tíni*, skáld. — 2. *drjúghljóðr*, mjög angrvær. — 3. *Heðins snót*, Hildir, hildar mót, orrusta. — 4. *sverða brjótr*, maðr. — 5. í morgin (d. imorgen) á morgun, þegar frá liðr.

Að öðru leyti er vísan auðskilin.

31 (Sveinn at Bakka). Barðelds beiðir¹ reið heðan á braut. Hjalmpollr² lét þjófs³ hönd hrífa um Söðulkollu næri garði. Sá Þundar skýss Freyr⁴ mun fullsterkr at fleirum svaðilverkum enn þessu. Þats heldr, hann mun bellinn.

1. *barð*, skjöldr, skjaldar eldr, sverð; sverðbeiðir, maðr.

— 2. *hjalmpollr* (hjálmviðr), maðr. — 3. *þjófs* tg. f. þjófr. — 4. *Þundr*, Óðinn; Óðins *ský*, skjöldr; skjaldar *Freyr*, maðr.

Bardagamaðrinn reið á burt heðan. Hann tók Söðulkollu þjófs hendi nærri garði. Sá maðr mun fær til að gera meiri svaðilverk enn þetta. Það er helzt, að hann mun vera glettinn.

32 (Grettir Ásmundarson). Bráðlyndr almpollr¹, segðu í breiðar bygðir, at þú fyndir Söðulkollu alt upp hjá Kroppi. Þar vas staddr á steddun² í svörtum kuffi drengr sá es drýgir löngum duff³; strjúk allmikinn⁴, Halli.

1. *almr*, bogi, *almpollr*, bogaviðr, maðr. — 2. *stemma*, meri. — 3. *tafl* um þeringa. — 4. *strjúk allmikinn*, flýttu þér.

Að öðru leyti er vísan auðskilin.

33 (Sveinn at Bakka). Sáttu¹ hinn reitni² slægr slyttimakr³ reið hrossi frá næstum bæjum? Oss er mikil raun at slíku. Heraðsmenn skulu nefna hvinni⁴ hefning fyrir þat. At hváru⁵ skal (hann) bera blán bók, ef ek nái hánun.

1. *sáttu* = sástu. — 2. *reitinn*, ódæll. — 3. *slyttinn* latr; *makr* (lýs. orð, hér n.), sá sem hver maðr getr við ráðið, sbr. *makráðr*, *makindi*; *slyttimakr* er því ómenni. — 4. *hvinn*, smáþjófr. — 5. *at hváru*, að minsta kosti.

Fyrir hefning — nefna hefir Boer hegning — eigna.

Sástu hvar hinn ódæli ónytjungr reið hrossi frá næstu bæjum. Oss er mikil raun að slíku. Heraðsmenn skulu hegna honum fyrir það. Að minsta kosti skal hann bera bláan bók ef eg næ honum.

34 (Grettir Ásmundarson). Allvelborin vella vígdís¹,

færðu hafloga² hirði gamanvísu. Hér ferr lautar gripr³ braut. Ek, orðrakk Yggs líðgjafi⁴, vilda ríða jöldu⁵, svá æst, at ek man gista at Gilsbakka.

1. *vell gull*; *vella vígdís*; gulls valkyrja, kona. — 2. *haflogahirðir*, gullshirðir, maðr (Sveinn). — 3. *gripr lautar*, ormr = grettir = Grettir. — 4. *Yggs líð*, Óðins drykk, skáldskapr; *Yggs líðgjafi*, skáld. — 5. *jalda*, meri.

Velborna kona, færðu mannum gamanvísu. Grettir fér hér á braut. Eg, orðhvata skáldið, mun ríða merinni svo hart, að eg mun gista að Gilsbakka.

35 (Sveinn at Bakka). Hverr kjörgráðsboði¹ reið hóti fyrri áðan hart heðan í róstuveðri á svörtu brossi? Sá hundeygr dreng², djarfr ok dáðum horfinn, hann mun í dag at sönnu heldr lengi rekast undan.

1. *hjörr*, sverð; *hjörgráðr*, bardagi; *hjörgráðs boði*, sá er býðr bardaga. — 2. *hundeygr*, með hundsaugu, ósvifinn.

Að öðru leyti er vísan auðskilin.

36 (Sveinn at Bakka). Þessi visuhelmingr er auðskilinn.

37 (Grettir Ásmundarson). Þessi visuhelmingr er líka auðskilin.

39 (Grettir Ásmundarson). 3. og 4. vo. hefir Boer:
ysjungr Arfs ok Gneista
afl fangvinar Hafla.

Ysjungr Hafla fangvinar Arfs ok Gneista afl¹ varð vápn sóttr í þróttar byr² í Veðrafirði³. Nú es Atla maklega goldit andrán, þats honum vas ósjötlat⁴ fyrr. Hann hné dauðr á friðri fold.

1. *ysjungur*, björn; *Haflíði*, jötunn; *fangvinur*, sá er glímir við e-n; *Hafla fangvinur*, Þórr; *Hafla fangvinnar ysjungur* = Þorbjörn; *Arfr* og *Gneisti* eru öxnaheiti, afl Arfs ok Gneista = öxna megin. — 2. *Þróttur*, Óðinn; Óðins *byrr*, bardagi. — 3. *veðurur*, hrútr; *Veðrafjörður*, Hrútafjörður. — 4. *ósjöslat*, óbætt.

Þorbjörn öxnamegin varð 'vápnsóttur' í bardaga í Hrútafirði. Nú er Atla maklega goldið 'andrán' (maklega hefnt) enn það var honum ekki bætt fyrir. 'Hann hné dauðr á fríðri fold'.

40 (Grettir Ásmundarson). Þessi vísa er auðskilin. *marþak*, ís; *marþaks fjörður*, Ísafjörður.

41 (Grettir Ásmundarson). Margir sögðu mér hæfa þau mægðalaun, es Sigarr¹ veitti, unz rekkar fundu reynirunn², lofgróinn laufi sæmdar.

1. *Sigarr*, fornkönungur lét hengja Hagbarð fyrir það, að hann nam á burt Signýju dóttur hans; *mægðalaun Sigars* eru því henging. — 2. *reynirunnur* er sama sem björg Þórs = Þorbjörg. Sbr. söguna um Þór, er hann óð yfir ána Vímur, enn hún braut uppi á öxl honum; náði hann í reynirunn við hakkann og steig svo úr ánni; því er þat orðtak haft, at „reynir er björg Þórs“, segir í Sn. Eddu.

Margir sögðu, að hæfilegt væri að eg væri hengdur, þar til er menn fundu hina lofskreyttu (ágætu) konu Þorbjörgu.

42 (Grettir Ásmundarson). Þessi vísa þarf engrar skýringar við.

43 (Grettir Ásmundarson). Hjálptveggja handa Sifjar-vers¹, það mik fara með sér; sú gaf Þundar beðju

þveng² góðan hest, es gæddi mik friði. (Boer : ok gæddi friði).

1. *Sif*, kona Þórs; *Sifjar verr*, Þórr; *hjálp Sifjar vers*, hjörg Þórs = Þorbjörg. — 2. *Þundr*, Óðinn; *beðja*, kona; kona Óðins Jörð; *jarðar þvengr*, ormr = Grettir.

Þorbjörg hað mig fara með sér: sú gaf Gretti góðan hest og 'gæddi friði'.

44 (Loftr = Hallmundr). Ek ætla í hreggs hrunketil¹ niðr frá stórsteypi frerum². Þar má grundarhængr³ hitta lítinn stein ok hnefa land.

1. *hregg*, stormr; *hrun*, hávaði; *hreggshrunketill* á að vera hellir Hallmundar, sem stormrinn bylr á. — 2. *frer* hvk., hjarn, frosinn snjór; *stór steypifrer*, jökull, Balljökull. — 3. *grundar hængr*, ormr = Grettir. — 4. *lítill steinn*, hallr; *hnefa land*, hönd = mund; *lítill steinn* og *hnefa land* = hallr og mund = Hallmundr.

45 (Loftr = Hallmundr). Þessi vísa þarf ekki skýringar.

46 (Grettir Ásmundarson). Snarr Illugi ok malma skúrar mundangshvatr¹ Atli stóð mér fjarri þá es enn armi Loftr ófælinn dró mér endr álar² ór hendi. Ek vilda sjaldan vesa staddr svá. Horsk brúðr stýkrhvarma ef hræðumk.

1. *mundang*, meðalhóf; *malma skúr*, bardagi; *mundangshvatr* *malma skúrar*, nokkurn veginn röskr í bardaga.— 2. *álar*, ólar, (hér) beizlistaumar.

Hinn 'snari' Illugi og Atli, sem líka er nokkurn veginn röskr í bardaga, stóðu mér fjarri, þegar hinn armi Loftr dró óhræddr ólar úr hendi mér. Hin vitra kona angrast af hugleysi mínu.

47 (Grettir Ásmundarson). Þarf engrar skýringar við.

48 (Grettir Ásmundarson). Vígfúss vápnhríðar naðr¹ varð fram stiga á benstíga² í Virfils veðri³ í viðrisfirði.⁴ Kostr mun traustum köppum at erfa⁵ Keldhverfinga. Komumk undan. Hvatr Hallmundr ór helli olli því.

1. vígfúss vápnhríðar naðr, drápgjarnt sverð. — 2. benstígar, blöðugir vegir, (ef til vill) bardagavöllr. — 3. Virfill, víkingsheiti; Virfils veðr, bardagi. — 4. viðrir, örn; viðristjörðr, Arnarvatn. — 5. erfa, gera erfi eftir. 6. komumk, tg. f. er komst.

Hið drápgjarna sverð varð að koma fram á bardagavöllinn við Arnarvatn. Hinir hraustu kappar áttu þar kost á að gera erfi eftir Keldhverfinga. Hinn hrausti Hallmundr úr helli olli því að eg komst undan.

49 (Grettir Ásmundarson). Marr¹, sá es rispar tönnum raunlitt,² rennr mest fyrir öðrum hesti, es bitask skal né mæðisk fyrri³. Enn margnenninn⁴ Gísli rann þenna dag físandí fyrir mér of Mýrar. (Hann) es firðr fremd ok sæmdum.

1. marr, hestr. — 2. sá er bíztt mjög illa. — 3. mæðist eigi, heldr leggr á flótta. — 4. margnenninn, margskiftinn, marglátr.

Svo sem sá hestr, sem bíztt mjög illa, rennr þegar undan öðrum hesti, er bitast skal og mæðist eigi fyrri (heldr leitar undan), svo rann hinn margláti Gísli þenna dag físandí undan mér yfir Mýrar. Hann skortir bæði álit og heiðr.

50 (Grettir Ásmundarson). Hornflæðar hirði-Sága¹

stór Steinólfs höfuðskeina mun nú eigi hæg at græða; þó steiptusk fleiri.² Þung ván es um ævi Þorgils, því at bein sprungu. Lýðr segir þar átta aðra auðbrjóta³ dauða.

1. *hornflæðr*, vin; *Sága*, gyðja, Ásynja; vins hirðigyðja, kona. — 2. fleiri féllu. — 3. *auðbrjótr*, mannkenning.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

51—57 (Hallmundr). Þessar vísur þurfa lítilla skýringa við.

52. v. *sýna stund*, góða stund.

54. v. *skýlihögg*, skáhögg.

56. v. *blendingar*, hálftröll.

57. v. *álfa kind*, afkvæmi álfa.

58 (Grettir Ásmundarson). Ek rið eigi hót¹ á móti randar rækimeidum.² Þraut es sköpuð þessum þegni. Ek fer einn á brautu. Ek vil eigi finna snara Viðris balka vinnendr.³ Ek leita mér færa. Ek man eigi þykkja þér ærr.⁴

1. *hóts* (ef. af *hót*) = *hót* (í nútíðarmáli). — 2. *rönd*, skjöldr; *randar-rækimeidr*, maðr. — 3. *Viðrir*, Óðinn; *balkr*, stormr; Óðins stormr, bardagi, bardaga vinnendr, menn. — 4. *ærr*, vitlaus.

Eg rið ekki hót á móti þeim. Þessi maðr mun rata í vandræði. Eg fer einn á burt. Eg vil ekki finna þessa menn. Eg leita mér færís. Þér mun ekki þykkja eg vera vitlaus.

59 (Grettir Ásmundarson). Ek hnekki frá¹ þars mjök stórir flokkar Þóris fara; mér er a þerfilegt² at hverfa í þeira þys. Forðum³ frægra virða fund; ek á

veg til lundar⁴ — ek verð at hirða Heimdalls hjör — björgum svá fjörvi.

1. *ek hnekki frá*, eg fer undan. — 2. *þerfilegt* = þarflegt. — 3. *forðumk*, eg forðast. — 4. *lundr*, skógr. Í nánd við sögustaðinn hefir verið, og er enn, hið skógi-vaxnasta hérað á landinu, Axarfjörðr. — 5. *Heimdalls hjör*, höfuð, sem Heimdallr var lostinn með.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

60 (Grettir Ásmundarson). Svinn gullbúa stóla Sól,¹ þú munt kunna segja feður þínum, þót orð mín skifti oft engu,² hvar ek rík um breiðan bæ barðjóðs³ ok nær garði með hinn þriðja dreng; lið láðskreytis⁴ es litit.

1. *gullbúi*, ormr; *gullbúa stóll*, ormsból, gull; gulls *Sól*, kona. — 2. *engu*, tg. f. eigi. — 3. *barð*, skegg; *barðjóð*, barn skeggs = Skeggjason. — 4. *láðskreytir*, maðr.

Hin hygna kona, þú munt segja föður þínum, þótt engu varði um orð mín, að eg hafi farið fram hjá hinum stóra bæ (Þóris) Skeggjasonar nærri garði með hinn þriðja mann. Eg hefi lítið lið.

61 (Grettir Ásmundarson). (Ek) gekk í hið dökkva gljúfr; veltiflug steina gein úrsvölum muuni við hjörhríðar hlunns gæði.¹ Flugstraumur lá fast framan at brjósti í Naumu² sal, heldr hörð fján Braga kvánar³ kom á herðar skaldi.

1. *hjörhríð*, bardagi; *hlunnr*, (hér) sverð(?); *hjörhríðar hlunns gæðir*, maðr. — 2. *Nauma*, tröllkona. — 3. *fján* = *fjón*, hatr; *Braga kván*, Iðunn; *hörð fján Braga kvánar* = ilska Iðunnar = iðunnar; hin hatsfulla iða kom á herðar mér.

Eg gekk í hið dökkva gljúfr; hengiflug gein við mér

með köldum munni. Straumrinn af berginu skall á brjóstinu á mér og á herðar mér kom hin hatsfulla iða.

62 (Grettir Ásmundarson). Ljótr mellu vinr kvam í móti mér ór helli. Hann fekst heldr lengi við mik, at sönnu harðfengr. Ek lét harðeggjat heftisax¹ höggvit af skefti; bjartr gunnlogi² klauf svarta bringu Gangs.³

1. *heftisax*, eins konar vopn, fleinn með skafti. — 2. *gunnlogi*, sverð. — 3. *Gangr*, jötunsheiti.

Að öðru leyti þarf ekki vísan skýringar við.

63 (Grettir Ásmundarson). Margr menjarunnr¹ hefr í morgin dulizt við kunnan. Tvær grímur renna víst á rannsíma runna.² Leikborði³ es heldr skotit fyr hvassorða hölda. Öld bilar at halda orð. Alt slafr⁴ dró af Hafri.

1. *menjarunnr*, maðr. — 2. *rannsíma* = randsíma, skjaldarfetill; skjaldarfetils *runnr*, maðr. — 3. *leikborði skotit fyrir*, þeim er sýndr leikr á borði. — 4. *slafr*, slaðr.

Margir ókunnir menn hafa ekki þekt (hér) í morgun mann sem þeir annars þekkja; renna víst tvær grímur á þá. Þessum hvassorðu mönnum er sýndr leikr á borði. Menn hætta að halda orð. Það hefir dregið af mælgri Hafrs.

64 (Grettir Ásmundarson). Hefjendr Hlakkar tjalda¹ heldu saman nefjum og Hildar veggs hregg-Nirðir² hjoggust skeggjum til, ok geðstrangir Svafnis³ látrs sviptendr gengu í sveitir er þeir þektu mik; (þeir) tóku at iðrast gríða.

1. *Hlakkar tjöld*, skildir, *hefjendr* skjalda, menn. —

2. *Híldr*, valkyrja; valkyrju *veggr*, skjöldr; *Njörðr*, Áss; skjaldar *Æsir*, menn. — 3. *Svafnir*, ormsbeiti; *Svafnis látr*, ormsból, gull; gulls *sviftendr*, menn.

Menn stungu saman nefjum og hjuggust með skeggjum og gengu í hörðu skapi í sveitir, er þeir kendust við mig; þeir tóku að iðrast gridanna.

65 (Grettir Ásmundarson). Flæsu¹ far es váskeytt.² Fár örveðrs æskiruðr³ kann görva⁴ sea sverð í hári⁵ fyr öðrum. Ek veðja hins, þót atgeira eldraugar⁶ eigi meiri sin, at þeir hafu-t meiri hreðjar⁷ enn vér.

1. *flása*, tg. Boers f. *flaska*, lauslåt stúlka, eftir skýringu Boers, og mun þá vera sama orð og flæsa, sem haft er um upprof í illviðri jafnt og glenna, enn glenna er líka haft um léttúðuga stúlku. — 2. *váskeytt*, illa skeytt. Hugsunin ætti þá að vera: hegðun hinnar léttúðugu stúlku er skeytingarlítill, enn þessi skýring er þó ekki fullvís. — 3. *örveðr*, bardagi; *æskiruðr* (= *runnr*) bardaga, maðr. — 4. *görva* = gerla. — 5. *sverð í hári*, 'penis'. — 6. *atgeira el*, bardagi; *draugar* (viðir) bardaga, menn. — 7. *hreðjar*, eistu.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

66 (Grettir Ásmundarson). Sæta saumskorða¹ kvað mik orðinu sverðlítinn.² Hælin hreðja kví-ta Hrist³ hefir satt at mæla. Lágr Faxi⁴ í læra skógar lautu⁵ má allengi vaxa mér ungum. Bið, eyleygjar⁶ Freyja.

1. *sæta saumskorða* er tvöföld kenning og merkir hvortveggja konu. — 2. *sverð*, sbr. næstu vísu á undan. — 3. *hreðja kvístr*, 'penis'; *hreðja kvísta Hrist*, kona. — 4. *Faxi*, 'penis'. — 5. *læra skógar laut*, nárar. — 6. *eyleygr* tg. Boers *eyleygjar*, steinn; steina *Freyja*, kona.

Að öðru leyti þarf ekki vísan skýringar við.

67 (Grettir Ásmundarson). Skjóma egg¹ nam oft skifta sköpum í rómu,² þá es ek varða böðharðum³ berserkjum birkissjöt.⁴ Hristarnaðrinn gall es Hjarrandi misti handa; báðir Björn ok Gunnarr létu brátt líf ok náðir.

1. skjómi, sverð. — 2. róma, bardagi. — 3. böðharðr, harðr í orrustu. — 4. sjöt, sæti; birkissjöt, hús. — 5. Hristarnaðr, (óvanaleg) sverðskenning?

Að öðru leyti þarf ekki vísan skýringar við.

68 (Grettir Ásmundarson). Ek kom enn einu sinni út á breiðri skútu í Dyrrhólum; drengr skáði¹ lengi darra él.² Torfi, þarfr Vébrands arfi, bauð þá þýðum þegni þungra spjóta þrautir með stóru megni.

1. ská, auka, skáði = jók. — 2. darr, spjót; darra él, bardagi.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

69 (Grettir Ásmundarson). Þót margir menn stæðu at vápna sennu varð meidir skeljeggs minnis veggja¹ svá skildir frá skaldi, at ára hlynr² varð endr³ ófær at hendi Grettis í benja hriðum⁴; hann gaf mér hest at lesti⁵.

1. skeljeggr, með hvassa egg, hvass; getr verið að hér eigi að lesa skeljeggr minnis veggja meidir. — 2. ára hlynr, maðr (Torfi, — 3. endr, forðum. — 4. benja hriðir, bardagi, — 5. at lesti, að síðustu (á ensku: at least). Vera má að hann í 8. vo. eigi að falla burt.

Þó þar væri við marga að berjast, skildum við Torfi svo, að hann varð ófær af vopnum mínum. Að síðustu gaf hann mér hest.

70 (Grettir Ásmundarson). Vít frá ek at Þorfinnr Arnórsson þætti sterkr svaðils¹ verka þegn; oddbörr²

kvaðst skyldu varna mér aldrs. Einlyndum eyði orma setra² brást áræði; ek var eigi at beinni, þótt hann fyndi mik einn úti.

1. *svaðilsverk*, hryðjuverk. — 2. *börr*, viðr; *oddbörr*, maðr. — 3. *ormasetr*, gull, eyðir gulls, maðr.

Það orð fór víða af Þorfinni Arnórssyni, að hann væri kappi mikill. Hann kvaðst skyldu vega mig. Hinn einlynda manni brast áræði; eg var ekki auðsóttari þótt hann fyndi mik einn úti.

71 (Grettir Ásmundarson). Ek gat gætt aldrs fyr geira njótum¹, því at ek treysta mætti viðr umsátum ýta², þat vas-a sjaldan. Nú hefr gild, afgömul steina rein³ unnit gunnelda börr⁴ með göldrum; ráðin grimm eru römm.

1. *geira njótr*, maðr. — 2. *ýtar*, menn. — 3. *rein*, jarðarspilda; *steinn*, tala eða glertala (sbr. *stein sörrvi*); *steina rein*, kona. — 4. *gunnelda börr*, maðr (Grettir).

Eg gat gætt þess að lífi mínu væri engin hættu búin af mönnum, því að eg treysti affi mínu, þó setið væri um mig. Það var eigi sjaldan. Nú hefir digr, afgömul kerling unnið mig með göldrum; römm eru heiftarráðin.

72 (Þorbjörn Öngull). Ek flutta ómett¹ höfuð Grettis ör eyju; nauðuleg nála Nanna² grætr þann hárrauðan. Gjálfrs fagrlogs Friði³, hér máttu líta griðbíta⁴ höfuð á gölfi; þat mun alt fúna nema saltit.

1. *ómett*, gráðugt; getr verið að eigi að lesa *ólétt*. — 2. *nála Nanna*, kona; í hdr. stendr *nála Nauma*; hér mætti ef til vill líka lesa *Nunna* og verða þá skothendingar í vísuorðinu eins og vera á (sbr. *saumanunna*). — 3. *Friði* er ef til vill ekki rétt, enn gæti verið nf. et. fyrir *Friðr*, eins og heiði fyrir heiðr.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

73 (Ásdís at Bjargi). Sýrgarpar¹ mundu-t² síðr hlaupa á sjó enn sauðir fyrir dýri³, — nýtt skaup⁴ es komit at njörðum⁵ norðr — ef (þeir) stæði Gretti ósjúkan stála Frey⁶ í eyju; ek hefi kveðit⁷ létt lof⁸ um lýði.

1. *sýrgarpar* t. d. f. *sýrgarpr* (af s ý r, gylta og garpr), gyltukappar, óvirðingarorð. — 2. *mundu-t* = mundu eigi. — 3. *dýr*, refr, tófu. — 4. *skaup*, skop, skömm. — 5. *njörðir*, menn, hálfkenuing. — 6. *stála Freyr*, maðr; Grettir. — 7. *tg. f. verit.* — 8. *lofs tg. fyrir lof*, lítið lof.

Svínahirðarnir mundu ekki síðr hlaupa á sjó enn sauðir undan tófu — ný svívirðing hefir hent menn fyrir norðan — ef þeir hefðu hitt Gretti ósjúkan í eyinni; ek hefi kveðið lítið lof um þessa menn.

74 (Þorsteinn drómundr). Hringa Grund¹ átta eggþings boðar² máttu eigi koma saxi ór hendi geðrakks³ Grettis áðr hvardyggvir⁴ herðendr fetilsgerðar⁵ hjoggu axlarfót⁶ af hugrakkum unnblakksýti⁷.

1. *hringa Grund*, kona. — 2. *eggþingsboðar*, menn. — 3. *geðrakkr*, hugrakkr. — 4. *hvardygggr*, hvarvetna duglegr. — 5. *fetill*, sverðfetill eða skjaldarfetill, fetilgerð hið sama; *herðendr fetilsgerðar*, menn. — 6. *axlarfótr*, hönd. — 7. *unnblakkr*, skip; *unn-blakks ýtir*, maðr.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

N ö f n .

Talan merkir kapitula.

- Aðaldalr í Þingeyjarsýslu 38.
- Agðir í Noregi 3, 7.
- Akrar, bær á Mýrum 60,61.
- Al(f)dis Ófeigsdóttir grettis 3.
- Álfdis en barreyska Konálsdóttir 3,10.
- Álfdis Gamladóttir 84.
- Álfr ór Dölum 27.
- Áli húskarl 45.
- Álóf Íngólfsdóttir 11.
- Ár í Noregi 3.
- Ambáttará í Húnavatnsýslu 44.
- Ari Másson 27,49,51.
- Ármannsfell upp af Þingvelli 32.
- Arnarvatnsheiðr 54, 55, 56, 62.
- Arnes, bær í Trékyllisvík 9, 11.
- Arnbjörn frændi Þorfinns Kárssonar 22, 23.
- Arngeirr Bersason 58.
- Arnóra Þórðardóttir 77.
- Arnórr hýnefr Þóroddsson 30.
- Arnórr Þorbjarnarson 48.
- Arnórr jarlaskáld Þórðarson 60.
- Ásbjarnarnes, bær í Hv.s. 58, 31.
- Ásbjörn Ófeigsson 3.
- Ásbrandr Þorbrandsson 44.
- Ásdís Bárðardóttir móðir Grettis 13, 14, 16, 17, 37, 45, 47, 48, 69, 83, 84.
- Ásgeirr æðikollur 11, 15, 25, 26, 28, 44, 51, 84.
- Ásgeirsá, bær í Hv.s. 11, 15.
- Ásgrímr Elliðagrímsson 8, 53.
- Ásgrímr Öndóttsson 7, 8.
- Áslaugarhlið í Hnappadalssýslu 59.
- Ásmundargnúpr bær í Húnavatnssýslu 13.
- Ásmundur skegglauss Ófeigsson 3.

- Ásmundr undan Ásmundar-
 gnúpi 13.
 Ásmundr hærulangr Þor-
 grímsson 13, 14, 16, 17,
 25, 28, 30, 31, 34, 35,
 37, 42, 47, 48, 54, 59, 65,
 58, 72, 75, 90, 93.
 Ásný Vestarsdóttir 3.
 Ásta Guðbrandsdóttir 1.
 Ásvör Ófeigsdóttir 3.
 Atli Ásmundarson 14—16,
 28—30, 36, 37, 43—45,
 47—49, 51, 54.
 Atli enn rauði 27.
 Auðunarstaðir, bær í Hv.s.
 15, 28, 34.
 Auðun jarl 7.
 Auðun skökull 11, 28.
 Auðun á Auðunarstöðum
 15, 16, 28, 34.
 Auðun í Vindheimi 18.
 Austfirðir 61.
 Austmenn 12.
 Austrá í Dalasýslu 68.
 Bakki, bær í Hrutafirði (=
 Prestsbakki) 30.
 Bakki, bær í Borgarfirði (=
 Bakkakot) 47.
 Bálkastaðir, bær í Hv.s. 5.
 Báلكi Blæingsson 1, 2, 5,
 Balljökull 54, 57, 62,
 Barði Guðmundsson = víga-
 Barði 28, 31, 34.
 Bárðardalur 64, 67.
 Bárðardalsmenn 65.
 Bárðr Jökulsson 13, 34.
 Bárðr stýrimaðr 17.
 Barreyjar (= Barra isles í
 Suðreyjum) 1, 3.
 Bersi goðlauss Bálkason 58.
 Bersi skáld-Torfuson 15, 23,
 24.
 Bitra, hérað í Strandarsýslu
 43, 51.
 Bjarg, bær í Miðfirði Hv.s.
 13, 14, 16, 25, 28, 31,
 34, 35, 37, 42, 43, 45,
 47—49, 67, 69, 83, 84.
 Bjargaóss í Hv.s. 44.
 Bjargsmenn 29, 30, 43.
 Bjarnarfjörðr í Strandasýslu
 12.
 Bjarni enn spaki Þorsteins-
 son 6.
 Bjarni í Hundadal 27.
 Bjarni á Jörva í Flysju-
 hverfi 60.
 Björg, fjallgarðr í Hv.s.
 44.
 Björn ór Gautlandi 2, 3, 5,
 6.
 Björn landnámsmaðr 9.
 Björn frændi Þorkels á
 Sálfti 21, 22.
 Björn Hítðælakappi Arn-
 geirsson 58, 59, 61.
 Björn í Haganesi 70, 81,
 82.
 Björn Ófeigsson 70.
 Blæingr af Sótanesi 1.

- Borðeyrr í Strandasýslu 30. 69, 70—75, 78, 79, 81,
 Borgarfjörðr, sunnanlands 84, 85.
 27, 28, 31, 44, 47, 53, Dúfunesskeið á Kili 54.
 54, 57, 61. Dyrrohólmur í Mýrdal =
 (Dyrhólaey) 80.
 Borgarhraun 59. Egill Auðunarson 34.
 Borgfirðingar 54. Eiðr Skeggjason 62.
 Bót, (=Bute) ey við Skot- Eilífr Ketilsson 3.
 land (við Firth of Clyde) Einarr Ölvisson 3.
 4. Einarr at Gjögri 12.
 Brandr húskarl 11. Einarr á Jaðri 40.
 Brandr húskarl 81. Eiríkr ölfuss 7.
 Brattabrekka í Dalasýslu Eiríkr snara í Árnesi 9, 11,
 67. 12.
 Breiða í Sléttahlíð 70. Eiríkr jarl 19.
 Breiðabólsstaðir í Sökkólf- Eiríkr at Hofi í Guðdölum
 dal 68. 70, 81.
 Búrfell í Miðfirði 30. Eiríkr í Guðdölum enn eldri
 Byrgisvík í Strandasýslu 9, 70.
 12. England 19, 22, 38.
 Bær, bær í Borgarfirði 47. Eyjafjörðr 8, 37.
 Böðmóðr 12. Eyjardalsá, bær í Bárðar-
 Böðólfr 38. dal 64—67.
 Böðvarr ór Böðvarshólum Eyjólfur mágr Bárða 31.
 30. Eyjólfur Guðmundarson 34.
 Böðvarshólar, bær í Húna- Eyjólfur Egilsson 34.
 vatnsýslu 30. Eyjólfur ór Fagraskógum 60.
 Böggul-Torfi = Torfi. Eyjólfur grái Þórðarson 62.
 Börkr enn digri 68. Eyrar (= Eyrarbakki) 6.
 Dalir í Dalasýslu 27, 68. Eyrr, bær í Bitru (=Óspaks-
 Dalla Þorvaldsdóttir 25. eyrr) 43, 51.
 Deildartunga, bær í Borg- Eyrr, bær í Ísafirði 52.
 arfirði 47. Eyvindarfjörðr í Stranda-
 Drangar í Strandasýslu 9, sýslu 11.
 11, 12. Eyvindur austmaðr 2—5.
 Drangey á Skagafirði 67,

- Eyvindr í Eyvindarfirði 11, 12.
- Fagrabrekka 30.
- Fagraskógarfjall 58, 60.
- Fagraskógar 60.
- Finnbogi Þorsteinsson 60.
- Fionar 72.
- Fiskilækr, bær í Borgarfjarðarsýslu 38.
- Fiskivötn (vestri) 54.
- Fljót, herað í Skagafirði 70, 72, 81.
- Fljótstunga í Mýrasýslu 16.
- Flókadalsá í Borgarfjarðarsýslu 47.
- Flosi Eiríksson 11, 12.
- Flysjuhverfi í Hnappadalsýslu 59, 60.
- Forsæludalr í Húnavatnsýslu 32.
- Friðgerðr Þórðardóttir 26.
- Friðmundr landnámsmaðr 32.
- Friðrekr biskup 13.
- Fróði konungr 3.
- Gamli Þórhallsson mýrlendingr 14, 30, 42, 43, 48, 49, 51, 83, 84.
- Gamli faðir Þórhalls 30.
- Gamli Skeggjason 84.
- Garðr, bær í Aðaldal 38, 46, 51, 56, 59, 63, 67, 77.
- Gartar ey í Noregi fyrir mynni Þrándheimsfjarðar (= Garten) 22.
- Gásar í Eyjafirði 37, 46, 85.
- Gáseyrr 37.
- Gautland 3.
- Gautr Sleituson 27.
- Geirlaug ekkja á Breiðabólstað 68.
- Geirmundr heljarskinn 2, 3.
- Geirmundr kvikatimbr 12.
- Geirmundr örðigskeggi 70.
- Geitland 61.
- Geitlandsjökull 61.
- Gerðr Böðvarsdóttir 30.
- Gerpir 12.
- Gervidalr, bær í Ísafirði 52.
- Gilsbakki, bær í Hvítársíðu 44, 47.
- Gísli Þorsteinsson 59.
- Gjögr í Strandasýslu 12.
- Glámr þræll 32, 33—35.
- Glaumbær, bær í Skagafirði 69.
- Glerá en nyrðri, bær í Kræklingahlíð 8.
- Glerá enn syðri, bær í Kræklingahlíð 8.
- Glúmr Óspaksson 14, 43, 51, 83.
- Gnúpr, bær í Miðfirði 11.
- Gnúpverjahreppr í Árnesýslu 6.
- Godaskógr (í Bláskógum) 33.
- Grettir Ásmundarson 14—25, 28—31, 34—43, 45—87, 90, 93.

- Grettisbúr í Viðvík 82.
 Grettisgeil hjá Hæli 10.
 Grettishaf undir Sleðaási 16.
 Grettishaf á Hrútafjarðarhálsi 30.
 Grettishaf í Fagraskógafjalli 59.
 Grettisoddi 60.
 Grettisþúfa á Sandi 84.
 Grímólfr 12.
 Grímr bersir 3, 6, 7.
 Grímr Ásgrímsson = Ellida-Grímr 8, 53.
 Grímr Þórhallsson vínlendings 30, 32—44, 47, 53, 54, 57, 61.
 Grímr Þórhallsson Friðmundarsonar 32.
 Grímr Þórhallsson Grímssonar 32.
 Grímr skógarmaðr 55.
 Grímr skógarm. = Vestfjarða-Grímr 62, 67.
 Guðbjörg Ófeigsdóttir 1.
 Guðbrandr kúla 1.
 Guðmundr Sölmundarson 28, 31.
 Guðmundr enn ríki 34, 67, 69.
 Guðrún kona Þórhalls Grímssonar 32.
 Gunnarr garðsbóndi í Túnsbergi 23, 24.
 Gunnarr Þórisson frá Skarði 30, 43.
 Gyða kona Ingjalds í Hvíni 7.
 Gyriður Einarsdóttir 40.
 Guðdalir, bær í Skagafirði 70, 81.
 Gönguskarðsöss í Skagaafirði 76.
 Haffjarðará í Hnappadalss. 59.
 Hafliði á Reyðarfelli 17.
 Hafraklettr örnefni við Breiðafjörð 50.
 Hafr í Knappsstöðum Þórarinsson 72.
 Hafrsfjörðr í Noregi 2.
 Hafr Þórðarson knapps 72.
 Haganesbær í Fljótnum 70, 81.
 Hákon jarl Eiríksson 19.
 Hákon Hlaðajarl 9.
 Háleygir 19.
 Hálfðan svartir konungur 2.
 Halldóra Steinmóðardóttir 3.
 Halldórr Þorgeirsson 70, 72, 81, 82, 84.
 Halli á Kroppi 47.
 Hallmundr 57, 61, 62, 67.
 Hallr Guðmundarson 28.
 Hallsteinn hestr 7.
 Hallvarðr súgandi 1, 2, 5.
 Hálogaland 20.
 Haraldr dúfa, Hálfðanar-20*

- sonr svartá, konungr 2, 3, 7.
- Haraldr (grenski Guðröðarson) 37.
- Haraldr hringr 44.
- Haraldr konungr Sigurðarson 88, 90, 91.
- Háramarsey í Noregi 17, 19.
- Hárekr, ármaðr Haralds konungs lífu 7.
- Haukadalr í Dalas. 30, 54.
- Haukadalsskarð 42.
- Hávarr 25, 27.
- Heðinn, fóstri Signýjar konu Öndóttis kráku 7.
- Hegranessþing 72.
- Hel 32.
- Helga Öndóttisdóttir kráku 3.
- Helga Þórisdóttir á Melum 30.
- Helga Þorkelsdóttir á Fiskilæk 38.
- Helgi enn magri Eyvindarson austmanns 3, 8.
- Helgi (vikingr) = Sleitu-Helgi 30.
- Helgi á Laugabóli 52.
- Hellishólar, örnefni hjá Reykjahólum 50.
- Hitará 58—60.
- Hítardalr 59, 60.
- Hítarnes 58, 60.
- Hitdælar 58.
- Hjalli 53, 54.
- Hjalti Þórðarson, Hjaltasonar 70, 72, 81, 82, 85.
- Hjalti Þórðarson skálps 70.
- Hjarrandi hirðmaðr 22, 23.
- Hlíf Hrólfsdóttir Ingjaldssonar 3.
- Hof í Hjaltadal 70.
- Hof á Höfðaströnd 70, 81, 82.
- Hof í Goðdölum 70.
- Hóll í Bjarnarfirði = Svanshóll 12.
- Hólmgöngu-Starri, = Starri Eiríksson.
- Hólmr 58.
- Holtavörðuheidr 67.
- Horn á Hornströndum 45.
- Hraun í Mýrasýslu 59.
- Hraundalr í Mýras. 60, 61.
- Hraundælir 61.
- Hrefna Ásgeirsdóttir æðikolls 52
- Hreiðarr, = kráku-Hreiðarr 70.
- Hrisey á Eyjafirði 8.
- Hrossholt í Hnappadal 59.
- Hróaldr Geirmundars. örðigskeggja 70.
- Hrólfr frá Ám 3.
- Hrólfr konungr Ingjaldason, Fróðasonar 3.
- Hrútafjarðarháls 30, 37, 43, 44.
- Hrútafjörðr 5, 14, 15, 30, 42, 48, 58.

- Hrótfirðingar 29, 36, 49,
 51, 53, 55, 83.
 Hrótr á Kambsnesi 61.
 Húnavatn 13, 33.
 Húnavatnþing 44, 51.
 Hundadalr í Dalas. 27.
 Hvalshaushólmr á Breiða-
 firði 50.
 Hvammr í Hvammssveit 10,
 26.
 Hvammssveit 26.
 Hvin í Noregi 7.
 Hvinisfjörðr 3.
 Hvítá í Borgarfirði 17, 47,
 59.
 Hvítársíða 17.
 Hæll í Árnæssýslu 10.
 Hæringr austmaðr 76, 78.
 Hæringshlaup 76.
 Hæingr = Ketill hæingr
 Höfði á Höfðaströnd 26, 70.
 Höfðaströnd 70.
 Hörðaland 1—3, 37.
 Höskuldr (Kollsson) 52.
 Illugi Ásmundarson hæru-
 langr 37, 42, 54, 67, 69,
 72, 74—84.
 Ingimundr enn gamli Þor-
 steinsson 13, 31.
 Ingjaldr konungr Fróða-
 son 3.
 Ingjaldr tryggvi í Hvini 7.
 Ingjaldr (Þorgilss. hnappa)
 60.
 Ingólfr ór Ingólfsfirði 11.
 Ingólfr Arnarson landnáms-
 maðr 12.
 Ingólfsfjörðr 9, 11, 12.
 Innstrandir 9.
 Írar 3.
 Írland 1, 3, 4, 5.
 Ísafjörðr 52.
 Ísfirðingar 52.
 Ísland 5—8, 11—13, 24,
 25, 38, 39, 41, 84, 86,
 90, 92.
 Ísleifr biskup í Skálholti
 25, 84.
 Íslendingar 20.
 Ívarr beytill 1.
 Ívarr Kolbeinsson 12.
 Jaðarr í Noregi 39.
 Jökull Ingimundarson ens
 gamla 13, 17.
 Jökull Bárðarson, móður-
 bróðir Grettis 34.
 Jörvi í Flygjuhverfi 60.
 Kaldárdalr í Hnappadalss.
 59.
 Kaldbakr bær í Stranda-
 sýslu 9, 11, 12.
 Kaldbakskleif í Stranda-
 sýslu 9.
 Kaldbaksvík í Strandas. 9.
 Kaldbeklingar 11, 12.
 Kambr í Strandasýslu 12.
 Kambsnes í Dalasýslu 61.
 Kálfanes í Borgarfjarðar-
 sýslu 47.

- Kálfá í Barðastrandars. 6.
 Kálfr Ásgeirsson, æðikolls
 15.
 Kari Sölmuldarson = Sviðu-
 Kári 10.
 Karr enn gamli, haugbúi
 18, 19.
 Karr húskarll 81, 82.
 Ke'duhverfi í Þingeyjars. 38,
 62.
 Keldunes í Þingeyjarsýslu
 38.
 Keldhverfingar 57.
 Ketill enn einhendi 3.
 Ketill hæingr = Hæingr 3.
 Ketill raumr 13.
 Kjalarnesþing 10.
 Kjarlacr af Skriðinsennni
 14.
 Kjartan Steinsson prests 64,
 67.
 Kjarvalr Írakonungr 1,
 3, 5.
 Kjölur 54, 57.
 Kjötvi enn auðgi konungr 2.
 Knútr enn ríki konungr 19,
 59.
 Koðrán Eilífsson 13.
 Kolbeinn 7, 9, 12.
 Kolbeinn 58, 59.
 Kolbeinsstaðir í Hnappa-
 dalssýslu 59.
 Kolbeinsvík í Strandar-
 sýslu 9.
 Kolbjörn sneypir 3.
 Kolbrún 25.
 Konáll Steinmóðarson 3.
 Kormákr á Mel 15, 29, 30,
 36.
 Kráku-Hreiðarr = Hreiðarr.
 Krístr 82.
 Kroppr bær í Eyjafirði 47,
 62.
 Kræklingahlíð í Eyjafjarð-
 arsýslu 8.
 Kuggi = Þorkell Kuggi.
 Langafit örnefni í Miðfirði
 í Húnavatns 9.
 Langanes í Þingeyjars. 8.
 Langholt í Skagafirði 69.
 Langidalr í Húnavatnssýslu
 52.
 Laugaból, bær í Ísafj.s. 52.
 Laxárdalsheiðr 48.
 Leifr Kolbeinsson 12.
 Ljárskógar, bær í Dalasýslu
 26, 27, 48, 49, 53.
 Loftr = Hallmundr.
 Lækjarbugr í Mýrasýslu 60.
 Lækjamót, bær í Húnavatns-
 sýslu 13, 25.
 Magnús enn góði konungr
 90.
 Mákr faðir Þorgils 25—27.
 Márr Atlason ens randá 27.
 Máskelda, bær í Dalasýslu
 27.
 Másstaðir, bær í Húna-
 vatnssýslu 13.

- Melar, bær í Hrútafirði 14, 30, 42, 48, 49, 51, 83.
 Melr, bær í Miðfirði (= Melstaðr) 15, 29.
 Melsmenn 37.
 Miðfirðingar 15, 16, 83.
 Miðfitjar, örnefni í Húnavatnssýslu 49.
 Miðfjarðarvatn 15, 28.
 Miðfjarðarskeggi = Skeggi skinna-Bjarnarson.
 Miðfjörðr 11, 13, 15, 45, 47, 83.
 Mikáel katalak, konungr í Miklagarði 86.
 Mikligarðr 85, 86, 88, 90, 91, 93.
 Mýramenn 58, 60, 61.
 Mýrar 57—61.
 Möðrudalsheiðr 63.
 Möðruvellir í Eyjafirði 67.
 Mæri í Noregi 22.
 Narfi, frændi Kormáks á Mel 30.
 Nes = Snæfellsnes.
 Nes í Noregi 37.
 Norðlendingar 13.
 Norðmenn 85, 86.
 Norðrá í Borgarfirði 27.
 Norðárdalr í Borgarfirði 30, 67.
 Norðrlönd 85, 91.
 Noregr 1—3, 6, 9, 12, 13, 19, 24, 37, 38, 40, 85, 90, 91.
- Oddr Ófeigsson 14.
 Oddr ómagaskáld 15, 29, 30.
 Oddr munkr 84.
 Ófeigr burlufótr Ívarsson beytils 1.
 Ófeigr grettir (enn eldri) Einarsson 3, 6, 10.
 Ófeigr grettir (enn yngri) Önunderson tréfóts 11, 12.
 Ófeigr í Ófeigsfirði 11, 13.
 Ófeigr Skiðason 14.
 Ófeigr þunn skeggr kráku-Hreiðarsson 70.
 Ófeigsfjörðr á Ströndum 12.
 Ófeigsstaðir í Árnassýslu 6.
 Ófæra í Ísafjarðarsýslu 9.
 Óláfr enn helgi Haraldsson, konungr 1, 37—39.
 Óláfr feilan Þorsteinsson rauðs 10.
 Óláfr Eyvindarson 11, 12.
 Ólafr pá Höskuldsson 52.
 Ólátseyjar í Dalasýslu 50.
 Óláfr breiðr Einarsson 3.
 Ormr enn auðgi 1.
 Ormr Eyjólfsson kapilán 34.
 Ormr Stórolfsson 58.
 Ósland, bær í Skagafirði 82.
 Óspakr Kjarlaksson 14, 43.
 Óspakr Glúmsson Óspakssonar 14, 51, 83.
 Rafarta dóttir Kjarvals konungs 3.

- Rannveig, kona Ásmundar hærulangs 13.
- Rannveig Ásmundardóttir hærulangs 14, 30.
- Rauðahaf 24.
- Reyðarfell (rétt. Reiðarfell? nú eyðibýli) í Borgf. 17.
- Reykir bær í Miðfirði 29.
- Reykir bær í Hrútafirði 48, 49.
- Reykir bær í Skagafirði 69, 75, 84.
- Reykjahólar bær í Barðastr.s. 27. 49, 50.
- Reykjanes á Ströndum 9, 12.
- Reykjanes í Gullbringusýslu 17.
- Reykjanes í Breiðafirði 27, 49, 50.
- Reykjanes í Skagafirði 75.
- Reykjarfjörðr á Ströndum 9, 11, 12,
- Reykjaskarð í Skagafjarðarsýslu 69.
- Reykjaströnd í Skagafjarðarsýslu 84.
- Reynines, bær í Skagafjarðarsýslu 69.
- Rifssker í Strandasýslu 12.
- Rogaland í Noregi 1, 2, 7.
- Rómaborg 92.
- Rosmhvalanes 12.
- Sálfti á Hálogalandi 20.
- Sámr Barkarson ens digra 68.
- Sámsstaðir bær í Dalasýslu 49.
- Sandr (= Stórisandr) 84.
- Sandhaugar bær í Bárðardal 64—67.
- Sigfastr, mágr Sölva konungs 3.
- Sigvatr 7.
- Signý Sigvatsdóttir, kona Öndóttis kráku 7.
- Sigurðr, biskup 38.
- Sigurðr bóndi í Miklagarði 88—90.
- Sigurðr sýr Hálfðanarson 88, 90.
- Skagafjörðr 28, 67, 69, 70, 84.
- Skagafirðingar 69, 72, 73, 75, 77.
- Skagi 9.
- Skálaholt (Skálholt) 25, 84.
- Skaftaholt, bær í Árness. 6.
- Skafti Þóroddsson, Lögmaðr 27, 32, 46, 51, 53, 54, 76.
- Skálamýrr, örnefni í Skagaf 70.
- Skálavík bær í Ísafjarðarsýslu 5.
- Skáld-Torfa = Torfa
- Skammhöndungr = Skeggi skammhöndugr

- Skarð, bær í Haukadal í Dalasýslu 30, 43.
- Skarfsstaðir, bær í Dalas. 53, 84.
- Skeggi skinna-Bjarnarson = Miðfjarðar-Skeggi 11—13.
- Skeggi, húskarl 16.
- Skeggi í Hvammi sonr Þórarins tylsennis 26.
- Skeggi Böðólfsson 38.
- Skeggi Þórisson ór Gardi 38.
- Skeggi skammhöndungr sonr Gamla Þórhallseonar 51, 83, 84.
- Skeggi ór Ási 62.
- Skeggi, sonr Steinvarar á Sandhaugum 67.
- Skeggi á Skarfstöðum sonr Gamla Skeggjasonar 84.
- Skjaldbreið 61.
- Skólmr (Þorbjörn), faðir Þórólfs Skólmssonar 58.
- Skotland 1.
- Skotlandefirðir 4.
- Skriðinsenni bær í Strandasýslu 14.
- Skúfr í Hundadal 27.
- Sleðaáss örnefni nálægt Þingvelli 16, 32.
- Sleita 27.
- Sleitu-Helgi = Helgi Sléttahlíð í Skagafirði 70.
- Slystjörðr bær í Noregi 19.
- Snorri goði Þorgrímsson 49, 51, 59, 68, 76.
- Snæbjörn sonr Eyvindar austmanns 3.
- Snæfellsnes 42.
- Snækollr berserkr 40.
- Sóknadalr í Noregi 7.
- Sótanes í Noregi 1.
- Sóti 2.
- Spes, húsfreyja í Miklagarði 87—92.
- Spjótsmýrr í Miðfirði 49.
- Staðr í Noregi 28.
- Starri Eiríksson, = Hólmgöngu-Starri 70.
- Steinker í Þrándheimi 22.
- Steinmóðr Konólsson 3.
- Steinmóðr son Ölvis barnakarls 3.
- Steinn austmaðr 12.
- Steinn Þorgestsson. lögmaðr 77, 84.
- Steinn mjöksiglandi, sonr Þóris haustmyrkurs 77.
- Steinn prestur 63, 65, 67.
- Steinn at Steinstöðum Bjarnarson = Tungusteinn 70, 72, 81.
- Steinólfr ór Hraundal Þorleifsson 60, 61.
- Steinólfr sonr Ölvis barnakarls 3.
- Steinholt bær í Árnassýslu 6.

- Steinsstaðir bær í Skagafj.s. 70.
- Steinunn Hrútsdóttir frá Kambnesi 61.
- Steinvör en gamla 12.
- Steinvör kona Þorsteins at Sandhaugum 64, 57.
- Stífla í Eljótum 72.
- Stigi 5.
- Stórólfr Hæingsson 58.
- Strandaflói 9.
- Strandir 9, 25, 27.
- Sturla Þórðarson lögmaðr 49, 69, 93.
- Sturlungar 84.
- Styrr Þorgrímsson = víga-Styrr 52.
- Suðreyjar 1, 3—6.
- Suðrrygir 2.
- Suðrstrandir 9.
- Súgandafjörðr 5.
- Súgandi = Hallvarðr súgandi.
- Súlki konungr 2.
- Sunnmæri 17.
- Súrnadalr 7.
- Svanr af Hóli ór Bjarnarfirði Bjarnarson 12.
- Sveinn Hákonarson jarl 19. 22, 24, 37.
- Sveinn at Bakka 47.
- Sviðu-Kári = Kári Sölmundarson.
- Svíþjóð 32.
- Sylgsdalir í Svíþjóð 32.
- Sæmundarhlíð í Skagafirði. 69.
- Sæmundr enn suðreyski 31.
- Sökkólfsdalir í Dalasýslu. 68.
- Sölmundr 31.
- Sölmundr sonr Þorbjarnar jarlakappa 10.
- Sölvi konungr 3.
- Sölvi enn prúði Ásbrands-son 44.
- Titlingsstaðir, bær í Barðastrandarsýslu 50.
- Torfa, skáld- 15, 23, 24.
- Torfi at Máskeldu = böggul-Torfi 27.
- Torfi Vébrandsson 80.
- Torfustaðir bær í Miðfirði 15.
- Tréfótshaugr 11.
- Trékyllisvík = Vík
- Tunga = Hrutatunga 30.
- Tunga, bær í Vatnsdal 33, 34.
- Tunga = Sælingsdalstunga 49, 68.
- Tunga = Bræðratunga, bær í Biskupstungum 53, 54.
- Tunga = Tungusveit 70.
- Tungná 72.
- Tungu-steinn = Steinn at Steinsstöðum.
- Túnsberg í Noregi 23, 39. 40, 85.

- Tvídægra** 47.
Ulfheðnar, berserkir 2.
Ulfheiðr dóttir Eyjólf's Gnð-
 mundarsonar 34.
Ulfr enn skjálgi 27.
Una dóttir Ölvis barna-
 karls 3.
Upplönd í Noregi 2.
Vágar í Noregi 20, 22.
Vatnsdalr, hérað í Húna-
 vatnssýslu 16, 25, 32—36.
Vatnsdælar 13, 16, 17, 48.
Vatnsfjarðardalr 52.
Vatnsfjörðr, bær í Ísafjarð-
 arsýslu 52.
Vatnsnes, hérað í Húnav.s.
 15, 44.
Vatnsnesmenn 29.
Vatnsskarð milli Húnav.s.
 og Skagafj. 69.
Veidileysa á Ströndum 9.
Vellir bær í Borgarfirði
 (= Hvítárvellir) 47.
Vermundr enn mjóvi Þor-
 grímsson 52.
Vestarr Hæingsson 3.
Vestfirðingafjórðungr 27.
Vestfirðir 49, 52, 54.
Vestmarr víkingr 4.
Vestrhóp, hérað í Húnav.s.
 15.
Viðdælar 15.
Viðidalr 11, 15, 28, 34.
Viðvik, bær í Skagafjarðar-
 sýslu 70, 79, 81, 82.
Víga-Barði = Barði Guð-
 mundarson.
Víga-Styrr = Styrr Þor-
 grímsson.
Vígbjóðr víkingr 4.
Vikarr húskarl 82.
Vík í Noregi 13. 91.
Vík = Trékyllisvík, 11,
 12.
Víkrmenn 12.
Vindheimr 18, 19.
Væringjar 86—88, 90.
Þingeyrasveit í Húnav.s.
 13.
Þingnes, bær í Borgarfirði
 47.
Þjórsá 6.
Þorálfr á Eyri 52.
Þorálfr Skólmsson 58.
Þorariun fýlsenni sonr Þórð-
 ar gellis 26.
Þorarin enn spaki 28, 31.
Þorarin frá Ukrum sonr
 Þorgils hnappa 60, 61.
Þorarin Hafrrsson 72.
Þorbjörg en digra dóttir
 Ólafs pá 52.
Þorbjörn laxakarl 3, 6.
Þorbjörn jarlakappi 10.
Þorbjörn öxnamegin Arn-
 órsson 30, 36, 42—45,
 47—49, 51.
Þorbjörn ferðalangr, frændi
 Þorbjarnar öxnamegins
 30, 36, 37, 42, 43.

- Þorbjörn glaumur, þræll 69,
 72, 79, 80, 82.
 Þorbjörn öngull Þórðarson
 70, 72, 73, 75—78, 81,
 82, 84—86.
 Þorbrandr sonr Haralds
 hrings 44.
 Þórdís Þorgrímsdóttir frá
 Gnúpi 11.
 Þórdís Ásmundardóttir und-
 an Ásmundargnúpi 13.
 Þórdís Ásmundardóttir
 hærulangs 14.
 Þórdís Þórðardóttir Hjalta-
 sonar 70.
 Þórðr gellir sonr Ólafs feil-
 ans 26, 77.
 Þó.ðr frá Höfða Bjarnarson
 26, 70.
 Þórðr Sturluson faðir Sturlu
 lögmanns 49, 69.
 Þórðr Kolbeinsson 58—60.
 Þórðr sonr Hjalta Þórðar-
 sonar 70, 72, 82.
 Þórðr skálpr 70.
 Þórðr at Breiða í Slétta-
 hlíð 70, 72.
 Þórðr at Breiða bróðir ens
 fyrri 70, 72.
 Þórðr knappr landnáma-
 maðr 72.
 Þóreyjargnúpr, bær í Húna-
 vatnssýslu 31, 34.
 Þórelfr Álfisdóttir ór Döl-
 um 27.
 Þorfinnr húskafl 11, 12.
 Þorfinnr í Háramarsey 18—
 20, 22—24, 28.
 Þorfinnr Arnórsson 70.
 Þorfinnr ór Lækjarbug 60.
 Þorgautr saudamaðr 33.
 Þorgeirr flöskubakr, sonr
 Önundar tréfóts 11—13.
 Þorgeirr Hávarsson 25—27,
 50, 51.
 Þorgeirr Þórisson á Mel-
 um (á Skarði) 30, 43.
 Þorgeirr á Fiskilæk 38.
 Þorgeirr Þórisson ór Garði
 38.
 Þorgeirr Þórhaddson ór
 Hítardal 60.
 Þorgeirr Þórðarson frá
 Höfða 70.
 Þorgerðr Álfisdóttir ór Döl-
 um 27.
 Þorgestr sonr Steins mjök-
 siglanda 77.
 Þorgils á Mel 15, 29, 30.
 Þorgils Máksson 25—27.
 Þorgils á Reykjabólum Ara-
 son 27, 49—51.
 Þorgils Ingjaldsson 60.
 Þorgrímr frá Gnúpi 11.
 Þorgrímr hærukollr sonr
 Önundar tréfóts 11—13.
 Þorgrímr Karnsárgoði 13.
 Þórhaddr ór Hítardal 60.
 Þórhallr vínendingr (vín-
 endingr) Gamlason 14,

- 30, 43, 44, 47, 53, 54, 57, 61.
- Þórhallr á Þórhallsstöðum Grímsson 32, 33, 35.
- Þórhallr í Forsæludal Friðmundarson 32.
- Þórhallr í Tungu Ásgrímsson 53.
- Þórhallsstaðir, bær í Forsæludal 32—35.
- Þórir haklangr 2.
- Þórir þömb, víkingr 19, 20.
- Þórir á Melum (á Skarði) Þorkelsson 30, 43, 44.
- Þórir í Garði í Aðaldal Skeggjason 38, 46, 51, 56, 57, 59, 62, 63, 67, 77, 82, 84.
- Þórir rauðskeggr skógarmaðr 56, 57.
- Þórir þurs 61.
- Þórir haustmyrkr 77.
- Þórisdalr 61, 67.
- Þorkell máni Þorsteinsson, lögsögumaðr 12.
- Þorkell krafla sonr Þorgríms Karnsárgoða 13, 16, 25.
- Þorkell í Sálfti 20—22.
- Þorkell kuggi sonr Þórðar gellis 26.
- Þorkell á Borðeyri 30.
- Þorkell í Gervidal 52.
- Þorkell Eyjólfsson 62.
- Þorlákr biskup 34.
- Þórlaug Sæmundardóttir, ens suðreyska 31.
- Þorleifr í Hraundal 60, 61.
- Þorleifr húskarl 81.
- Þormóðr skafti sonr Óleifs breiðs 3, 6, 10.
- Þormóðr Kolbrúnarskáld 25—27, 50, 51.
- Þóroddr goði á Hjalla Eyvindarson 12, 32, 76.
- Þóroddr, er nam Hrutafjörð 30.
- Þóroddr drápustúfr Arnórsson 30, 48, 49, 51, 83, 84.
- Þóroddr sonr Snorra goða 68, 69.
- Þóroddstaðir, bær í Hrutafirði 30, 48.
- Þorskafjarðarheiðr 52.
- Þorskafjörðr 50.
- Þorsteinn goði, sonr Þórvear 6.
- Þorsteinn á Reykjanesi 12.
- Þorsteinn í Vik í Noregi 13.
- Þorsteinn drómundr sonr Ásmundar hærulangs 13, 23, 24, 39—41, 85—93.
- Þorsteinn sonr Ketils raums 13.
- Þorsteinn sonr Þorkels kugga = Þorst. Kuggason 26, 27, 48, 49, 53, 57, 67, 68.

- Þorsteinn rauðr sonr Auð-
 ar djúpúðgu 26.
 Þorsteinn faðir Gísla Þor-
 steinssonar 59.
 Þorsteinn hvíti á Sand-
 haugum 64.
 Þorvaldr frá Dröngum 9.
 Þorvaldr Kodráns-son 13.
 Þorvaldr at Ásgeirsá sonr
 Ásgeirs æðikolls 15, 25,
 26, 35, 44, 51, 83, 84.
 Þorvaldr at Reykjum í
 Skagafirði 69, 75.
 Þórvé Þormóðard. skafta 6.
 Þórvör Þormóðard. skafta 6.
 Þrándarbolt, bær í Árn-
 sýslu 6.
 Þrándheimr 22, 37, 38.
 Þrándr (mjöksigl.) Bjarnar-
 son 2—6, 10.
 Þrandr Þórarinsson frá Ökr-
 um 60, 61.
 Þuríðr Ásgeirsdóttir æði-
 kolls 26.
- Þuríðr Þórhallsdóttir Gríms-
 sonar 32.
 Þuríðr fóstura Þorbjarnar
 önguls 78.
 Þverá, bær í Gnúpverja-
 hreppi 6.
 Þverá, bær (í Vestrhópi)
 í Húnavatnssýslu 44.
 Æsa dóttir Ófeigs grettis
 3, 10, 11.
 Ögmundur illi vikingr 19, 20.
 Ölduhryggr á Snæfellsnesi
 59.
 Ölvir barnakarl Einarsson 3.
 Öndóttir kráka í Hvinisfirði
 3, 6, 7.
 Öngull = Þorbjörn öngull.
 Önundur tréfótr sonr Ófeigs
 burlufótar 1—12.
 Öxarfjarðarheiðr 63.
 Öxarfjörðr, hérað í Þingey-
 jarsýslu 12.
-

Misprentanir og leiðréttingar.

Bls. 37²⁵: lögsögn á að vera lögskilum. — Bls. 41⁵: Reyðarfell á ef til vill að vera Reiðarfell, sbr. líka bls. 44, vísuna. — Bls. 70⁸: Gaulkum á að vera Görtum. — Bls. 83¹⁷: freistað á að vera freistat. — Bls. 83²⁷: Þorgils á að vera Þorgeirr. — Bls. 90⁶: málóttan á að vera málalóttan. — Bls. 89 er vísutalið rangt, á að vera 36. — Bls. 100⁷: bláeygr á að vera gráeygr. — Bls. 118¹: hefir á að vera hefr. — Bls. 141¹¹: næstu á að vera næstum. — Bls. 174 í 48. vísu vígfús á að vera vígfúss. — Bls. 184¹⁶: Þorgímr ok falli burt. — Bls. 185⁷: Þórhallssonar á að vera Þórhaddssonar. — Bls. 186 í 50 vísu: Hægt á að vera hæg. — Bls. 214¹⁹⁻²⁰: Þórdarson á að vera Þorgeirsson.

Á eftir vísutalinu 37 hefir það ruglazzt svo, að það er einu hærra enn vera á.

Á aðrar leiðréttingar má benda í vísaskýringunum.



ÞÓRÐAR SAGA HRÆÐU.

BÚIÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.
KOSTNAÐARMAÐUR: *SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.*
1900.

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

FORMÁLI.

Þórðar sögu hræðu hefir Halldór Kr. Friðriksson gefið út í Kaupmannahöfn 1848 í sögum þeim, sem fornritafélag Norðrlanda gaf út um þær mundir (Nordiske Oldskrifter VI). Áðr hafði sagan verið gefin út í sögu-bók þeirri, sem prentuð var á Hólum 1756, og heitir: „Nokkrer margfrooder söguþættir Islendinga“.

Útgáfa Halldórs Kr. Friðrikssonar er gerð eftir skinnbókum, en þær eru allar ungar, frá 15. öld og ein frá 17. öld. Hann hefir líka haft pappírshandrit til samanburðar.

Í þessari útgáfu er eingöngu fylgt útg. H. Kr. Friðrikssonar, nema að því leyti, að framan við söguna er prentað upphaf sögunnar eins og það er í broti af sögunni í Vatnshyrnu. Þetta brot hefir dr. Guðbrandr Vigfússon gefið út 1860, aftan við Bárðarsögu Snæfellsáss (Nordiske Oldskrifter XXVII), og þar er einnig prentað niðrlag sögunnar eftir sama broti, enn það niðrlag er hér prentað í viðbæti aftan við söguna. Sögubrot þessi úr Vatnshyrnu eru svo algerlega ólík þeirri Þórðar sögu, sem er í heilu lagi, að ekki er hægt að steypa þeim saman við hana, enn þá verður heldr ekki hjá því komizt að gefa þau líka út.

Sagan er í prentuðu útgáfunum kölluð Þórðar saga hreðu, og nafnið er skrifað svo í mörgum handritum, enn í sumum handritum er það þó ritað hræða, og svo mun orðið hafa verið fram borið fram á þessa öld, sem sjá má

á ýmsum vísunum, þar sem hræða er rímað saman við önnur orð. Auk þess má nokkurn veginn sanna það, að orðið hræða sé sama orð og hræði, sem kemr fyrir í Elucidarius og merkir hræring eða óstöðugleik; hræða er því = hræra. Framburðrinn á orðinu hræða, sem er öðruvís enn á orðinu hræði, gat líka breyzt í hræða.

Dr. Guðbrandr Vigfússon segir, að svo mikið verði sýnt, að Þórðr hræða hafi aldrei lifað á Íslandi. Hann ræðr það líklega af brotinu úr Þórðar sögu í Vatnshyrnu, en á það er ekki að treysta, því það er auðsjáanlega ekki fornt.

Enn Jón prófastr Jónsson að Stafafelli hefir í ritgerð í Tímariti Bókmentafélagsins XIX, 1898, fært góðar ástæður fyrir því, að Þórðar saga komi vel heim við tímatál, og að ættirnar í niðrlagi hennar muni styðjast við söguleg rök, en þær nefna allmörg nöfn, sem ekki eru nefnd annarsstaðar.

Frásagnirnar í sögunni eru auðvitað ekki áreiðanlegar. Hún er eflaust færð mjög seint í letur, enda getr hafa lífað lengi í munnmælum, því fremr sem fornsmiðar þær, sem eignaðar hafa verið Þórði hræðu, hafa haldið munnmælunum á lofti.

Þannig eru munnmæli um „leiði“ Þórðar hræðu á Miklabæ í Óslandshlíð, sem sagan getr þó ekki um. Í þetta leiði var grafið 1723 eða 1724, og segir Páll Vídalín, að það hafi reynzt forndys, en litlar menjar fundust þar.

Vísurnar í Þórðar sögu eru fremr óvandaðar og þar að auki eflaust aflagaðar. Hefir verið reynt að lagfæra þær nokkuð í þessari útgáfu.

Tímatáli er hér slept, en viðburðir þeir sem sagan segir frá ættu að hafa gerzt eftir miðja tíundu öld.

Upphaf Þórðar sögu

(eftir Vatnshyrnu).

Hrólfr í Bergi Upplendinga konungr var faðir Sölga konungs, föður Böðvars konungs, (föður) Kauns, föður Þóris konungs svíra, föður Ónars konungs, (föður) Arnar hyrnu; hans synir váru þeir Þorleifr hvalaskúfr, faðir Böðvars snæprimu, föður Þorleifs miðlungs; annarr Áslákr bifru-kári, faðir Ketils hörða-kára; hann var ágætr maðr, ok réð fyrir Upplöndum; hann lagði undir sik þrjá konunga af sinni hreysti ok harðfengi, ok eignaðist þeira ríki. Hann átti mörg börn, ok er frá honum kominn hinn gildasti ættbogi ok mart stórmenni. Þessi váru börn Hörðakára: Þorleifr hinn spaki, Ögmundr, Öl-móðr enn gamli, Þórðr hræða, Þóra móðir Úlf-ljóts, er lög hafði til Íslands. Ögmundr var faðir Þórólfs skjálgs, föður Erlings á Sóla. Öl-móðr enn gamli var faðir Áskels, föður Asláks fitjaskalla, föður Sveins bryggjufóts, föður Bergþórs bukks, föður Sveins. Úlfjótr son Þóru Hörðakáradóttur hafði út lög til Íslands at ráð

Þorleifs ens spaka móðurbróður síns, þau er síðan váru kölluð Úlfjótsslög. Enn er hann kom út, var alþingi sett, ok höfðu allir menn síðan ein lög hér á landi. Enn lög þau váru sett flest at því sem þá váru Gulapingslög, og eftir ráði Þorleifs ens spaka hvar við skyldi leggja eða af taka. Þat var upphaf laga þeira, at menn skyldi eigi sigla at landinu með gínandi höfðum eða gapandi trjónum, svo að landvættir fældist við. Enn þá er landinu var skift í fjórðunga, skyldu vera þrjú þing í hverjum fjórðungi, enn þrjú höfuðhof í hverju þingi. Þar váru menn vandaðir til (at) varðveita hofin at hyggindi ok réttlæti. Þeir skyldu dómnefnur eiga á þingum ok stýra sakferli; þeir váru kallaðir hofgoðar. Hverr maðr skyldi gefa toll til hofs, svá sem nú er kirkjutíund. Baugr tvíeyringr eða meiri skyldi liggja á stalli í höfuðhofi hverju; þann baug skyldi hofgoði hafa á hendi til allra mannfunda ok rjóða hann þar í roðru blótnauts þess er hann blótaði. Hann skyldi vinna eið at baugi, ok nefna vátta í þat vætti, at hann ynni lögeið at baugi: — „hjálpi mér svo Freyr ok Njörðr ok Áss enn almátki, sem ek skal svá sök sækja eða verja, eða vætti bera, eða kviðu kveða, eða dóm dæma, ok öll lögmæt skil af hendi leysa, sem ek veit réttast ok sannast ok helzt at lögum, þau er undir mig koma“. Svá sagði vitr maðr Þormóðr, er þá var allsherjar-

goði, at með þessum orðum ok þingmörkum helguðu langfeðgar hans alþingi alla æfi. Gunnarr hét son laga-Úlfljóts; hann átti Þóru, dóttur Helga ens magra; þeira son var Ketill í Djúpadal.

2. Þórðr hræða var fyrst kallaðr son Ketils hörða-kára; hann var ágætr maðr á Upplöndum; hans son var Klyppr hersir; annarr son hans var Steingrímr, þriði Eyjólfur; Sigríðr hét dóttir hans. Klyppr hersir var enn ágætasti maðr af örvi sinni og atgervi, eftir sem foreldri hans var til; hann átti Ólofu Ásbjarnardóttur; þeira dóttir hét Guðrún, kvenna vænst ok vitrust ok skörungr enn mesti. Þórðr hræða kvángaðist í elli í annan tíma eftir er hin fyrri kona hans var dauð. Hann fekk þá Helgu Vémundardóttur jarðlokars, Þórólfssonar váganefs, Hrærekssonar slöngvanbauga, Haraldssonar hilditannar Danakonungs. Þá færði Þórðr byggð sína í ey þá er Hísing hét; hann var þá bæði gamall og sköllóttur; var þá skift um viðrnefni hans, ok var hann þá kallaðr Þórðr Hísingarskalli.

3. Bárekr er maðr nefndr; hann réð fyrir eyjum þeim, er Brenneyjar heita; hann var berserkr, svá menn kölluðu hann eigi einhama; fjölkunnugr var hann, ok at flestu illa fallinn; hann hafði hár bæði stórt ok svart; því var hann Brenneyjarfaxi kallaðr. Bárekr gerði ferð sína til Hísingar ok bað Sigríðar dóttur Þórð-

ar, en hon vildi eigi gera at því; við þat
 reiddist Bárekr, ok kveðst því skylt u þann
 drepa er hennar bæði. Við þat reiddi. t Þórðr
 hræða ok skoraði á hólmi Báreki innan þriggja
 náttu; var Þórðr áttæðr at aldri. Helg a kona
 hans var kviðug at barni. Þórðr var vo bú-
 inn, er hann á hólminn gekk: hann hafð hjálm
 á höfði, enn sverð í hendi; reifil hafði har a vafit
 um enn vinstra armlegg sér; ekki hafða hann
 hlífar fleiri, enn Bárekr hafði hjálm á hö. i, ok
 brynju, enn sverð í hendi, skjöld á hlið; hann
 átti fyrri at höggva. Enn er hann hjó til. órð-
 ar, brá hann við sverðinu hendinni, ok bar svá
 af sér höggit, enn hjó annarri hendi til Bá eks
 ok stefndi á höfuðit, enn Bárekr bar upp í rir
 skjöldinn. Þórðr lét skjótt síga sverðit ok
 slæmdi til niðri, ok undan honum fótinn þar or
 kálfinn var mestr. Fell Bárekr þá ok mæ. ti:
 „Nú munu vit skilja, því ek em sárr vorðin.“
 Leysti Bárekr sik þá af hólmi sem lög stó u
 til, ok helt heim síðan. Enn er Þórðr kom hei. ,
 sá menn, at hann var sár á vinstri hendi ok
 eigi mjök. Þat sár greri illa svá at blást
 hljóp ok illendi í, ok þat varð honum at bana
 því at eittr hafði verit í sverðseggjum Báreks.
 Síðan fæddi Helga sveinbarn; þat var vatni
 ausit ok nafn gefit, ok skyldi heita Þórðr eftir
 feðr sínum. Þat var merki á sveininum, at hann
 hafði ör á vinstra armlegg, þar sem faðir hans

hafði særðr verit; tók hann þá þegar auknefni föður síns, þat er hann hafði fyrri, ok var kallaðr Þórðr hæða. Móðir hans andaðist af sængrför, enn Þórðr óx þar upp í Hísing þar til er hann var tólf vetra; var hann þá hverjum manni stærri ok sterkari, vænni ok víglegri, ok veit at íþróttum búinn. Allir váru þeir bræðr hans miklir menn ok sterkir, vænir ok stórmunnlegir sem þeir áttu kyn til. Sigríðr systir þeira var kvenna vænst ok högust þeira er þar uxu upp henni samtíða; þau váru öll fulltíða menn þegar Þórðr var tólf vetra. Nú býr Þórðr ferð sína ór Hísing ok vill hitta Bárek föðurbana sinn. Þeir vóru tólf á skipi jafnaldrar hans, ok kunni engi árarlag. Enn er þeir kómu skamt fram með landi, sá þeir skip stórt sigla í móti sér; þar var þá kominn Bárekr, ok ætlaði að nema burt Sigríði. Hann spurði hverir á bátinum væri. Þórðr sagði til sín, ok spurði Bárek at erendum, enn hann sagði frá ríratlan sína. Þórðr svarar: „Fyrr vil ek skora þér á hólmi ok hefna svá föður míns, ef þess erðr audit, enn at þú hertakir systur mína“. Bárekr kvað þat eigi barnafæri. Þó varð svá at vera sem Þórðr vildi. Þórðr bar af sér hit fyrsta högg Báreks með skildi, enn hjó undan Báreki fótinn fyrir ofan kné þann er heill var, enn í öðru höggi hjó hann höfuðit af Báreki.

Fór Þórðr heim síðan í Hising, ok þótti hann mikit hafa vaxit af verki þessu.

5. Í þann tíð réð fyrir Noregi Eiríkr konungr blóðöx; hann átti Gunnhildi konungamóður; þeira synir váru þeir Haraldr gráfeldr, Gamli, Guthormr, Guðröðr, Sigurðr slefa, Ragnfröðr, Hrærekr, Eyvindr ok Tosti. Ok er Þórðr vóx upp, lysti hann til Gamla konungs hirðar Gunnhildarsonar, er allra manna var vinsælastr í Noregi, ok réðst til fylgdar við konung. Litlu síðar varð höfðingjaskifti í Noregi; kom í land Hákon Adalsteinsfóstri, enn Eiríkr konungr ok Gunnhildr urðu útrekin með sonum sínum ok landflötta. Varð Eiríkr konungr at Norðymbra-landi. Hann tók skírn á Englandi ok fell í víking. Enn þegar synir hans höfðu þroska til, lögðust þeir í hernað, ok váru enir mestu stríðsmenn.

6. Dvaldi Þórðr hræða nú með Gamla konungi; hann var þá tólf vetra sem fyrr er sagt, ok virðist konungi hann afbragðsmaðr um alt þat er hann skyldi reyna. Hann var með honum þrjá vetr; gekk hann jafan í mannhættu fyrir konungi í hverjum háska, þegar konungr var í bardögum, ok var enn röskvasti í öllum mannaunum, bæði at hug ok hjartaprýði; fekk hann því mikla virðing ok metorð. Var hann af slíku viðfrægr ok dvaldist þar vel lengi í góðu yfirlæti. Ok er hann hafði verit þrjá vetr með

Gamla konungi, gekk hann fyrir konung ok beiddi hann orlofs at vitja frænda sinna ok fara til Upplanda. Gamli konungr svarar: „Leyfa skal þér, Þórðr, at fara þangat sem þú vilt, enn ósýnt þykki mér um fundi okkra; enn vel hefir þú með oss verit. Nú skulu vit eigi skildir at vináttu, þó vit skiljum at samvistum. Hér er eitt sax, er ek vil gefa þér; vilda ek at þú lógaðir eigi, nema þú eigir lífi þínu að forða „— ok segir at gæfa hefir fylgt saxinu. Þórðr segir: „Þykki þér þat sýnna, fóstri minn“, at þat muni þurfa. „Eigi þykkir mér þat ólíklegt“, segir Gamli, „því at þú ert eigi ávalt jafnforsjáll ok fyrirleitinn um þinn hag ef þér býðr við horfa“. Ok skildu þeir Gamli með hinni mestu vináttu ok fór Þórðr til Upplanda ok fundust þeir Gamli aldri síðan. Litlu síðar fell Gamli konungr sem segir í æfi Noregskonunga, ok gerði Haraldr gráfeldr með bræðrum sínum enn mesta ófrið í Noregi. Enn ena síðustu orrustu áttu þeir á Hörðalandi í Storð í Fitjum, ok fekk Hákon konungr sigr ok banasár. Hann andaðist við Hákonarhelli; þar hafði hann ok fæddr verit, ok er hann heygðr á Sæheimi. Eiríkssynir lögðu land undir sik, ok hétu þeir öllum mönnum lögum, þeim sem Hákon konungr hafði sett í landinu. Þeir gáfu ok höfðingjum nafnbætr, sem áðr höfðu haft feðr þeira ok svá ríki. Enn er þeir váru seztir í ríki ok

festir í landi, þá þótti þeim ofmikit vald hafa Sigurðr jarl í Þrándheimi; þeir kómu norðr til hans um nótt, tóku hús á honum ok brendu hann inni. Þeir drápu ok Guðröð konung ok Tryggva föður Óláfs konungs, ok marga aðra ágæta menn tóku þeir af lífi. Á þeira dögum var í Noregi hallæri mikit bæði á sjó ok landi, svá margir göfgir menn þoldu eigi vanrétti ok rangendi, ok drápu bændr ríkismenn

.....





Dórðar saga hræðu.

Dórðr hét maðr, son Hörða-Kára, mikill at virðingu. Hann var höfðingi yfir þeim heruðum, er honum váru nálæg. Hann var hersir at nafnbót, enn jörlum var hann framar at mörgum hlutum. Hann hafði fengit göfugt kvánfang. Hann átti við húsfreyju sinni þrjá sonu ok eina dóttur; hét hinn elzti Steingrímr, annarr Klyppr, þriði Eyjólf, enn dóttir Sigríðr. Öll váru börn þeira mannvænleg. Klyppr var þó fyrir þeim bræðrum. Allir váru þeir miklir menn ok furðulega sterkir, vænir ok stórmannlegir, sem þeir áttu kyn til. Sigríðr systir þeira var allra kvenna vænst, ok ofláti mikill ok skapstór. Hon var allra kvenna høgust, þeira er þar uxu upp henni samtíða. Ok sem þeir bræðr váru nær fulltíða menn, tók Dórðr faðir þeira sótt ok andaðist, ok var útferð hans vegleg ger eftir fornum sið. Ok er erfit

var drukkit, fæddi húsfreyja Þórðar sveinbarn, bæði mikit ok frítt. Því var nafn gefit, ok vildi húsfreyja, at Þórðr hétu eftir föður sínum; kveðst þat hyggja, at verða myndi mikilmenni, ef í ætt brygði. Ok er Þórðr óx upp, var hann mikill ok sterkr, vænn ok stórmannlegr, harðgerr, óvæginn við alla þá, sem honum var lítt við, enn vinsæll við alþýðu; hann var mildr af fé ok blíðr viðmælis, vinfastr; hann var gleðimaðr mikill, ok manna fimastr við alla leika; syndr var hann hverjum manni betr ok skáld gott. Í þann tíma réðu Gunnhildarsynir ríki í Noregi, er þetta var tíðenda. Ok er Þórðr óx upp, fýsti hann til hirðar Gamla konungs Gunnhildarsonar, er allra manna var vinsælastr í Noregi af öllum konungum, þegar leið Hákon Aðalsteinsfóstra. Þá var Þórðr tólf vetra, er hann réðst til hirðar Gamla konungs, og virðist konunginum hann afbragðsmaðr um alt þat, sem hann skyldi reyna, ok var með honum þrjá vetr; gekk hann jafnan fyrir konunginum í hverjum háska eða mannhættu, þegar konungrinn var í bardögum, ok fekk hann því mikla virðing ok metnað; var hann af slíku víðfrægr. Ok er Þórðr hafði verit þrjá vetr með Gamla konungi, sagði hann konungi, at hann fýstist at vitja eigna sinna. Konungr mælti: „Góða fylgd hefir þú oss veitta, ok mikils háttar maðr mantu verða“. Kon-

ungr spretti af sér saxi, er hann var vanr at bera daglega, og mælti til Þórðar: „Hér er eitt sax, er ek vil gefa þér, ok ek hygg, at gifta muni fylgja; þar með skal fylgja vinátta mín“. Þórðr þakkaði honum þenna sóma ok allan annan, er hann gerði til hans. Konungr mælti: „Þess bið ek, at þú gefir engum manni eða lógir, nema þú eigir höfuð þitt at leysa; ok er eigi ólíklegt, at þess munir þú ok við þurfa“. Þá svarar Þórðr: „Ek ætla mér, herra, ekki á lengdar frá yðr at vera, meðan ek á kost yðr at fylgja“. Þá segir konungr: „Þat man eigi vera; því at vit munum aldri sjást, síðan vit skiljum nú“. Þórðr varð fár við orð konungs ok svaraði engu, ok tók síðan orlof af konunginum, ok fór heim til búa sinna, ok urðu frændr hans honum fegnir. Hafði Klyppr bróðir hans tekit undir sik allar eignir þeira bræðra, ok gerzt höfðingi yfir þeim heruðum, sem faðir þeira var áðr yfir skipaðr; var hann ok hersir at nafnbót. Enn litlum tíma síðar enn Þórðr fór í braut frá Gamla konungi, börðust þeir Hákon konungr hinn góði ok Gamli konungr; ok í þeiri orrustu fell Gamli konungr, sem segir í sögum Noregskonunga.

2. Sigurðr konungr slefa, Gunnhildarson, var óeirðarmaður mikill um kvennafar. Hann lagði í rekkju hjá sér Álöfu, dóttur Skeggja á Yrjum. Hon var húsfreyja Klypps hersis Þórðarsonar.

Þórðr eggjar Klypp bróður sinn til hefnda oftlega. Ok einn tíma kom Þórðr at máli við bróður sinn ok mælti: „Hvernin er þetta? Hvárt viltu ekki reka þá svívirðing af höndum þér, sem á liggur við Sigurð konung, ok verða svá at undri. ok hafa hvers manns á-mæli, ok þykkja aldri mega heita slíkr maðr sem þínir fyrri frændr, ef þú skalt sitja Sigurði konungi þvilíka vanvirðing, at hann leggi í rekkju hjá sér þína eiginkonu, svá at þú leitar eigi til hefnda? Þó at við nökkurn liðsmun sé at eiga, þá er betra at láta líf sitt við sæmd, ef þess verðr auðit, heldr enn þola atgerðalaust þvilíka vanvirðing. Vil ek bjóðast til ferðar með þér, ok vér allir bræðr, heldr enn þola lengr, svá vér leitum eigi til nökkurra hefnda með þér, hversu sem takast vill“. Þá svarar Klyppr: „Satt segir þú þat, bróðir, at nóg væri nauðsyn at reka þessarrar vanvirðingar, ef færi gæfi á, ok fullfúss em ek til at hefna honum minnar vanvirðingar“. Eftir viðrtal þeira bræðra gera þeir allir bræðr heiman ferð sína með mikinn flokk manna og stefna á Upplönd, þangat sem þeir spurðu at Sigurðr konungr var á veizlu. Ok er þeir kómu á þann bæ, sem konungr var fyrir ok sat yfir drykkjuborðum, skipa þeir bræðr sínum mönnum til inngöngu; bað Þórðr, at sá skyldi fyrstr út ganga, er síðast gekk inn; skal Klyppr ganga

fyrstr inn, þar næst Þórðr, þá Steingrímr, þá Eyjólfur, síðan hverr sem skipat var. Allir höfðu þeir alvæpni, með hjálmum ok skjöldum ok brugðnum sverðum. Ok er Klyppr hersir kom fyrir Sigurð konung, reidir hann upp sverðit ok höggr konung í höfuðit ok klauf hann í herðar niðr; hné hann dauðr á borðit fram. Eftir þetta snúa þeir bræðr utar eftir höllinni; ok í því heyrði Þórðr brest á bak sér aftr, ok sér hann, at Klyppr bróðir hans var höggvinn banahögg. Þat gerði sá maðr, er hét Hróaldr Ögmundarson, Hörða-Kárasonar; hann var náskyldr þeim Þórðarsonum. Hann stóð fyrir konungsborðinu, er þeir kómu inn, ok því vörðust þeir hann ekki. Þann mann vá hann annan, er hét Ögmundr ok var Valþjófsson. Ok er Þórðr sá fall bróður síns, hjó hann til hans Hróalds, ok sneið hann í sundr fyrir ofan mjaðmirnar. Síðan hlupu menn upp um alla stofuna ok brugðu vápnum, ok veittu þeim bræðrum mikla atsóka; enn þeir vörðust vel ok hreystimannlega; neytir Þórðr þá vel saxins, er Gamli konungr hafði gefit honum, ok varð margs manns bani, áðr enn hann komst út. Fór þar sem jafnan, ef menn missa skjótlega sinna höfðingja, at flestum verðr bilt eftir at sækja sínum óvinum; ok fór þar ok svá, ok fóru þeir bræðr heim til búa sinna. Þessi tíðendi fréttir Haraldr konungr skjótlega: fall Sigurðar kon-

ungs bróður síns, ok ætlar at gera menn til þeira bræðra ok láta drepa þá. Þá var konungrinn norðr í landi, ok því varð seinna gert til þeira enn ella myndi; stefndi hann þing ok lét gera þá bræðr útlaga fyrir endilangan Norveg. enn kastaði sinni eign á þeira eignir.

3. Nú er frá því að segja, at þeir bræðr kómu heim ok sögðu fall Sigurðar konungs ok Klypps bróður síns. Þá kvað Þórðr vísu:

- (1) Ek segi víg, þau er vágu
virðendr þrimugirðis.
Klyppr rauð brand í blóði
burs ilda Gunnhildar.
Þar fell hjalms í höllu
hlaut Klyppr bana af gauti.
Þar vá'k þolla fjóra
þremjalax með saxi.

Þóttust þeir bræðr nú vita, at þeir myndi eigi mega haldast við innanlands fyrir ríki Haralds konungs og Gunnhildar. Frændr þeira ok vinir fýstu þá at selja jarðir sínar til lausafjár, ok lögðu þat til, at Þórðr skyldi leita til Íslands; sögðu þangat mart stórmenni komit, ok hafa landflótta orðit fyrir Noregskonungum. Þá svarar Þórðr: „Ekki hafða ek ætlat at flýja óðul mín; enn með því at margir göfgir menn hafa sér þetta látit nægja, at byggja Ísland, þá má vera, at slíkt nökkut liggi fyrir“. Síðan bjóst Þórðr til Íslandsferðar ok með honum bræðr hans, Steingrímur ok Eyjólfur, ok Sigríður systir hans. Þau höfðu of lausafjár. Hann

hafði níttján menn á skipi með sér. Síðan lét hann í haf. Þat var öndvert sumar. Þeir váru mánuð í hafi ok kómu við Vestmannaeyjar, ok sigldu svá vestr fyrir landit, ok svá norðr fyrir Strandir, ok lögðu þar inn á flóann ok nær hinu nyrðra landinu, ok sigldu inn í einn fjörð, ok tóku þar land nær vetrnóttum. Skjótt kómu menn til þeira. Þeir spurðu, hvat fjörðr sá héti, er þeir váru at komnir. Þeim var sagt, at þeir váru komnir í Miðfjörð. Þeir lendu í Miðfjarðarósi. Þá var Miðfjörðr albygðr. Skeggi bjó at Reykjum, er kallaðr var Miðfjarðar-Skeggi. Hann var son skinna-Bjarnar. Því var skinna-Björn kallaðr, at hann var vanr at sigla í Austrveg kaupferð, ok færa þaðan gráskinn, bjór ok safala. Skeggi var garpr mikill ok einvígismaðr. Hann var lengi í víkingu. Ok eitt hvert sinn kom hann við Danmörk ok fór til Hleiðrar, þangat sem haugr Hrólfs konungs kraka var, ok braut hauginn ok tók á braut sverðit Hrólfs konungs, Sköfnung, er bezt sverð hefir komit til Íslands, ok öxina, er Hjalti hafði átt hinn hugprúði; enn hann náði eigi Laufa af Böðvari bjarka; því at hann fekk hvergi sveigt hans armlæggi. Síðan bar Skeggi Sköfnung. Miðfjarðar-Skeggi var höfðingi mikill ok auðigr. Hann var frændstórr. Allir Miðfirðingar heldu hann fyrir höfðingja. Hafði Björn faðir hans

numit allan Miðfjörð. Var hann goðorðsmaðr yfir Miðfirði ok víða annarsstaðar. Eyjólfr hét góðr bóndi. Hann bjó á Ósi ok var ríkr maðr. Annarr bóndi er nefndr Þorkell. Hann bjó á þeim bæ, er á Söndum heitir, fyrir vestan fjörðinn, gegnt Ósi. Hann var lítilmenni, enn auðigr at penningum, ok vinr Skeggja at Reykjum. Þorkell hafði boðit Skeggja barnfóstr, ok var Eiðr sonr Skeggja at fóstri á Söndum í þann tíma, er Þórðr kom í Miðfjörð. Eyjólfr bóndi frá Ósi kom fyrstr manna til kaupmanna. Hann hafði tal við kaupmenn. Þórðr spurði, því bændr myndi svá seinir til skips. Eyjólfr kvað þat vana, at Skeggi kæmi jafnan fyrstr til skips, ok tæki þat af varningi, sem honum líkaði; svá tæki hann ok þat af kaupmönnum til sín, sem hann vildi, til vistar. Þórðr kvað mikit um ríkilæti hans — „ok er mér hitt sagt hér landsmanna vani, at finna kaupmenn af hafi komna ok fréttu tíðenda“. Eyjólfr svarar: „Föru vit til fundar við Skeggja, ok man hann vel fagna þvílíkum manni sem þú ert“. Þórðr segir: „Heima man ek vera við skip mitt, ok biða svá þess er at höndum kemr“. Þá mælti Eyjólfr: „Ek mun fara at finna Skeggja ok segja honum skipkvámuna“. Þórðr segir: „Mantu eigi gera sem þér líkar?“ Síðan skildu þeir; fór Eyjólfr til Reykja at finna Skeggja, ok sagði honum skipkvámuna ok svá

hverr stýrimaðr var. Skeggi kveðst gerla þekkja Þórð ok hans foreldra; kvað hann gegnan mann — „ok hefir ekki komit hingat til lands göfgari maðr né fremri“ — ok lét vel yfir honum. Eyjólfur bað Skeggja ríða til skips ok kjósa þat sem hann vildi af kaupmönnum heim til sín. Skeggi svarar: „Jafnan hefi ek raun af því, at þér unnið mér sæmdar af öllum hlutum, enn nú vil ek unna yðr einn tíma þeirrar virðingar, at kjósa þat af kaupmönnum, sem þér vilið, því at engan vil ek til mín taka af þessum skipverjum. Enn þat ræð ek þér, at þú heitir því einu Þórði, at þú efnir vel, því at lítit man honum fyrir þykkja, at láta einhvern til jarðar hníga, ef honum ríss við“. Síðan skildu þeir. Reið Eyjólfur til skips ok fann stýrimann ok sagði Þórði tal þeira Skeggja. Þórður svarar: „Bezta ferr þér; enn sjá þykkjumst ek á slíku, at Skeggi vill ýfast við mér; þykkir mér ok meiri ván, at lítit tillæti veita ek honum“. Eyjólfur mælti: „Þat væri minn vili, at vér fyndim Skeggja“. Þórður svarar: „Hvergi man ek fara; enn með því at Skeggi vill engan kaupmann til sín taka, at siti á aðra hönd honum í vetr, þá fæði hann strúg sinn á aðra hönd sér, meðan honum líkar“. Eyjólfur bauð Þórði til vetrvistar með sér heim til Óss, enn hann bað hann vista kaupmenn sína þar um fjörðinn. Þórður þakkaði honum

boð sitt, enn kvaðst eigi vilja með honum vist hafa. Þórðr beiddist at Eyjólftr seldi honum á leigu landit um vetrinn, ok þat gerði Eyjólftr, enn hann fór bygðum á Torfustaði, því at hann átti þar annat bú, enn Þórðr tók við búi at Ósi. Síðan lét hann flytja heim farm allan, enn réð skipinu til hlunns. Með Þórði fóru heim bræðr hans ok systir ok allir skipverjar. Sitr Þórðr um kyrt þann vetr. Ekki lét Skeggi til sín taka; mælast þeir Þórðr ekki við, þótt þeir finnist. Eigi lætr Skeggi sem hann viti um kaup þeira Þórðar ok Eyjólftr eða breytni. Þórðr hafði fjölment ok var hinn mesti gleðimaðr, ok svá váru þeir allir bræðr. Þórðr varð skjótt vinsæll af heraðsmönnum. Heldr líkaði Skeggja þat lítt; þótti líklegt, at hann myndi vilja verða höfðingi yfir Miðfirði. Ok því öfundaði hann Þórð; því at hann var harðlyndr ok þoldi eigi at aðrir væri látnir jafnfram honum. Þórðr hafði leika um vetrinn, ok váru þeir bræðr at leikum ok Bæjarmenn, ok váru þeir engir at jafnbiði Þórði um allan fimleik ok afl. Þórðr var umsýslumaður mikill ok hinn mesti þjóðsmiðr. Um vetrinn reisti Þórðr ferju niðr við Miðfjarðarárós, ok var þar löngum um dagana; ætlaði hann at ferjan skyldi ganga til stranda at vári til fangs. Leið svá fram til jóla. Ok er kom at jólum, sendi Skeggi mann til Þorkels á Sanda, ok bauð

honum til jólaveizlu ok húsfreyju hans; bað hann ok at sveinninn Eiðr skyldi fara með þeim. Hann var þá ungr, ok þó nökkut á legg kominn. Síðan bjuggust þau heiman frá Söndum atfangadag fyrir jól, ok með þeim sveinninn Eiðr. Svá var veðri farit, at gerði á þey með regni, enn Miðfjarðará ófær, ok tók at leysa ána köflum hit efra, enn við fjörðinn var fært með skip. Ok er Þorkell setti fram skipit, kallaði Þórðr á hann ok mælti: „Ófær er áin, maðr!“ segir hann. Þorkell svarar: „Gættu smíðar þinnar, ek man ferðar minnar“. Réð Þorkell nú til árinna; váru þau þrjú á skipinu. Ok er þau kómu á megin árinna, leysti sem óðast ána ok fórst þeim seint; rak þau nú eftir ánni fyrir ísinum ok straumi; ok eigi létti fyrr enn hvelfdi skipinu; höfðu þau kaffarar ok helt við druknan. Enn með því at þeim var lengra lífs auðit, kom Þorkell þeim á kjöl; rak nú skipit til sjávar, ok gegnt því sem Þórðr var at smíðinni ok Steingrímr bróðir hans hjá honum. Þá kallaði Þorkell á hann Þórð til bjargar þeim. Þórðr segir: „Ek man gæta smíðar minnar, enn þú ferðar þinnar“. Steingrímr mælti: „Ger vel, bróðir minn, ok hjálpa mönnunum; því at nú liggr líf þeira við, ok sýn ment þína“. Þórðr kastar þá hinum yztum klæðum; síðan kastar hann sér til sunds ok legst út til skipsins, ok varð hann

at brjóta ísinn ok hrinda frá sér ýmsa vega. Ok er hann kom at bátnum, tók hann fyrst sveininn Eið ok lagði í millum herða sér, knýtti þar at utan einu snæri ok legst til lands með hann, ok bað Steingrím bróður sinn hjálpa við sveininum, svá honum ornaði, því at honum var kalt orðit. Síðan leitar hann út til skipsins ok tók konu Þorkels — ok var hon mjök dösud — ok flutti hann hana til lands. Hit þriðja sinn legst hann til skipsins ok flytr Þorkel til lands, ok var hann at bana kominn af kulda. Steingrímur spurði: „Því fluttir þú sveininn fyrst?“ Þórðr segir: „Því flutta ek Eið fyrstan, at mér segir svá hugrum, at mér verði at þessum hinum unga manni mikit gagn, ok hann muni gefa mér líf; enn því flutta ek Þorkel síðast, at mér þótti hann mest mega við kuldanum; enda þótti mér at honum minstr skaði“. Síðan tók Þorkell klæðaskifti; enn hann hrestist ok kona hans. Eftir þat fara þau hjón til Reykja, enn Þórðr bauð Eiði heim með sér til Óss. Eiðr kveðst þat gjarna vilja þiggja, ok var þar langan tíma. Enn nú er at segja frá því, at Þorkell kemr til Reykja ok sagði sínar eigi sléttar. Skeggi kvað hann mikla óhamingjuför farit hafa — „enn látið son minn eftir hjá þeim manni, sem mestr ofsamaðr er“ — kveðst svá hugrum segja, at þar myndi koma, at mikit væri gef-

anda til, at Eiðr hefði þar aldri komit til Þórðar. Enn er jólin liðu, fór Þorkell heim, ok kom um leið til Óss, ok bað Eið með sér fara. Eiðr svarar: „Eigi man ek með þér fara; skaltu eigi oftast setja mér fjörráð“. „Eigi vilda ek þér heldr bana ráða enn sjálfum mér“, segir Þorkell. Fór Þorkell heim, ok er hann ór sögunni.

4. Eiðr var Þórði jafnan fylgjusamr; enda var Þórðr alltillátssamr við hann. Þórðr var löngum at ferjusmíðinni niðri við ósinn ok Eiðr hjá honum. Þat var einn dag, at Þórðr var at skipsmíðinni ok sveinninn Eiðr hjá honum. Þórðr hafði jafnan hjá sér saxit Gamlanaut, ok svá var enn. Eiðr tók upp saxit ok lék at. Þetta sér Þórðr ok mælti: „Lízt þér vel á saxit, fóstri minn?“ Hann svarar: „Allvel“, segir hann. Þórðr mælti: „Þá vil ek gefa þér saxit“. Eiðr mælti: „Aldri man ek geta launat þér jafngóðan grip, enn vináttu mína vil ek gefa þér, fóstri minn, ok man hon þykkja lítils verð“. Þórðr svarar: „Haf þú þökk fyrir, fóstri minn, ok mantu bæði launa oft ok stórum“. Síðan fóru þeir Þórðr heim, ok sýndi Eiðr saxit öllum heimamönnum ok þótti allvænt um. Litlum tíma síðar kom Eiðr til Reykja at finna föður sinn. Skeggi tók honum ekki blítt ok spurði: „Því þótti þér þat fóstur betra, at vera með Þórði, enn þat fóstur, er ek

fekk þér með Þorkeli?“ Eiðr svarar: „All-ólíkt er þetta fóstr fyrir alls sakir; því at Þórðr er mikils háttar maðr, ok má af honum gott hljóta; enn Þorkell er lítilmenni ok heimskr; hann vildi bana mér fyrir sakir óvizku ok forsjáleysis; enn Þórðr gaf mér líf; ok hann hefir gefit mér hinn bezta grip“. Skeggi mælti: „Af umsjá Þorkels mundi þat, er þú fekt líf; mundi hann eigi heldr vilja þér bana enn sjálfum sér eða konu sinni. Enn sjá vil ek þann grip, er þú lætr svá mikillega yfir, hvárt mér þykkir svá mikils um vert“. Eiðr sýndi honum þá saxit. Skeggi brá saxinu, ok leizt allvel á ok mælti: „Auðsét er þat, at þenna grip hafa átt tignir menn, ok er þetta allmikil gersemi, ok eigi trúi ek, at hann hafi þvílíkan grip, svá fágætan, þér gefit“. Þá svarar Eiðr: „Eigi þykki mér þá líklegt, at þú munir styrkja mik til launanna, ef þú vilt eigi trúa, at hann hafi gefit mér“. Skeggi mælti: „Gjarna vilda ek at þú hefðir þenna grip eigi þegit“. Eiðr svarar: „Eigi lízt okkr þetta einninn“. Eftir þetta ferr Eiðr heim til Óss, ok varð fátt af kveðjum með þeim feðgum í því sinni. Þórðr fagnaði vel fóstura sínum ok spurði eftir tali þeira feðga. Eiðr sagði alt sem farit hafði. Þórðr svarar: „Slíks var mér at ván; ok allmjök vill faðir þinn ýfast við mér. Ok svá segir mér hugr, sem fleira muni til vand-

ræða með okkr föður þínum ok hans frændum enn sjá megi fyrir, hvern enda eiga man, ok mantu jafnan með miklum vanda verða í milli at ganga“. Eiðr svarar: „Gott væri, ef ek mætta nökkut gott at vinna í millum ykkar“.

5. Ásbjörn hét maðr. Hann var son Þorsteins hvíta ok Sigríðar systur Miðfjarðar-Skeggja. Hann kom út hingat til Íslands þetta sumar í Blönduósi í Langadal. Ok er Skeggi frétti útkvámu frænda síns, reið hann til skips, ok fagnar vel Ásbirni frænda sínum, ok býðr honum heim með sér við svá marga menn sem hann vildi. Þetta boð þiggr Ásbjörn, ok réð skipi sínu til hlunns, ok fór síðan heim til Reykja við þriðja mann. Ásbjörn var manna mestr ok hinn fríðasti maðr ok vel látinn. Hann var rammr at afli, svá varla fanst hans jafningi fyrir afis sakir. Hann var gleðimaðr mikill. Hann gekk jafnan til laugar at skemta sér. Ok einn dag gengu þeir Skeggi til laugar eftir vanda, ok lágu við laugina ok töluðust við. Þenna dag gekk Sigríðr frá Ósi til laugar með léreft sín, ok bjóst í þann tíma heim. Hon gekk þar hjá sem þeir lágu. Ásbjörn var drambsmaðr mikill at klæðabúnaði. Þeir sáu hvar konan gekk. Hon var í rauðum kyrtli ok hafði blá yfirhöfn; var konan bæði fríð ok mikil ok at öllu allvaskleg. Ásbjörn reis upp við olnboga ok leit um öxl til

hennar. Hon nam staðar ok leit til hans ok gekk síðan heim. Þá spurði Ásbjörn, hvat konu þat væri — „þykki mér ván, at sjá kona myndi geta ástir af mér“. Skeggi svarar: „Hon heitir Sigríðr ok er dóttir Þórðar Hörða-Kárasonar; enn þat ræð ek þér, at þú skiftir þér þar engu af við hana“. Ásbjörn spurði, því þat skyldi vera. Skeggi svarar: „Þeir bræðr hennar eru fullir ofrkapps ok hinir mestu óeirðarmenn. Hyggr þú, at þeir muni þér hlífa, ef þeim ríss við, þar sem þeir drápu Sigurð konung slefu, son Eiríks konungs?“ Ásbjörn svarar: „Þat hafða ek ætlat, at vera sjálfráði fyrir hverjum manni hér í landi“. Skeggi segir: „Þat ferr sem reynist, hvárt þú ert einhlítr áðr þér skilið, ef þú leitar nökkut á þá, frammar enn þeim líkar“. Eftir þat gengu þeir heim.

6. Nú er frá því at segja, at Sigríðr kom heim til Óss; gekk Þórðr bróðir hennar í móti henni. Hann mælti: „Því ertu svá litverp, systir? ok lízt mér sem hann hafi fengit þér litar, Ásbjörn veisugalti; enn mart man verða í leikum, áðr enn hann fær þín“. Svá fór fram um vetrinn, at alt var kyrt. Aldri gat Ásbjörn Sigríðar. Knattleikar váru í millum Reykja ok Óss á Miðfjarðarísi; því at snimma lagði fjörðinn. Þá var gott til knárra manna í Miðfirði. Þórðr var knástr at leikum ok

Ásbjörn frændi Skeggja. Ekki var Skeggi at leikum, því at hann var af hinu mesta æskuskeiði, enn þó sem hraustastr til vápns; sat hann hjá ok þótti allmikit gaman at. Aldri mæltust þeir Þórðr við ok heldr var þar fátt í milli. Þat var einn dag, at Þórðr var at leik ok Ásbjörn, ok skyldu þeir á leikast. Ok einn tíma feldi Þórðr hann Ásbjörn allmikit fall, svá bops kvað í skrokkinum á honum. „Ok fell nú veisugaltinn“, sagði Þórðr. Hann svarar fá um. Ok annat sinn, er þeir tókust til, þrífr Ásbjörn til Þórðar, svá at hann fell á kné. „Ok fór þar meyjarkinniun“, sagði Ásbjörn, „ok væri þér varla kvæmt í leik með röskum mönnum“. Þórðr segir: „Svá fremi veiztu þat, veisugalti, er vit reynum vápna-skifti, hvárr þá á upp til annars at sjá, er vit skiljum þann leik“. Ásbjörn kveðst þess alþúinn þá þegar ok hljóp til vápna; gengu menn þá í millum þeirra ok váru þeir skildir. Líðr nú af vetrinn. Reið Ásbjörn til skips síns um várit ok bjó þat til hafs. Skeggi reið til skips með Ásbirni við marga menn, því at honum þótti einskis ills örvænt fyrir Þórði. Sitr Þórðr heima ok lætr eigi sem hann viti. Ásbjörn kemr at máli við Skeggja: „Svá er mál með vexti, frændi, at mér leika kvánföng í hug, ok vil ek ráða ráði mínu“. Skeggi segir: „Hvar er kona sú, er hugr þinn horfir

helzt á?“ Ásbjörn segir: „Ekki er því at leyna, at þat er Sigríðr, systir Þórðar at Ósi; hon er sú kvenna, at minn hugr stendr mest til at fá“. Skeggi svarar: „Ekki þykki mér þetta líklegt, at okkr muni þetta tjá; ok ófúss er ek til at flytja þetta mál við Þórð, at þeim óþokka, sem millum ykkar er áðr“. Ásbjörn kvað þat eina hafa í millum borit, at lítills var vert, ok kveðst eigi vilja hins bezta kvenkostar missa fyrir þat — „ef ek kann at fá“. Þar kom, at Skeggi hét at biðja konunnar fyrir hans hönd. „Þykki mér ráð“, segir Skeggi, „at ekki bregðir þú utanför þinni fyrir þetta“. Reið Skeggi heim, enn Ásbjörn fór utan þat sumar. Eigi miklu síðar enn Skeggi kom heim spurðist skipkváma í Hvítá í Borgarfirði. Ok er menn fréttu þat, fór fjöldi manns norðan ór sveitum til kaupa við kaupmenn, bæði ór Miðfirði ok annarsstaðar. Skeggi bjóst ok til skips at riða með marga menn. Ok er Eiðr spurði, at faðir hans ætlaði til skips, mælti hann við Þórð: „Ætlar þú nökkut til skips, fóstri minn?“ Þórðr segir: „Því man ek síðr þurfa varning enn aðrir bændr? ok skal ek at vísu fara“. Eiðr mælti: „Ek vil riða með þér ok heyra á mál manna, ok kynna mér svá kaupstefnu“. Þórðr segir: „Bæta man þat vára ferð, fóstri minn, at þú farir; segir mér svá hugr, at í þessarri ferð man ek þín mest þurfa, ef mínir

draumar vita nökkut“. Eiðr mælti: „Hvat dreymdi þik, fóstri minn?“ Þórðr segir: „Þat dreymdi mik, at ek þóttumst kominn til Hvítár í Borgarfirði ok eiga tal við útlenda menn, eigi sízt um kaup nökkur; ok í því kómu í búðina vargar margir, ok var mér mikill viðbjóðr við þeim; síðan réðu þeir á mik ok vildu drepa mik ok rifu af mér klæðin, enn ek brá sverðinu ok hjó ek í sundr einn varginn í miðju ok höfuðit af öðrum; síðan hlupu at mér vargarnir öllum megin, enn ek þóttumst verjast, ok varð ek mjök móðr, ok eigi þóttumst ek vita, hversu mér myndi vegna. Í því hljóp fram fyrir mik einn bjarnhúnn ok vildi verja mik, ok í því vaknaða ek. Nú þykki mér draumrinn tíðendavænlegr“. Eiðr mælti: „Auðsét er þat, at þetta eru mannahugir illir til þín. Nú væri þat mitt ráð, at þú riðir jafnsnimma heiman ok faðir minn, þó at þit mælist ekki við“. Þórðr mælti: „Gera má ek þat, fóstri minn, fyrir bæn þína“. Nú bjóst Þórðr til ferðar ok Eiðr með honum. Ok er Þórðr bjóst, mælti Sigríðr systir hans: „Þat vil ek, bróðir minn, at þú kaupir mér skikkju mjök vandaða“. Þórðr svarar: „Svá skal vera, systir; enn svá segir mér hugr, at skikkjan verði fullkeypt áðr lúki“. Þeir Þórðr ok Eiðr riðu til skips jafnfram Skeggja; því at Eiðr bað Þórð

þess. Ok er þeir kómu til skips, tjölduðu þeir eina búð báðir.

7. Sá maðr kemr til sögunnar, er Jón hét. Hann bjó at Hvassafelli í Norðrárdal. Hann var vel fjáðr ok engi jafnaðarmaðr ok óvinsæll. Guðrún hét kona hans, ofláti mikill ok metnaðarfull. Bróðir hennar hét Auðólfr. Glúmr hét faðir þeira. Hann bjó at Skarðshömrum. Þeir ætluðu að riða til skips í þann tíma er þeir Þórðr ok Skeggi váru við skip. Ok er þeir riðu heiman, mælti Guðrún við bónda sinn, at hann skyldi kaupa henni skikkju nökkura góða, því at hon var áburðarkona. Þessu heitr bóndi. Þeir riða nú leið sína, þar til er þeir koma á Hvítárvöllu; þá var kaupstefna sem mest. Þeir Jón ok Auðólfr gengu um búðir. Þeir kómu í búð þess manns, er Þórir hinn auðgi hét, ok föluðu skikkju, ef til væri. Hann segir, kvað til vera skikkju — „ok man ykk, bóndi, þykkja dýr“. Jón svarar: „Lát heyra, hvat gjalda skal“. Austmaðr mat skikkjuna. Jóni þótti of dýr. Auðólfr vildi kaupa láta, ok bauð at leggja til af sínu. Jón gekk frá. Ok er þeir kómu út, eggjaði Auðólfr at kaupa skikkjuna — „ok hét ek því systur minni“. „Því skaltu eigi ráða?“ segir Jón, „ok göngum heim eftir verðinu“ — ok varð þetta dvöl nökkur. Þat er sagt, at þeir Þórðr ok Eiðr gengu um búðir ok föluðu

varning. Þeir kómu í búð Þóris ríka ok föluðu skikkjuna at Þóri. Þórir kveðst kenna Þórð ok hans foreldra — „ok vil ek eigi meta við þik; heldr vil ek, at þú þiggir skikkjuna“. Þórðr þakkaði honum — „ok vil ek þetta þiggja, ok láta hér liggja meðan ek geng eftir verðinu“. „Þat vilda ek“, segir Þórir, „at þú hefðir með þér“. „Engu man þat varða“, segir Þórðr, ok gengu þeir Eiðr at sækja verðit. Ok er Þórðr var í braut, koma þeir Jón ok Auðólfr inn í búðina ok báðu austmanninn þá láta til skikkjuna. Hann kvað þá selda skikkjuna — „því at þú vildir eigi þvilíkt við gefa, sem ek mat“. Jón kveðst þá hafa skyldu. Ok í því kómu þeir Þórðr ok Eiðr í búðina með skikkjuverðit. Þórðr greip til skikkjunnar. Auðólfr brá sverði ok vildi höggva til Þórðar. Jón hljóp ok at honum Þórði ok vildi höggva til hans. Þórðr brá skjótt sverðinu ok snerist at Auðólfi ok hjó í höfuðit; fell hann þegar dauðr á gólfít. Eiðr hljóp fyrir hann Þórð, er hann sá tilræðit Jóns, ok brá fyrir hann skildinum, enn tók skikkjuna undir hönd sér. Þetta sér Þórðr ok slæmir til Jóns með sverðinu, ok kom á hann miðjan, ok tók í sundr fyrir ofan mjaðmirnar. Förunautar þeira Jóns sóttu þá at honum. Þórðr hopaði út ór búðinni ok hljóp á einn raftabulung, ok varðist þaðan vel ok skörulega. Drifu þá til her-

aðsmenn ok Borgfirðingar, ok vildu hefna þeira Auðólfs. Eiðr ferr þá at finna föður sinn, ok biðr hann at veita Þórði lið með sínum mönnum. Skeggi segir: „Hvat hefir Þórðr at hafzt þess, at hann er eigi einhlítr?“ Eiðr segir: „Hann hefir vegit tvá menn“. „Hverir eru þeir?“ segir Skeggi. „Auðólfr ok Jón“, segir Eiðr. „Hvat varð til?“ segir Skeggi. Eiðr segir: „Þeir vildu ræna hann skikkju þeiri, er hann hafði keypt, ok annarr þeira vildi drepa hann, áðr enn ek hlífða honum; ok láttu eigi þá fæð, sem á millum ykkar hefir verit, svá ríkt ganga, at þú virðir meira enn þat, at hann er ór því heraði, sem þú ert; hann er ok minn lífgjafi ok fóstri“. Þá svaraði Skeggi engu. Eiðr gekk þá á braut ok þar til sem þeir sóttu at Þórði ok brá saxinu. Ok er Þórðr sá Eið föstra sinn mælti hann: „Hafðu þik ekki í hættu fyrir mik“. Enn er Eiðr var út genginn ór tjaldi föður síns, þá stóð Skeggi upp ok mælti: „Rýta man göltrin ef gríssinn er drepinn“. Tók hann þá Sköfnung ok gekk þangat til sem þeir sóttu at Þórði; hafði hann varizt svá drengilega, at þeir höfðu engu sári á hann komit; enn hann hafði sært marga menn. Ok er Skeggi kom til, gekk hann svá hart at, at þeir hrukku frá, er áðr höfðu sótt at Þórði. Síðan kom Skeggi á sættum með þeim; skyldi hann einn gera um

öll málin. Hann lauk þegar upp gerðinni. Skyldi Þórðr greiða tvau hundruð silfrs fyrir víg Jóns, enn Auðúlfr falla óheilagr fyrir fjör-ráð ok tilræði við Þórð. Þeir menn, sem sár-ir höfðu orðit fyrir Þórði, skyldu hafa sár sín bóttalaus fyrir fjörráð ok atsókn; ok með þessu skildu þeir. Reið Skeggi heim, þá er hann var búinn. Þórðr, reið jafnfram norðr, ok Eiðr með honum, ok töluðust þeir Skeggi ok Þórðr ekki við á allri þessarri leið. Þeir ríða þar til, er þeir koma at Miðfjarðará. Þá mælti Skeggi: „Hér munu vér af baki stíga; því at ek á við þik, Þórðr, erendi“; ok svá gerðu þeir. Þá mælti Skeggi: „Ásbjörn frændi minn bað mik vekja bónorð fyrir hans hönd, ok vill hann láta biðja Sigríðar, systur þinnar; ok vil ek nú vita hversu þú vilt þessum málum svara“. Þórðr segir: „Litla vináttu á ek við Ásbjörn; hefir þú ok mér verit engi vin hér til; ok ekki kom mér þat í bug, at þú myndir hingat leita tengda fyrir frændr þína; enn veit ek, at Ásbjörn er stórborinn maðr og ríkr, ok mikilmenni af sjálfum sér; enn eigi veit ek, hversu bræðrum mínum eða henni er þetta kaup gefit“. Skeggi svarar: „Því kveð ek þik at málinu, heldr enn bræðr þína, at ek veit, at þeir vilja þínum ráðum hlíta, bæði um þetta ok alt annat“. Þórðr svarar: „Líklegir þykki mér þeir til vera at gera eftir mínum vilja; enn ekki gef

ek hana nökkurum manni, utan hennar samþykki sé til; enn ván þykki mér, at ekki brjóti hon þat á bak, er ek ræð“. Þá segir Eiðr: Þat vilda ek, fóstri minn, at vel svarir þú föður mínum um bónorðit, ok virðir mikils hans flutning“. Þórðr segir: „Svá skal vera; því at mikla liðsemd veitti Skeggi mér í þessarri ferð ok þat man ek nú láta ásjá; því at ek man gera kost á um bónorðit fyrir þinn flutning, Skeggi. Hon skal sitja í festum þrjá vetr; ok ef Ásbjörn kemr eigi út innan þeirra þriggja vetra, þá eru laus þessi mál; kemr hann fyrr til lands, þá er hann kominn til ráðahags með Sigríði“. Þessu játar Skeggi. Réttir Þórðr þá fram höndina, ok tekr Skeggi handsöl; váru þegar váttar at heitorði. Þá mælti Skeggi: „Nú hefir þér vel farit, Þórðr, enn hagskifti var þat, er systir þín fekk skikkjuna, heldr enn kona Jóns; þykki mér ok meiri ván, at Borgfirðingar megi minni til reka, hverr yðarr fundr varð; man ek lengja nafn þitt ok kalla þik Þórð hræðu“. Þórðr sagði: „Vel líkar mér þat, þó þeir hafi nökkurar menjar minnar þarkvámu, ok svá þykki mér ok engi forþokki á nafni þessu; enn svá segir mér hugr um, at sjaldan muni hræðulaust í þessu heraði“. Eftir þetta riðu þeir heim. Ok er Þórðr kom heim, var honum vel fagnat. Hann var spurðr tíðenda. Hann sagði af hit ljósasta. Síðan kallaði hann

systkin sín til tals við sik, ok sagði þeim heitorðit. Sigríðr svarar: „Bráðráðit þykki mér þú, bróðir, gert hafa um heitorðit mitt, er ek var ekki at frétt áðr“. Þórðr segir: „Þat kaup skal ekki framar, enn þú vilt samþykkja“. „Þess var mér ván at þér; vil ek ok þinni forsjá hlíta hér um“. „Þórðr bað hana hafa þökk fyrir andsvörin; síðan fekk hann henni skikkjuna, ok sagði henni um viðskifti þeira Jóns ok Auðúlfs, ok kvað vísu:

(2) Tvá lét ek Fáfnis fitjar
falla þar til jarðar
ýta, leifnis lautar
lind fagrviða, kindar;
áðr vildu þeir öldu
eit þvengs bana veita
brands með þenja vöndum
bingis, mæri, skerðendr særi.

„Slíks var at ván“, segir hon. Hér eftir sitr Þórðr heima um kyrt, ok var Eiðr jafnan með honum.

S. Þetta sama sumar kom skip í Blönduós í Langadal. Þar kom út Ormr, systurson Skeggja ok bróðir Ásbjarnar. Enn er Skeggi frétti útkvámu frænda síns, ríðr hann til skips, ok býðr Ormi heim með sér til vetrvistar, ok fór Ormr heim með honum. Ormr var svá háttaðr, at hann var hverjum manni meiri ok sterkari, rammr at afli ok hinn vasklegasti, ok fullr af ofrkappi, ok þótt engi sinn jafningi. Hann var hinn mesti vígamaðr, ok fullr upp ójafnaðar.

Þat var einn dag, at Ormr gekk til laugar, at Sigríðr frá Ósi var þar fyrir, ok ein kona með henni. Honum fanst mikit til hennar, ok spurði eftir, hvat kona hon væri. Honum var sagt, hvat hon hét, ok svá ætt hennar. Hann kom at máli við Skeggja ok mælti: „Svá er mál með vexti, at ek vilda, at þú bæðir Sigríðar frá Ósi til handa mér“. Skeggi svarar: „Þat man ek eigi gera við þessa konu; enn biðja vil ek hvefrrar annarrar konu sem þú vilt til handa þér“. Ormr svarar: „Annathvært vil ek at þú biðir Sigríðar, ellegar engrar“. Skeggi segir: „Því mynda ek biðja festarkonu Ásbjarnar bróður þíns?“ Ormr segir: „Þat hirði ek aldri, þó hon sé hans festarkona; viltu eigi biðja hennar fyrir mína hönd, þá man verða róstumikit í heraði; því at þá skal ek fífla hana, ok munu bræðr hennar þat banna, enn ek man ekki þat hirða; mantu þá verða til at hlutast“. Þá sagði Skeggi: „Eigi man Sigríðr fyrir þér fíflast láta; ok ætlar þú þér mikla dul, at fá hennar svá ósæmilega; ok man þér þetta draga til skammæðar; því at velta hefir Þórðr látið þyngra blass, þar þeir bræðr drápu Sigurð konung slefu Gunnhildarson“. Ormr segir: „Verðr þat sem má; á þetta skal hætta, ef þú vilt eigi biðja konunnar mér til handa“. Skeggi segir: „Heldr vil ek fara með þessum orðum, enn vandræði standi af; ok mantu þó

illa við una, hversu sem svarat verðr“. Eiðr varð þessa varr, er hann var á kynnisvist at Reykjum með föður sínum. Þeir feðgar gera Þórði orð, at hann komi til Reykja. Þórðr fór til Reykja, ok bræðr hans með honum. Skeggi heilsar Þórði glaðlega. Hann tók því vel, ok hvat undir orðsendingu hans væri. Skeggi segir: at Ormr frændi hans vildi fá Sigfrétti, ríðar systur hans. Þórðr segir: „Undarleg málaleitan er slíkt af þinni hendi; því at mér lízt Ormr, frændi þinn, meira eiga varit í fors ok óvizku, enn hamingju; er ok eigi ólíklegt, at þat reyni af bragði; eða veit hann eigi áðr, at konan er föstnuð bróður hans?“ Skeggi mælti: „Ormr er eigi heima, ok er ríðinn út í Langadal til skips“. Eiðr mælti: „Þat vilda ek, fóstri minn, at þú gerðir á nökkurn kost fyrir flutning föður míns“. „Svá skal vera, sem þú biðr“, segir Þórðr, „at á skal gera kostinn fyrir bænarstaðinn þinn ok flutning Skeggja; enn engan mynda ek á gera, ef Ormr hefði sjálfr beðit konunnar. Þau andsvör vil ek, Skeggi, gefa þínu máli, at þat er fyrst, at ek vil engu því bregða við Ásbjörn, sem ek hefði honum lofat; ek vil, at Ormr fari utan í sumar, ok veri utan tvá vetr, enn eigi ván ráða, ef Ásbjörn kemr eigi til“. Skeggja þótti allvel svarat, ok höfðu hér við vátta. Reið Þórðr heim til Óss ok Eiðr með honum. Lítit

gaf Sigríðr sér um þetta. Líðr nú þar til, er Ormr kemr heim, ok hafði búit skip sitt. Ormr spurði Skeggja at um erlendislok kvánbænanna. Skeggi sagði alt sem farit hafði. Ormi þótti Skeggi hafa laust fylgt. Skeggi bað hann þá virðing á leggja, sem hann vildi. Ormr bað hann hafa af sér enga þökk fyrir málalokin, ok varð reiðr mjök; kveðst aldri hirða, hvárt Þórði líkaði vel eða illa — „skal hon þá vera friðla mín“. Skeggi kvað hann furðu óvitran mann, er hann talaði slíkt. Eigi hafði Ormr heima verit, svá at nóttum skifti, áðr hann reið til Óss, ok settist á tal með Sigríði. Hon bað hann eigi þat gera; kvað Þórði mundu þykkja verr — „ok mantu finna skjótt mismíði á, ef þú gerir eigi at“. Ormr kvaðst hvergi varbúinn við Þórði, hvat sem þeir skyldi reyna. Hon sagði þat ok líkast, — „at þat reynir þú, ef þú venr hingat kvámur þínar; máttu til þess ætla, at ek man mér engu af skifta um þat, er til þín heyrir, meðan ek spyr ekki til Ásbjarnar, bróður þíns“. Skildu þau talit. Þórðr var at ferjusmíð niðri við ósinn, ok ætlaði at halda henni til Stranda eftir skreið, ok fara sjálfr með. Ormr kom þrjá daga í samt til Óss. Ok þá talaði Þórðr við Orm: „Þat vil ek, Ormr, at þú hafir eigi hingat kvámur þínar til óþyktar við mik, enn ósæmdar við systur mína“. Ormr svarar um heldr illa.

ok kveðst sjálfráði verit hafa ferðar sinnar fyrir hverjum manni, ok kveðst hyggja, at svá skyldi enn vera. Þórðr kvað þá eigi báða uppi skyldu, ef hann kæmi hinn fjórða daginn. Ormr lét af kvámum nökkurar nætr. Þórðr bjó ferjuna. Ok er hann var búinn, var þat einn morgin, at veðr var gott; þá ætlaði Þórðr at sigla út ór ánni. Heimakona gekk inn at Ósi, ok kvað gott veðr at þvá léreft sín. Sigríðr var vön at þvá léreft sín í læk þeim, er fellr hjá garði at Ósi. Hon fór með léreftin ok konan með henni. Þenna morgin hefir Ormr njósn af, at Þórðr man brátt sigla. Hann lætr taka sér hest. Ekki veit Skeggi til þessa. Síðan tók hann vápn sín. Hann reið út til Óss, og þangat í hvamminn, sem Sigríðr var. Hann sté af hestinum ok batt hann; síðan leggr hann af sér vápnin, ok gengr til hennar Sigríðar, ok setr hana niðr, ok leggr höfuð í kné henni ok leggr hennar hendr í höfuð sér. Hon spurði því hann gerði slíkt,— „því at þetta er á móti mínum vilja; eða mantu eigi ályktarorð bróður míns? ok man hann þat efna; sjá þú svá fyrir þínum hluta“. Hann segir: „Ekki hirði ek um grýlur yðrar“. Ok er Ormr kom í hvamminn, brá hon við heimakona, ok hljóp ofan til ferjunnar, ok sagði Þórði, at Ormr var kominn í hvamminn til Sigríðar. Þórðr brá skjótt við, ok tók sverð sitt ok skjöld. Hann hljóp upp

í hvamminn. Ormr lá í knjám Sigríði. Þórðr hljóp at Ormi ok mælti: „Statt þú upp og ver þik; er þat nú eigi verra, enn krjúpa at konum ok hörfa við mér“. Ormr brá við, ok seildist til sverðs síns, ok í því hjó Þórðr til Orms ok í sundr hinn hægra handlegginn. Í því brá Ormr sverðinu; ok í viðbragði hans brotnaði fótleggr hans. Þá hjó Þórðr höfuð af Ormi, ok gekk síðan heim til Óss, ok lýsti vígi Orms á hönd sér. Sigríðr bað Þórð bróður sinn forða sér. Hann brosti at orðum hennar ok sagði: „Hvergi man ek fara; því at ek kann engar leiðir; man ek senda mann til Reykja at segja Skeggja vígit Orms“. Hon segir: „Undarleggr maðr ertu, bróðir, því at Skeggi man skjótt hér koma, ok hefna frænda síns, með fjölmenni, ok hefir þú ekki megn at standa í stríði við hann, þó at þú sér garpr mikill“. Þórðr kveðst ekki at því fara. Síðan fann hann sauðamann sinn, ok bað hann fara til Reykja, ok segja Skeggja vígit. Hann kveðst þessa ófúss, enn lézt þó fara mundu, ef Þórðr vildi. „Seg ok þat með, at Skeggi láti færa í braut afglapa sinn“. Sveinninn fór sem hann bað, ok sagði Skeggja vígit Orms frænda síns. Skeggi varð reiðr mjök. Sveinninn mælti: „Þat bað Þórðr mik segja þér, at þú skyldir láta flytja í brautu afglapa þinn“. Skeggi safnar nú mönnum at sér, ok ríðr út til Óss. Enn Þórðr var

heima við hinn tíunda mann, ok býst til varnar, þegar hann sér ferð Skeggja. Þar váru þeir bræðr báðir. Allir váru þeir velvápnaðir. Kveðst Þórðr nú hvergi mundu vægja fyrir Skeggja; kvað nú vel, at þeir reyni með sér. Þat er at segja, at þenna morgin hafði Eiðr farit til stóðhrossa sinna í Línakradal; þau hafði Þórðr gefit honum. Ok er hann fréttir vigit Orms, skundaði hann heim til Óss, og vildi koma fyrr enn faðir hans; ok þat gekk honum. Enn er hann kom heim, sá hann viðr-búnað þeira, og tók vápn sín, ok gekk í lið með Þórði fóstura sínum. Þórðr mælti: „Eigi vilda ek, fóstri minn, at þú værir at þessum fundi; því at ek man nú ekki hlífa föður þínum, heldr enn öðrum manni ef hann sækir at“. Eiðr segir: „Hjá þér man ek vera, fóstri minn. hvat sem í gerist; því at eitt skal yfir okkr ganga; var mér þat þá í hug, er þú gaft mér líf, at ek skylda mitt líf leggja við þitt líf“. Þórðr segir: „Þá mantu mér bezt gefast, er mér liggr mest á“. Ok þá er þeir höfðu viðtalast, kom Skeggi við marga menn. Skeggi var hinn reiðasti. Ok er hann sér Eið, son sinn, í liði Þórðar, stöðvaði hann flokk sinn. Þórðr kastaði orðum á Skeggja ok bað hann at sækja; „því at nú er ek alþúinn at höggva uxann, þó feitr sé; því at nú er helzti gamall orðinn“. Þá segir Skeggi: „Eigi man ek at

sækja; því at ek vil eigi berjast við Eið; enn oft mantu til glæpa stefna“. Þórðr segir: „Meirrætla ek þér til koma hræðsla, enn huggæði, ef þú sækir nú eigi at“. Skeggi svaraði engu, ok reið frá ok heim. Ormr var heygðr í Miðfjarðarnesi.

9. Nú verðr að nefna fleiri menn til sögunnar. Þorvaldr hét maðr, góðr bóndi. Hann bjó í Langadal á þeim bæ, er heitir í Engihlíð. Hann var læknir góðr. Hann átti tvá sonu; hét annarr Einarr, enn annarr Bjarni. Indriði hét maðr, ok félagi Orms. Hann var mikill maðr, ok vígr hverjum manni betr, ok hinn bezti drengr. Hann var kominn út í Kolbeinsárósi. Hann var þá búinn til siglingar, er þetta var tíðenda. Özurr hét maðr. Hann bjó í Skagafirði á þeim bæ, er á Grund heitir. Hann var Arngrímsson. Jórunn hét móðir hans, ok var systir Miðfjarðar-Skeggja. Özurr var höfðingi mikill, því at hann hafði goðorð um hinn efra hlut Skagafjarðar ok út til móts við Hjalta-sonu. Hann var ódældarmaðr, ok ekki var hann vinsæll; meiri ok sterkari, enn flestir menn ótrúr og undirhyggjufullr. Þórhallr hét maðr. Hann bjó á Miklabæ í Óslandshlíð. Ólof hét kona hans. Hon var væn kona, ok hinn mesti skörungr. Þórhallr var vellauðigr at fé; engi var hann kempa kallaðr ok heldr hræddr, ok at öllu hit mesta litilmenni. Hann var hælinn ok hinn mesti skrumari, ok þóttist flest ráð

kunna. Ólof húsfreyja hans var Hrolleifsdóttir, þess er nam Hrolleifsdal upp af Sléttahlíð. Hon var fyrir þeim um alla hluti. Hafði hon verit gefin honum til fjár. Hon var ung, enn Þórhallr við aldr. Hon var læknir góðr. Kálfr hét bóndi einn í Hjaltadal. Hann bjó á Kálfsstöðum. Hann var mikilhæfr bóndi.

10. Nú er þar til at taka at Ósi, er Skeggi hefir heygja látið Orm, frænda sinn. Hann sendir mann norðr til Indriða, féлага Orms, at segja honum vígit; biðr hann búast norðan, ef hann vill nökkut leita til hefnda eftir féлага sinn; því at hann hafði svarizt í fóstbræðralag við Orm, áðr þeir fóru til Íslands. Indriði brá við skjótt ok tók vápn sín. Hann hafði hjálm ok skjöld rauðan, mikit krókaspjót í hendi, gyrðr bitrlegu sverði. Honum fylgdu tveir austmenn ok aðrir tveir íslenzkir menn. Indriði reið frá skipi, þá er hann var búinn. Nú er þar til að taka, er þeir Þórðr ok Skeggi skildu at Ósi, at Eiðr talaði við Þórð: „Þat vilda ek fóstri minn, at þú riðir af heraðinu fyrst, en ek man annast um bú þitt, meðan þú ert á braut“. Þórðr segir: „Þú skalt ráða; enn ekki er mér mikit um að flýja bólstað minn“. „Svá hlýtr nú at vera at sinni“, sagði Eiðr, „því at eigi kenni ek kapp föður míns, ef þér dugir at sitja samtýnis við hann við svá búit“. Síðan bjóst Þórðr at heiman. Hann tók vápn

sín, skjöld ok hjálm, sverð ok spjót. Bræðr hans buðust til ferðar með honum. „Eigi vil ek þat“, sagði Þórðr, „því at ek vil ykkur í engi vandræði leiða með mér; enn hafið áðr í engum vígaferlum staðit með mér; ok haldið kyrru fyrir með fóstura mínum, þar til fleira verður til tíðenda“. Síðan sté hann á bak ok bað alla heimamenn vel lifa. Síðan reið hann upp á háls til Línakradals ok eiun maðr með honum til leiðsagnar. Hann léttir eigi fyrr leið, enn hann kemr út í Langadal til Engihlíðar síð um kveldit. Hann hafði grímu yfir hjálminum ok duldist. Synir Þorvalds þóttust kenna hann ok sögðu föður sínum. „Ok ef hann er, man tíðendum gegna, er hann ferr huldu höfði um heraðit“. Bóndi spurði hinn mikla mann at nafni. Hann sagðist Þórðr heita. „Ok ertu Þórðr hræða?“ Hann segir: „Kalla máttu svá, ef þú vilt; sá er maðriun“. Bóndi segir: „Hverju gegnir um ferðir þínar?“ Þórðr segir vígit Orms ok allan tilganginn, ok kvað vísu:

(3) Fátt kann ek fleygi hrotta,
 fegring um vák, segja;
 áðr vildi sá öldu
 ósæma Gná ljósa.
 Því varð ek bráðr, at brúði
 blakkrennir nam spenna
 vágs; enn vildi eigi
 Vár unna blikis dára.

Þorvaldr sagði: „Mikil tíðendi segir þú, víg

Orms, frænda Skeggja, ok munu margir frændr eftirsjá veita með Skeggja“. Þórðr kvað vísu:

- (4) Veitk at eftir ýti
ormreitar munu leita
frændr, ok vilja vendi
vápndöggvar mik höggva.
Eigi veitk, þót ýti
egg reiði fram Skeggi
ríkr, hvárt ek renn frá leiki
reinarelds fyr einum.

Þorvaldr segir: „Eigi er þat ok víst; eða hvert ætlar þú nú at riða?“ Þórðr svarar: „Norðr ætla ek fyrst til skips, er uppi stendr í Kolbeinsárósi, hvat sem þá legst fyrir“. Þorvaldr bauð honum Einarr son sinn til fylgdar, því at Þórði váru leiðir ókunnigar; skyldi hann fylgja honum norðr ór Vatnsskarði, þar til sem leiðir skildust. Þórðr þakkaði honum, ok dró fingurgull af hendi sér ok gaf Þorvaldi. Bóndi þakkaði, ok bað hann sín vitja, ef honum líkaði. „Segir mér svá hugr, at þú munir í þessarri ferð verða reyndr um vápnfimi ok karlmensku; mantu svá eiga við at sjá, at Özurr frændi Orms man sitja um líf þitt, þá hann fréttir; því at hann er höfðingi mikill ok ódeildarmaðr“. Þórðr kvað þat fram koma um sinn hag, sem lagit yrði — „ok er ekki mark at mínum ættarfylgjum, ef eigi týna nökkurir frændr Orms fyrir mér lífi, áðr enn ek lýk nösum; enn vel ferr þér, bóndi, ok haf þökk

fyrir; man ek þiggja þína vináttu, ef ek þarf til at taka“. Síðan reið Þórðr á braut ok Einarr með honum; skildu þeir Þorvaldr með vináttu. Þeir ríða upp eftir Langadal ok norðr Vatnsskarð. Ok er þeir kómu norðr ór skarðinu, skildi þá á um leiðir; vildi Þórðr ríða um Grindarhóla, ok hann réð. Þeir ríðu til Arnarstapa ok áðu þar. Þórðr kvað sér svefnhöfugt, ok kvað sækja at sér ófriðarfylgjur.

11. Nú er þar til at taka, er Indriði fréttir víg Orms féлага síns. Hann reið frá skipi ok með honum fjórir menn: tveir norrænir; hét annarr Sigurðr, enn annarr Þorgrímr; þeir váru hinir víglegustu menn. Aðrir tveir váru íslenzkir menn; hét annarr Bárðr, enn annarr Þorfinnr, miklir menn ok sterkir. Þeir váru vel vápnaðir. Þeir ríðu sem leið liggr upp eftir Skagafirði til Vatnsskarðs þenna hinn sama dag sem Þórðr reið um skarðit. Nú sjá þeir Þórðr reið fim manna með vápnum. Þórðr spurði förunaut sinn, hverja hann kendi þar ríða. Hann sagði: „Eigi kann ek mann at kenna, ef þat er eigi Indriði stýrimaðr, fóstbróðir Orms, með rauðan skjöld ok allmikit krókaspjót í hendi“. Þórðr svarar: „Vera má svá, at Indriði vili hafa minn fund. Eða hvers liðs á ek þar ván sem þú ert?“ Hann sagði: „Eigi er ek vígamaðr, ok eigi má ek mannsblóð sjá; ok er þat ilt at vita, ef þú skalt

látast fyrir þeim“. Þórðr kvað eigi víst, — „hverr skipstjórnarmaðr man vera í kveld at skipi Indriða“. Eftir þetta býst Þórðr til varnar; enn mein kvað Þórðr þat, at félagi hans var huglauss, ok kvað vísu:

- (5) Eigi skal ek fyr ýti flýja
undalogs at þessum fundi
— gegnir skulu þat fleygjendr fregna
flæðabáls — á þessum hálsi;
heldr ætla ek hjálmi faldinn
hrottasöng at fremja löngum,
eikikráks þót at mér sæki
ýtar at þessi vápnamessu.

Ok er þeir fundust, frétti Indriði hvat Orm dveldi. Þórðr segir, ok kvað Orm hafa keypta sér staðfestu á Miðfjarðarnesi. Síðan sagði hann honum vígit — „ok hefndu hans nú; því at ekki mantu í betra færi komast við mik enn nú“. Indriði kvað svá vera skyldu. Síðan sækja þeir allir at honum. Sigurðr austmaðr leggr til Þórðar með spjóti, ok kom í skjöldinn ok rendi út af ok niðr í völlinn. Hann laut eftir laginu. Ok er Þórðr sá þat, hjó hann til hans; kom þat á Sigurð miðjan, ok tók í sundr fyrir ofan mjaðmirnar. Í þessu hjó Þorfinnr til Þórðar, ok kom í skjöldinn, ok sneið af mikinn mána af skildinum. Þórðr hjó á fótinn Þorfinni fyrir ofan kné ok tók af fótinn. Þórðr bað Indriða betr at sækja — „ef þú vilt hefna félaga þíns“. Indriði hleypr at

Þórði ok veitir honum mikla atsókn. Þeir sóttust lengi; enn svá lauk, at Indriði fell fyrir Þórði, ok flakti allr í sundr af sárum. Þá hljóp Þórðr at förunautum Indriða, ok var eigi langt þeira vápnaviðskifti áðr Þórðr drap þá báða. Eftir þetta settist Þórðr niðr ok batt sár sín, því at hann hafði fengit mörg sár ok stór. Hann gengr at Indriða ok spurði, ef hann myndi vera græðandi. Hann segir: „Þess þykki mér ván, ef læknað koma til“. Þá tók Þórðr til Indriða ok kipti honum ór blóði, ok lætr hann á bak hesti sínum. Eftir þat tekr Þórðr hest sinn ok riðr vestr í Bólstaðarhlíð ok segir þar tíðendin. Síðan reid hann með Indriða í Engihlíð. Þorvaldr fagnar vel Þórði, ok býðr honum allan þann greiða, sem hann vill þiggja, ok spyrr tíðenda. Hann segir bardagann at Arnarstapa ok fim manna lát — „enn því er ek hér kominn, at ek vilda, at þú græddir Indriða; því at aldri fær vaskara mann“. Þorvaldr kvað þat skylt vera. Tók hann við Indriða, ok bjó honum kerlaug ok fægði sár hans, ok hafði hann engi banvænleg sár. Þorvaldr býðr Þórði lækning. Hann kveðst eigi þat vilja — „man ek norðr leita á landit, hvat sem fyrir verðr“. Indriði tók til orða: „Nú er svá komit, sem þér megið vita, at ek hefi leitat til hefnda við Þórð eftir Orm; enn því skifti svá til, at fellu fyrir Þórði fjórir mínir félagar,

enn ek sárr til ólífis; ok fór þat sem ván var með okkr Þórði, því at hann er engum manni líkr um vápnfimi. Nú er ráð mitt, Þórðr, at þú riðir norðr til skips míns, ok bið mín þar. Ólof heitir húsfreyja á Miklabæ. Hon er kven-skörungr ok hinn beztu læknir; beið hana við-töku, þar til sem ek kem norðr, ok lækningar. Özurr heitir bóndi, er býr at Þverá í Skaga-firði. Hann er frændi Orms, er þú vátt. Hann man sitja um líf þitt“. Þórðr bað hann hafa þökk fyrir tillögin — „enn fara man ek ferða minna fyrir Özuri, sem ek hefi ætlat“. Eftir þetta reið Þórðr norðr yfir Skarð til Skaga-fjarðar ok alt til skips. Hann kom til Mikla-bæjar síð um kveldit, ok fann bónda ok spurði bóndi hann at nafni. Þórðr nefndi sik. Þór-hallr segir: „Heyrt hefi ek þín getit oft. Hvat heldr þik til hérkvámu?“ Hann sagði honum fundinn þeira Indriða ok vígin, ok kvað vísu:

- (6) Háðak víst í viðu
 Vatnsakarði sókn harða;
 þar lét ek fjóra fjörvi
 fleinsýnendr týna;
 enn Indriði unninn
 ítr varð í byr rítar;
 þeim gafk líf, er Leifa
 láðdýri kann stýra.

Þórhallr kvað hann mikinn afbragðsmann — „ok lízt mér svá, sem þú munir vera sárr mjök“. Þórðr kvað ekki mikit bragð at því,

enn lézt þó hafa skeinur nökkurar. Í þessu kom húsfreyja út. Hon mælti: „Hverr er þessi hinn mikli maðr, er hér er kominn?“ Þórðr segir til sín. Hon kveðst heyrð hafa hans getit jafnan, ok bað hann af baki stiga ok dveljast þar náttlangt. Þórðr bað húsfreyju hafa þökk fyrir. Þórhallr mælti: „Vandhæfi þykki mér á viðtöku þessa manns; ratat í mikil vandræði í vígaferlum, enn maðrinn mjök sárr ok þarf lækningar; eru ok miklir menn til eftirsóknar og hefnda eftir Orm; þykki mér svá, sem sá muni hvártki sjá fyrir fé eða fjörvi, sem honum veitir nökkura hjálp“. Þá segir húsfreyja: „Eigi lízt okkr þetta einn veg; þykki mér, sem sá muni betr hafa, er honum veitir nökkura hjálp; vil ek bjóða þér, Þórðr, at vera hér svá lengi, sem þú vilt, ok at binda sár þín ok græða þik, ef þess verðr auðit“. Þórðr þakk-aði henni, ok kveðst þetta þiggja mundu, ef bóndi samþykkir. Þórhallr sagði nú enn fara — „sem vant er, at þú mant vilja ráða; man ek heita Þórði, at vera honum trúr í öllum hlutum; má ek halda tungu minni um hérvist Þórðar“. Síðan sté Þórðr af baki, ok fylgdi húsfreyja honum í eitt útibúr, enn bóndi tók af hesti hans. Húsfreyja setti borð fyrir Þórð, ok fór hann til matar. Eftir þat bjó hon honum kerlaug ok fægði sár hans; hafði hann mörg sár ok stór. Þórðr var á Miklabæ á laun,

þar til sem hann var heill orðinn allra sára sinna. Þá talaði Þórðr við Þórhall bónda ok húsfreyju: „Svá er nú komit, at ek er heill orðinn sára minna, ok vil ek ekki lengr fara huldu höfði, eða vera hér lengr enn ykkr hjónum líkar vel“. Húsfreyja segir: „Þat er minn vili, at þú sér hér, þar til sem einnhvern veg slítr ór málum þessum“. Þórhallr segir: „Þat vil ek, at Þórðr sé hér í vetr; enn þó er mér sagt, at Özurr at Þverá muni ætla at sjá eftir hefndum við þik“. Þórðr kveðst eigi þat hirða; má þat eigi víst vita, hvárr hellum hleðr at höfði öðrum“. Einn dag reið Þórðr til skips; var þat lagit út undir Elínarhólm. Ok í þann tíma kom Indriði til skips. Höfðu hásetar búit skipit meðan Indriði var í Engihlíð. Indriði bauð Þórði at fara utan með sér; enn ekki kveðst hann mega austr halda fyrir frændum Orms, er bæði váru margir ok ríkir — „enn sætzt hefi ek um víg öll fyrir þína hönd, þau sem urðu á fundi okkrum; hefi ek bætt þau mínum penningum“. Þórðr þakkaði honum alt þetta, ok dró gullhring af hendi sér ok gaf honum; enn ekki lézt hann utan fara at sinni. Eftir þetta skildu þeir með vináttu; ok fór Indriði utan, ok er hann ór sögunni. Þórðr reið á Miklabæ. Þórhallr tók allvel Þórði, ok kvað þat vel, at hann fór eigi utan — „hefir þú hér dvalizt um hrið,

ok líkar mér vel við þik; veit ek ok, at húsfreyja vill, at þú sér hér þeim stundum, sem þú vilt; er ek ok maðr barnlauss; ok er gott, at gera slíka menn sér at vinum ok styrkja þá með penningum, þótt í nökkut falli; vantar mik hvártki hug né vit til ráðagerða, ef Özurr slæst á fjandskap við þik“. Þórðr tók vel undir þetta. Þá segir húsfreyja: „Eigi vilda ek, Þórðr, at þú tryðir mjök á vísdóm Þórhalls né brautargengi; enn vel ætla ek, at þú reynir um sinnsakir, ef þú þarft til at taka, um garpskap Þórhalls“. Þórðr dvelst með Þórhalli um vetrinn.

12. Ketill hét bóndi. Hann bjó inn frá Óslandi. Hann hafði gefit Þórði hest góðan, er Sviðgrímr hét; við hann eru kendir Sviðgrímshólar. Kálfr bóndi á Kálfstöðum bauð þeim Þórði ok Þórhalli til jólaveizlu. Þat þektist Þórðr. Enn áðr þeir riðu heiman, mælti húsfreyja við Þórð: „Þat vilda ek, at þú færir varlega; því at Özurr at Þverá sitr um líf þitt; hann hefir heitazt, at hefna Orms frænda síns“. Þá sagði Þórhallr: „Ætla þú til þess, húsfreyja, at vér erum eigi uppgefnir, hvártki í ráðagerðum né harðfengi, þó at reyna þurfi, þó nökkurr liðsmunr sé, eigi allítill“. Húsfreyja sagði: „Þrifist aldri þitt hól. Ræð ek þér, Þórðr, at þú treystir ekki á harðfengi Þórhalls“. Þórðr segir: „Vel man gefast“.

Síðan riða þeir á Kálfsstaði, ok er þeim þar vel fagnat; var þar veizla góð um jólin. Nú er at segja frá Özuri at Þverá, at hann heldr njósnum til um ferð Þórðar, þá hann ferr frá jólaveizlunni. Safnar hann at sér mönnum, ok riðr heiman við hinn nítjándá mann um nóttina fyrir affaradag jólanna út til Hjaltadals, ok nam staðar nær Viðvík, þar sem heitir Garðshvammr, skamt frá bænum í Viðvík. Snemma um morguninn eftir jól bað Þórðr menn búast til heimferðar, ok kvað mart hafa fyrir sik borit um nóttina. Kálfr bóndi spurði, hvat hann hafði dreymt. „Þat dreymdi mik“, segir hann, „at mér þótti vér félagar riða upp eftir Hjaltadal; ok er vér komum nær Viðvík, þá hlupu upp fyrir oss átján vargar; einn var miklu mestr, ok hljóp at mér með gapanda munninn, ok réð á mik ok mína menn; þótti mér þeir bita menn mína til bana. Ek þóttumst drepa marga vargana, ok hinn mesta varginn þóttumst ek særa; ok þá vaknaða ek“. Kálfr bóndi kvað vera ófriðvænlegt,— „ok eru þetta manna hugir“, ok bauð honum at sitja þar um daginn, ok láta njósna ofan til Viðvíkr. Þórðr vildi þat eigi. „Þá vil ek“, sagði Kálfr, „fá þér menn fleiri, at fylla flokk þinn“. Þórðr segir: „Eigi skal þat spyrjast, at Þórðr hræða hræðist eina saman drauma, ok fyrir þat auki hann fjölmenni, at hann þori eigi fyrir þeim sökum

um herað at fara“. Þeir ríða nú frá Kálfsstöðum sjau saman, Þórðr ok Þórhallr ok heimamenn þeira fim. Kálfr bóndi fekk til fylgdar við Þórð húskarl sinn, er Hallr hét, sterkr maðr. Eyvindr hét bóndi, er bjó í Ási í Hjaltadal. Hann hafði verit á Kálfsstöðum um jólin. Hann hafði gefit Þórði spjót gullrekit, ok heitit honum sínu liði, hvar sem Þórðr þyrfti manna við. Eyvindr fór með Þórði. Þeir fóru ofan eftir dalnum, ok eigi langt, áðr maðr kom í mót þeim, er Kálfr hafði gert á njósn, ok sagði þeim, at eigi færri menn myndi sitja fyrir þeim enn átján niðr í Garðshvammi. Þórhallr spurði, hverir þeir væri. Hann kvað Özur frá Þverá vera formanninn. Þórðr sagði þá kost á at reyna hvatleik manna ok vápnfimi. Þórhallr segir: „Þat er ekki ráð, at halda til fundar við þá við slíkan liðsmun; ok man ek gefa til annat ráð“. „Hvert er þat?“ segir Þórðr. Þórhallr segir: „Vér skulum snúa hér yfir í tunguna, ok svá í Kolbeinsdal ok svá heim, at ekki verði þeir varir við oss“. Þórðr segir: „Lítill þykki mér liðsmunr, þó þeir sé átján, enn vér níu; veit ek oft mönnum vel hafa vegnat við slíkan liðsmun; ok eigi myndi Hörða-Kári láta eltast, frændi minn, þó nökkuru meiri liðsmunr væri; man ek eigi minna hafa af honum eða öðrum göfgum frændum mínum, enn renna eigi at öllu óreyndu. Nú vil ek fara ok

finna Özur, hversu sem gengr; enn þú, Þórhallr, skalt ekki vera á þessum fundi; vil ek ekki launa svá húsfreyju þinni ykkar velgerning, at hafa þik í nökkrum lífsháska“. Þórhallr bað hann ráða — „enn mæla munu þat óvinirmínir, at ek skiljumst ódregilega við þik“. Þórðr bað ok Eyvind heim riða. Hann sagði: „Illa helda ek þá félagsskap við góðan dreng, ef ek skylda þá renna frá þér, er þú þyrftir helzt manna við; skal þat ok aldri verða, at mik hendi þá skömm“. Síðan fara þeir þar til er þeir sá fyrirsát Özurar. Þórðr mælti: „Vér skulum snúa hér upp á brekkuna hjá oss; þar er vígi gott“. Þeir gera svá, ok brjóta þar upp grjót. Ok er þeir Özurr sjá þat, hlaupa þeir upp at brekkunni. Þórðr spurði: „Hverir eru þessir, er svá láta ófriðlega?“ Özurr nefndi sik — „eða er Þórðr hræða þar á hólnum?“ Hann svaraði: „Sá er maðrinn; ok er þér nú ráð, at hefna Orms, frænda þíns, ef nökkur er dáð með yðr; því at nógan hafð þér liðsmun“. Özurr bað sína menn at sækja. Tókst þar harðr bardagi. Þórðr varð skjótt mannsbani. Báru þeir Þórðr grjót á þá Özur, enn þeir hlífðu sér með skjöldum. Létust þá nokkurir menn af Özuri meðan grjótit vanst. Síðan hlupu þeir Þórðr ofan af brekkunni; tókst þá mannfallit. Sá maðr hjó til Þórðar, er Örn hét, ok kom í lærit, er hann horfði undan, því at sá maðr sótti

at honum framan, er Hafþórr hét, frændi Özurar, ok er Þórðr fekk lagit, brást hann ok hjó til hins annarri hendi með sverðinu, ok kom á hann miðjan, ok tók í sundr í miðju. Hann hjó annat högg til Hafþórs, ok kom á öxlina; klauf hann niðr frá síðunni höndina, ok fell hann dauðr til jarðar. Nú hefir Þórðr drepit þrjá menn. Þetta sér Özurr, ok biðr þá sína menn at sækja. Hann sækir nú at Þórði, ok með honum fim menn, enn aðrir sóttu at mönnum Þórðar. Enn svá líkr þessum fundi, at Þórðr varð sex manna bani, enn særði Özur, svá at hana var óvígr. Níu menn létust af Özuri, enn fim af Þórði. Eftir fundinn gekk Þórðr at Özuri, ok kipti honum ór blóði, ok skaut yfir hann skildi, svá eigi rífi hann hrafnar; því at hann mátti sér enga hjálp veita. Allir flúðu undan menn Özurar. Eigi váru menn Þórðar færir til eftirferðar; því at engi kom ósárr af fundi þessum. Þórðr bauð Özuri at láta græða hann. „Eigi þarftu at bjóða mér lækning“, segir Özur; „því at jafnskjótt skal ek drepa þik, sem ek komust í færi við þik“. Þórðr kveðst ekki at því fara, ok sendi Þórhall yfir í Ás, til Þorgríms, er þar bjó, at hann sækti Özur ok græddi hann. Hann gerði svá, ok flutti hann heim; lá hann lengi í sárum, ok varð heill um síðir. Dysjar váru gervar at líkum þeira manna, er þar fellu. Eftir fundinn

í Garðshvammi fór Þórðr heim með Þórhalli; hafði hann fengit mörg sár, enn engi banvæn. Ólof spurði Þórð at fundinum. Hann kvað vísu:

(7) Fellu í fleina sköllum
fimtán víðir mána
lenda leifnis grundar
lungs báru, enn sjau sárir.
Þar vá ek sex — enn særða
sigrhuggna þar duggu;
Özurr hêt sá ýtir
eldbands Þrumu sanda.

„Þetta er mikil tíðendi“, sagði hon. Húsfreyja græddi Þórð. Líðr af vetrinn, svá ekki bar til tíðenda.

13. Um várit reið Þórðr upp í herað; því at bóndi sá er Þorgrímr hét hafði sent honum orð, at smíða skála sinn; því at Þórðr var manna hogastr. Þorgrímr bjó í Flatatungu. Þat er ofarlega í Skagafirði. Þórðr er at skála-smíðinni um sumarit. Ok er mjök var algerr skálinn, kom skip af hafi at Gásum í Eyjafirði. Þórðr segir bónda, at hann vill ríða til skips, ok kaupa þá víðu, er honum þótti mest þurfa. Bóndi biðr hann ráða, ok fær honum þrjá hús-karla, at flytja heim víðinn: Síðan fara þeir norðr, ok eru í kaupstefnu þá stund, er þeir þurfa, ok bera norðan við á mörgum hestum. Þórðr ríðr jafnfram þeim. Hann hafði alvæpni: hjálm ok skjöld, gyrðr sverði, ok spjót hit góða. Þeir ríðu Hörgárdalsheiði, ok ofan eftir Norðr-árdal, svá yfir á fyrir framan Egilsá ok ofan

eftir eyrunum. Þá sjá þeir tólf menn spretta upp fyrir sér með vápnum. Þar var kominn Özurr frá Þverá. Þórðr hleypr þegar af baki, ok setr fyrir sik skjöldinn. Förunautar hans verða við hit vasklegasta, ok stíga af baki, ok bregða vápnum sínum. Þórðr bað þá hafa sik í engri hættu. Þeir báðu þann aldri þrifast, er stæði hjá, er hann þyrfti manna við. Þá mælti Þórðr við Özur: „Eigi ertu enn horfinn í fyrirsátunum við mik; þætti mér, sem þér myndi minnissamr fundr okkarr; mantu nú eigi fara betrum förum enn næst, áðr vit skiljum“. Özurr svaraði: „Þat sagða ek þér, at ek skylda þér aldri trúr, ef ek lifnaða; ok þat skal ek efna. Sækjum nú at honum, ok njótum nú liðsmunar“. Þórðr segir: „Eigi er ek enn uppgefinn; þykki mér eigi víst, hvat þér myndið á vinna, þótt ek væra einn, enn nú hálfu síðr, er þessir menn fylgja mér“. Síðan rann Þórðr fram at Özuri, ok lagði spjótinu í gegnum þann mann, sem fremstr stóð. Þórðr mælti: „Fell þar nú einn, ok er eigi öðrum at firr“. Þeir sækja nú at Þórði Özurr, ok með honum sex menn, enn förunautar Özurar fjórir sóttu þrjá féлага Þórðar; lýkr þar svá, at þar falla hvárirtveggja. Enn frá þeim Þórði ok Özuri er þat at segja, at Þórðr drepr fjóra menn af Özuri, enn særði hann mörgum sárum. Nú er þar til að taka, er smalamaðr Þorgríms bónda

sér fundinn af hálsinum, ok þykkist vita, hverir mennirnir munu vera; veit ok, at Þórðr þarf manna við. Hleypr hann heim í Flatatungu, ok sagði bónda fundinn, ok biðr hann skunda at veita lið Þórði. Bóndi bregðr við skjótt, ok riðr upp á eyrarnar við hinn tíunda mann. Ok er Özurr sér mannaferðina, skundar hann til hests síns, ok kemst á bak við illan leik, ok riðr undan sem mest getr hann, unz hann kemr heim til Þverár, ok unír illa við sína ferð; látit menn sína, enn er sjálfr sárr mjök. Þrír menn létust af Þórði; váru þeir dysjaðir í hólunum, sem fundrinn var. Þorgrímr bóndi spurði Þórð at tíðendum. Hann kvað vísu:

- (8) Tólf vildu mér moldar
meiðendr bana seiða
veita vafðra brauta;
vann ek þeim skaða sannan.
Sendak sjau með skunda
sækjendr vápnalækjar
ells til ítrar hallar
Óðins með brynglóðu.

Þórðr var nú í Flatatungu, og lauk við skála-smíðina; var þat furðusterkt hús. Stóð sá skáli alt til þess, er Egill biskup var at Hólum. Ok er Þórðr vill á braut fara, fylgir Þorgrímr bóndi honum við hinn tíunda mann, ok riða ofan eftir Skagafirði. Ok er Özurr sá ferð þeira, þóttist hann eigi hafa mannafla, at riða eftir þeim. Riða þeir leið sína, unz þeir koma

á Miklabæ í Óslandshlíð; tekr Þórhallr vel við Þórði, enn húsfreyja betr. Þorgrímur bóndi reið heim, ok skildu þeir Þórðr góðir vinir. Þórðr verðr nú frægr mjök víða um landit. Þetta fréttir Miðfjarðar-Skeggi, ok lætr, sem hann viti eigi, hvat fram ferr með Özuri, frænda hans, ok Þórði. Sitr Þórðr um kyrt framan mjök til jóla. Þat var einn morgin fyrir jól, at Þórðr vildi fara at sjá hest sinn, Sviðgrím. Hann stóð með fjórum hrossum. Þórhallr bað Þórð bíða ok fara þrimr náttum síðar — „því at ek vilda færa hey mín ór stakkgörðum“. Þórðr bað hann ráða — „enn ekki kemr mér á óvart, at vér munum mönnum eiga at mæta“. Þórhallr kvað þá eigi uppgefna, þótt nökkurr liðsmunr sé. Þórðr brosti að orðum hans, ok mælti: „Svá man vera, ef þú stendr á aðra hönd mér“. Húsfreyja mælti: „Aldri þrífist þitt hól; þótti mér sem Þórði yrði lítit lið að þér á þeim fundi, sem þú vart á; ok er sú kona í la gefin, er þik á; því at þú ert bæði hælinn ok huglauss“. Þórðr segir: „Ekki er þat svá at skilja. Þórhallr er engi áhlaupamaðr ok forsjáll, enn man vera hinn vápndjarfasti, ef reyna skal“. Þórhallr segir: „Ekki þarftu, húsfreyja, at vera svá harðorð; því at ekki ætla ek mér á hæl at hopa fyrir einshverjum, ef vit erum jafnbúnir til“. Skildu þau nú talit. Við tal þeira var staddr einn umrenningr. Hann kast-

ar fótum undir sik, ok kemr um kveldit til Þverár. Özurr spurði hann tíðenda, eða hvaðan hann væri at kominn. Hann kveðst engi kunna tíðendi at segja — „enn á Miklabæ í Óslandshlíð var ek í nátt“. Özurr segir: „Hvat hafðist Þórðr hræða at, kappinn?“ Sveinninn segir: „Víst máttu þat til segja, at hann sé kappi, svá sneypilega sem þú hefir fyrir honum farit; enn ekki sá ek hann gera, utan hann hnauð höggró á sverði sínu. Enn þat heyrða ek Þórhall segja, at þeir myndi færa hey ór gördum innan þriggja náttu“. Özurr segir: „Hversu margmennir mundu þeir vera?“ Sveinninn svarar: „Eigi fleiri enn Þórðr ok Eyvindr ok Þórhallr“. „Vel segir þú, sveinn“, segir Özurr. Síðan kvaddi hann til ferðar með sér tólf menn, og reið út í Óslandshlíð. Þenna sama morgin ríða þeir Þórðr heiman ok Eyvindr ok Þórhallr. Þórðr bað Eyvindr hafa vápni sín; kvað því ekki of aukit. Hann gerði svá. Þeir ríða út í Sviðgrímshóla. Þá mælti Þórðr: „Þat vil ek, Þórhallr, at þú sér hér eftir; enn vit Eyvindr, skulum leita hrossanna upp á hálsinn“. Þórhallr bað hann ráða. Þeir gengu upp í hlíðina. Snjór var í hlíðinni ok harðfenni víða. Özurr kemr at garðinum, ok þeir tólf saman, ok slá hring um Þórhall, ok brugðu vápnum sínum, ok báðu mannfýluna segja til Þórðar. Þórhallr varð ógurlega

hræddr, ok heyktist niðr undir garðinn, ok kvað Þórð genginn upp í hlíðina við annan mann. Özurr mælti: „Ítt er at eiga þræl at einka vin“, ok laust hann öxarhamarshögg, svá (at) hann lá í svíma. Síðan runnu þeir upp í hlíðina. Þá mælti Þórðr við Eyvind: „Menn koma neðan í hlíðina, ok kenni ek þá gerla; þar er Özurr kominn, ok vill enn hafa minn fund. Nú skulu vit leitast at komast á Skeggjahamar ok þaðan í Sviðgrímshóla; þar er vígi gott“. Eyvindr svarar: „Vel megu vit komast á hamarinn“. Þeir hlaupa nú á hamarinn. Í því koma þeir Özurr at. Þórðr gengr á fram-anverðan hamarinn. Skafli var lagðr af hamrinum niðr á jöfnu ok ákaflega brattr; var þar hin mesta mannhætta ofan at fara. Síðan settu þeir spjótin í milli fóta sér, ok riðu svá ofan af hamrinum alt niðr á jöfnu; kómust þeir nú á Sviðgrímshóla. Bar þá Özurr nú skjótt at. Þórðr mælti: „Mikit kapp leggr þú á at hafa líf mitt, Özurr; væri þat ok eigi illa, at þú fyndir sjálfan þig fyrir; skulu vit ok eigi báðir af þessum fundi með fjörvi braut komast“. Özurr kveðst þat ok ætlat hafa, að Þórðr skyldi eigi lengr undan draga. Sækja þeir nú at þeim Þórði ok Eyvindi. Þórðr skaut spjóti til Özurar; ok í því hljóp einn hans maðr fram fyrir hann, og flaug spjótit í gegnum hann. Einn maðr hjó til Þórðar. Hann brá við skildinum,

ok kom þar í höggit, ok varð hann ekki sárr. Þórðr hjó til þessa manns, og veitti honum banasár. Hann hjó þegar annan; þat högg kom á hálsinn ok rendi niðr í brjóstit; fell hann dauðr á jörð. Hinn þriðja lagði hann í gegn með sverðinu. Eyvindr drap hinn fjórða. Sótti Özurr nú at í ákafa; fellu þá enn tveir menn hans. Þá bárust og sár á Eyvind; mæddi hann þá blóðrás, ok settist hann þá niðr, ok var ákaflega móðr. Sóttu þeir þá sex at Þórði; varðist hann svá, að þeir kómu engu sári á hann. Þórðr mælti þá til Özurar: „Illa sækist yðr sex. Hvat ek vilda síðr, enn þykkjast vera formaðr þessara manna, enn hafa þá at skildi einum í dag; ok er nú hitt ráð, at sækja ok hefna Orms, frænda þíns, ok allra þeira svaðilferða, er þú hefir fyrir mér farit“. Özurr verðr nú reiðr mjök við alt saman: skapraunarorð Þórðar, ok þá heift, sem hann hafði á honum; hleypr nú at honum, ok höggr tveim höndum til hans. Þat kom í skjöldinn, og rendi niðr í skjöldinn, svá aftók mána mikinn. Í því hjó Þórðr til Özurar, ok kom þat högg undir hina vinstri höndina, ok rendi niður með hrygnum, svá hann leysti frá ok rifin; hljóp sverðit þar á hol; fell hann þegar dauðr niðr. Enn þeir förunautar Özurar, sem eftir lifðu, runnu undan, ok sögðu víg Özurar. Þórðr lét flytja Eyvind heim, og var hann mjök sárr, ok lá lengi í sárum, ok varð heill. Haugr

var orpinn eftir Özur. Þórðr sagði víg Özurar á Miklabæ, ok kvað vísu:

- (9) Enn hefík sex, hin sviana
 — sveillr móðr af því — þella
 goldit gálgavaldi,
 gullbaugs jöru drauga,
 Grund, létk Özurr öndu,
 armssýnar, þar týna;
 lundr var lóns enn sjaundi
 láðfells veginn, þella.

Illá líkaði Ólofu við Þórhall, er hann hafði sagt til Þórðar; ok var við sjálfst búit. at hon myndi skilja við hann fyrir þessum sökum. Þórðr átti jafnan hlut at með þeim, at betr færi, ok kvað várkunn, at hann leysti líf sitt, ok kvað einskis ils örvænt fyrir Özuri. Líðr nú svá fram um jólin, at ekki bar til tíðenda. Sitr Þórðr nú um kyrt.

14. Þar er frá at segja, at Miðfjarðar-Skeggi frétti norðan fall Özurar frænda síns; þykkir Þórðr nær sér höggvit hafa, ok fylvist upp við hann mikillar reiði; berr þat þó upp fyrir engum manni; því at hann vildi eigi, at Eiðr son hans ok bræðr Þórðar hefði nökkurn grun af hans ráðagerðum fyrr enn framkæmi. Hann lætr setja inn tólf hesta sína á laun, ok ætlar at riða at Þórði þegar eftir jólin. Ríðr hann nú leynilega heiman frá Reykjum við hinn tólfta mann. Hann reið norðr Vatnsskarð, ofan um Hegranes, svá út með bygð um náttina, ok

koma nökkuru fyrir dag til Miklabæjar. Tunglsljós var mikit. Þeir drepa högg á dyrr. Maðr gekk til hurðar. Hann spurði, hverir komnir væri. Skeggi sagði til sín, ok spurði, hvárt Þórðr hræða væri þar. Maðrinn svarar: „Hvat viltu honum?“ Hann sagði: „Spyr þú hann, hvárt hann vill úti eða inni þola högg undir Sköfnungi“. Og er inn kom sögnin, hver erendi hans váru, stendr Þórðr upp, ok tók vápn sín. Þá mælti Ólof húsfreyja: „Standi menn upp ok vápnist, ok verið góðan dreng; því at hér er mart röskra manna fyrir, ok látið illa verða för Skeggja hingat“. Þá svaraði Þórhallr: „Þat fyrirbýð ek heimamönnum mínum öllum, at veita Skeggja mótgang, ok geri sik eigi at hýbýlaskömm við utanheraðshöfðingja“. Húsfreyja segir: „Löngu vissa ek, at þú vart ónýtr til vápns, enda dáðlauss til drengskapar“. Þórðr mælti: „Bóndi á hýbýlum at ráða, húsfreyja“, ok gekk út í dyrnar. Skeggi bað hann út ganga og gefa sér höggrúm. Þórðr kvað þá visu:

- (10) Kost görík þér á þessu,
 þar þú eggjar mik, Skeggi,
 at ek skunda út undir
 eggfránan hjör seggja,
 ef færa mik fúra
 festendr þagat hesta
 Yggs, er Özur vágum —
 afrendr — fegins hendi.

„Og man ek ganga út með þeim skilmála“, segir Þórðr, „at ek fylgja þér þangat, sem ek drap Özur frænda þinn; má þér þá minnissamara verða, hvilíkt ættarhögg ek hefi höggvit þér“. Skeggi mælti: „Ekki munu bityrði þín nú veita þér lið; enn viðrkvæmilegt þykki mér, at þar fram komi hefndin“. Síðan fór Þórðr með þeim þar til, sem Özur var dysjaðr; hurfu þeir nú um hauginn. Þórðr kvað þá vísu:

(11) Nú er þér ráð at rjóða,
rikr, egg á mér, Skeggi;
ef stýrir hvárt ek heyri
heldr þá tekr at kvelda;
ok minnist svá manna
morðeggjandi tveggja,
þeira er Þundar sessa
þér nána vá ek mána.

Skeggi brá þá sverðinu, Sköfnungi, ok mælti: „Hér skal eigi öðrum at hlíta, at vega at Þórði, enn mér“. Þórðr brá sverði ok mælti: „Engi ván er þér, Skeggi, at ek standa kyrr fyrir höggum þínum, meðan ek er óbundinn“. Í þessu hleyptu at þeim átján menn, allir með brugðnum sverðum. Þar var kominn Eiðr, Eyjólfur ok Steingrímur, bræðr Þórðar. Eiðr spurði, hvárt Þórðr lifði. Þórðr sagði sér eigi nær dauða. Allir hlupu þeir af baki. Bauð Eiðr föður sínum tvá kosti, hvárn hann vildi heldr: selja Þórði grið, svá hann mætti ríða heim til Óss, ok sitja í friði, ella mundi hann veita fóstra

sínum lið ok berjast með honum. Skeggi segir: „Löngu hefða ek drepit Þórð, ef færi hefða ek til sét, ef eigi fynda ek, at þú mætir meira. Eiðr, fóstrneyti Þórðar enn frændsemi við mik“. Eiðr kvað Þórð þess alls maklegan — „hefir Þórðr þau ein víg vegit, er hann átti hendr sínar at verja, utan vígit Orms; ok var þó várkunn á“. Skeggi svaraði: „Þat er líkast, Eiðr, at þú munir verða at ráða; því at eigi man ek berjast við þik“. Eftir þetta riðr Skeggi á Miklabæ um náttina, ok gengr inn með brugðnu sverði, ok at hvílu Þórhalls, ok bað húsfreyju upp standa; kvað hana helzti lengi hafa sæmt við klækismann þann. Hon gerði svá. Hon bað Þórhalli griða. Hann kvað mannfýlu þá helzti lengi lifat hafa. Síðan tók hann í hár honum ok kipti honum fram á stokkinn, ok hjó af honum höfudit, ok mælti: „Miklu er þetta nær, at slíðra Sköfnung í þínu blóði enn Þórðar; því at honum er mikill skaði, ef hann létist, enn at þér er engi með öllu, ok launaða ek nú Sköfnungi þat, at honum var brugðit“. Skeggi riðr nú á braut ok heim til Reykja ok unir illa við sína ferð. Þeir Þórðr ok Eiðr kómu á Miklabæ í þann tíma, er Skeggi reið í braut. Ólof sagði þeim víg Þórhalls. Eiðr kvað eigi minna at ván, — „miklu var faðir minn reiðari, er vit skildum“. Ólof bað þá svá lengi sitja þar, sem þeir vildi.

Eiðr kvað henni vel fara, ok váru þar vikuok hvíldu hesta sína. Þjuggust þeir þá í braut. Þórðr gekk at Ólofu ok mælti: „Þess vil ek biðja þik, at þú giftist engum manni innan tveggja vetra, ef þú spyrst mik á lífi; því þú ert sú kvenna, at helzt myndi ástir af mér geta“. Hon svarar svá: „Þessu vil ek heita þér; því at ek vænti mér eigi framar gjaforðs, enn þvílíks“. Ríða þeir nú vestr til Miðfjarðar ok heim til Óss. Eyvindr fór með Þórði, enn setti mann fyrir bú sitt; því at hann vildi eigi við Þórð skilja, meðan hann var eigi sáttr um vígaferli sín. Nú líðr af vetrinn, ok er alt kyrt.

15. Þat er nú sagt, at skip kom af hafi í Blönduósi; þar var á Ásbjörn stýrimaðr, frændi Skeggja. Skeggi ríðr til skips, ok bíðr Ásbirni heim með sér. Fóru þeir til Reykja átján saman. Var Ásbjörn ekki kátr um vetrinn. Þórðr hræða sat heima at Ósi, ok hafði mart röskra manna með sér; var Eiðr þar við tíunda mann. Litla hríð hafði Ásbjörn verit á Reykjum, er hann sagði Skeggja, hverja ætlan hann hefði á við Þórð um málaferli; kveðst þungt þykkja, at hafa bótalaustr víg Orms, bróður síns, enn hafa nógan afla til hefnda. Skeggi kvað vandhæfi á málinu—„því at Eiðr stendr jafnan með Þórði, ok skil ek eigi, hvat drjúgast verðr um skifti vár Óssmanna“. Hættu þeir nú talinu. Þetta sama sumar kom skip í Hvítá í Borgar-

firði. Ríðu menn til kaupa norðan ór sveitum, bæði ór Miðfirði ok annarsstaðar. Þórðr hræða reið til skips við tólfta mann, ok allir vel vápn- aðir. Þar váru bræðr hans báðir, Eyjólfir ok Steingrímur. Fór þat orð af, at hann ætlaði at ríða upp eftir Borgarfirði at erendum sínum, ok sunnan Arnarvatnsheiði. Þetta fréttir Skeggi, ok býst heiman við hinn átjándan mann á laun svá Eiðr varð ekki varr við, ok ætlar at sitja fyrir Þórði, er hann ríðr sunnan. Þar var Ásbjörn í ferð. Ríða þeir norðr yfir háls í Víðidal, fyrir framan bygð alla, ok svá suðr á heiði þar sem skiljast götur, ok ofan hallar af í Víðidal. Sá maðr fór með Skeggja, er Þorbjörn hét ok kallaðr vesalingr. Hann bjó á landi Skeggja, ok hafði gerzt arfsalsmaðr hans. Hann átti auð fjár, ok tímdi hvártki at hafa sjálfr, né láta aðra hafa, ok því var hann vesalingr kallaðr. Fátt hafði hann manna hjá sér utan konu sína. Eiðr var ridinn út á Miðfjarðarnes, at annast um bú þess manns, er Þorbjörn hét ok kallaðr aumingi. Hann var arfsalsmaðr Þórðar hræðu, ok hafði hann farit með Þórði. Hann átti allra handa gangandi fé; bjó hann á utanverðu Miðfjarðarnesi; gekk sjálfala fé hans þar í skógunum. Hafði Þórðr þat af hans penningum, sem hann vildi. Eiðr var þar nökkurar nætur, ok reið síðan heim til Óss, ok fréttir nú, hvat um var at vera. Safnar hann nú

at sér mönnum, ok riðr við fimtánda mann suðr á heiði eftir föður sínum. Nú er þar til at taka, at Þórðr hræða er í kaupstefnu þvílíka stund, sem hann þurfti, ok riðr hann síðan upp eftir Borgarfirði, ok svá norðr á heiði alt þar til, er þeir sjá fyrirsátina. Þórðr mælti: „Hverja menn kenni þér hér?“ Eyjólfur segir: „Eigi veit ek það gerla, enn Skeggja þætti mér líkast“. Þórðr mælti: „Lengi halda þeir frændr á fyrirsátunum við mik; enn þó liðsmunr sé mikill, þá skulu þeir þó fá viðnám“. Ríða þeir nú fram at þeim með brugðnum sverðum. Skeggi stökkur þá upp ok mælti: „Sækjum nú at þeim, Ásbjörn frændi, ok látum þá nú kenna liðsmunar, ok hefn nú Orms bróður þíns“. „Svá skal vera“, segir Ásbjörn. Þórðr svarar: „Eigi er enn sopit kálit, þó í ausuna sé komit“. Sækja þeir nú at Þórði ok hans mönnum. Þórðr skaut spjóti til Skeggja, ok stefndi á hann miðjan. Sá maðr hljóp fyrir Skeggja, er Halldórr hét, náfrændi Skeggja; kom spjótit á hann miðjan ok í gegnum hann, ok svá í brjóst á þeim manni, er stóð á baki honum, ok fellu þeir báðir dauðir. Hinn þriðja hjó hann með sverðinu á hálsinn, svá af fauk höfuðit. Verðr nú sókn hin harðasta. Berjast þeir, Þórðr ok Skeggi, lengi dags, svá engi skakkar með þeim. Þeir Eyjólfur ok Ásbjörn sóttust í ákafa; mátti þar eigi fyrir sjá, hvárr drjúgari mundi verða; veitti hvárr

öðrum stór sár. Steingrímur barðist alldjarflega, ok varð fjögurra manna bani. Skiftist nú svá til, at Steingrímur er í móti Skeggja, enn Þórður berst við menn þeirra með sínum mönnum; drap hann nú enn fim menn. Þeir nafnar sóttust í ákafa, Þorbjörn aumingi og Þorbjörn vesalingr, ok lauk svá, at þeir fellu báðir dauðir. Í þessu hleypti Eiður þar at þeim, ok þeir fímtán saman. Eiður hljóp þegar af baki, ok gekk í milli, ok skildi þá. Skeggi var hinn reiðasti, ok reið heim til Reykja, ok þeir Ásbjörn, ok undu illa við sína ferð. Ásbjörn lá lengi í sárum, ok varð þó heill. Þórður ok Eiður riðu heim til Óss af fundinum. Þrettán menn fellu af Skeggja á fundinum, enn sjau af Þórði; sitja nú hváirtveggja um kyrt. Líður nú á vetrinn. Þat var einn dag, at Eiður reið til Reykja við hinn tíunda mann. Faðir hans tók vel við honum. Eiður kvaðst vilja leita um sættir. Skeggi kvað langt tóm at því — „ok vert hér í vetr“. Eiður kvað svá vera skyldu. Fátt var með þeim Eiði ok Ásbirni um vetrinn. Jafnan hafði Eiður grun á um tal þeirra, Skeggja ok Ásbjarnar, at þeir sæti um líf Þórðar fóstura síns. Hann sendi Þórði orð, at hann væri varr um sik.

16. Þat var einn tíma um vetrinn, at Eiður varð varr við, at faðir hans reið heiman á laun ok upp í hérað; þóttist hann vita, at hann ætl-

aði til stórræða nökkurra; því reið hann eftir honum við hinn tíunda mann. Fundust þeir uppi við Króksstaðamela. Skeggi spurði Eið, hvert hann ætlaði. Eiðr segir: „Ek vilda fylla flokk þinn, faðir minn“. „Vel man þér þat fara, frændi, enn ek man riða heim aftr; því at mér er krannt“. „Svá má vera at sé“, sagði Eiðr; enn ek man riða til Torfustaða; því at ek á þangat crendi“. Síðan skilja þeir. Þenna sama dag hafði Ásbjörn gengit til laugar, ok sex menn með honum. Nú er at segja frá Þórði hræðu. Hann vaknar þann sama morgin. ok mælti við bræðr sína: „Svá hafa mér draumar gengit, sem þeir Miðfjarðar-Skeggi ok Ásbjörn muni sitja um líf mitt; man ek nú fara, frá húsi í dag ok gildra til veiða nökkurra, ef færi gefst á; því at ek vil eigi lengr eiga þá báða yfir höfði mér, Ásbjörn ok Skeggja. Skulu vér fara sjau saman, bræðr mínir ok Eyvindr ok þrír menn aðrir“. Síðan taka þeir vápn sín, ok riða til Reykja. Í þann tíma gekk Ásbjörn frá laugu, ok sá mannareiðina. Ásbjörn mælti við sína menn: „Þar ferr Þórðr hræða, ok láta ófriðlega, ok man hann vilja hafa minn fund; skulu vér snúa upp á hólinn ok bíða þar“. Þeir gera nú svá. Kemr Þórðr nú at, ok slær þegar í bardaga; váru hvárirtveggja hinir áköfustu; því at engi var liðsmunr. Þórðr varð skjótt mannsbani. Þar fellu þrír menn af Ás-

birni, enn einn af Þórði. Þá sótti Þórðr at Asbirni, ok veitti honum mörg sár, svá hann var nær óvigr. Í því kom Skeggi at með brugðnum Sköfnungi. Hann mælti til Ásbjarnar: „Því rennr þú eigi, hinn armi“. Hann svaraði, ok kvað vísu:

- (12) Læt ek í hug mér hvíta,
 — hart mót er nú spjóta —
 lind, þarf ek liðs þíns, frændi,
 —leggfarms koma, Skeggi;
 eigi renn ek, því't innan
 ek minnumst Gnár tvinna;
 hörð man vörn, sú er vörðum
 vit frændr saman, litnir.

Settist Ásbjörn nú niðr; því at hann mæddi blóðrás, svá hann var yfirkominn. Skeggi hjó til Þórðar, ok kom þat á öxlina; var þat svöðusár. Ok í því kom Eiðr at með tíunda mann ok hljóp þegar á millum, ok kvað þá eigi lengr berjast skulu. Hann kveðst ok skyldu drepa Ásbjörn, nema hann gerði einn um. Ásbjörn segir: „Þat var mitt erendi út hingat, at sækja festarmey mína; enn er ek fréttu víg bróður míns, þá var víst með mér at hefna hans; enn nú er svá orðinn fundr várr, at ek kýs heldr frið við Þórð“. Þórðr svaraði: „Fóstra mínum vil ek unna virðingar af málum þessum; enn ekki hirta ek ella um sættir; færi þá enn leikar, sem verða mætti“. Svá lýkr, at þeir sættast, ok skal Eiðr gera um öll mál þeira ok vígaferli. Gengu þeir til handsala, Þórðr ok Ásbjörn ok Skeggi.

Hönd Þórðar þrútnaði ok blés upp. Eiðr skar ór eggfarveginn ór sárinu; tók þá ór verkinn allan. Eiðr stefnir nú heraðsfund. Kómu þeir þar allir, Skeggi ok Ásbjörn ok Þórðr. Lauk Eiðr þá upp sættargerð með þeim. „Þat er gerð mín“, segir Eiðr, „at fyrir víg Özurar geri ek tvau hundruð silfrs, enn hit þriðjaskal falla niðr fyrir fjörráð við Þórð ok allan fjandskap; enn menn Özurar allir óhelgir fyrir tilför við Þórð; enn fyrir víg Orms geri ek tvau hundruð silfrs; enn fyrir áverka þann, er faðir minn veitti Þórði, geri ek hundrað silfrs; síðan skal Ásbjörn fá Sigríðar, sem ætlat var í fyrstu; skal Þórðr hafa inni brúðhlaupit. Hér er ok hundrað silfrs, Ásbjörn, er vit fóstri minn viljum gefa þér í frændbætr“. Allir þökkðu honum fyrir. Skeggja fanst fátt um, enn kvaðst mundu halda sættir ok grið. Þórðr þakkaði fóstura sínum sættargerð; „enn ekki vil ek hafa þat hundrað, er þú gerðir mér til handa; skal Skeggi þetta fé ekki út greiða; því at ekki myndi Þórðr, faðir minn, eða Hörða-Kári taka fémútu á sér, ok eigi skal ek taka“. Þetta mæltist vel fyrir; hafði Þórðr virðing af málum þessum. Nú býst Þórðr við brúðhlaupi, ok býðr til mörgum mönnum. Ok um kveldit skipar Eiðr mönnum í sæti. Skeggi sat í öndvegi á hinn æðra bekk, ok Þórðr næst honum. Gegnt Skeggja í öðru öndvegi sat Ásbjörn brúðgumi,

ok Eiðr hit næsta honum. Brúðkonur sátu á þverpallinn. Var þar veitt vel um kveldit. Allir menn váru þar kátir, nema Skeggi; hann var heldr ófrýnn. Gengu menn til svefns um kveldit. Um morgininn gengu menn til drykkju eftir vanda. Þunglíft var Skeggja, ok sofnaði hann undir borðinu. Hann hafði lagt Sköfnung at baki sér. Illa líkaði Þórði, er Skeggi var ókátr um veizluna, ok tók hann sverðit Sköfnung ok brá. Eiðr mælti: „Þetta er þarfleysa. fóstri minn“. Þórðr svarar: „Hvat man saka“? Eiðr segir: „Þat er náttúra sverðsins. at nökkurt verðr at höggva með því hvern tíma er brugðit er“. Þórðr segir: „Þat skal prófa“, ok hljóp út, ok kvað hann skyldu görtra við merarbeinin, ok höggr hross eitt, er stóð í túninu. Eiðr kvað þetta illa orðit. Nú vaknar Skeggi, ok saknar bæði sverðsins ok Þórðar. Hann varðr reiðr ok hljóp út, ok spurði, hvárt Þórðr hefði tekit sverðit. Eiðr segir: „Ek veld því, faðir minn, er Þórðr hjó hrossit; því at ek sagða náttúru sverðsins“. Þórðr kvaðst sjálfr valda. Þá mælti Skeggi reiðr mjök: „Ek vil nú at vit reynum með okkr“. Þórðr kvaðst þess albúinn. Þeir Eiðr ok Ásbjörn gengu á milli, svá þeir náðu eigi at berjast. Þá mælti Þórðr: „Með því at þeir vilja eigi, at vit reynum með okkr, þá ætla ek vel fallit, at Skeggi geri cinn um, ef honum þykk-

ir sér nökkur svívirðing gerr hafa verit“. Eiðr mælti: „Þetta er vel boðit, faðir, at taka sjálf-dæmi af slíkum manni, sem Þórðr er“. Þetta þiggr Skeggi, ok gerði tíu kýr til handa sér. Þórðr svaraði: „Þetta skal vel greiða“. Líkaði nú hvárumtveggja allvel, ok skildu með vin-áttu.

17. Skjótt eftir brúðhlaupit kom Þórðr at máli við Eið, ok mælti: „Þat vilda ek, fóstri minn, at þú riðir með mér norðr á Miklabæ, at biðja Ólofar Hrolleifsdóttur til handa mér“. Eiðr segir: „Skylt er þat, fóstri minn, at ek riða, hvert er þú vilt“. Síðan riða þeir heiman, Þórðr ok Eiðr, Ásbjörn, Eyjólfur ok Steingrímur. Þeir riða þar til, er þeir koma á Miklabæ. Var þeim þar vel fagnat. Um morgininn bar Þórðr upp erendi sín, ok hóf bónorðit við Ólofu. Hon tók því vel, ok gekk kaupit skjótt fram; váru váttar at heitorði, ok riða þeir heim. Ólof húsfreyja hafði brúðhlaup inni. Þórðr bauð Eiði til veizlunnar ok Ásbirni mági sínum, ok leysti þá út með virðulegum gjöfum. Um várit setti Þórðr bú á Miklabæ; enn þeir bræðr hans, Eyjólfur ok Steingrímur, bjuggu á Ósi í Miðfirði. Þórðr varð skjótt auðigr maðr af smíðum sínum.

18. Maðr er nefndr Þorgils, góðr bóndi. Hann bjó at Hrafnagili í Eyjafirði. Hann gerði Þórði hræðu orð, at hann skyldi koma norðr til hans

ok smíða skála hans. Þórðr hét ferðinni, ok reið heiman, þá er hann var búinn, við annan mann, upp eftir Skagafirði ok norðr Öxnadalshéiði. Í þann tíma kom skip af hafi at Gás-um í Eyjafirði. Þar var á sá maðr, er Sörli hét ok kallaðr Sörli hinn sterki. Hann var allra manna sterkastr, ok vígr hverjum manni betr. Hann var vel at sér; hverjum manni líkaði vel við hann. Hann var föðurbróðir Orms, er Þórðr hræða drap, ok Ásbjarnar. Sörli fær sér hesta, ok ætlar at riða vestr til Miðfjarðar, til frænda sinna. Frétt hafði hann víg Orms bróður síns. Hann reið frá skipi við átjándamann, upp eftir Öxnadal, ok svá fram á heiði til Lurkasteins. Þenna sama dag reið Þórðr hræða yfir heiðina, alt þar til hann kom norðr á hólana fyrir ofan Lurkastein. Hann sá þá hvar átján menn riða í móti honum, ok þykkist eigi vita hverir væri ok stígr af baki. Þessa menn berr brátt at. Þórðr heilsar mönnum þessum, ok spyr foringja þeira at nafni. Hann kvaðst Sörli heita. „Ertu kallaðr Sörli hinn sterki“? segir Þórðr. „Kalla máttu mik þat, sem þú vilt“, segir Sörli; „eða hverr ertu“? „Ek heiti Þórðr“, segir hann. „Ertu Þórðr hræða, er drepit hefir Orm, frænda minn“? „Sá er maðrinn hinn sami“, segir Þórðr, „ok máttu nú hefna hans, ef þú vilt; enn ekki hefi ek nú búizt við þínum fundi; því at ek vissa eigi, at

þú vart út kominn; enn heyrt hefi ek þín getið, ok bætt hefi ek víg bróður þíns“. „Engu hefir þú mér bætt“, segir Sörli, „ok skal ek ekki niðast á þér. Allir mínir menn skulu sitja hjá, enn vit skulum berjast tveir einir; svá þó at ek faila fyrir þér, þá banna ek hverjum manni at gera þér mein nökkurt“. Síðan ganga þeir saman, ok berjast alldjarflega. Fann Þórðr þat brátt at Sörli var afbragðsmaðr sakir vápnfimi, ok eigi þóttist hann hraustara mann fyrr hafa fundit. Veitti hvárr öðrum stór sár ok mörg; enn svá lauk, at Sörli fell dauðr til jarðar; enda var Þórðr svá yfirkominn at hann komst eigi sjálfr á bak utan förunautr hans styddi hann, ok þurfti þó alls við, ok riðu ofan í Öxnadal til þess bæjar er Þverá hét. Þar bjó bóndi sá, er Einarr hét. Hann tók vel við Þórði; lá hann þar lengi í sárum, ok varð heill. Sörli var heygðr þar í hólnum, sem fundrinn var, ok þótti at honum hinn mesti skaði. Menn hans riðu vestr í Miðfjörð, til Reykja, ok sögðu Ásbirni ok Skeggja víg Sörla, frænda þeira. Þótti þeim þat mikit at fréttu, enn þótti þó várkunn á við Þórð, at hann verði hendr sínar.

19. Nú er þar til at taka, at Þórði batnar sára sinna, ok riðr þaðan inn til Hrafnagils, ok smíðaði þar skála um sumarit, þann sem enn stendr í dag. Hann hefir ok gert skálann út í Höfða í Höfðahverfi. Eftir þat reið Þórðr

vestr í sveitir ok sættist á víg Sörla við Ásbjörn mág sinn ok Skeggja; reið síðan norðr til Miklabæjar til bús síns. Ásbjörn keypti Bakka-land í Miðfirði ok bjó þar þrjá vetr. Hann var uppvöðslumaðr í skapi, svá hann mátti eigi vera hér með frændum sínum; því seldi hann landit, ok fór utan, ok staðfestist í Noregi ok jók þar ætt sína. Góðar váru samfarir þeira Sigríðar, ok þótti hon hinn mesti kvenskör- ungr, sem kyn hennar var til. Eiðr var löng- um í kaupferðum. ok var á hendi tígnum mönn- um, ok jafnan mikils virðr. Enn er honum leidd- ist þat, settist hann í búnað. Hinn efra hlut æfi Skeggja fór hann suðr í Ás, í Borgarfjörð, til Eiðs, sonar síns, ok andaðist þar; var hann heygðr fyrir norðan garð. Má þar sjá bein hans í náttmálavörðunni. Eiðr bjó í Ási til elli. Jafnan fundust þeir fóstrar, Eiðr ok Þórðr, ok gáfust gjöfum; skildi aldri þeira vináttu, meðan þeir lifðu. Ekki kom Þórðr til Noregs síðan hann fór þaðan, því at hann var útlægr gerr, ok bræðr hans. fyrir aftöku Sigurðar kon- ungs slefu Eiríkssonar. Mikil ætt er komin frá Þórði hræðu, ok margir göfgir menn, bæði í Noregi ok á Íslandi. Þat er mál manna, at þat hafi orðit at áhrinsorðum, er Þórðr mælti at jafnan myndi vera nökkurar hræður í Mið- firði; hefir þar jafnan verit deilugjarnara, enn í öðrum heruðum. Þórðr hræða varð sótt dauðr.

Höfum vér ekki fleira heyrt með sannleik af honum sagt. Ok líkr hér nú sögu Þórðar hræðu.

Viðauki.

...ga sínum. Þat annat, at ek vilda firrast vandræði við Skeggja sakir þín, fóstri minn. Hitt þriðja, at ek sé, at Skeggi er bæði mann-margr ok þingríkr. Þat hið fjórða, er fyrir bítr, at ek má eigi mönnum þeim trúa, er í Miðfirði vinir mínir látast; ok sé ek, at mér dugir þat eigi, ef þú ert í brautu, ef nökkut skerst í með okkr föður þínum; enn mér þykkir þat eigi ólíklegt sakir beggja okkar skapsmuna; hefi ek nökkut reynt ótrúleika þeira við mik, sem er Börkr hinn gamli á Barkarstöðum ok Svertingr á Svertingastöðum ok þeir bræðr, Þórveigar-synir, á Steinsstöðum, ok Grímr Skárason á Ská-rastöðum í Austrárdal“. Nú búast þeir allir brott ór Miðfirði; reið Eyvindr með þeim. Ok er þeir kómu á þá borg, er Bessaborg heitir, þá sneri Þórðr aftr, ok leit á fjörðinn ok mælti: „Fagr ertu þó Miðfjörðr, þó ek verði nú við þik at skilja; man þeim nú höfðingjunum þykkja af einn hinn ólmasti, er ek em á braut. Enn þat læt ek um mælt, at þeir sem mestir menn

eru í Miðfirði verði aldri samhuga, svá at árum skifti. Ok þat annat, at þat haldist, sem mér þykkir nú vera, ok hefi raun í hendi mér um, at hér er fólk orðslungra, meira ok ósannorðara, enn í flestum sveitum öðrum. Þat hit þriðja, at af takist hafskipalægi í Miðfirði. Þat mæli ek ok um, sakir þess, at mér er vel við sveitina, at hér sé menn gestrisnari enn annars staðar ok búandi þó betr. Þat annat, at hér sé bóndaval betra, enn víða annarsstaðar, ok komi sjaldan óár. Þat hit þriðja, at sá maðr, er hér vex upp, verði hér aldri hengdr“. Síðan riðu þeir allir norðr til Miklabæjar ok fagnaði Ólof þeim vel ok býðr þeim vel þar at vera; ok svá gerðu þeir. Þeir segja henni sín erendi. Hon tók því vel, enn vill þó gera þetta við ráð þeira feðga, Kálfs ok Eyvindar. Fór nú þetta fram, at Ólof var gefin Þórði ok bjoggu þau á Miklabæ lengi síðan; enn þeim bræðrum sínum, Eyjólfí ok Steingrími, gaf hann jörðina at Ósi í Miðfirði ok búit með. Síðan fekk hann þeim sæmileg kvánföng, sem þeim sómdi; því at þeir váru hinir beztu bændr. Bjoggu þeir at Ósi til elli, ok er margt manna frá þeim komit, ok hinn mesti ættbogi. Þeir Eiðr ok Þórðr skildu með hinni mestu vináttu, ok helzt þeira vinfengi meðan þeir lifðu báðir.

Þat sama sumar, er Þórðr reisti bú á Miklabæ í Óslandshlíð, ok hann hafði fengit

Ólofar, sigldu þeir Eiðr ok Eyvindr Kálfsson; fóru þeir landa í milli um hríð, ok váru með tígnum mönnum, ok reyndust hinir röskustu menn í öllum mannaunum. *Eiðr varð* ok manna vitrastr til lögmáls ok allra ráðagerða. Eyvindr var hinn beztu drengur, ok kunni vel at vera með tígnum mönnum, ok var áburðarmaðr mikill, ok því var hann kallaðr Eyvindr þrúði. Heldu þeir Eiðr ok Eyvindr sínum félagsskap alla stund, meðan þeir váru í kaupferðum. Enn er þeir léttu förum, fór Eyvindr norðr til Mikla-bæjar, til móts við Þórð mág sinn ok vin. Þau Þórðr ok Ólof tóku við honum með hinni mestu virðingu, ok buðu honum með sér at vera, ok þat þá Eyvindr, ok var þar um vetrinn. Enn um vart spurði Þórðr, hvat Eyvindr vildi ráða taka. Hann svarar: „Þat hefi ek helzt staðfest með mér, at leggja af kaupferðir ok staðfesta ráð mitt; því at svá hefir Eiðr gert nú, félagi minn“. Þórðr segir: „Skal ek hlut í eiga, sem þú vilt at snúa, ok ekki þar til spara, hvártki penninga né mannskap; eða hvar viltu at snúa“? Eyvindr mælti: „Eyjólfur heitir maðr, er býr norðr í Ólafsfirði, á Gunnólfsstöðum, son Þorbjarnar þjóts ór Sogni. Eyjólfur vá Végeir, föður Vébjarnar sygnakappa. Hann á þá konu, er Gróa heitir, dóttir Þorvarðs frá Urðum. Þau eiga fjögur börn. Synir þeira eru þeir: Steinólfr, Þórir ok Þorgrímur, enn dóttir þeira heitir

Þórarna, kvenna bezt ment; hennar vil ek fá mér til handa“. „Svá skal vera“, segir Þórðr. Búast þeir heiman við tólfta mann, ok ríða norðr til Gunnólfsstaða, ok *verðr* þeira erendi hit bezta. Fekk Eyvindr Þórörnu, ok fór hon með honum. Reistu þau bú um várit á Óslandi ok bjoggu þar síðan. Er mart manna frá þeim komit. Eftir skilnað þeira Eyvindar ok Eiðs fór Eiðr suðr til Borgarfjarðar bónorðsför, til Grímsgils. Þar bjó sá maðr, er Grímr hét, ok átti þá dóttur, er Ingibjörg hét. Hennar fekk Eiðr. Bræðr Ingibjargar váru þeir Þorgils auga á Augastöðum, ok Hrani á Hranastöðum, faðir Stafngríms, er bjó á Stafngrímsstöðum. Þat heitir nú á Sigmundarstöðum. Segja þat sumir menn, at Eiðr ætti aðra konu síðar. Eiðr átti mörg börn. Þórhallr hét son hans, Eysteinn ok Illhugi. Björn var ok son hans, er þeir vágu, synir Helga frá Kroppi, Grímr ok Njáll. Njáll druknaði litlu síðar í Hvítá; enn Grímr varð sekr skógarmaðr um vígit, ok lá hann úti á fjöllum meðan hann var í sektinni. Hann var mikill maðr ok sterkr. Eiðr var þá gamlaðr mjök, ok var at þessu gerr engi reki. Í þenna tíma var í förum Þorkell Eyjólfsson. Hann var hinn frægsti maðr ok kynstórr. Hann var mikill vin Snorra goða. Hann var ok jafnan með Þorsteini Kuggasyni, frænda sínum, þá er hann var út hér. Þorkell var náfrændi Eiðs-

Hróðný var systir Eiðs, móðir Eyjólfss, föður Þorkels. Menn lágu mjök á hálsi Þorkeli Eyjólfssyni, er hann rak eigi þessa réttar. Um vetrinn, er Þorkell bjó skip sitt, er uppi stóð í Vaðli á Barðaströnd, ferr hann suðr til Borgarfjarðar, ok fær sér þar hest, ok riðr einn samt, ok léttir eigi fyrr ferðinni, enn hann kemr í Ás til Eiðs frænda síns. Eiðr tók við honum feginsamlega. Þorkell segir honum sitt erendi, at hann vill leita til hefnda við Grím, skógarmann hans. Þorkell spyr þá Eið, ef hann vissi nökkut til, hvar bæli hans væri. Eiðr svarar: „Ekki er ek þess fúss; þykki mér þú of miklu til hætta, hversu ferðin tekst, at eiga við heljarmann slíkan, sem Grímr er. Enn ef þú vilt fara, þá farðu við svá marga menn at þú eigir alt undir þér“. „Þat þykki mér eigi frami“, segir Þorkell, „at draga fjölmenni at einum manni; enn þat vilda ek, at þú léðir mér sverðit Sköfnung, ok vænti ek þá, at ek muna bera af einum einhleypingi, þótt hann sé vel at sér búinn“. „Nú muntu ráða“, segir Eiðr, „enn eigi kemr mér á óvart, þó at þú iðrist eitthvert sinn þess aeinræðis þíns; enn með því at þú þykkist þetta fyrir mínar sakir gera, þá skal eigi þess varna, er þú beiðir; því at ek ætla þetta sverð vera vel niðr komit, þó at þú berir þat. Enn sú er náttúra sverðsins, at eigi skal sól skína á hjóltin, ok eigi skal því bregða,

svá at konur sé hjá. Ef maðr fær sár af sverðinu, þá má þat sár eigi græða, nema lyfsteinn sá sé riðinn á, er þar fylgir“. Þorkell kveðst þessa skyldu vandlega gæta, ok tekr við sverðinu. Eiðr kveðst ætla, at Grímr ætti bæli norðr á heiðum við Fiskivötn. Síðan riðr Þorkell norðr á heiðina, þá leið, er Eiðr hafði vísat honum. Ok er hann sótti á heiðina, sér hann við vatn eitt mikinn skála, oksækir hann þangat til. Enn er hann kemr til skálans, sér hann, hvar maðr sitr við vatnið við einn lækjarós, ok dró fiska. Hann hafði feld á höfði. Þorkell stígr af baki, ok bindr hestinn undir skálanum; síðan gengr hann fram at vatninu, þar sem maðrinn sat. Grímr sá skuggann mannsins ok spratt upp skjótt — því at skuggann bar í vatnið. — Þorkell var þá kominn at honum, ok höggr til hans, ok kemr á höndina fyrir ofan úlflið, ok var þat ekki mikit sár. Grímr rann þegar á Þorkel, ok takast þeir fangbrögðum. Þar kendi brátt atlsmunar, ok fell Þorkell, enn Grímr á hann ofan. „Hverr er maðr þessi“? segir Grímr. Þorkell kvað hann þat engu skifta. Grímr mælti: „Nú hefir öðruvísi orðit, enn þú mundir ætla; því at nú er þitt líf í mínu valdi“. Þorkell kveðst eigi mundu sér griða biðja. Grímr segir: „Vaxa mín óhöpp, þó ek drepi þik; því at mér lízt vel á þik ok gæfusamlega; man þér ok annarra

forlaga auðit verða, enn þú látist af okkrum fundi, ok vil ek þér líf gefa, enn þú launa sem þú vilt“. Standa þeir nú upp, ok ganga nú heim til skálans. Þorkell sér, at Grím mæðir blóðrás, ok tekr steininn Sköfnungs, ok rýðr honum í sárit, ok bindr höndina, ok tók þegar allan þrota ok sviða ór sárinu. Þar eru þeir um náttina. En um morguninn býst Þorkell brott, ok spyrr, hvárt Grímr vill fara með honum. Hann kveðst þat at vísu vilja. Þorkell snýr þegar vestr, ok kemr ekki á fund Eiðs; léttir eigi fyrr, enn hann kemr í Sælingsdals-tungu. Eiðr fréttir þetta, ok þótti hafa farit at getu sinni, ok unír nú illa við. ok verðr þó svá búit at vera. Þórhallr Eiðsson átti tvá sonu, Skeggja ok Eið. Skeggi átti Guðrúnu Þorkelsdóttur, Brandssonar, Þorgrímssonar, Kjallakssonar hins gamla. Þeira börn váru þau Úlfr ok Halldórr, Þorleikr ok Þórarna. Úlfr átti Helgu, dóttur Eyjólfss Snorrasonar goða. Þessi váru börn þeira: Snorri ok Eyjólf, Sigurðr ok Sumarliði, Þórðr ok Einarr, Hallbera ok Kolþerna, er Loftr átti Þorgrímsson; enn Hallberu átti Þormóðr Lýtingsson. Þeira son var Lýtingr. Eiðr Þórhallsson var faðir Þórhalls. Hann átti Hallbjörgu Hafþórsdóttur. Þessi váru börn þeira: Steiun ok Eiðr, Þorgeirr ok Oddný. Hana átti Árni, sonr Víga-Gunnars. Þeira dóttir var Geirlaug. Hana

átti Högni auðgi í Bæ. Þeira dóttir var Snjálaug, er átti Þórðr prestr Böövarsson. Þeira son var Böövarr í Bæ, ok Þorleifr í Görðum, ok Markúss á Melum. Hans son var Mela-Snorri. Hann átti Helgu Ketilsdóttur prests, Þorlákssonar, Ketilssonar, Þorsteinssonar. Þeira son var Þorsteinn böllótt, er var ábóti á Helgafelli.

Skeggi lifði litla stund síðan eftir viðskifti þeira Þórðar, ok var þó gamall maðr, ok þótti vera mikill höfðingi, ok hinn mesti garpr ok fullhugi. Þórðr hræða bjó á Miklabæ í Óslands-hlíð til elli, ok var hinn mesti garpr, ok jafnan ófyrirleitinn, ok hinn hagasti, bæði á tré ok járn. Hann smíðaði skála at Hrafnagili, þann er enn stendr í dag, ok mörg stór hús önnur á Íslandi, þau er eftir eru vel standandi. Hann gipti Guðrúnu Klyppsdóttur hersis, bróðurdóttur sína, Einari þveræing Eyjólfssyni, ok váru þessi börn þeira: Járnскеggi, Klyppr, Þorleifr ok Áslákr. Halldóra, Hallfríðr, Helga, Jórunn, Valgerðr ok Vigdís. Járnскеggi átti Jórunni dóttur Hjalta Skeggjasonar. Halldóru Einarsdóttur átti Þórarinn sælingr. Hallfríði Einarsdóttur átti Snorri goði. Þeira sonr var Halldórr, faðir Guðrúnar, er átti Kjartan Ásgeirsson. Þeira son var Þorvaldr, faðir Ingiriðar, er átti Guðlaugr Þórðarson, Auðunnarsonar. Þeira dóttir var Vigdís, er átti Óli Þorvarð-

arson af Söndum ór Dýrafirði. Þeirra son var Oddr hinn auði, faðir herra Hrafns ok Herðisar, móður Bjarnar, föður Gizurar galla, föður Hákonar, föður Jóns. Helgu Einarsdóttur átti Ljótr, son Halls af Síðu. Þeira dóttir var Guðrún, móðir Hallberu, móður Þorgils Oddasonar. Jóranni Einarsdóttur átti Þorkell Geitisson. Þeira dóttir var Ragnheiðr, er átti Loftr Þórarinsson, Loftssonar hins gamla af Eyrum. Þeira dóttir var Þuríðr, er átti Þórðr Klængsson, Örnólfssonar, Þórólfssonar; enn móðir Þórðar Klængssonar var Hallgríma Þorbjarnardóttir, Eiríkssonar ór Guddölum örðigskeggja. Margrét var dóttir þeira Þuríðar ok Þórðar Klængssonar. Hana átti Bárðr hinn svartí ór Selárdal, faðir Sveinbjarnar, föður Hrafns, föður Steinunnar, móður Herðisar, móður Bjarnar, föður Gizurar galla, föður Hákonar, föður Jóns. Valgerði Einarsdóttur átti Grímr Oddason, Ásólfssonar. Þeira dóttir var Hallbera, móðir Markúss lögsögumanns, föður Valgerðar, er átti Þórðr Skúlason, Egilssonar, Hriflússonar, Þorsteinssonar, Egilssonar skalla-Grímssonar, kveld-Úlfssonar. Böðvarr var sonr Þórðar ok Valgerðar, faðir Guðnýjar, er átti Hvamm-Sturla. Þeira son var herra Sigvatr, faðir Þórðar kakala, föður Kolbeins, föður Þórðar, föður Árna, föður Ingileifar.

Vísaskýringar.

1 (Þórðr hræða). Ek segi þan víg er virðendr Þrumu girðis ilda vágu. Klyppr rauð brand í blóði burs² Gunnhildar. Þar fell Klyppr í höllu; hlaut bana af hjálms gauti³; þar vá ek fjóra þremja lax þolla⁴ með saxi.

1. *virðendr þrumugirðis ilda*, menn. — 2. *burr*, sonr. — 3. *hjálm gautr*, maðr. — 4. *þremja lax*, sverð; *þremja lax-þollr*, maðr.

Þruma oy, eyjar-girði(r), sjór; sjávar-ildi? gull. Svð. Eg. hyggv að ilda sé af ildi, hvk. = eldr. Ætti það því að eiga við 2. vo.

Að öðru leyti er vísan auðskilin.

2 (Þórðr hræða). Ek lét tvær Fáfnis fitjar ýta kindir falla þar til jarðar, Leifnis lautar fagrvíta lind. Áðr vildu þeir öldubrands skerðendr² veita eitrvængs bings særi⁴ bana með benja vöndum.

1. *Fáfnis fitjar ýta kindir*, menn. — 2. *Leifnis laut*, sjór; sjávar fagrvíta lind, kvenmaðr. — 3. *öldubrands skerðendr*, menn. — 4. *eitrvengr ormr*; orms bingr, gull. — 5. *benja vendir*, sverð.

Eg lét tvo menn falla þar til jarðar, kona. Áðr vildu þeir veita mér bana með sverðum sínum.

3 (Þórðr hræða). Fátt kann ek segja um hrotta fleygi¹. Ek vá fegring². Sá vildi áðr ósæma öldu ljósa

Gná³. Ek varð því bráðr at vágs blakk-rennir⁴ nam spenna brúði; enn vildi eigi unna dára blikis Vár⁵.

1. *hrotta fleygir*, mannkennning. — 2. *fegringr*, ormr = Ormr. — 3. *öldu ljóss Gná*, kona. — 4. *vágs blakkr*, vágs hestr, skip, skiprennir, maðr. — 5. *blikis Vár*, kvenkennning.

Eg kann fátt að segja um manninn. Eg vá Orm. Sá vildi áðr smána konuna. Ek reiddist af því að þessi fírmaður hafði systur mína í faðmlögum, enn vildi eigi unna honum hennar.

4 (Þórðr hræða). Ek veit at frændr munu leita eftir ormrreitir ýti¹ ok vilja löggva mik vápnðöggvar vendi². Ek veit eigi, hvárt ek renn frá leiki fyrir hán-um³ Skeggja, þótt ríkr ýtir Ránar elds⁴ reiði fram egg.

1. *ormreitir ýtir*, gulls ýtir, maðr. — 2. *vápnðögg blóð*, vápnðöggvar vöndr, sverð. — 3. *hán-um* tg. fyrir *einum*. — 4. *ýtir* tg. fyrir *ýti* og *Ránar elds* tg. fyrir *reinarelds*; *ýtir Ránar elds*, mannkennning.

Eg veit að margir frændr Orms munu leita eftir mér og vilja vega mig. Enn eg veit eigi, hvort eg renn frá bardaga fyrir honum Skeggja, þótt hinu mikli maðr reiði upp sverðið.

5 (Þórðr hræða). Eg skal eigi flýja fyrir ýti undalogs¹ at þessum fundi (ok) á þessum hálsi — geguir flæða báls fleygjendr² skulu tregna þat —; heldr ætla ek faldinn hjálmi at fremja löngum hrottasöng³, þótt eikikráks ýtar⁴ sæki at mér at þessi⁵ vápnamesu⁶

1. *undalog*, sverð; sverða ýtir, maðr. — 2. *fleygjendr* tg. fyrir *fyrðar* sem getr ekki staðizt hér. — 3. *hrotta-söngr*, bardagi. — 4. *eikikrákr*, skip; skipa ýtar, menn. — 5. *at þessi* tg. fyrir *sex* („ýtar sex at vápnamesu)

sem getr ekki verið rétt. — 6. *vápnamessa*, bardagi.

Eg mun eigi flýja fyrir þessum bardagamanni á þessum fundi hér á hálsinum, heldr ætla eg að berjast, þótt kapparnir sæki að mér.

6 (Þórrör hræða). Ek háða vist harða sókn í viðu Vatnsskarði; þar lét ek fjóra fleinsýnendr¹ týna fjörvi; enn ítr Indriði varð unninn í rítar² byr; ek gaf þeim líf er kann stýra Leifa láðdýri.³

1. *fleinsýnendr*, menn. — 2. *rít*, skjöldr; rítar *byr*, bardagi. — 3. *Leifi*, sækonungr; Leifa *láð*, sjór; Leifa *láðdýr*, skip.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

7 (Þórrör hræða). Fellu fimtán viðir mána Leifnis grundar¹ í fleinasköllum,² enn sjau sárir . . . Þar vá ek sex, en særða . . . Sá ýtir eldbands Þrumu³ sanda hét Özurr.

1. *Leifnis grund*, sjór; *viðir mána Leifnis grundar*, menn; enn annars er óvíst hvernig 3. og 4. vo. á að greinast. — 2. *fleinasköll*, bardagi. — 3. *Þruma*, ey, *Þrumu sanda band*, sjór; *Þrumu sanda bands eldr*, gull; *gulls ýtir*, maðr.

5. vísuorð verðr ekki skýrt.

Fimtán menn fellu í bardaganum, en sjau urðu sárir. Þar vó eg sex, en særði margi? Özurr hét sá maðr (er fyrir þeim var).

8 (Þórrör hræða). Tólf meidendr vafðra moldar seiða brauta¹ vildu veita mér bana; ek vann þeim sannan skaða. Ek senda með skunda² sjau sækjendr vápnalækjar ells³ til ítrar Óðins hallar með brynglóðu.⁴

1. *seiðr*, fisksheiti, ufsi (sei á norsku); *moldar seiðr*, moldar fiskr, ormr; *vafðar brautir orma*, gullhringar; *meiðendr gullhringa*, menn. — 2. *með skunda*, skyndilega. — 3. *ells* = elds; *vápnalækr*, blóð; *vápnalækjar eldr*, sverð; *sækjandi sverðs*, maðr. — 4. *brynglód*, sverð.

Tólf menn vildu veita mér bana, enn eg gerði þeim mikið tjón. Eg sendi sjö þeirra bráðlega til hinnar frægu Valhallar með sverði mínu.

9 (Þórðr hræða). Hin svinna gullbaugs þella,¹ ek hefi enn goldit gálgavaldi² sex jöru drauga.³ Móðr sveið af því. Armssýnar Grund,⁴ ek lét Özur týna þar öndu; enn sjaundi láðfells logs lundr⁵ var veginn, þella.⁶

1. *gullbaugs þella*, kona. — 2. *gálgavaldr*, Óðinn. — 3. *jara*, orrusta; *jöru draugar*, bardagamenn. — 4. *sýn*, sól; *arms sýn*, armhringr; *armhrings grund*, kona. — 5. *logs*, tg. f. *lóns*; *láðfells* = láðfelds; *láðfeldr*, sjór; *láðfelds logs lundr*, maðr. — 6. *þella* verðr þá hálfkenning. Annars verðr ekki síðari helmingr þessarar visu skýrðr, og óvist, að hér sé rétt skýrt.

Hygna kona, eg hefi goldið Óðni sex bardagamenn. Þar feldi eg Özur; og þar var líka veginn hinn sjöundi maðr.

10 (Þórðr hræða). Ek geri þér kost á þessu, afrendr¹ Skeggi, þar er þú eggjar mik, at ek skunda út undir eggfránan² seggja hjör,³ ef Yggs fúra festendr⁴ færa mik þagat er vágum Özur fegins hendi.

1. *afrendr* = afarhendr, afarsterkr. — 2. *eggfránn*, með fagri egg, bitreggjadr. — 3. *hjör*, sverð. — 4. *Yggs fúr*, Óðins eldr, sverð; *sverðsfestendr*, menn.

11 (Þórður hræða). Nú er þér, ríkr Skeggi, ráð at rjóða egg á mér . . . þá (er) heldr tekr at kvelda, ok minnist morðeggjandi svá þeira tveggja manna . . . er ek vá nána þér.

3. og 4. vo. verða ekki skýrð, og 7. og 8. vo. verða heldr ekki fyllilega skilin, því orðin „Þundar sessa“ og „mána“ eru eitthvað úr lagi færð, eða þeim verðr ekki komið heim við annað.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

12 (Ásbjörn Þorsteinsson). Ek læt hvíta leggfarms lind¹ koma í hug mér; nú er hart spjóta mót; ek þarf liðs þins, Skeggi frændi; ek renn eigi, því at ek minnumst innan tvinnna Gnár;² man hörð sú vörn er vit frændr vörðum litnir³ saman.

1. *leggfarmr*, armband; armbands *lind*, kona. — 2. *tvinnna gná*, kona. — 3. *litnir saman*, sénir saman.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

Nöfn.

Talan merkir kapítula; va. = viðauki

- Álöf Skeggjadóttir á Yr-
jum 2.
Arnarstapi (nú Arnstapi)
örnefni í Skagafirði 11.
Arnarvatnsheiðr 15.
Árni sonr víga-Gunnars,
va.
Árni Þórðarson, va.
Ás, bær í Borgarfirði 19, va.
Ás, bær í Hjaltadal 12.
Ásbjörn Þorsteinsson hvíta
5—8, 15—19.
Áslákr Einarsson, va.
Auðólfur Glúmsson 7.
Austrvegr 3.
Bakkaland í Miðfirði 19.
Bárðr 11.
Bárðr hinn svarti ór Selár-
dal, va.
Bessaborg, örnefni á Mið-
fjarðarhálsi, va.
Bjarni Þorvaldsson 9.
Bjarni faðir Gizurar galla
va.
Björn Eiðsson, va.
- Blönduóss í Langadal 5, 8,
15.
Borgarfjörðr 15, va.
Borgfirðingar 7.
Bólstaðarhlíð, bær í Húna-
vatnssýslu 11.
Brandr Þorgrímsson, va.
Böðvarr bjarki 3.
Böðvarr Þórðarson, va.
Börkr hinn gamli á Bark-
arstöðum, va.
Danmörk 3.
Egilsá bær í Skagafirði 13.
Egill biskup á Hólum 13.
Egill Hrifluson, va.
Egill Skalla-Grímsson, va.
Eiðr Skeggjason 3, 4, 6, 7,
8, 10, 14, 15, 16, 17,
19, va.
Eiðr Þórhallason, va.
Einarr bóndi Eyjólfsson á
Þverá = Einar þveræingr
18, va.
Einarr Hlífarson va.
Einarr Þorvaldsson 9, 10.

Eiríkr ór Goðdölum, örðig-
skeggi, va.

Elínarhólmr í Skagafirði 11.

Engihlið, bær í Langadal
9, 10, 11.

Eyjafjörðr 13, 18.

Eyjólfr bóndi á Gunnólfs-
stöðum í Óláfsfirði, va.

Eyjólfr bóndi á Ósi 2.

Eyjólfr Snorrason goði, va.

Eyjólfr Úlfsson, va.

Eyjólfr Þórðarson 1, 2, 3,
14, 15, 17.

Eyvindr bóndi á Ási í Hjalta-
dal 12, 13, 16, va.

Eysteinn Eiósson, va.

Eyvindr prúði Kálfsson va.

Fiskivötn á Arnarvatns-
heiði, va.

Flatatunga bær í Skagafirði
13.

Gamlanautr, sax 4.

Gamli Gunnhildarson 1, 2.

Garðshvammr, örnefni í
Skagafirði 12.

Gásar í Eyjafirði 13, 18.

Geirlaug Árnadóttir, va.

Gizurr galli Bjarnarson, va.

Grindarhólar, örn. í Skagaf.
10.

Grímr bóndi á Grímsgili í
Borgarf. va.

Grímr son Helga frá Kroppi
va.

Grímr Oddsson, va.

Grímr Skárason á Skára-
stöðum í Austrárdal, va.

Grímsgil í Borgarfirði, va.

Gróa Þorvarðsdóttir frá
Urðum, va.

Grund, bær í Skagafirði 9.

Guðlaugr Þórðarson, va.

Guðný Böðvarsdóttir, va.

Gunnhildarsynir 1. 3.

Gunnhildr konungamóðir 3.

Gunnólfsstaðir, bær í Óláfs-
firði, va.

Guðrún Glúmsdóttir 7.

Guðrún Halldórsdóttir, va.

Guðrún Klyppsadóttir hersis
va.

Guðrún Ljótsdóttir, va.

Guðrún Þorkeldsdóttir, va.

Hafþórr frændi Özurar 12.

Hallbera Úlfadóttir, va.

Hallbjörg Hafþórsdóttir, va.

Halldóra Einarsdóttir, va.

Hallfriðr Einarsdóttir, va.

Halldórr frændi Skeggja 15.

Halldórr Skeggjason, va.

Halldórr Snorrason, va.

Hallgríma Þorbjarnardóttir,

Hallr húskarl 12.

Hallr af Síðu, va.

Haraldr konungr gráfeldr
2, 3.

Hákon Aðalsteinsfóstri 1.

Hákon Gizurarson, va.

Hákon konungr hinn góði 1.

Hegranes í Skagafirði 14.

- Helga Einarsdóttir, va.
 Helga Eyjólfsdóttir, va.
 Helgafell, bær á Snæfellsnesi, va.
 Helga Ketilsdóttir, va.
 Herdis Oddsdóttir, va.
 Hjaltadalr í Skagafirði 9, 12.
 Hjalti hugprúði 3.
 Hjalti Skeggason, va.
 Hjaltasynir 9.
 Hleiðr 3.
 Hrafnagil, bær í Eyjafirði 18, 19, va.
 Hrafn Oddsson, va.
 Hrafn Sveinbjarnarson, va.
 Hrani Grímsson á Hranastöðum va.
 Hriflu-Þorsteinn, va.
 Hrolleifsdalr upp af Sléttahlíð, 9.
 Hróaldr Ögmundars. Hörða-Kárasonar 2.
 Hródný Skeggjadóttir, va.
 Hrólfur konungur kraki 3.
 Hvamm-Sturla, va.
 Hvassafell, bær í Norðrárdal 7.
 Hvítá í Borgarfirði 6, 15, va.
 Hvítárvellir, bær í Borgarfirði 7.
 Höfði, bær í Höfðahverfi 19.
 Högni auðgi í Bæ, va.
 Hörða-Kári 12, 16.
 Hörgárdalsheiðr 13.
 Illugi Eiðsson, va.
 Indriði félagi Orms 9, 10, 11.
 Ingibjörg Grímsdóttir, va.
 Ingileif Árnadóttir, va.
 Ingiríðr Þorvaldsdóttir, va.
 Ísland 3, 5, 10, 19, va.
 Járnскеggi Einarsson, va.
 Jón bóndi á Hvassafelli á Norðrárdal 7.
 Jón Hákonarson, va.
 Jórunn Einarsdóttir, va.
 Jórunn Hjaltadóttir, va.
 Jórunn skinna-Bjarnardóttir 9.
 Kálfsstaðir bær í Hjaltadal 9, 12.
 Kálfr bóndi á Kálfsstöðum í Hjaltadal 9, 12, va.
 Ketill bóndi 12.
 Ketill prestur Þorláksson, va.
 Ketill Þorsteinsson, va.
 Kjallakr hinn gamli, va.
 Kjartan Ásgeirsson, va.
 Klyppr Einarsson, va.
 Klyppr hersir Þórðarson 1, 2, 3.
 Klængur Örnólfsson, va.
 Kolbeinn Þórðarson, va.
 Kolbeinsáróss í Skagafirði 9, 10.
 Kolbeinsdalr í Skagafirði 12.

- Kolperua Úlfsdóttir, va.
 Króksstaðamelar í Miðfirði
 16.
 Langidalr í Húnavatnssýslu
 8, 9, 10.
 Laufi, sverð 3.
 Línakradalr 8, 10.
 Ljótr Hallsson, va.
 Loftr hinn gamli af Eyrum,
 va.
 Loftr Þorgrímsson, va.
 Loftr Þórarinsson, va.
 Lurkasteinn, örnefni í Öxnadal 18.
 Lýtingr Þormóðsson, va.
 Margrét Þórðardóttir, va.
 Markús lögsögumaðr, va.
 Markús Þórðarson á Melum, va.
 Miðfirðingar 3.
 Miðfjarðará í Húnavatnssýslu 3, 7.
 Miðfjarðarnes í Húnavatnssýslu 8, 11, 15.
 Miðfjörðr 3, 6, 14, 15, 18, 19, va.
 Miklibær í Óslandshlíð 9, 11, 13, 14, 17, 19, va.
 Njáll Helgason frá Kroppi va.
 Norðrárdalr í Skagafirði 13.
 Noregr 1, 2, 3, 19.
 Oddi Ásólfsson, va.
 Oddný Þórhallsdóttir, va.
- Oddr Ólason hinn auðgi, va.
 Óli Þorvarðsson af Söndum ór Dýrafirði, va.
 Ólof Hrolleifsdóttir kona Þórhalls í Miklabæ 9, 11, 12, 13, 14, 17, va.
 Ormr Þorsteinsson hvíta 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 18.
 Ósland, bær í Skagafirði 12, va.
 Óslandshlíð í Skagafirði 9, 13.
 Óss, bær í Miðfirði í Húnavatnssýslu 3, 4, 5, 6, 8, 10, 14, 15, 17, va.
 Ragnheiðr Þorkelsdóttir, va.
 Reykir, bær í Miðfirði 3, 5, 6, 8, 14, 15, 16, 18.
 Sandar, bær í Hrutafirði 3.
 Sigmundarstaðir (áðr Stafngrímsstaðir), va.
 Sigríðr skinna-Bjarnardóttir 5.
 Sigríðr Þórðardóttir 1, 3, 5, 6, 7, 8, 16, 19.
 Sigurðr konungr slefa Gunnhildarson 2, 3, 5, 8, 19.
 Sigurðr (norrænn maðr) 11.
 Sigurðr Úlfsson, va.
 Sigvatr Sturluson, va.
 Skagafjörðr 9, 11, 13, 18.

- Skalla-Grímr kveld-Úlfsson, va.
 Skarðhamrar, bær í Norðr-árdal 7.
 Skeggi = Miðfjarðar-Skeggi skinna-Bjarnarson 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 13, 14, 15, 16, 18, 19, va.
 Skeggi Þórhallsson, va.
 Skeggjahamarr 13.
 Skinna-Björn 3.
 Skúli Egilsson, va.
 Sköfnungr, sverð 3, 7, 14, 16, va.
 Sléttahlíð í Skagafirði 9.
 Snjálauð Högnadóttir, va.
 Snorri goði, va.
 Snorri Markússon = Mela-Snorri, va.
 Snorri Úlfsson, va.
 Stafngrímr Hranason á Stafngrímsstöðum, va.
 Steingrímr Þórðarson 1, 2, 3, 14, 15, 17, va.
 Steinn Þórhallsson, va.
 Steinólfr Eyjólfsson, va.
 Steinunn Hrafnadóttir, va.
 Strandir (nú Hornstrandir) 8.
 Sumarliði Úlfsson, va.
 Sveinbjörn Bárðarson, va.
 Svertingr á Svertingsstöðum, va.
 Sviðgrímr, hestr 12.
 Sviðgrímshólar, örnefni í Skagafirði 12, 13.
 Sælingsdalstunga bær í Dalasýslu, va.
 Sörli hinn sterki 18 19.
 Torfustaðir, bær í Húnavatnssýslu 3, 16.
 Upplönd í Noregi 2.
 Úlfr Skeggjason, va.
 Vaðill á Barðaströnd va.
 Valgerðr Einarsdóttir, va.
 Valgerðr Markúsdóttir, va.
 Vatnsekarð í Húnavatnssýslu 10, 11, 14.
 Vestmanneyjar 3.
 Vébjörn Végeirsson sygnakappi, va.
 Végeirr, va.
 Viðvík, bær í Skagafjarðarsýslu 12.
 Vigdís Einarsdóttir, va.
 Vigdís Guðlaugsdóttir, va.
 Viðidalr í Húnavatnssýslu 15.
 Þorbjörn aumingi (Miðfjarðarnesi) 16.
 Þorbjörn Eiríksson, v. a.
 Þorbjörn vésalingr 15.
 Þorbjörn þjótr ór Sogni, v. a.
 Þorfinnr, II.
 Þorgeirr Þórhallsson, v. a.
 Þorgils auga Grímsson á Augastöðum, va.
 Þorgils bóndi á Hrafnagili í Eyjafirði, 18.

Dorgils Oddason, va.	Dórðr hræða Þórðarson 1—
Dorgrímr bóndi á Ási 12.	19, va.
Dorgrímr bóndi í Flatatungu í Skagafirði, 13.	Dórðr Hörða-Kárason 1, 5, 16.
Dorgrímr Eyjólfsson, va.	Dórðr kakali Sigvatsson, va.
Dorgrímr Kjallaksson, va.	Dórðr Klængsson, va.
Dorgrímr (norrænn) 11.	Dórðr Kolbeinsson, va.
Dorkell bóndi á Söndum 3, 4.	Dórðr prestur Böðvarsson, va.
Dorkell Brandsson, va.	Dórðr Skúlason, va.
Dorkell Geitisson, va.	Dórðr Úlfsson, va.
Dorlákr Ketilsson, va.	Dórir Eyjólfsson, va.
Dorleifr Einarsson, va.	Dórir hinn auðgi, 7.
Dorleikr Skeggjason, va.	Dórhallr bóndi á Miklabæ í Óslandshlíð, 9, 11, 12, 13, 14.
Dorleifr Þórðarson í Görð- um, va.	Dórhallr Einarsson. va.
Dormóðr Lýtingsson, va.	Dórveigarsynir á Steins- stöðum, va.
Dorsteinn böllóttur Snorra- son, ábóti á Helgafelli, va.	Duríðr Loftsdóttir, va.
Dorsteinn Egilsson á Borg, va.	Dverá, bær í Skagafirði, 11, 13.
Dorsteinn Kuggason í Ljár- skógum, va.	Dverá, bær í Öxnadal, 18.
Dorvaldr bóndi í Engihlíð í Langadal 9, 10, 11.	Ögmundur Valbjólfsson, 2.
Dorvaldr Kjartansson, va.	Örn, 12.
Dórarinn Loftson, va.	Örnólfr Þórólfsson, va.
Dórarinn sælingr, va.	Öxnadalshéiði 18.
Dórarina Eyjólfsdóttir, va.	Özurr Arngrímsson á Grund í Skagafirði 9, 10.
Dórarina Skeggjadóttir, va.	Özurr bóndi á Dverá í Skagafirði, 11, 12, 13, 14, 16.
Dórðr Auðunarson, va.	





BANDAMANNA SAGA.

BÚIÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



REYKJAVÍK.
KOSTNADARMAÐUR: *SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.*
1901.

FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN.

Formáli.

Bandamanna saga hefir fyrst verið prentuð í bók þeirri sem Björn Markússon lét prenta á Hólum 1756 og heitir „Margfrooder Sögu Þættar Islendinga“. Þar næst hefir H(alldór) Friðriksson gefið hana út í Kaupmannahöfn 1850. Þriðja útgáfan var gefin út af Gustaf J. Chr. Cederschiöld í Lundi 1874 sem doktorsrit. Í fjórða sinni er sagan gefin út af Heusler og prentuð í Berlín 1897 ásamt Hænsa-Þóris sögu.

Bandamanna saga er af tvenskonar gerð, lengri og skemmri. Lengri sagan hefir verið gefin út þrisvar sinnum, enn skemmri sagan að eins einu sinni, af Cederschiöld.

Skemmri sagan er í Konungsbók, nr. 2845 í bókhliðu konungs, enn lengri sagan í skinnbókinni 132 í Árnasafni.

Flestum þer saman um það að skemmri sagan sé fyrr rituð og mun mega telja það víst. Hún segir einfaldlega frá atburðunum eins og góðar sögur gera, enn í hinni lengri eru miklu meiri málalengingar til þess að gera hana sögulegri. Þó er hún vel rituð, og hefir þann kost fram yfir hina, að í henni eru minni misritanir; þær eru nokkurar í hinni styttri sögu. Líklegt er og, að þau sögulegu atriði, sem lengri sagan hefir fram yfir hina, geti stuðst við sannindi, svo sem einkum ýmislegt í enda sög-

unnar. Þar er t. d. sagt frá sögustöðum, sem vel koma heim, meðal annars bærinn á Borgarhóli, sem handritin svo nefna, enn heitir á Hörgshóli, eins og hér hefir verið leiðrétt, enn er misritað Borgarhóli í hinum fyrri útgáfum (*Horg^shole mislesið Borg^whole*).

Skemmri sagan er rituð í Borgarfirði, eða vestanlands, enn hin norðanlands, sem sjá má á upphafi þeirra. Skemmri sagan hefst svo: Ófeigr hét maðr; hann bjó norðr í Miðfirði, enn lengri sagan: Ófeigr hét maðr er bjó vestr í Miðfirði. Í rauninni hefði líka svo átt að standa í þessari útgáfu, því í henni er fylgt hinni skemmri sögu að mestu leyti, nema á fáeinum stöðum hefir verið farið eftir hinni sögunni, þar sem frásögn hennar virðist réttari eða skilmerkilegri. Enn réttara þótti að fylgja aðallega hinni skemmri sögu, bæði af því, að hún mun vera eldri, og af því, að hún [er með öllu ókunn hér á landi, og því nauðsynlegt að gera hana aðgengilega almenningi.

Efnið er að kalla hið sama í báðum sögunum, og flestir hinir sömu sögumenn. Þessara manna er margra getið í öðrum sögum, og sérstakr þáttur er til af Oddi Ófeigssyni, sem ekki kemr við Bandamanna sögu. Aðalmaðr sögunnar, Ófeigr Skíðason, kemr ekki við aðrar sögur. Styrmir at Ásgeirsá er nefndr í Landnámu, og Þórarinn spaki er ókunnr með þeirri ættfærslu, sem hér er talin; hann er kallaðr hér Óspaks son Höskolds sonar (dala-) Kolls sonar, og í handr. er hann kallaðr Laxdælagóði. Þetta getr víst ekki staðist, og hefir því eftir lengri sögunni verið breytt í Langdælagóði (sbr. Landnámu), þó

óvíst sé að það sé rétt. Gellir Þorkelsson á Helgafelli er hér nefndr svo, enn ekki Þórðarson, eins og í hinni sögunni, og er það eflaust rangt. Þorgeirr Halldóruson er ókunnr af öðrum sögum. Óspakr Glúmsson er nefndr í Eyrbyggju og Grettis sögu, og má sjá það á þessari sögu, að hann hefir verið nokkuð svipaðr Gretti frænda sínum.

Með viðaukum þeim sem prentaðir eru hér aftan við er að mestu greint það sem sögurnar báðar skilr. Viðaukarnir eru prentaðir eftir útgáfu Halldórs Friðrikssonar án nokkurra breytinga.

Tímatál.

Sagan hefir farið fram um miðja elleftu öld.



Bandamanna saga.

Ófeigr hét maðr, er bjó vestr í Miðfirði, á þeim bæ, er at Reykjum heitir. Hann var Skíðason, enn móðir hans hét Gunnlaug, dóttir Ófeigs norðan ór Skörðum. Hann var kvángaðr maðr, ok hét Þorgerðr kona hans ok var Váladóttir, ættstór kona og hinn mesti kvenskörungr. Ófeigr var spekingr mikill og mestiráðagerðamaðr. Hann var í öllu mikilmenni, enn ekki var honum fjárhagrinn hægr. Hann átti lendum miklar enn minna lausafé. Hann sparði við engan mann mat, enn þó var mjök á föngum þat er til búsin þurfti at hafa. Hann var þingmaðr Styrmis frá Ásgeirsá Þorgeirssonar, er þá þótti mestr höfðingi vestr þar. Ófeigr átti son við konu sinni, er Oddr hét. Hann var vænn sýnum ok vel mannaðr; ekki hafði hann ást mikla af föður sínum; engi var hann verksmíðarmaðr. Váli hét maðr, er þar óx upp heima hjá Ófeigi. Hann var vænn maðr ok vinsæll. — Oddr óx upp heima

með föður sínum, þar til er hann var tólf vetra gamall. Ófeigr var fálátr löngum við Odd ok unni honum lítit. Sá orðrómr lagðist á, at engi maðr þar í sveitum væri betr mannaðr enn Oddr. Þat var einn dag, at Oddr kemr at máli við föður sinn ok beiðir hann fjárframlaga — „ok vil ek fara á brott heðan. Er á þá leið“, sagði hann, „at þú leggr til mín litla sæmd; em ek ok ekki nytsamlegr yðru ráði“. Ófeigr svarar: „Ekki mun ek mikla tillögu veita þér, ór því sem þú hefir til unnit; mun ek ok því næst gera, ok muntu þá vita, hvert fullting þér er at því“. Oddr sagði, at lítt mátti hann við þat styðjast mega, ok skilja við þat talit. Annan dag eftir tekr Oddr vað af þili ok öll veiðarfæri ok tólf álnar vaðmáls. Hann gengr nú í brott ok kveðr engan mann. Hann ferr út á Vatnsnes, ok ræðst þar í sveit með vermönnum; þiggr at þeim hagræði þau sem hann þarf nauðsynlegast at láni ok leigu. Ok er þeir vissu ætt hans góða, enn hann var vinsæll sjálfr, þá hætta þeir til þess at eiga at honum. Kaupir hann nú alt í skuld, ok er með þeim þau missari í fiskiveri; ok er svá sagt, at þeira hlutr væri beztr er í fangi váru með Oddi. Hann var þar þrjá vetr ok þrjú sumur, ok var þá svá komit, at hann hafði þá aftr goldit hverjum þat er átti, enn þó hafði hann aflat sér góðs kaupeyris. Aldri vitjaði hann föður síns, ok svá láta þeir

hvárir, sem engu ætti við aðra at skylda. Oddr var vinsæll af sínum félögum. Þar kemr enn, at hann ræðst til flutninga norðr til Stranda ok á í ferju ok flytr farma norðan, viðu ok hvali ok fiska; aflast nú mjök féit; gengr nú svá um hrið. Þangat kom hann á nesit tólf vetra gamall, enn nú var hann fimtán vetra. Græðist nú svá skjótt féit, at hann á einn ferjuna ok heldr nú milli Miðfjarðar ok Stranda hvert sumar. Ok nú leiðist honum þessi athöfn. Nú kaupir hann sér skreið, ok ferr utan ok tekst enn vel til þessa ok liðmannlega; verðr honum nú enn gott til fjár ok mannheilla. Þessa iðn hefir hann nú fyrir stafni þar til hann á einn knörrinn ok mestan hluta áhafnarinnar; er nú í kaupferðum ok gerist stóruauðgr maðr ok ágætr, ok er hann oftast á hendi tígnum mönnum ok vel virðr utan lands. Nú gerir hann svá auðgan, at hann á tváknörru í kaupferðum, ok svá er sagt, at engi maðr væri í þann tíma í kaupferðum, sá er jafnuauðgr væri sem Oddr. Hann var ok farsælli enn aðrir menn. Aldrei kom hann norðar skipi sínu enn í Eyjafjörð, ok aldri vestar enn í Hvítá, enn oftast í Hrútafjörð.

2. Þess er getið eitthvert sumar, at Oddr kemr skipi sínu í Hrútafjörð við Borðeyri, ok ætlar at vera hér um vetrinn. Þá var hann beðinn af vinum sínum, at staðfestast hér ok

gerði hann þat at bæn þeira; kaupir land á Mel í Miðfirði. Hann efir þar mikinn búnað ok gerist rausnarmaðr í búinu, ok er svá sagt at eigi þótti um þat minna vert enn um farar hans. Ok nú var enginn maðr jafnágætr sem Oddr var fyrir norðan land. Hann var betri af fé enn flestir menn aðrir; góðr órlausna við þá sem hans þurftu ok í nánd honum váru, enn föður sínum gerði hann aldri hagræði ok lét sem hann sæi hann eigi. Skip sitt setti hann upp í Hrutafirði. Engi maðr hér á landi var jafnaðigr sem Oddr; heldr var hitt sagt, at hann mundi eigi minna fé eiga enn þær kirkjur, er auðgastar váru hér á landi. Í öllu lagi var hans fé mikit, gull ok silfr, ok ganganda fé ok jarðir. Váli frændi hans var með honum, hvárt sem hann var hér á landi eða utan lendis.

3. Maðr er nefndr Glúmr. Hann bjó á Skriðinsenni; þat er milli Bitru ok Kollafjarðar. Hann átti þá konu er Þórdís hét, dóttir Ásmundar hærulangs, systir Grettis. Óspakr hét son þeira. Hann var mikill maðr vexti ok sterkr, ódæll ok uppivöðslumikill. Hann var brátt í flutningum milli Stranda ok norðrsveita. Hann var gervilegr maðr ok gerist rammr at afli. Eitt sumar kom hann í Miðfjörð ok seldi fang sitt. Um haustit, er á leið, einn dag, ríðr Óspakr upp á Mel ok hittir Odd. Þeir kvöddust ok

spurðust almæltra tíðenda. Óspakr mælti: „Á þá leið er, Oddr, at góð frétt ferr um yðvart ráð; ertu mjök lofaðr af mönnum ok allir þykkjast þeir vel komnir er með þér eru. Nú vænti ek at mér muni svá gefast; vilda ek hingat ráðast til þín“. Oddr svarar: „Ekki ertu mjök lofaðr af mönnum, ok eigi ertu vinsæll, ok þykkir þú hafa brögð undir brúnum, svá sem þú ert ættborinn til“. Óspakr svarar: „Haf við raun þína, enn eigi sögn annarra, því að fátt er betr látit, enn efni eru til; beiði ek þik ekki forlags; vilda ek hafa hús þín, enn fæða mik sjálfr, ok sjá þá hversu þér gezt at“. Oddr svarar: „Miklir eru þér frændr borði ok torsóttir, ef yðr býðr við at horfa; enn við þat, er þú skorar á mik til viðtöku, þá megu vit á þat hætta vetrlangt“. Óspakr tekur þat með þökkum; ferr um haustit á Mel með feng sinn; gerist brátt hollr Oddi; sýslar vel um búit ok vinnr sem tveir aðrir. Oddi líkar vel við hann; líða þau missari. Ok er vátar, býðr Oddr honum heima at vera, ok kveðst svá betr þykkja. Hann vill nú ok þat; annast Óspakr um búit, ok ferr þat stórvel fram; þykkir mönnum mikils um vert, hversu þessi maðr gefst. Hann er ok vinsæll sjálfr, ok stendr nú búit með miklum blóma, ok þykkir einskis manns ráð virðulegra vera enn Odds. Einn hlut þykkir mönnum at skorta, at eigi sé ráð hans með allri

sæmd, at hann er maðr goðorðslauss. Var þat þá mikill siðr, at taka upp ný goðorð eða kaup. Ok nú gerði hann svá; söfnuðust honum skjótt þingmenn; váru allir til hans fúsir, ok er nú kyrt um bríð.

4. Oddi hugnar vel við Óspak; lét hann mjök ráða fyrir búinu. Hann er bæði hagvirkr ok mikilvirkr ok þarfr búinu. Líðr af vetrinn; ok hugnar Oddi nú betr við Óspak enn fyrr; því at nú hefst hann at fleira. Á haustum heimtir hann fé af fjalli ok urðu góðar heimtur. Oddr var fésælli hverjum manni. Óspakr átti ok nökkut fé, ok var hann ok hugall at því, at missa einskis sauðar. Líðr nú af vetrinn ok vórar; lýsir Oddr því, at hann ætlar utan um sumarit, ok segir, at Váli frændi hans skal taka þar við búi. Váli svarar: „Þat er ofráð, þótt nú flytist vel fram, er þú ert sjálfr við, frændi, ok vil ek fara með þér“. Oddr spyr nú at Óspak, ok beiðir hann taka við búinu. Óspakr segir: „Ekki hefi ek vit til þess, at vera fyrir slíku stóreignum“. Oddr sækir nú eftir, enn Óspakr ferr undan ok er þó ódfúsi til, ok þar kemr at hann víkr til ráða Odds, ef hann heitr honum sinni ásjá ok trausti. Oddr segir, at hann skal svá fara með hans eign, sem hann verðr mestr maðr af og vinsælastr; sagðist þat reynt hafa, at hann vildi ok kynni bezt hans fé at

varðveita. Óspakr kvað svá vera skyldu. Oddr býr nú ferð sína ok skip, ok lætr færa til vöru, er gnóg var til. Þetta fréttist brátt ok var tíðrætt um. Eigi þurfti Oddr langan búning. Váli ferr með honum. Ok er Oddr var búinn, leiða menn hann til skips, ok leiddi Óspakr hann í lengra lagi, því at hann átti mart at tala við Odd. Ok er þeir áttu skamt til skips, þá mælti Oddr: „Nú er einn hlutr sá er óskipaðr er“. „Hvat er þat?“ segir Óspakr. „Ekki er sét fyrir goðorði mínu, vil ek at þú takir við“. „Á þessu er engi gegning“, segir Óspakr, „ok em ek eigi til þessa færri, ok hefi ek þó meira á hendr tekizt enn ek mega vel valda; er þar engi maðr jafn-vel til fallinn sem faðir þinn, skilamaðr enn mesti ok forvitri“. Oddr kveðst eigi mundu honum í hendr fá — „ok vil ek at þú takir við“. Óspakr ferr undan ok vildi þó feginn. Oddr segir á reiði sína, ef hann tekr eigi við, ok at skilnaði þeira tekr Óspakr við goðorðinu. Ferr Oddr nú utan og greiðist vel hans ferð sem vandi hans var til. Óspakr ferr heim, ok var margtalat um þetta mál; þykkir Oddr mikit vald hafa þessum manni í hendr fengit. Óspakr ríðr til þings um sumarit með flokk manna, ok tekst honum þat vel ok liðmannlega; kann þat alt vel af höndum at leysa, er hann skylda lög til, ok ríðr af þingi með sæmd. Hann helt kappsamlega þingmenn

sína ok lét ekki mál þeira fyrir borð bera. Hann er góðr og greiðr við alla sína nágranna. Hvergi þykkir nú minni rausn né risna á búinu enn áðr; eigi skortir umsýslu ok fara ráðin vel fram; liðr nú á sumarit; riðr hann til leiðar ok helgar hann leiðir ok kann þat vel. Ok er á leið haustit ferr hann á fjall, er menn ganga at geldfé, ok verða heimtur góðar; er ríkt fylgt ok missir engis sauðar, hvárki fyrir sína hönd né Odds.

5. Svá bar til um haustit, at Óspakr kom norðr í Víðidal á Svölustaði; þar bjó kona sú er Svala hét. Þar var honum veittr beinleiki. Hún var væn kona ok ung. Hon talar til Óspaks ok biðr hann sjá um ráð sitt — „hefi ek þat frétt, at þú ert búmaðr mikill“. Hann tók því vel ok tala þau mart; felst hvárt öðru vel í geð ok litust þau vel til ok bliðlega, ok þar kemr tali þeira, at hann spyrr, hverr ráða eigi fyrir kosti hennar. Hon segir: „Engan mann á ek skyldara, enn Þórarinn Langdæla-goða enn spaka“. Hann var son Óspaks Hös-kollssonar, Kolls sonar, enn móðir hans var Þorgerðr, dóttir Egils skalla-Grímssonar, kveld-Ulfssonar. Síðan riðr Óspakr til fundar við Þórarin, ok er þar tekit við honum vel at eins. Hann hefir nú uppi sitt erendi ok biðr Svölu. Þórarinn svarar: „Ekki kann ek at girnast mægis þíns; eru margar umræður á hag þín-

um, ok er þat ekki mitt ráð; sé ek ok, at ekki má í tveim höndum hafa við þik; verðr annat hvárt at taka umboð hennar ok láta hana fara hingat, eða hitt ella, at þit munuð gera sem ykkur likar. Nú vil ek mér engu af skifta, ok kalla ek þat mitt ráð“. Eftir þetta ferr Óspakr á brott, ok kemr á Svölustaði, ok segir henni svá búit. Nú gera þau ráð sitt ok fastnar hon sik sjálf; síðan var gert brullaup þeira ok ferr hon heim á Mel, enn þau eiga bú á Svölustöðum ok fá menn til fyrir at vera. Nú er Óspakr á Mel ok helt rausn í búinu; hann þótti þó vera ódældarmaðr mikill. Nú liðr vetrinn, ok er vórar, kemr Oddr út í Hrutafjörð; honum hafði vel farizt ok orðit gott til fjár; hann kom heim ok litr yfir eignir sínar ok þótti vel varðveizt hafa ok var allkátr. Ok liðr nú á sumarit. Þat var eitt sinn, at Oddr mælti, at vel mundi fallit, at hann seldi honum goðorð sitt. Óspakr svarar: „Já“, segir hann „þar er sá hlutr, er ek em fúss laust at láta, ok var ek ekki til færri með at fara, þótt ek hafa með farit“. Oddr segir: „Hitt heyri ek, at þér hafi vel tekizt ok liðmannlega“. Óspakr segir: „Þat ætla ek þó tíðast, at selja goðorð af hendi á lögmótum eða helguðum leiðum eða þingum. Oddr kvað þat vel fallit. Liðr nú á sumarit at leiðinni fram. Ok leiðar morgininn, er Oddr vaknar, litast hann um ok sér fátt manna í

skála; hefir hann sofit fast ok lengi, spratt upp ok veit at menn eru gersamlega ór skálanum. Honum þótti þetta undarlegt, ok talar þó fátt. Hann býst nú ok nökkurir menn með honum. Þeim þótti þetta undarlegt, ok ríða nú til leiðarinnar. Ok er þeir kómu þar, þá var þar mart manna fyrir, ok váru þá mjök í brott búnir, ok var helguð leiðin. Oddi bregðr nú í brún, ok þykkir undarleg þessi tiltekja; fara menn heim ok líða þaðan nökkurir dagar. Nú gerist fátt með þeim; virðir Oddr svá sem Óspakr vili áhald nökkut veita hans sæmd, ok gera sik at meira manni enn honum sómi, ok þykkir hann eigi launa sér með réttu mikit yfirlæti. Þat var einn dag, er Oddr sat undir borði, ok Óspakr gegnt honum, ok er minst varir hleypr Oddr undan borðinu ok at Óspaki, ok hefir reidda öxi í hendi sér; biðr hann nú laust láta goðorðit. Óspakr segir: „Þegar er þér er alhugat at taka við, þá skaltu hafa goðorð þitt, þótt þú leitir eigi með heitun eftir, ok annat væri sannlegra fyrir mitt starf“, segir hann, ok rétti fram höndina ok seldi honum goðorðit. Oddr segir: „Svá mun ek virða, sem haft hafir þú þvilikan sómann, at ærit sé goldit fyrir starfit“. Nú þykkir mjök sinn veg hvárum þeira. Verðr nú ekki af bús umsýslu, og lætr Oddr eigi sem hann viti. Var nú kyrt um hríð, ok heðan af gerist fátt með þeim Oddi ok Óspaki;

er Óspakr heldr ýgr viðskiftis; grunar menn um, at Óspakr mundi hafa ætlat sér goðorðit at hafa, enn eigi Oddi, ef eigi hefði verit kúg-at af honum, at hann mætti undan komast. Oddr kveðr hann at engu; mæltust þeir ok ekki við. Þat var einn dag, er Óspakr býr sig til brottferðar; bindr klyfjar sínar ok ferr á burt ok kona hans, ok hitta ekki Odd; fara á Svölu-staði ok búa þar. Oddr lætr sem ekki sé í orðit.

6. Þat er at segja um haustit, er menn fóru á fjall af Mel, at mjök skaut í tvau horn um heimtur Odds sem verit hafði. Honum var vant nú fjögurra tiga geldinga, þeira er beztir váru. Er nú leitast um fjöll. Kynlegt þótti mönnum þetta, því at Oddr var fésælli hverjum manni; váru þá ýmsar getur á, hvárt gengit mundu hafa til annara heraða, eða farizt í snænum, eða mundi vera af manna völdum. Nú dofna yfir um síðir, ok var mart um rætt, hve gegna mundi, enn þó vantar Odd ekki slátrfé. Hann er hljóðr jafnan um vetrinn. Váli frændi hans frétti, hví þat sætti, er hann var svá óglaðr; -- „hvárt þykki þér mikit fjárhvarfit? enn eigi ertu mikill borði, ef þik hryggir þat“. Oddr segir: „Eigi hryggir mik þat; hitt þykki mér verra, er ek veit eigi hvern stolit hefir“. Váli segir: „Þykkir þér brýnt fyrir liggja, eða hvar horfir þú á?“ „Ekki er því at leyna“, segir Oddr,

„þar er Óspakr er“. Váli segir: „Ferst nú vinátta ykkur nökkut þaðan er þú settir hann fyrir fé þitt“. Oddr segir: „Þat hefir verit glæræði, enn þó hefir nú betr gefizt“. Váli segir: „Margra manna mál var þat, at þat þótti kynlegt. Enn þá leið er nú“, segir Váli, „at vér vildum, at þú snerir eigi svá skjótt málinu til áfalls honum; er þat helzt við orði manna, at gylfrum gangi vináttan. Nú skulu vit kaupa saman“ segir Váli, „at þú skalt mik ráða láta, enda skal ek viss verða, hvárt hann hefir stólit sauðum eða eigi“. Oddr segir: „Hversu máttu þat vita?“ Váli segir: „Ek á at heimta varning víða, ok mun ek fara um heraðit ok sækja heim Óspak“, segir hann. Oddr segir: „Far þú sem þér líkar, ok er þetta ekki svá margra at gera, enn meiri ván, at eigi verði góð ráðin“. Nú kaupa þeir þessu saman. Býst Váli nú til ferðar út um heruð, Vatnsdal ok Langadal, ok þykkir öllum mikit veitt í hans kvámu. Hann kemr á einu kveldi til Óspaks ok tekr hann vel við honum. Óspakr er allkátr. Váli ferr þaðan um daginn. Óspakr leiðir hann ór garði, ok spyr at Oddi ok hans ráði. Váli kvað gott hans ráð. Óspakr lét vel yfir Oddi, ok kvað hann mikinn rausnarmann vera — „eða hversu er þat, er hann fyrir sköðum orðinn í vetr?“ Váli kvað svá vera. „Hverjar getur eru þar á?“ segir Óspakr, „Oddr

er þó fésæll maðr vanr at vera“. Váli segir: „Nökkut er þat á ýmsum tungum; sumir ætla, at í foruð muni hafa gengit, sumir ætla, at reknir munu hafa verit til annarra heraða, enn sumir ætla af mannavöldum muni vera“. „Mikit er orðit bragðit“, segir Óspakr. „Já“, segir Váli, „mikit er ok ilt, enn margar eru getur á um þetta mál“. „Þat er ván“, segir Óspakr. „Á þá leið er“, segir Váli, „er þó höfum vit um þetta rætt, þá er því ekki at leyna, at þat vilja sumir menn ekki kalla óván, at nökkut muni af þínum völdum. Minnast menn á þat alt saman, er þit Oddr skilduð stutt, ok þat, er hvarfít varð litlu síðar“. Óspakr segir: „Eigi varði mik, at þú mundir þetta mæla, ok ef eigi værum við svá miklir vinir, þá munda ek þessa máls sárlega hefna“. Váli segir: „Eigi þarftu þessa at dylja, Óspakr, því at meiri ván er at eigi beri af þér, fyrir því at ek hefi sét yfir ráð þitt, ok kann ek þat at sjá, at miklu hefir þú meiri tilbrigði um atföng enn líklegt er“. „Eigi mun at því gefast“, segir Óspakr, „ok eigi veit ek hvat fjándskapar menn várir munu tala, er slíkt tala vinir várir“. „Já“, segir Váli, „þetta er ekki af fjándskap mælt af minni hendi, fyrir því at ek hefi við þik einn talat nú; er þú gerir sem ek vil ok gengr við, þá mun þér eigi þungt falla, fyrir því at ek mun setja ráð til þessa. Ek hefi selt varning minn víða um herað, ok

mun ek segja at þér hafið við tekit ok keypt með slátrfé, ok mun þat engi maðr gruna, ok svá mun ek til haga, at þér skal engi svivirðing at verða, ef þú hlýðir ráðum mínum“. Óspakr kveðst eigi mundu við ganga. „Þá mun fara verr“, segir Váli, ok skiljast þeir. Ferr Váli heim. Oddr spyr, hvers hann varð afviss. Enn Váli varð fár um. „Já“, sagði Oddr; „nú þarf eigi við at dyljast; mundir þú dylja, ef föng væri á, ok veit ek þat, at Óspakr hefir stolit“. Ok er nú kyrt um vetrinn. Ok er várar ok stefnudagar kómu, þá ferr Oddr með hinn tuttuganda mann, unz hann kemr skamt frá bæ þeim er Óspakr býr á. Þá mælti Váli: „Nú skulu þér Oddr hér láta niðrtaka hesta yðra ok æja. Enn ek mun til húss ríða ok hitta Óspak, ok vita, ef hann vill sættast. Þarf þá eigi málit fram at hafa, ok virðir þú til þess fornt vinfengi yðart“. „Ekki veit ek, hversu skylt þetta er“, segir Oddr. Váli ferr þegar ok kemr á Svölustaði. Þar var ekki manna úti. Opnar stóðu dyrnar, ok gengr Váli inn ok var myrkt í anddyrinu; finnr eigi fyrr enn maðr hleypr at honum ok rekr öxi milli herða honum. Þat var Óspakr. Váli mælti: „Þú ert ógæfumaðr mikill; veitir mér áverka saklausum manni; far í burt ok forða þér; hér stendr þér bani fyrir, ef þú biðr hér. Oddr er skamt frá garði ok vill drepa þik; forða þér ok send konu

þína á fund Odds, ok segi hon honum, at vit séim menn sáttir; sé ek farinn at fjárreiðum mínum út um heruð“. Þá mælti Óspakr: „Þetta hefir it versta verk orðit; Oddi hafði ek þetta ætlat“. Enn þó sendi hann konu sína til fundar við Odd, ok sagði hon honum þá Vála ok Óspak menn sátta, ok þat at Óspakr hafði gengit við málinu ok lagit alt á hans vald,— „ok bað at þú skyldir aftr hverfa“. Oddr gerir svá, ok riðr heim á Mel, ok trúir þessu sem honum var sagt. Annan dag eftir sá þeir at menn mjök margir fóru þar at garði á Mel. Gengr Oddr út í mót þeim ok sér hvers efni í eru; þar fóru menn með lík Vála.

7. Nú kemr upp alt málit, ok verðr Oddr varr við; hann unir við svá illa at stóru bar; hefir setit hjá garði, enn fóstbróðir hans drepinn; liggr hann undir ámæli af mörgum manni. Óspakr er horfinn ok spyrst ekki til hans. Oddr býr málit til þings ok kvaddi heiman níu búa. Enn þat var tíðenda, at búinn einn andast ór kvöðinni; enn Oddr kveðr annan í staðinn. Fara nú síðan til þings, ok er sú virðing manna á, sem ærin nauðsyn heldi honum til at halda fram máli eftir fóstbróður sinn. Oddr tjaldar búð sína, ok hefir mart manna með sér. Líðr fram at dómum. Gengr Oddr at dómi ok hefir fram málit, ok er hann býðr til varna, þá sátu þeir skamt í frá með flokka sína Styrmir ok Þórar-

inn. Þá mælti Styrmir til Þórarins: „Heyrir þú nú hvat fram ferr um málit Óspaks?“ „Heyri ek“, segir hann. „Já“, segir hann Styrmir, „viltu nökkur svör veita fyrir Óspak?“. „Nei“, segir Þórarinn, „engu mun ek mér þar af skifta, ok er Oddi várkunn ok full nauðsyn at mæla eftir slíkan mann. Enn ek hygg Óspak eigi góðan mann“. „Já“, segir Styrmir, „eigi er maðrinn góðr, enn þó er yðr enn nökkur vandi á við hann“. „Já“, segir Þórarinn, „ekki hirði ek um þat“. Styrmir segir: „Á hitt máttu líta, at vart vandræði mun verða, ef hann verðr sekr, ok er þetta bótamál, því at báðir megum vit sjá vörn í málinu, at hann hefir rangt til búit ok kvatt þar búa heiman ór heraði í stað þess er andaðist, enn hann átti þat á þingi at gera, ok eru spjöll á málinu“. Þórarinn segir: „Fyrir löngu sá ek þat, enn svá mikil þykki mér nauðsyn á um málit Odds, at ek veit eigi, hvárt ek nenni at vera í mót honum“. Styrmir segir: „Til þín þykki mér mest koma málit, ok svívirðing er þér í þessu, ef þú sér brýna vörn, enn fram sé haft málit. Ok er þat mála sannast, at eigi skiftir, þótt Oddr viti at fleiri eru enn nökkurs verðir norðr þar enn hann einn. Treðr hann oss undirfótum ok vára menn, ok er hans eins getit. Dregr hann af því þingmenn sína ok sitr yfir metorðum várum“ — ok sprettr upp ok gengr at

dómum ok mælti: „Hér eru þeir menn, er svara munu málinu fyrir Óspak, ok hefir þú rangt til búit ok eru spjöll á máli. Eru nú tveir kostir til; annathvært at þú látir lokna niðr málit, þar sem nú er komit, eða vér munum hafa fram vörnina ok njóta þess er vér kunnum nökkut heldr í lögmálinu“, — ok segir honum hver á váru spjöllin. Oddr verðr nú fár um, ok þykkir nú í óvæn efni komit, ok gengr á burt ok heim til búðar, ok í búðasundunum gengr maðr einn í mót þeim, gamall ok hrumr, ok hafði kápu svarta ok ein ermr á, bugstaf í hendi ok broddr í; hafði síða hettuna, ok rak undan skygnur, stappaði niðr stafnum ok fór heldr bjúgr. Þar var kominn Ófeigr karl faðir hans. Þá mælti Ófeigr: „Snemma gangi þér frá dómum“, sagði hann, „ok er yðr eigi einn hlutr vel gefinn, at svá er alt snarlegt og snöf-urlegt um yðr, eða er hann sekr Óspak?“ „Nei“, sagði Oddr, „eigi er hann sekr“. Ófeigr mælti: „Eigi er þat höfðinglegt“ at ginna mik gamlan, eða hví mundi hann eigi sekr? var hann eigi sannr at sökinni?“ „Sannr víst“, segir Oddr. „Hvat er þá?“ segir Ófeigr, „ek hugða at hann mætti bíta sökin, eða var hann eigi banamaðr Vála?“ „Engi mælir því í mót“, sagði Oddr. Ófeigr mælti: „Hví er hann þá eigi sekr?“ Oddr svarar: „Vörn fanst í málinu, ok fell niðr“. Ófeigr mælti: „Hví mundi

vörn finnast í máli svá auðigs manns?“ „Þat kölluðu þeir at rangt væri heiman búit“, segir Oddr. „Eigi mun þat vera, er þú fórt með málit“, sagði Ófeigr, „enn vera kann at þér sé meir lagit til handa farar ok fésnuðr enn lögkæni, ok hefnir þér dul þín, er þú þóttist þér einn ærinn, ok leitaðir ekki eftir við aðra menn. Vissa ek, at þú hafðir rangt tilbúit málit, enn þú þóttist ofgóðr mik at spyrja, enn ek vissá at þú mundir óvirðing af hljóta. Hefir þú hvern mann annan meira virt enn mik“. Oddr segir: „Nú mun þér at óskum ganga“. Ófeigr spyr: „Hversu mundi ef ek vilda nökkut enn at gera með þér? Muni þér spara fét, ef nökkut vildi leiðréttast?“ Hann segir: „Ekki munda ek féit þar til spara, ef ek fenga eigi slíka svívirðing af sem áhorfist. Enn kynlegt þykki mér, ef þú leiðréttir, því at af þér hefi ek aldregi gagn fengit“. Ófeigr segir: „Til máttu hætta, ef þú vilt, um nökkut fét; næsta sperða ek þik ekki til at fá svá mikla óvirðing af sem áhorfist, eða hvar var þá komit málinu, er þú skildist við?“ Hann segir honum, at — „vörnin fór eigi fram, er vér gengum burt frá dóminum“. Ófeigr segir: „Þat dugir þá helzt at, er þú gerðir óvitaundi, ok sú ein var hjálp í málinu“. Nú gengr Oddr heim til búðar, enn Ófeigr ferr upp til dómanna ok gengr hjá dóminum Norðlendinga, ok spyr hvat þar færi fram, enn honum var sagt, at sum

mál váru dæmd, sum búin til reifingar. Ófeigr segir: „Munu þér leyfa mér at ganga í dóm-inn?“ Þat var honum veitt, ok settist hann niðr ok mælti: „Hvat ferr fram um málit Odds? Hvárt er Óspakr sekr?“ Þeir svöruðu oksögðu at hann var eigi sekr. Ófeigr spurði: „Hví gegnir þat?“ Þóttu eigi sakir til vera; drap hann eigi Vála, enn stal áðr?“ Þeir svöruðu: „Engi þrætir þess, ok eigi er af því svá orðit, at mönnum þykki þannig betr, heldr váru spjöll á málinu, ok var rangt tilbúit“. Ófeigr segir: „Hvat spjöllum var þat er meira er vert enn sakir þessar? Hvárt hafi þér unnit eiðana?“ Þeir sögðu at unnir væri. „Svá mun vera, eða hversu unnu þér eiðana? Eigi svána: 'at ek vinn eið at bók, sem ek veit réttast ok sannast ok helzt at lögum?' Svá munu þér mælt hafa. Eða hvat er sannara eða réttara, enn dæma enn versta mann útlaga, ok án allri björg, þann er til þess hefir gert. Enn — 'helzt at lögum', svá munu þér mælt hafa. Þat bagir helzt nökkut við. Enn hyggið at, hvárt meira er vert, þetta eitt orðit, er at fellr eið-stafnum, eða hin tvau. Enn svá mundi mér sýnast, sem ráðlegra væri, að taka þann kost-inn, er bæði væri at vel sæmdi fyrir guði ok mönnum. Enn þá er þat sýnt, ef þér gerið svá, at vinna þá eiðana, er góðir eru, ok dæma þar eftir þeim áfallið, er til þess hefir gert.

Enn þat er ábyrgð, at dæma þá eigi útlæga, er dæmingar eru verðir, ok munu menn þat vel ræma fyrir yðr. Vil ek gefa hverjum yðrum eyri silfrs, er í dómi sitr, enn hálfá mörk þeim er reifir, fyrir því at slík eru mest nauðsynjamál, at eigi gangi illmenni þau yfir, er drepit hafa saklausá menn ok sannreynd eru at þjófskap. Enn þótt hér verði nökkur umræða, þá mun ek fyrir því sitja“. Svá fær hann um talat, at þeir heita honum at dæma málit, ef Oddr kemr til. Nú er eftir Oddi sent ok kemr hann til dómsins, enn þá váru flokkar á burt farnir ok heim til búða, ok grunaði engan mann um þetta. Þeir halda málinu fram, ok gera Óspak sekan, ok fara heim til búða, ok liðr af nóttin. Ok um morgininn ganga þeir til lögbergs, ok stendr Oddr upp ok mælti: „Hér varð maðr sekr í nótt, er Óspakr heitir, í Norðlendingadómi, um víg Vála. Enn þat er at segja til sektar marka hans, at hann er mikill vexti ok karlmannlegr; hann hefir brúnt hár ok stór bein í andliti, svartar brýnn, miklar hendr, digra leggi, ok allr hans vöxtr er afburðar mikill, ok er maðr hinn glæpamannlegsti.

8. Nú þykkir mönnum undarlega skipazt hafa. Tekr hann til orða Styrmir ok mælti: „Heyrir þú, Þórarinn, hvat mælt er?“ Hann segir: „Heyri ek“. Styrmir segir: „Nú erum vér við brögð komnir, ok hafa hér nökkurir snotrir

menn um vélt með honum“. „Svá er þat“, segir Þórarinn, „ok er þó nökkur í eið hjálpin“. „Hver er sú?“ segir hann Styrmir. Þórarinn segir: „Þeir hafa borit fé í dóm, ok er þat sök við þá er gert hafa ok til hafa fengit“. Styrmir segir: „Þá er vænt um, ef vér skulum réttast“. „Þat mun ekki svá brátt; líða munu þessir tólf mánuðir áðr. Er nú ráð at hitta vini sína ok frændr ok ganga heim til búða“. Ok heimtast á hjal þessir menn: þar var einn Styrmir, annarr Þórarinn, þriði Hermundr, fjórði Járnскеggi frá Þverá, son Einars Eyjólfssonar, fimti Skeggbroddi austan ór Vápnafirði, sætti Gellir Þorkelsson frá Helgafelli, sjaundi Egill frá Borg Skúlason, átti Þorgeirr Halldóruson ór Laugardal. Þessir átta menn ganga á tal, ok váru tengdir allra á milli, frændsemi eða mægðir. Þeir gera nú ráð sitt með fortölum ok áeggjan þeira Styrmis ok Þórarins, ok sögu þeiri, er þeir létu at eigi væri sýnt, at sú févánin mundi fyrir, er jafnmikil mundi vera, sem komast að auðnum Odds. Þeir váru sumir í því máli, er félitlir váru, ok þóttust þurfa fjárins; sumir þeir er þó vildu féit, þótt mikit ætti áðr, enn þótti sökin brýn, er fé Odds hefir til farit. Lúka svá málinu, at þeir ganga í band höfðingjarnir, at veitast svá at, (at) hér skyldi fyrir koma annathvart sektir eða sjálfðæmi. Þessu er leynt á því þingi,

ok fara menn heim af þingi, ok hefir Oddr af virðing málunum ok liða misserin.

9. Nú riðr Oddr oft til laugar ok hittir föður sinn, ok batnar frændsemin með þeim. Ok um várit eitt sinn, er þeir feðgar fundust, mælti Ófeigr: „Hvat hefir þú tíðenda spurt, Oddr?“ Hann svarar: „Ekki hefi ek frétt“. „Spurt hefi ek“, segir Ófeigr, „at þeir Styrmir ok Þórarinn safna liði, ok ætla hingat stefnuför á hendr þér um þat, er fé þitt fór í dóm fyrra sumar“. Oddr segir: „Ekki þykkir mér ofreffli at ganga í mót þeim báðum“. Ófeigr svarar: „Meira mun þér á þykkja liggja; margir eru í málinu vafðir með þeim“ — ok nefnli mennina. Oddr þagnaði. Ófeigr spurði: „Hvert er nú ráðit til?“ Oddr segir: „Fara til þings ok krefja höfðingja liðs ok gefa þeim fé til“. Ófeigr svarar: „Ekki sýnist mér þat ráð; mun þar engi til verða, at veita þér í mót þessum höfðingjum, ok engi hefir ok föng til; sýnist mér ráð til annat, at þú búir skip þitt; þat er þér vel hent; búst um þingit ok halt í burt; leita til annarra landa, enn þat máttu, at láta koma í hendr mér fé nökkut, ef þér þykkir þat eigi verr komit enn hitt er þeir taka“. Oddr segir: „Ek ætla at þú munt við taka nökkuru fé; nú ætla ek þat skára, at þú hafir“. Þeir skilja nú. Fara þeir stefnuför Styrmir ok Þórarinn, ok verðr þar engi saga um. Fóru

mál þau til alþingis. Oddr býr sik til utanfarar, enn þeir ríða norðan höfðingjarnir, ok er Ófeigr í þingför með Styrmi ok Þórarni. Þeir Hermundr hittast nú með flokka sína á Bláskógabeiði, ok þar koma til móts við þá Egill ok Gellir; fara svá suðr um heiðina. Þeir ríða austan ór Fjörðum, ok hittast þeir Skeggbroddi ok Járnскеggi ok Þorgeirr Halldóruson við Reyðarmúla. Hittast nú allir flokkarnir á völlum fyrir ofan búðir, ok ríða þeir allir saman á þingit, ok er hér nú mjök tíðrætt um mál þessi. Hyggja nú allir, at Oddr mun vera fyrir lagðr, er allir höfðingjar þeysast á hendr honum, ok hörmuðu þat margir, er Oddr var svá fyrir lagðr. Einn dag um þingit, er á leið, gengr Ófeigr frá búð ok kemr til Mýramanna búðar, ok var hann Egill úti í virkinu ok talar við mann einn. Ófeigr beið þess. Ok er hann vill snúa inn Egill í búðina, tekr Ófeigr í skikkju hans ok mælti: „Heill þú, Egill“. Hann tók kveðju hans. „Ek vil at þú settist niðr ok ræðumst við“. Egill segir: „Ekki þurfum við at ræðast við, þú munt tala vilja málit Odds sonar þíns; enn þú þarft ekki við mik um þat at ræða; miklu er þat fargat meir áðr, ok eru þar aðrir meiri fyrir því enn ek, þeir Hermundr ok Styrmir“. Ófeigr segir: „Mart sé ek mér annat til skemtanar ok tals enn ræða um málit Odds; þykki mér gott at tala við þik“. Eg-

ill segir: „Eigi skal synja þér tals“ — ok settist niðr. Ófeigr mælti: „Ertu búmaðr, Egill?“ „Svá er“, segir hann. „Býr þú á Borg í Borgarfirði?“ segir Ófeigr. „Þar bý ek“, segir Egill. Ófeigr mælti: „Vel er þér farit, at frásögn“, segir Ófeigr, „at þú sért mikilmenni ok garpr ok góðr af fénu, enn mæla þat sumir menn, at vit séum nökkut skaplíkir, hvárrtveggi maðr ekki fémikill, enn þykkir gott at veita vinum sínum“. Egill mælti: „Vel þætti mér, at ek væra þér líkr, enn þar sem þú ræðir, at ek sé ekki fémikill, þar hyggjum vér nú brátt til annars, eða hve fémikill maðr er Oddr? þú munt gerla vita“. Ófeigr segir: „Sagðir þú at vit þyrftum ekki þar um at ræða, enn kunnigt er mér um fé hans, ok eigi mun þar meira frá sagt enn er, eða er þér nökkur forvitni á, hve mikit þú munt hljóta af fénu?“ Egill segir: „Þar er mér allmikil forvitni á, ok ertu góðr karl“. „Þat ætla ek“, segir Ófeigr, „at þú munt hljóta enn sextánda hlut ór Mels landi“. Egill mælti: „Ekki þykki mér hann þá svá auðigr sem þú sagðir“. Ófeigr segir: „Ekki er þat, aldregi skortir hann auð; þetta muntu af hljóta fénu; hafið þér eigi svá mælt, at þér skyldið hafa helming fjárins, er þér bjugguð málit til, enn fjórðungsmenn hálf, er sektarfé eigu taka at lögum. Þá telst mér sem þú munir eiga enn sextánda hlut í Melslandi, ef þér eruð átta.

Eða var þér þess ván, at Oddr muni sitja fyrir gemsi yðru, er þér farið af þingi? Hann mun nú vera í hafi með alt sitt, nema landit er eftir, ok væntir mik, at knörrinn skriði eigi at siðr undir honum, þótt þér hafið með meirum fádæmum at farit, enn dæmi sýnist til. Gat hann þess, ef hann kæmi á Borgarfjörð, at eigi væri all-löng sævargata til Borgar, ok hann mundi hitta bæ þinn; svá ok, ef hann kæmi á Breiðafjörð, at hann mundi finna bæinn Gellis at Helgafelli, ok ef hann kemr norðr, at honum kom í hug, at eigi væri langt til Þverár, ef hann kæmi í Eyjafjörð, ok ef hann kæmi í Vápnafjörð, kvaðst hann hitta mundu bæinn at Hofi. Væntir mik, at hann mun vel kominn í öðrum löndum, þótt þér hafið sýnt yðr í ójafn-æði; mun yðr fara at hæfilega; þér munuð hafa fé ekki, enn líklegt, at þér munuð hljóta af óvirðing“. Egill segir: „Þetta mun vera satt, at Oddr mun hafa ráð fyrir sér, enn sá er einn maðrinn í málinu, er ek ann ens versta hlutarins af, þar sem er Hermundr af Gilsbakka; illa hefir lengi með okkr verit“. Ok er þeir talast við, þá lætr hann Ófeigr síga niðr undan kápunni fésjóð, ok rennir hann augum til Egill, ok finnr hann þat Ófeigr, ok kippir hann undir skikkjuna, ok mælti hann þá Ófeigr: „Hví er sem þú verðir utan veggjar við hjalit“. Hann segir: „Ekki er þat“. „Nei“, segir hann Ófeigr,

„Þat er og nú eigi vélar; þú sér hvers þér missið í fénu“ — vindr upp sjóðnum, ok hellir silfrinu í kné honum, ok hefir í höndina ok tjár fyrir honum — „ok hér eru nú tvau hundruð silfrs, er ek vil at þú hafir til þess at (þú) gangir eigi í mót málinu, því at þér einum ann ek góðs hlutar af þeim sem hér eigu hlut í. Enn ek veit, at þú ert svá vitr maðr, at þú munt sjá kunna, at þér er betra at þiggja sæmdar blut, enn hafa alls ekki af sem aðrir munu“. Egill segir: „Þat ætla ek, at þú sért enn versti karl; ætlar þú at ek muna ganga á eiða mína við féggjafir þínar“. Ófeigr segir: „Eigi beiði ek þess, at þú haldir eigi eiða þína; hafið þér eigi svá mælt, at annathvært skuluð þér fyrir hafa sektir eða sjálfðæmi. Nú mætti svá vera, at svá kæmi málinu Odds, at oss frændum væri þess af unt. at bandamenn tæki sjálfðæmi, ok ef sjálfðæmit verðr yðr selt, enda bæri svá til, at þú verðir um at gera, þá hefir þú þess eigi svarit, hve mikit þú skyldir gera, eða hve lítit. Nú mættir þú svá stilla, at þat væri sómi, er þú gerðir, ok heldr þú þá svardaga þína, enda hefir þú af mér þökkina“. Egill segir: „Allslægr karl ertu; sé ek at svá má vera sem þú segir, enn eigi ber ek þrek til einn at ganga í mót þessum öllum“. Ófeigr segir: „Hversu mun þá, ef ek fæ annan til at koma í málit með þér; viltu þá til ráða?“ Eg-

ill segir: „Nær mun þá fara“. Ófeigr segir: „Láttu svá sem ek eiga allra kost, enn öllum unna ek ills hlutar af nema þér“. Egill segir: „Tveir eru til; annarr Hermundr, hann er mér næst, enn þó mun ek hann eigi til kjósa, enn annarr er Gellir Þorkelsson; hann mun ek til kjósa“. Ófeigr segir: „Þá er vel; nú mun ek hitta hann, enn ek mun segja þér hver skiln aðrinn verður, enn féit sé hér eftir“. „Láttu svá vera“, segir Egill. Skilja þeir at því. Ófeigr gengr til búðar Gellis ok heimti hann út. Hann var maðr lítillátr. Gengr hann út ok heilsar Ófeigr honum ok kveðst vilja tala við hann. Gellir segir: „Vita þykkjumst ek, at þú munt ræða vilja um málit Odds“. „Já, kvað hann Ófeigr, „mart þykki mér nú skemtilegra at ræða enn um málit Odds; var þat teygilegra enn nú gerist. Er þat gaman mitt helzt, at tala við vitra menn; er mér þat sagt, at þú sért vitr maðr“, segir hann. Gellir segir: „Ek vil eigi synja þér viðtals, Ófeigr“. Setjast þeir þá niðr. Ófeigr mælti: „Hvat er þeira manna vestr þar, er þér þykki vænstir til höfðingja í heruðum?“ Gellir segir: „Þar er gott mannaval. Þar tel ek fyrst sonu Snorra goða eða syni Þorgils Arasonar, eða þá Eyrarmenn, syni Steinþórs“. „Já“, sagði Ófeigr, „vel er til sagt, eða hvat er kvenna þeira er þér þykkir beztr kostur í“. Gellir segir: „Þar leikr á hinu sama,

at ek tek þar til dætr Snorra goða eða Þorgils Arasonar, eða Steinþórs. Þær eru konur með virðingu mestri“. Ófeigr segir: „Áttu nökkurar dætr? „Á ek“, sagði hann. „Eru þær giftar?“ „Nei“, segir hann. „Hví sætir þat“, segir Ófeigr. „Því“, kvað hann Gellir, „at eigi hafa þeir menn til orðit, er bæði sé vel ættaðir ok fémiklir ok hefði staðfestur góðar. Enn ek em ekki fémikill maðr þær heiman at gera, — ok mun ek nú eigi ávalt láta spyrjast — hvat er þeira manna norðr þar, er þér þykkja vænstir til höfðingja?“ „Já“, kvað hann Ófeigr, „þar er gott mannval; þar tek ek fyrst til Einarr Járnскеggjason ok Hall son Styrmis frá Ásgeirsá. Mæla menn þat, at Oddr son minn væri með þeim mönnum at telja, er heldr váru með enum stærum mönnum, ok koma skal nú erendinu, er Oddr bauð ef ek hitta þik, at hann vill biðja Ragneiðar dóttur þinnar, ok eru hér nú fjogur hundruð silfrs, er hann lét at vera skyldi hennar heimanfylgja; hygg at, hverr þér býðr svá annarr, at hann geri sjálfr heiman konuna til handa sér, slíkr maðrinn, ok þat lét hann fylgja, at hann mundi þat aldri forverkum gera meðan þit lifðið báðir“. Gellir segir: „Verit mundi þat hafa, at ek munda eigi synja honum konunnar, enn þó enn at svá búnu, þá ætla ek at ekki verði af því, meðan þat mál váfir yfir, sem nú er mjök tíðrætt“.

Ófeigr segir: „Getr þú vitleysu þessar, er einskis er verð“. Gellir segir: „Eigi þykki mér ráðit, hvárt at því verðr, enn ekki hefi ek þessa svá fúss verit; meir hefi ek gert at bæn ok vilja annarra“. Ófeigr segir: „Várkunn er á við þik, er þú ert félitill, at þú ætlir þér til hægenda fjárupptökuna“. „Já“, segir hann Gellir, „til þess ætla menn“. Ófeigr segir: „Forvitni mun þér á, hve mikit þú munt af hljóta fénu“. „Mikil forvitni er mér á“, segir Gellir, „ok seg mér“. Ófeigr segir: „Þér átta munuð hljóta hálf Mels land, ok mun eigi til meiri gæða koma, enn meiri ván, at Oddr sé í hafi, ok mun hann vel kominn í öðrum löndum, þótt þér farið með ósóma yðrum“. Gellir segir: „Þá eru brögð í, ok kann vera at satt sé, ok er þat eigi illa í sumu lagi“, segir hann. Ófeigr mælti: „Gat hann þess, at eigi væri örvænt, at hann hitti bæ þinn, ef hann kæmi á Breiðafjörð, ok væri eigi tilgengilegt, er þú kæmir heim“. Gellir segir: „Ekki uggi ek þat“, segir hann. Ófeigr segir: „Nú máttu sjá, hversu þessu máli er komit, at þetta horfir eigi til virðingar né fjár, enn í öðru lagi þetta, sem ek hefi rætt málit Odds; vilda ek þú tækir við fénu ok litir á málit ok sæir, hversu ólíkr hlutrinn er þinn eða þeira annarra, er í eru málinu; er ok at segja þér, at aldri verðr þér féfátt, meðan þit lifð báðir, enn eiga enn

virðulegsta mágin, enn leggja ekki til sjálfra“, segir hann. Gellir segir: „Sannlegt er þat er þú segir, ok sé ek, at eigi mun fjarri því ganga sem þú mælir, enn aldri hefi ek at því kendr verit, at vera svikari. Hefi ek svarit eiða bandamönnum, at hér skal ekki fyrir koma nema sektir eða sjálfðæmi“, kvað hann. Ófeigr segir: „Eigi beiði ek þess, at þú haldir eigi eiða þína, enn verða má svá, at undir þik komi málit, ok hefðim vér frændr þat at ráði, at taka þann kostinn, at selja yðr sjálfðæmi, ok vera má svá, at eigi sé þér svá bölfengnir, at láta oss eigi því ná, at gjalda féin upp, ok verði maðrinn eigi sekr. Enn ef svá verðr, ok komi undir þik málit, þá máttu eigi gera ósóma, ok heldr þú þá eiðana, enn sýnir drengskap, ok hefir þá þetta féit ok gerir sóma til dóttur þinnar“. Gellir segir: „Vitr maðr ertu, enn eigi hefi ek föng á at ganga einn í mót þeim öllum, er í eru málinu, þótt mér væri hugr á“. Ófeigr segir: „Hversu mundi, ef ek kæma öðrum manni í málit?“ „Þá mun nær liggja“, segir Gellir. „Hvern kýs þú til?“ segir Ófeigr, „láttu sem ek eiga allra vól“. „Egil munda ek helzt til kjósa“. Ófeigr segir: „Þat er mikit, er þú kýs þann manninn til, er verstr er í máli þessu, ok eigi hirðir hvat til fjárins vinnr, enn er hann svá vitr, at skilja mun hann, at þat er ráðlegra, at hafa nökkurn sóma enn engan“.

Gellir segir: „Til mun ek ráða, ef þú kemr honum í málit“, kvað hann. Ófeigr segir: „Nú mun ek ganga í burt ok hitta Egil, ok ef ek fæ af honum, þá skuluð þit talast við um málit hjá kirkju. Flokkar ykkir standast nær; mun ok engum undarlegt þykkja, þótt ykk sé tíðrætt; gerið þá ráð með ykk“. Nú skiljast þeir ok hittir hann Egil, ok ferr þetta mál svá sem Ófeigr stefndi til. Annan dag eftir gekk Ófeigr yfir brú ok hittir frændr sína Skarðamenn, ok biðr at þeir gangi með honum til lögbergs, ok svá gera þeir. Ok er menn höfðu mælt málum sínum, þá stendr Ófeigr upp ok mælti: „Ekki hefi ek mart rætt um málit Odds sonar míns, enn nú vil ek leita eftir, ef nökkut skal sættum koma fyrir“. Hermundr segir: „Alls ekki skal á sættast“, segir hann. Ófeigr mælti: „Þá er stutt um, enn hvárt skulu frændurnir kost eiga at kjósa um, hvárt fyrir skulu koma sektir eða sjálfðæmi“. Hermundr segir: „Þess skuluð þér kost eiga, því at þat eitt mun sjálfðæmit, er eigi mun undir, hvárt er eða sektirnar“. Ófeigr segir: „Hvárt skulu frændr þá eiga kost at kjósa af yðru liði þá er þeir vilja, eða skuluð þér allir gera, þótt þat sé ótíðara“. Hermundr segir: „Þess skuluð þér kost eiga, at kjósa til þá er þér vilið; eigi þykkir oss undir, hvárir eru af váru liði“. Ófeigr segir: „Þá er hóf á, ok mun þat vart

ráð heldr, at kjósa at hann sé eigi sekr gerr, ok munu menn verða til handsala, þeir sem þér vilið. Enn þér handsalit niðrfall at sökum, enn ek mun kjósa menn af yðru liði, þá er mér sýnist, einn eða tvá, eða fleiri“. Hermundr segir: „Láttu svá vera“. Þórarinn spaki segir: „Játum því einu í dag, er vér iðrumst eigi á morgin“. Hermundr segir: „Þessu munu vér játa“. „Göngum nú til handsala“, segir Ófeigr, ok svá var gert, ok handsöluðu þeir niðrfall at sökum, enn hann fésátt slíka sem þeir vildu gert hafa, er hann kerir til, ok nú mælti Ófeigr: „Göngum nú upp á völlu, ok mun ek þar til kjósa þá er mér sýnist“. Þeir gera svá. Drífr upp þangat á völlum mikill mannfjöldi. Þeir fóru báðir saman, Gellir ok Egill, með flokka sína, ok kómu upp á völlu. Þá mælti Ófeigr: „Setist þér nú niðr, bandamenn í hring, ok mun ek ganga fyrir yðr ok kjósa þá til míns máls er mér sýnist“. Ok þeir gera svá. Hann gengr at Styrmi, ok lyftir aftr kápuhettinum á herðarnar, ok stóð á knjám ok mælti: „Öllum mun þat líklegt þykkja, at ek muna þik til kjósa til míns máls, er ek em þinn þingmaðr, ok gefit þér góðar gjafir, ok væri þat líklegt, at því máli mundi þykkja vel komit, er þú gerðir, enn engi hefir þó jafnæstr at farit ok öllum upphöfum valdit um þetta mál at þat felli þyngra enn léttara Oddi syni mínum, ok

kýs ek þik frá. Þar sitr þú, Þórarinn, ok er eigi þat þar at, at þér sé vitfátt at gera um málit, enn alt vit þitt hefir þú til þess lagt, at þetta mál felli þyngra enn áðr Oddi syni mínum, ok kýs ek þik frá. Þá sitr þú, Hermundr, höfðingi mikill“ — hann yppist við mjök ok ætlaði at hann mundi hann til kjósa, — „þat er víst nú“, segir Ófeigr, „at þik hefir ekki til haldit nema fégirni ok ranglæti ok ójafnaðr; engi hefir ok jafn-óðr at verit sem þú; skortir þik ok eigi féit, ok hefir þú dregist til fyrir ágirni sakir; nú kýs ek þik frá. Þar sitr þú Járnkeggi; þat er mér sagt, at þú létir bera merki fyrir þér norðr á Vöðla þingi, sem fyrir konungum; nú skil ek eigi, hvar koma mun metnaði þínum, ef þú hefir af þessu virðing, ok kýs ek þik frá, ok verð ek fyrir þínum hlut at sjá, at eigi geysist þú ór virðingunni. Þar sitr þú, Skeggbroddi, hvárt var satt, at Haraldr konungr mælti þat, at (þú) værir bezt til konungs fallinn á Íslandi“. Hann segir: „Eigi veit ek þat, mart mælti Haraldr konungr þat til mín, er ek veit eigi, hverr alhugi því fylgdi“. Ófeigr segir: „At síðr munda ek því samþykkjast, at þú værir konungr á Íslandi, at eigi skaltu konungr yfir þessu máli, ok kýs ek þik frá. Þar sitr þú Gellir, þú ert kallaðr góðr höfðingi ok réttlátr; þó hefir þér þetta ódrengilega orðit, enn várkunn er á við þik, er þú

ert félítill, ok þat annat, at Skeggbroddi vinr þinn hefir komit í málit, ok nú þótt mér sé lítit um allra mál, þá mun nú verða at atsnúa nökkurum. Nú kýs ek ekki þik til, enda ekki frá. Þar sitr þú Þorgeirr; skamma dvöl mun ek hér eiga fyrir því at þú hefir aldregi um þat mál gert, er nökkut er undir, af því at þú hefir ekki vit til“. — Nú litast hann um er hann kemr fyrir Egil, ok þokar kápuhettinum ok mælti: „Þat ætla ek, at mér verði vargsins dæmi: þeir finnast eigi fyrr enn þeir hafa etizt, ok þeir koma at halanum. Svá er mér ok gengit fyrir marga göfga menn hér nú, ok kerit frá mínu máli, enn nú er sá einn eftir, er öllum er kunnigt, at eigi hirðir hvat til fjárins vinnr, sem Egill er; verðr nú annat-hvárt at ganga aftr ok kjósa þá til er áðr eru frákosnir, eða kjósa þik til, er öllum er kunnigt, at eigi mun vel gefast. Nú ætla ek þó ráð, at kjósa þik til“. Hann spratt upp ok mælti: „Þat er mjök oft, at þangat vill virðingin, þótt aðrir unni oss eigi. Göngum Gellir, ok hyggjum at málinu“. Þeir gera svá. Egill mælti: „Hvat skulum vit gera? Enn þat ræð ek, at vit gerum lítit, því at ekki mun tjá, ef vit gerum allmikit“. „Þó mun fjándskapr á liggja, segir hann Gellir, eða hve mikit skal gera?“ Egill segir: „Gerum þrettán aura“, kvað hann. Gellir segir: „Eigi em ek fúss at segja upp

sættina“. Egill segir: „Hvært viltu segja upp gerðina eða sitja fyrir svörum?“ „Nei“, kvað hann Gellir, „heldr vil ek segja upp sættina, enn þú sit fyrir svörunum“. Ganga (þeir) at fram þar er þeir sátu. Hermundr stóð upp ok mælti: „Hlýðum til ósómans“. Þá mælti Gellir: „Þat er gerð okkur Egils, á hendr Oddi, at vit gerum þrettán aura“. Hermundr segir: „Hvært skildist mér rétt, at þú gerðir þrettán aura“. „Nei“, segir Egill, „eigi var þat nú at þú sætir á hlustinni er þú stóðt upp, þrettán aura þeirra er engum óvesalla manna væri viðtækir eða í gjöld mælt, baugabrot og harkagripir“. Þá segir Hermundr: „Sviknir erum vér nú“. Egill segir: „Telst þú svikinn“. „Já“, segir hann, „svikinn teljumst ek, ok hefir þú svikit mik, svikarinn“. Egill segir: „Þat geri ek svá at mér þykki bezt, at svíkja þann er engum trúir; þú trúir engum manni; eigi trúir þú vinum þínum. né frændum, börnum né konum, ok eigi trúir þú sjálfum þér. Því trúir þú eigi þér, at þú fórt í þoku svá mikilli at fela fé, at eigi veiztu heldr enn aðrir hvar þat er nú komit. Enn þótt þér ljái nú annarshugar. ok vilir þú nú féit hafa, þá muntu nú eigi finna“. Hermundr svarar: „Þetta er lygi þín sem mörg önnur; þú lýgr ávalt. Fyrra vetr bauð ek þér ór hrakbúinu ok yðr sjau saman; váruð þér þá á Gilsbakka, ok er þú

komt heim, þá sagðir þú þat, at þar væri farn-
ir þrír tigir klaka hesta ok etnir allir“. Egill
segir: „Enginn mun meira segja frá vanhöld-
um þínum enn verit hefir, enn eitt ætla ek,
at annathvært hafi etnir verit fáir eða engir.
Hermundr segir: „Eigi skulum vit báðir á
þingi annat sumar“. Egill segir: „Nú mun ek
þat mæla, er ek ætlaða, at frestast mundi at
þú lykir heill munni í sundr; þat var snemma
spáð, at ek munda verða allra manna elztr;
mun þat við bera, ef vit erum eigi báðir á
þingi, at þú munt fara allr í tröllendr. Þá
mælti Styrmir: „Þat er sem ván er, at oss
gefist illa at taka hinn versta manninn til sam-
lags með oss; hann er allra manna verstr hér
á landi, ok er þat öllum kunnigt“. Egill seg-
ir: „Þess betr er þú kallar mik verra mann,
því at þat vitu menn, at þú hefir tekit mik til
jafnaðarmanns þér. Nú munu vera nökkur
stór klæki at þér, þau er aðrir munu eigi vita,
er þér þótti þess af vert sjálfum, at taka enn
versta manninn þér til jafnaðar, enn þat er
ekki enn svá líkt í sumu lagi. Þú ert mat-
gæðingr mikill ok áttu kana þann er matsæll
heitir; aldregi koma svá margir göfgir menn
til þín, at þat viti, hvat í honum býr, nema
þú einn, enda er þat kunnigt öðrum mönnum,
at þú rennr þegar er svartleggjan kemr á
loft, enn ek þori at veita vinum mínum lið,

enn eigi er þat all-ólíkt, at hvárrtveggi okkarr gerir vistina illa. Þá vill Þórarinn upp standa, maðrinn feitr mjök ok þungr á sér, ok studdi höndum á kné sér. Þá mælti Egill: „Seztu niðr, Þórarinn, því mun ek þér svara, at allr þingheimr mun hlæja at þér“. Hann settist niðr. Þá mælti Egill: „Nú gerðir þú vitrlega, sem þú ert vanr; mér þykkir ekki til koma at sveinar hlæi at þér, þótt þú sitir mjótt við eld eða gnúir ölnboga þína“. Þá segir Þorgeirr: „Heimsklega er gert at gera þrettán aura“. Þá segir Egill: „Enn ek hugða at þér mundi þykkja vel gert. Mantu þat eigi þú vart lostinn austr á Árnass leið; laust þik hesta-sveinn nökkurr ok kómu npp þrettán kúlur í höfði þér, ok þáttu lambá fyrir kúlu hverja“. Þá mælti Skeggbroddi: „Járnskeggi“, sagði hann, „göngum frá ok skiftum ekki orðum við hann“. Ok gengu þeir braut, ok því næst allir þeir, enn fé þat lá eftir, ok vill engi hafa, ok gerist fjándskapr í milli þeirra, ok lýkr þar þinginu.

9. Ófeigr ríðr norðr ok kemr hann á fund Odds sonar síns. Var hann þá albúinn. Hann spyrr, hversu málit hefði farit. „Ek selda þeim sjálfðæmi“, segir Ófeigr. Oddr segir: „Lúk þú manna armastr máli“, segir hann. Ófeigr segir: „Eigi skaltu svá skjótt dæma frændi“— segir honum nú alt málit. „Eigi mátti mér í

hug koma, at svá skyldi fylgja mega þessu máli, ok þykkjumst ek þér eiga bezt at launa“, segir hann. Ófeigr segir: „Brúðlaup ykkart skal vera at sex vikum hér á Mel“. Oddr segir: „Þetta er svá ráðit, at ek vilda helzt mér kjósa, enn þó mun ek halda fram ferðinni ok vita, hve farsæll ek vera eða hvárt ek kem aftr at ákveðinni stundu“. Ófeigr segir: „Ekki kann ek þess at letja; mikit áttu undir fargæfunni“. Hann tekr nú byr og siglir norðr á Þorgeirsfjörð. Þá tók af byrinn ok lágu þar nökkurar nætr. Þar var fyrir kaupskip. Nú leiðist Oddi þar, ok biðr róa til lands báti ok gengu upp á hátt fjall, ok sér Oddr, at annat er veðrið úti fyrir, ok logn var á firðinum. Oddr biðr þá flytja út skipit. Þeir mæltu, kaupmennirnir, at þeim mundi drjúgt verða at róa yfir hafit. Oddr segir: „Svá hæðilegt sem yðr þykkir at vér róum, þá munda ek þat ætla, at hér mundu þér vár biða“. Þeir taka byr ok sigla til Orkneyja, ok lögðu eigi fyrr segl; váru þar nökkurar vikur; fóru aftr síðan með góðum byr ok lágu þar kaupmennirnir er þeir kómu aftr; sigla norðr ok létta eigi fyrr enn þeir koma í Miðfjörð, ok ferr Oddr heim til bús síns ok býst við veizlu ágætlegri; skortir eigi efnin til. Kemr Gellir þar með dóttur sína, ok þar kom Egill ok fjöldi manna; fór veizlan sem vinir mundu kjósa. Egill var

ekki kátr. Oddr leysir menn þaðan með góðum gjöfum. Þá mælti Ófeigr: „Þat vilda ek, at þú leystir Egil virðulega á burt; honum eigum vér gott at launa“, segir hann. Oddr segir: „Mér lízt sem þú hafir hann áðr af leyst“. Ófeigr segir: „Ekki er svá; ger góðan sóma til hans“. Annan dag eftir mælti Oddr til Egils: „Ek lét reka upp eftir Hrutafirði fjóra tigu geldinga ok yxn tvau; mun þat nú heima fyrir þér, ok skal eigi forverkum gera við þik meðan vit erum uppi. Egill þakkaði honum ok hóf honum upp augu. Gellir olli mjök gjöfum við Egil. Skiljast þeir þar.

10. Líðr af vetrinn, ok er vára tekr ferr Hermundr til Hvamms leiðar, ok er hann ætlaði utan, þá segir hann at þeir munu snúa ofan til Borgar ok brenna Egil inni. Ok er þeir koma utan í Valfell, þykkir þeim sem strengr gjalli upp í skörðin, ok því næst kennir Hermundr, at stingi kemr undir höndina ok æðiverkr; verðr nú heim at snúa, ok ferr frá honum liðit; ferr verkrinn um síðuna ok því meira er um sóttina sem meir líðr upp í heraðit ferðinni. Ok er þeir koma á Höggvandastaði, var þar alt þakt af hröfnum, ok er hann kemr heim var hann hafðr í rekkju ok var farit eftir Þórði presti í Reykjaholt Sölvasyni, ok er hann kom at honum mátti hann ekki mæla. Ok er hann kom til hests síns prestrinn, var

sent eftir honum, ok kom hann öðru sinni ok mátti hann ekki mæla við hann. Þá fór prest-rinn ofan til gils, ok var þá hleypt eftir hon-um et þriðja sinn, ok lýtr hann at honum Her-mundi, ok heyrir hann at lét í vörrunum: „Fim í gili, fim í gili“. Síðan andast hann.

11. Þat er sagt at Már hét maðr; hann fekk Svölu ok áttu þau búit. Ölver hét bróð-ir hans, ok var afglapi. Ok einn morgin, er þau Már ok Svala lágu í rekkju sinni, kom þar inn maðr mikill ok kvað vísu:

Brák ór slíðrum
skalm nýbrýndri
þeiri létk Mávi
á maga hvátat.
Unnak eigi
arfa Hildis
fagrvaðinnar
faðmlags Svölu,

ok lagði hann í gegnum. Ok er hann vill út, þá hleypr hann upp Ölver ok leggr í gegnum hann knífi miklum. Þat er einn morgin, at menn kómu út á bæ þeim er reift hafði verit málit á hendr Óspaki. Þar vóru færð naut tólf til bana. Stóðhross vóru ok drepin sjau fyrir Oddi Ófeigssyni. Nú finst Óspakr dauðr hjá helli einum í Línakrádal, ok mundlaug hjá, ok var blóðlifr í farit; grandaði honum ok bjargleysi. Oddr var mikill maðr fyrir sér ok

átti son, er Ófeigr hét, ok þaðan átti skamt at telja Snorri Kálfsson ok þeir Miðfirðingar. Ok lýkr hér sögunni.

Viðauki.

I.

(Útgáfa H. Friðrikssonar bls. 22—23; sbr. bls. 23—24 í þessari útgáfu.)

Þat var einn dag, er Ófeigr karl gekk frá búð sinni, ok var áhyggjumikit; sér enga liðveizlumenn sína, en þótti við þungt at etja; sér varla sitt færi einum við slíka höfðingja, en í máli vǫru engar verndir; ferr hækilbjúgr; hvarflar í milli búðanna, ok reikar á fótum; ferr þannig lengi; kemr um síðir til búðar Egils Skúlasonar. Þar vǫru þá menn komnir til tals við Egil. Ófeigr veik hjá búðardyrnum, ok beið þar til þess, er mennirnir gengu í brott. Egill fylgdi þeim út; en er hann ætlar inn at ganga, þá snýr Ófeigr fyrir hann, ok kvaddi Egil. Hann leit við honum, ok spurði, hvern hann væri. „Ófeigr heiti ek“, sagði hann. Egill mælti: „Ertu faðir Odds?“ Hann kvað svá vera. „Þá muntu vilja tala um mál hans; enn þat þarf ekki við mik at tala; miklu er því meirr fyrir komit, en ek mega þar neitt til leggja; eru ok aðrir meirr fyrir því máli enn

ek: Styrmirok Þórarinn; láta þeir mest til sín taka, þó at vér fylgjum þeim at“. Ófeigr svarar, ok varð staka á munni:

Fyrr var sœmra
til sonar hugsa.
Gekk ek aldregi
Odds at sinni;
sá hann lítið
til laga, gassi,
þótt fjár hafi
fullar gnóttir.

Ok enn kvað hann:

Þat er nú gömlum
gleði heimdraga,
at þjalla helzt
við spaka drengi.
Muntu eigi mér
máls of synja,
því at virðar þik
vitran kalla.

„Mun ek fá mér annat til skemtanar, enn tala um mál Odds; hefir þat verit rífligra en nú; muntu eigi vilja synja mér máls. Er þat nú helzt gaman karls, at tala við þess háttar menn, ok dvelja svá af stundir“. Egill svarar: „Eigi skal varna þér máls“.

II.

(Útgáfa H. Friðrikssonar bls. 24—25; sbr. bls. 25—25 í þessari útgáfu.

„Þat er satt“, kvað Egill, „ok ertu góðr karl

ok vitr, ok muntu vita görla um fé Odds“. Hann svarar: „Þess vænti ek, at þat sé eigi öðrum kunnigra, en mér, ok kann ek þat at segja þér, at engi segir svá mikit frá, at eigi sé þó meira; en þó hefi ek hugsat um áðr fyrir mér, hvat þú munt af hljóta“, ok varð honum vísa á munni:

Satt er at sækir átta
seims ágirni heima
— orð görast auðar njörðum
ómæt — ok ranglæti.
Ynna ek yðr fyrir mönnum
iðja hlátr at láta,
þundum þykkra randa
þeys, ok sæmdarleysis.

„Hratt mundi þat ólíkligt“, segir Egill, „ok ertu skáld gott“.

III.

(Útgáfa H. Friðrikssonar bls. 34—35; sbr. bls. 84—85 í þessari útgáfu).

„Þar sitr þú, Þorgeirr Halldóruson“, segir Ófeigr, „ok er þat sýnt, at þat mál hefir aldregi komit undir þik, er málskifti liggja við; því at þú kant eigi mál at meta, ok hefir eigi vit til, heldr en uxi eða asni, ok kýs ek þik frá“. Þá litast Ófeigr um, ok varð staka á munni:

Illt er ýtum
elli at biða;
tekr hún seggjum frá
sýn ok vizku.

Átta ek næsta völ
 nýtra drengja;
 nú er úlfshali
 einn á króki;

„ok hefir mér farit, sem varginum; þeir etast þar til, er at halanum kemr, ok finna eigi fyrr“.

IV.

Útgáfa H. Friðrikssonar bls. 38—39; sbr. bls. 39 í þessari útgáfu).

Þorgeirr þagnaði; en þeir, Skeggbroddi ok Járnскеggi, vildu engum orðum skifta við Egil. Þá mælti Ófeigr: „Nú vil ek kveða yðr vísu eina, ok hafa þá fleiri at minnum þing þetta ok málalok þessi, er hér eru orðin:

Flestr mun — áms ok austrá
 ek vátta þat sáttar —
 málma runnr um minna
 — mik gælir þat — hælast.
 Gat ek höfðingjum hringa
 hattar land, en sandi
 æst í augun kastað,
 úríkr vaft flikum.

Egill svarar: „Vel máttu hælast um þat, at engi einn maðr mun meirr hafa siglt á veðr jafnmörgum höfðingjum“.

V.

(Útgáfa H. Friðrikssonar bls. 41—43; sbr. bls. 39—41 í þessari útgáfu).

Þetta haust hit sama safnar Hermundr liði,

ok ferr út til Hvammsleiðar, ok ætlar til Borgar, at brenna Egil inni. Ok er þeir koma út með Valfelli, þá heyra þeir, sem strengr gjalli upp í fellit, ok því næst kennir Hermundr sér sóttar ok stinga undir höndina, ok verða þeir at vikja aftr ferðinni, ok elnar honum sóttin. Ok er þeir koma fyrir Þorgautsstaði, þá verður at hefja hann af baki; er þá farit eftir presti í Siðumúla. Ok er hann kemr, þá mátti Hermundr ekki mæla, ok var prestur þar hjá honum. Ok einn tíma, er prestur lýtr at honum, þá lætr í vörrunum: „Tvau hundruð í gili, tvau hundruð í gili“, ok síðan andast hann, ok lauk svá hans æfi, sem hér er nú sagt. Oddr sitr nú í búi sínu með mikilli rausn, ok unir vel konu sinni. Alla þessa stund spyrst ekki til Óspaks. Sá maðr fekk Svölu, er Már hét, ok var Hildisson, ok réðst til bús á Svölustaði. Bjálfi hét bróðir hans, hálfafglapi, ok rammr at afli. Bergþórr hét maðr, er bjó í Böðvarshólum. Hann hafði reift málit, þá er Óspakr var sekr gerr. Svá bar til eitt kveld í Böðvarshólum, þá er menn sátu við elda, at þar kom maðr ok drap á dyrr, ok bað bónda út ganga. Bóndi verður þess varr, at Óspakr er þar kominn, ok sagðist eigi mundu út ganga. Óspakr eggjar hann mjök út at ganga, en hann ferr eigi því heldr út, ok bannar öllum mönn-út at ganga, ok skilr svá með þeim. En um

morgininn, er konur koma í fjós, þá eru þar særðar níu kýr til bana. Þetta fréttist víða. Ok enn er fram líða stundir, berr svá til, at maðr gengr inn á Svölustöðum, ok í hús þat, er Már hvílir í. Þat var snemma um morgun. Sá maðr gengr at sænginni, ok leggr Má með saxi, svá at þegar gekk á hol. Þetta var Óspakr. Hann kvað vísu:

Brá ek ór slíðrum
 skálm nýbrýndri;
 þeirri lét ek Mávi
 á maga hvatað.
 Unna ek eigi
 arfa Hildis
 fagræxinnar
 faðmlags Svölu.

Ok í því, er hann snýr til dyranna, hleypr hann upp, Bjálfi, ok rekr á honum tálgukníf. Óspakr gengr til þess bæjar, er heitir á *Hörgshóli*, ok lýsir þar víginu; ferr síðan á brott, ok spyrst nú ekki til hans um hríð. Vig Mús fréttist víða, ok mæltist illa fyrir. Þat bar til nýlundu, at stóðhross hin beztu, er Oddr átti, fim saman, fundust dauð öll, ok ætluðu menn Óspaki þat verk. Nú er þat langa hríð, at ekki spyrst til Óspaks. Ok um haustið, at menn gengu at geldingum, fundu þeir helli í hömrum nökkurum, ok þar í mann dauðan, ok stóð hjá honum mundlaug full af blóði, ok var þat svá svart sem tjara. Þar var Óspakr, ok hugðu menn,

at sárit mundi hafa grandat honum, þat er Bjálfi veitti honum, enda farit síðan af bjargleysi. Ok lauk svá hans æfi. Ekki er þess getið, at eftirmál yrði um víg Más, né um víg Óspaks. Oddr býr á Mel til elli, ok þótti hinn mesti ágætismaðr. Eru Miðfirðingar frá honum komnir, Snorri Kálfsson, ok mart annat stórmenni. Jafnan síðan hélzt vinátta þeirra feðga með góðri frændsemi. Ok lýkr þar þessari sögu.



Vísaskýringar.

Vísa Óspaks Glúmssonar „Brák ór slíðrum“ þarf engar skýringar við.

Í stað orðsins *hvatað* í útg. Halld. Friðrikssonar hefi eg sett *hvátat*, sem eflaust er rétt, því í Konungsbók stendr „huotad“, sem bersýnilega er í staðinn fyrir „hvátat“. Að öðru leyti hefi eg lagfært vísuna svo rétt kveðandi haldist.

Hinar vísurnar eftir Ófeig Skíðason, sem að eins eru í lengri sögunni, þurfa heldr engar skýringar við. Í vísunni „Satt er at sækir átta“ á *heima* í 2 vo. eflaust að vera *beima*; 1—2 vo. í vísunni á 39. bls. í þessari útgáfu eru líklega eitthvað aflöguð.

Vísurnar virðast vera ortar síðar enn hin eldri saga; þær eru að vísu allvel ortar, enn varla nógu fornlegar, nema vísa Óspaks, enn hún ein er í skemmri sögunni.

Dr. Guðbrandr Vigfússon heldr að mál þau sem Bandamanna saga skýrir frá hafi ekki farið fram á alþingi, heldr í héraði, og er það trúlegra.

N ö f n .

- Árness leið 37.
 Ásgeirsá, bær í Húnav.s. 1.
 Ásmundr hærulangr 4.
 Austfirðir 23.
 Bergþórr í Bööðvarshólum 46.
 Bitra, sveit í Strandasýslu 4.
 Bjálfi bróðir Más 46—48.
 Bláskógaheiðr 23.
 Borðeyrr við Hrutafjörð 3.
 Borgarfjörðr sunnanlands 24, 29.
 Borg, bær á Mýrum, nú prestsetr 21, 24, 39, 46.
 Breiðafjörðr 25.
 Bööðvarshólar, bær í Vestrhópi 46.
 Egill skalla-Grímmson 8.
 Egill Skúlason at Borg 21, 23—27, 30—32, 34—39, 42.
 Einarr Eyjólfsson Þveræingr 21.
 Einarr Járnskeggjason frá Þverá 28.
 Eyjafjörðr 3, 25.
 Eyrarmenn, synir Steinþórs 27.
 Gellir Þorkelsson at Helgafelli 21, 23, 25, 27—35, 38, 39.
 Gilsbakki, bær í Hvítársíðu, nú prestsetr 35.
 Glúmr á Skriðinsenni 4.
 Grettir Ásmundarson 4.
 Gunnlaug Ófeigsdóttir ór Skörðum 1.
 Hallr Styrmisson frá Ásgeirsá 28.
 Haraldr konungr Sigurðarson 33.
 Helgafell, bær á Snæfellsnesi 21, 25.
 Hermundr Illugason á Gilsbakka 21, 23, 25, 27, 31, 32, 34, 39, 40, 45, 46.
 Hildir, faðir Más 46, 47.
 Hof, bær í Vopnafirði, nú prestsetr, 25.
 Hrutafjörðr 3, 4, 9, 39.
 Hvamms leið 39, 46.
 Hvítá í Borgarfirði 3.
 Höggvandastaðir, eyðibýli í Mýrasýslu 39.

- Hörgshóll, bær í Vestrhópi í Hv.s. 47.
- Höskuldr (dala-) Kollsson 8. Ísland 33.
- Járnskeggi frá Þverá Einarsson 21, 23, 33, 37, 45.
- Kveldulfr, faðir Skalla-gríms 8.
- Kollafjörðr, sveit í Strandasýslu 4.
- Langidalr í Húnavatnssýslu 12.
- Laugardalr í Árnessýslu 21.
- Línakradalr í Húnav.s. 40.
- Már (Hildisson) á Svölustöðum 40, 46—48.
- Melr, bær í Miðfirði, síðar prestsetr = Melstaðr 4, 5, 9, 11, 24, 29, 38, 48.
- Miðfirðingar 40, 48.
- Miðfjörðr 1, 3, 4, 38.
- Mýramannabúð 23.
- Norðlendingar 18.
- Oddr Ófeigsson 1—2, 9, 32, 37—44, 47—48.
- Ófeigr Oddsson 41.
- Ófeigr í Skörðum 1.
- Ófeigr Skidason á Reykjum 1, 2, 17—19, 22—35, 37—40, 42—45.
- Orkneyjar 38.
- Óspakr Glúmsson, systursonr Grettis, 4, 5—20, 40, 46—48.
- Óspakr Höskuldsson, kallaðr faðir Þórarins Langdælagöða 8.
- Ragneiðr Gellisdóttir 28.
- Reyðarmúli í Árness. 23.
- Reykir, bær í Miðfirði 1.
- Síðumúli, bær í Hvítársíðu, prestssetr að fornu, 46.
- skalla-Grímr Kveldulfsson 8.
- Skiði faðir Ófeigs 1.
- Skeggbroddi á Hofi í Vápnafirði 21, 23, 33—34, 45.
- Skriðinsenni, bær í Strandasýslu 4.
- Skörð, bær í Þingeyjars. 1.
- Snorri goði Þorgrímsson 27.
- Snorri Kálfsson 41, 48.
- Steinþórr & Eyri 27.
- Strandir (=Hornstrandir) 3, 4.
- Styrmir goði Þorgeirsson at Ásgeirsá 1, 15, 16, 20, 21—23, 32, 36, 43.
- Svala á Svölustöðum 8, 40, 46.
- Svölustaðir, eyðibýli í Víðidal í Húnavatnssýslu 8, 9, 11, 46, 47.
- Valfell, fjall í Mýrasýslu 39, 46.
- Váli, faðir Þorgerðar á Reykjum 1.
- Váli, frændi Odds 1, 4, 9,

- 11, 12, 13, 14, 15, 17, 19.
- Vápnafjörðr 21.
- Vatnsdalr í Húnavatnssýslu 12.
- Vatnsnes í Húnavatnss. 2.
- Víðidalr í Húnavatnssýslu 8.
- Vöðlaþing 33.
- Þórarinn Langdælagóði enn spaki 8, 15, 16, 20, 21—23, 32—33, 37, 43.
- Þórðr prestur Sölvason í Reykjaholti 39.
- Þórdís Ásmundardóttir hærulangs, systir Grettis 4.
- Þorgautsstaðir, bær í Hvítársíðu 46.
- Þorgeirr, faðir Styrmis goða, 1.
- Þorgeirr Halldóruson ór Laugardal 21, 23, 34, 37, 44, 45.
- Þorgeirsfjörðr í Þingeyjar-sýslu 38.
- Þorgerðr Egilsdóttir 8.
- Þorgerðr Váladóttir á Reykjum, 1.
- Þorgils Arason á Reykja-hólum 27—28.
- Þverá (= Munkaþverá) 21, 25.
- Ölvér bróðir Más 40.
-







